



**TÍMARIT**  
**UNIFEM**



**'04**  
1.tbl. 14.árg.



# Fáðu meira fyrir launin þín!

## Launavernd

### Einn launareikningur – allt innifalið!

Launavernd Landsbankans er launareikningur með lífeyrissparnaði sem tryggir áframhaldandi laun komi til tekjumissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða starfsloka vegna aldurs.

**70% laun í 7 ár við fráfall**


**70% laun í 2 ár ef þú veikist alvarlega**

### Fáðu meira fyrir launin þín

- Ef þú fellur frá eru erfingjum tryggð 70% launa í 7 ár.
- Þér eru tryggð 70% launa í 2 ár ef þú færð alvarlegan sjúkdóm.
- Auknar ráðstöfunartekjur við starfslok með 4% viðbótarlífeyrissparnaði.
- Eingreiðsla vegna alvarlegra veikinda barna.

\* Landsbankinn er endursöluaðili Swiss Life (UK) plc

Þróun í þágu kvenna  
**allra hagur**



Óskum UNIFEM á Íslandi til hamingju með ötulit starf að góðum málefnum á liðnum árum.

Akraneskaupstaður

Akureyrarbær

Arkís ehf., Skólavörðustíg 11, Reykjavík

Augnlæknastofan sf., Kaupvangi við Mýrarveg, Akureyri

Barnaheill, félag, Sóltúni 24, Reykjavík

Berg ehf., byggingafélag, Hlíðarvegi 43, Siglufirði

Björgunarsveitin Sigurvon, Strandgötu 17, Sandgerði

Borgarbyggð

Bókás ehf., Koltröð 4, Egilsstöðum

Bókhalds- og tölvuþjónustan sf., Böðvarsgötu 11, Borgarnesi

Brimrún ehf., Hólmaslóð 4, Reykjavík

Bændasamtök Íslands, Hagatorgi, Bændahöllinni, Reykjavík

Dvalarheimilið Ás, Hverahlíð 23b, Hveragerði

Eignamiðlunin ehf., Síðumúla 21, Reykjavík

Eldvarnir ehf., lðavöllum 3g, Reykjanesbæ

Ensku húsin við Langá, sími 437 1725

Fagtún ehf., Brautarholti 8, Reykjavík

Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, Reykjavík

Fiskiðjan Bylgja, Bankastræti, Ólafsvík

Fínþússning sf., Íshelli 2, Hafnarfirði

Fjárfestingafélagið Gaumur, Suðurlandsbraut 48, Reykjavík

Grænn kostur ehf., Skólavörðustíg 8, Reykjavík

Gullkistan, Frakkastíg 10, Reykjavík

Hampiðjan hf., Bíldshöfða 9, Reykjavík

Ísfugl ehf., Reykjavegi 36, Mosfellsbæ

Íslandsflug, Hlíðasmára 15, Kópavogi

Kemis ehf., Breiðhöfða 15, Reykjavík

Kópavogsbær

Kvenfélagasamband Íslands

Kvenréttindafélag Íslands

Rauði kross Íslands, Akranesdeild

Rauði kross Íslands, Borgarfjarðardeild

Rauði kross Íslands, Eskifjarðardeild

Rauði kross Íslands, Fáskrúðsfjarðardeild

Rauði kross Íslands, Grundarfjarðardeild

Rauði kross Íslands, Klausturdeild

Rauði kross Íslands, Raufarhafnardeild

Rauði kross Íslands, Siglufjarðardeild

Rauði kross Íslands, Skagafjarðardeild

Rauði kross Íslands, Stöðvarfjarðardeild

Rauði kross Íslands, Vopnafjarðardeild

RB Bílaleiga, sími 581 1186

Reykjavíkurhöfn

Siglufjarðarkaupstaður

Súðavíkurhreppur

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur

Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis

Verkstjórasamband Íslands

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Þorbjörn – Fiskanes hf., Hafnargötu 12, Grindavík



HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF

ÍFORMI



SAMSKIP



TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN

Þegar mest á reynirt



BSRB



LÝÐHEILSUSTÖÐ



STARFSMANNAFÉLAG  
RÍKISSTOFNANA

Félagspjónustan  
í Reykjavík





## Hver er þessi UNIFEM?

Merkilegt að þurfa að réttlæta að gaumur sé gefinn að þörfum og skoðunum kvenna og stúlkna í alþjóðlegu mannúðar- og þróunarstarfi. Þó er vitað að slíkt starf hefur löngum mótast af ríkjandi karllægum viðhorfum.

Fyrir vikið hafa þróunarverkefni og stefnumótun gjarnan viðhaldið ójafnrétti milli kynjanna og á tíðum mismunað konum og stúlkum með margvíslegum afleiðingum. Á síðustu árum hefur jafnréttishugtakinu þó vaxið fiskur um hrygg og nú er svo komið að almenn sátt ríkir innan stofnana Sameinuðu þjóðanna og meðal aðildarríkjanna um að samþætta þurfi kynjasjónarmið í stefnu og störfum, í hverju ríki sem og á alþjóðlegum vettvangi. Þar fer Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, UNIFEM, fremstur í flokki. Hlutverk UNIFEM er að sjá til þess að jafnréttissjónarmið skili sér í orði og í verki til að bæta lífskjör kvenna og stúlkna, sem og karla og drengja, um allan heim.

Í ár er UNIFEM á Íslandi fimmtán ára og í tilefni afmælisins er við hæfi að staldra við og spyrja: Hver er þessi UNIFEM? Hvar hefur hún alið manninn og hvert stefnir hún í framtíðinni? Hverjar eru skoðanir hennar og áhugasvið? Tímariðið í ár er umfangsmikið enda af mörgu að taka. Eftir ávörp formanns, forsætisráðherra og aðalframkvæmdarstýru UNIFEM eru rifjuð upp fyrstu starfsár landsfélagsins og rakin tildrög að stofnun þess. Þá eru reifuð störf á liðnu ári og helstu mál á dagskrá og rætt við félag og nýráðna framkvæmdastýru.

Þegar við höfum fengið innsýn í vöxt og viðfangsefni á Íslandi gerum við viðreist og rýnum í þrjú helstu áhersluatriði UNIFEM á alþjóðavísu. Umfjöllun um efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna skýrir áhrif hnattvæðingar á konur, líf og hagi farandverkakvenna, landréttindi og nýjungar í hagstjórn og fjárlagagerð.

Innanlandsátök og ofbeldi gegn óbreyttum borgurum, sem þeim fylgir, hefur aukist verulega síðustu áratugi. Samfara því hefur alþjóðleg samvinna tekið breytingum. Í kaflanum um konur, stríð og frið er að finna áhugaverða umfjöllun um konur sem fórnarlömb átaka og þátttakendur í friðarumleitunum og uppbyggingarstarfi eftir stríð. Íslenskur sérfræðingur hjá UNIFEM í Kósóvó fjallar um stöðu mála í héraðinu þar sem hún segir allt vera pólitískt. Í nýlegri rannsókn er leitað svara við því hvort íslenska friðargæslan geti státað af samþættingu jafnréttissjónarmiða í störfum sínum.

Tíðni ofbeldis gegn konum er svipuð sama hvert litið er, þótt birtingarmynd þess sé ólík eftir stað og stund. Í rúmlega 20 ár hefur afnám ofbeldis og réttur kvenna til að njóta mannréttinda verið eitt af helstu baráttumálum UNIFEM og fjölmargra stofnana og samtaka um heim allan. Um þetta er fjallað í einni grein af fjórum í greinaflokki þar sem sagt er frá starfi íslenskrar konu með alnæmissmituðum stúlkum í Úganda, fjallað um tengsl ofbeldis og alnæmis og áhrif faraldsins á konur og stúlkur, og rétt stúlkna til menntunar.

Mig rámar í að rithöfundurinn og heimspekingurinn Gunnar Dahl hafi eitt sinn sagt Íslendinga vera minnstu stórþjóð í heimi – eða var það stærsta smáþjóðin? Allténd vísaði hann þar til þeirrar tilhneigingar að líta á okkur sem jafningja stórþjóða. Smæðin setur vissulega mark sitt á framlag okkar og verkefnaval í þróunarsamvinnu og þátttöku í samfélagi þjóðanna. Þó fer hlutur okkar á þessum vettvangi vaxandi, enda þjóðin stórhuga, og við höfum töluvert fram að færa á vettvangi þróunar- og jafnréttismála. Greinaflokkur um Ísland, alþjóðlega þróunarsamvinnu, friðargæslu og jafnréttismál er að finna í síðasta kafla blaðsins.

Fyrir hönd ritnefndarinnar og UNIFEM á Íslandi langar mig að lokum að þakka öllum þeim sem komu að gerð blaðsins og styrktu útgáfu þess. Sérstakar þakkir fá útgáfufélagið Hænis, Sóley Stefánsdóttir hönnuður, greinahöfundar og ljósmyndarar fyrir óeigingjarnt starf.

*Njótið vel,  
Hrunn Gunnsteinsdóttir*

Ljósmyndir úr myndabanka UNICEF (ofan frá): UNICEF/HQ98-0502/Giacomo Pirozzi, UNICEF/HQ97-0337/Shehzad Noorani, UNICEF/HQ99-0651/Giacomo PIROZZI

Útgefandi: UNIFEM á Íslandi  
Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna  
í þágu kvenna

Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík  
Sími: 552 6200, Fax: 562 6010  
Netfang: [unifem@unifem.is](mailto:unifem@unifem.is)  
Veffang: [www.unifem.is](http://www.unifem.is)

Ábyrgðarmaður: Rósa Erlingsdóttir

Ritstjóri: Hrunn Gunnsteinsdóttir

Ritnefnd: Ásta María Sverrisdóttir, Jónína  
Helga Þorólfsdóttir, Hólmfríður Anna  
Baldursdóttir og Hrunn Gunnsteinsdóttir  
Prófarkalestur: Ásdís Káradóttir

Aðstoð við útgáfu: Hænis sf.  
Sími: 588 8100  
Netfang: [utgafa@haenir.is](mailto:utgafa@haenir.is)

Ljósmyndir: ýmsir, sjá merkingar á myndum  
Hönnun: Sóley Stefánsdóttir, [soley@mi.is](mailto:soley@mi.is)  
Prentun: Gutenberg



**6** UNIFEM á Íslandi 15 ára – frá formanni Rósa Erlingsdóttir formaður fjallar um tímamót í störfum UNIFEM á Íslandi, framtíðarsýn félagsins og störf UNIFEM á alþjóðlegum vettvangi.

**8** Noeleen Heyzer, aðalframkvæmdastýra UNIFEM Afnám ofbeldis gegn konum er eitt af brýnustu baráttumálum í átt að kynjajafnrétti. Noeleen Heyzer, aðalframkvæmdastýra UNIFEM, viðrar helstu áherslur stofnunarinnar á næstu misserum.

**11** Ávarp forsætisráðherra Í ávarpi sínu drepur Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á farsælu samstarfi UNIFEM og utanríkisráðuneytisins og helstu atburðum á döfinni á sviði jafnréttismála.

## UNIFEM á Íslandi

**14** Megináherslur nýráðinnar framkvæmdastýru UNIFEM, Birnu Þórarinsdóttur, og helstu mál á dagskrá hjá landsfélaginu eru reifuð.

**15** Störf UNIFEM á liðnu ritári voru í senn fjölbreytt, fræðandi og spennandi. Ásta María Sverrisdóttir stjórnsmálafræðingur stiklar á stóru í þeim efnum.

**17** Það er félögum UNIFEM á Íslandi að þakka að landsfélagið er eitt það öflugasta á Norðurlöndum. Hólmfríður Anna Baldursdóttir, skrifstofustjóri Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna og Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM taka nokkra félaga tali.

**20** Þrjár merkar konur fundu hugsjónum sínum farveg er þær stofnuðu UNIFEM á Íslandi fyrir fimmtán árum. Edda Jónsdóttir, ráðgjafi í almannatengslum ræðir við Sæunni Andrésdóttur og Kristjönu Millu Thorsteinsson um tilurð og stofnun félagsins.

## Efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna

**24** Hnattvæðing og efnahagslegt öryggi kvenna Kynblind efnahagsstjórn, efnahagslegt öryggi kvenna á tímum hnattvæðingar og aðgangur þeirra að mörkuðum er meðal þess sem Ásta María Sverrisdóttir stjórnsmálafræðingur fræðir lesendur um.

**27** Kynjuð hagstjórn Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð, skyldur Íslands í því sambandi og tilraunaverkefni norrænu ráðherranefndarinnar er umfjöllunarefni Silju Báru Ómarsdóttur, verkefnisstjóra á Jafnréttisstofu. Hér er einnig að finna samantekt Hólmfríðar Önnu Baldursdóttur á framsögu Catharinu Brottare Schmitz, verkefnisstjóra hjá norrænu ráðherranefndinni, á ráðstefnunni Nordic Forum.

**30** Farandverkakonur Hvernig má það vera að þeir sem vinna  $\frac{2}{3}$  allra vinnustunda í heiminum beri úr bótum 1% eigna og 10% tekna? Lilja Hjartardóttir stjórnsmálafræðingur byggir grein sína á erindi um farandverkakonur á málstofu sem haldin var á vegum UNIFEM og Mannréttindaskrifstofu Íslands í febrúar sl.

**34** Landið er hans en ekki hennar Eignar- og umráðarétturinn yfir landi er einn af hornsteinum velferðar og félagslegs öryggis fátækra í þróunarlöndum. Þórunn Sveinbjarnardóttir þingkona fjallar um rétt kvenna til eignar og arfs.

## Ríkisstjórnun, friður og öryggi

**40** Heimurinn eins og við þekkjum hann? Um konur, stríð og frið Við búum í heimi þar sem konur og stúlkur eru meðal helstu fórnarlamba í átökum. Jónína Helga Þórólfsdóttir verkefnastjóri varpar ljósi á þessa staðreynd sem og störf Sameinuðu þjóðanna og UNIFEM sem viðkoma konum, stríði og friði.

**44** Þar sem allt er pólitískt Pólitískar hömlur, óviss framtíðarstaða Kósóvó, framfarir á sviði jafnréttismála og kynlífsþrælkun er meðal þess sem Bjarney Friðriksdóttir, faglegur ráðgjafi UNIFEM í Kósóvó, reifar fyrir lesendur.

**48** Jafnréttissjónarmið skortir í íslensku friðargæslunni Ný rannsókn um samþættingu jafnréttissjónarmiða í íslensku friðargæslunni gefur góða yfirsýn yfir störf friðargæslunnar með sérstaka áherslu á jafnréttissjónarmið. Hér fjallar Birna Þórarinsdóttir, höfundur skýrslunnar, um helstu niðurstöður.

## Mannréttindi kvenna

- 54** „Þeir vita að hún getur ekki sagt NEI“  
Þriðja hver kona í heiminum verður fyrir einhvers konar kynbundnu ofbeldi á lífsleiðinni og tíðni ofbeldis gegn konum er svipað sama hvert litið er. Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur varpar ljósi á stöðu mála og þá staðreynd að rétt rúmlega 20 ár eru liðin frá því að alþjóðleg umræða um ofbeldi gegn konum hófst fyrir alvöru.
- 57** Alnæmi og konur  
Alnæmi ógnar viðgangi og vexti ríkja í mörgum þróunarlöndum, sérstaklega í ríkjum sunnan Sahara-eyðimerkunnar. Hólmfríður Anna Baldursdóttir fræðir okkur um tengsl ofbeldis og alnæmis og víðtæk áhrif faraldsins á konur.
- 60** Ljós í myrkri  
Í Úganda eiga fjölmargar stúlkur hvergi í hús að venda vegna alnæmis. Erla Halldórsdóttir þjóðfélagsfræðingur ákvað að bregðast við vandanum og leggja stúlkunum lið með því að stofna samtökin Candle Light Foundation. Hér segir Erla frá tildrögum stofnunar samtakanna og daglegu starfi þeirra.
- 65** Samfélagið allt nýtur góðs af menntun stúlkna  
Meirihluti barna sem ekki ganga í skóla í heiminum eru stúlkur. Tveir þriðju þeirra sem teljast ólæsir í heiminum eru konur. Stefán Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, og Hólmfríður Anna Baldursdóttir, skrifstofustjóri Miðstöðvar SP, fjalla um helsta áherslumál Barnahjálpar SP 2002-2005, sem er menntun stúlkubarna.

## Ísland, jafnréttismál og þróunarsamvinna

- 70** Þróun og þúsaldarmarkmið SP  
Flestir eru sammála um að þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun marki tímamót hvað varðar einhug ríkja um að minnka fátækt í heiminum og stuðla að þróun. Á síðum 70-71 er að finna yfirlit yfir stöðu þróunar, lista yfir þúsaldarmarkmiðin og pistil um möguleg áhrif þeirra á jafnréttismál og stöðu kvenna og stúlkna.
- 74** Íslensk þróunarsamvinna og jafnréttismál  
Óháð skýrsla um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana var gerð fyrir utanríkisráðuneytið á dögunum. Rósa Erlingsdóttir og Birna Þórarinsdóttir stjórn málafræðingar spá í inntak hennar út frá sjónarmiði kynja- og jafnréttismála.
- 78** „Að bregðast við ófriðarblikum“  
Íslenska friðargæslan heldur úti starfsemi víðsvegar um heim með um eitthundrað sérfræðinga á viðbragðslista. Hrund Gunnsteinsdóttir þróunarfræðingur ræddi við Arnór Sigurjónsson og Þorbjörn Jónsson um áherslur í jafnréttismálum.
- 80** „Viljum auka gæði þróunaraðstoðar“  
Seta Íslands í stjórn Alþjóðabankans, umsókn um aðild að þróunarsamvinnunefnd OECD, afnám skulda fátækustu ríkja heims og þúsaldarmarkmið SP um þróun eru meðal atriða sem svið fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu leggur hvað mesta áherslu á. Hrund Gunnsteinsdóttir tekur tali Hermann Örn Ingólfsson, sendiráðunaut og forsvarsmann skrifstofunnar.
- 84** „Jafnréttismál snar þáttur í þróunarstarfi“  
Frumkvæðisréttur kvenna og þróunarlandanna sjálfra vegur þungt í verkefnavali Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Hrund Gunnsteinsdóttir ræðir við Sighvat Björgvinsson framkvæmdarstjóra, Sjöfn Vilhelmsdóttur, upplýsinga- og fræðslufulltrúa, og Huldu Biering, sem fer með verkefnisstjórn félags- og fullorðnisfræðsluverkefna í Mósambík.
- 88** „Einbeitem okkur að því að ná settum markmiðum“  
Í fyrsta skipti á Ísland sæti í kvennanefnd SP og meðal áhersluatriða er þátttaka karla og drengja í jafnréttisstarfi. Hrund Gunnsteinsdóttir ræðir við Helgu Hauksdóttur, sendiráðunaut í New York, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur, lögfræðing í félagsmálaráðuneytinu, og Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur, sendiráðsritara í utanríkisráðuneytinu, um áherslur Íslands á jafnréttismál á alþjóðlegum vettvangi.
- 92** Einkageirinn og þróunaraðstoð  
Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja í ljósi aukinnar markaðshyggju hefur verið töluvert til umfjöllunar síðustu misseri á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Elsa Guðmundsdóttir fjármálastjóri fjallar um breytta efnahagsstjórn og ríkari skyldur einkageirans í þróunarsamvinnu og mannúðarmálum.





Rósa Erlingsdóttir,  
formaður UNIFEM á Íslandi

## UNIFEM á Íslandi 15 ára

# 1989-2004

Fimmtán ár eru liðin frá stofnun UNIFEM á Íslandi. Jafnframt eru 25 ár liðin frá samþykkt alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna (SP) um afnám allrar mismununar gegn konum, kvennasáttmálans. Árið 1976 var UNIFEM, þróunarsjóður SP í þágu kvenna, öðru nafni Kvennasjóðurinn stofnaður.

Á næsta ári lítum við um öxl til Peking og spyrjum hvað hafi áunnist í mannréttindabaráttu kvenna á þeim tíu árum sem liðin verða frá því að þátttökulönd kvennaráðstefnunnar undirrituðu sameiginlega framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

### Merkiskonur finna hugsjónum sínum farveg

Á tímamótum gefum við okkur tækifæri til að staldra við, huga að því sem vel hefur tekist og leggja á ráðin um framtíðina. Með stofnun UNIFEM á Íslandi árið 1989 fundu þrjár merkiskonur hugsjónum sínum farveg, þær Sæunn Andrésdóttir, Kristjana Milla Thorsteinsson og Gréta Gunnarsdóttir. Í blaðinu má lesa viðtal Eddu Jónsdóttur við þær Sæunni og Kristjönu Millu þar sem ítarlegar upplýsingar um tilurð og stofnun félagsins koma fram. Ég var viðstödd viðtalið við þær stóllur og var djúpt snortin af því að heyra hvernig þær komu félaginu á legg.

Sæunn sótti kvennaráðstefnuna í Osló árið 1988 og hlýddi þar á fram-sögu Helvi Sipilä, fyrirverandi aðstoðarframkvæmdastjóra SP og stofn-anda fyrsta UNIFEM landsfélagsins í Finnlandi árið 1981. Þær Kristjana Milla lögðust í ferðalög og greiddu úr eigin vasa allan tilfallandi kostnað, sannferðar um að boðskapur UNIFEM og kvennaráratugar SP myndi seinna ná eyrum íslenskra ráðamanna og almennings. Sæunn sagði mikil-vægi þróunarástoðar fyrir konur felast í því að með því að hjálpa kon-

um væri öðrum einnig komið til hjálpar, börnum og öldnum. Þá er ekki síður mikilvægt að kynnast aðstæðum kvenna um allan heim, spegla okkur sjálfar í hlutskipti annarra og vita hvar og hvernig við getum orðið þeim að liði. UNIFEM á Íslandi hefur ekki enn orðið sú fjöldahreyfing sem frumkvöðullinn Sæunn Andrésdóttir sá fyrir sér en félagið hvílir á traustum grunni og öflugum hópi félaga.

Á liðnum 15 árum hefur félagið eflst og þróast. Það hefur notið stuðn-ings dyggra félaga sem nú eru um 430 talsins, náð eyrum yfirvalda og tryggt Kvennasjóðnum föst framlög á íslenskum fjárlögum. Til skamms tíma rann fjárframlag íslenskra stjórnvalda í gegnum landsfélagið til til-greindra þróunarverkefna Kvennasjóðsins. Félagið öðlaðist á þeim tíma mikla þekkingu á kjörum kvenna í þróunarlöndum og félagar í UNIFEM kynntust af eigin raun hvað jafnvel smávægileg aðstoð getur breytt miklu. Félagið stóð ýmist eitt að verkefnum eða átti sam-starf við önnur landsfélög. Verkefni þessi voru í löndum Andesfjalla, í Mexíkó og á Indlandi.

### Verkefni UNIFEM á annað hundrað talsins

Nýr samstarfssamingur landsfélaga við höfuðstövar UNIFEM gerir ráð fyrir að framlög þeirra renni beint til þróunarsjóðsins og hækki í áföng-um í 50.000 dollara árlega. Skrifstofan í New York ráðstafar þessum fjár-framlögum til þróunarverkefna og heldur í samstarfi við svæðisskrifstofur utan um stjórn-sýslu þeirra auk þess að vinna að framgangi jafnréttismála innan annarra stofnana SP. Nokkur umræða hefur verið meðal lands-félaganna um þessa skipan mála. Hins vegar er talið að fjármagnið skili sér á skilvirkari hátt til verkefnanna og er þessi breyting í samræmi við það sem almennt gerist á sviði þróunarsamvinnu. Helst hefur borið á gagnrýni þess efnis að landsfélögum sé með þessum hætti gert erfitt fyrir um fjáröflun þar sem um óskilgreind verkefni sé að ræða. Höfuðstöðvar UNIFEM í New York hafa brugðist við með auknum rafrænum sam-



skiptum við landsfélögin og öflugri útgáfu- og kynningarstarfsemi sem öll félögin eiga greiðan aðgang að.

Nú eru verkefni UNIFEM á annað hundrað talsins um heim allan. Kvennasjóðurinn er sjálfstæð eining innan Þróunarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP, og á þar náið samstarf við fleiri stofnanir, einkum Matvælastofnun SP og Barnahjálp SP. Sjóðurinn hefur þá sérstöðu að vera rekinn fyrir frjáls framlög frá aðildarríkjum SP en fær ekki fast hlutfall fjárframlaga eins og margar aðrar stofnanir innan þeirra. Kvennasjóðurinn er þar afleiðandi mjög viðkvæmur fyrir efnahagsveiflum í aðildarríkjunum, því þegar að kreppir í efnahagslífi innanlands er auðveldara að lækka frjálsu framlögin en þau föstu.

Rekstur sjóðsins hefur að þessum sökum verið sveiflukenndur þótt vel hafi gengið síðustu ár. Norðurlöndin ásamt Kanada og Hollandi hafa stutt sjóðinn dyggilega og þótt framlög Íslands hafi verið lægri og óstöðugri en annarra ríkja Norðurlanda hafa þau hækkað umtalsvert á liðnum áratug. Heildartekjur UNIFEM voru um 20 milljónir dala árið 2002 og lögðu Norðurlöndin til 25% af heildarframlögum sjóðsins. Á árinu 2003 greiddi UNIFEM á Íslandi 30.000 dollara eða 2,2 milljónir íslenskra króna til þróunarsjóðsins og stjórnin hefur ákveðið að greiða 40.000 dollara á yfirstandandi ári sem eru um 2,9 milljónir króna.

### Best rekni þróunarsjóðurinn innan SP

Sjóðurinn hefur endurtekið verið nefndur best rekni þróunarsjóðurinn innan SP. Er þar annars vegar horft til fjármálastjórnunar stofnunarinnar og hins vegar skilvirkni þróunarverkefna á hennar vegum. Í dag er mikilvægi þróunaraðstoðar í þágu kvenna viðurkennd á alþjóðavettvangi. Mörg dæmi má nefna um verkefni UNIFEM sem hafa breytt lífi einstaklinga í þróunarlöndunum, í flóttamannabúðum, í kjölfar átaka, við enduruppbyggingu samfélaga og lýðræðisþróun.

Upphaflega voru verkefni Kvennasjóðsins aðallega fólgin í því að bæta efnahagslega afkomu fátækra kvenna í þróunarríkjunum og voru verkefni nær eingöngu í Afríku. Í kjölfar kvennaráðstefnunnar í Peking árið 1995, þar sem þátttökulöndin skrifuðu undir framkvæmdaáætlun um hvernig mætti efla stöðu og samfélagslega þátttöku kvenna, fjölgaði verkefnum UNIFEM og áherslurnar urðu fjölbreyttari. Í framhaldi af ráðstefnunni hlaut UNIFEM einnig aukið vægi í starfssemi SP. UNIFEM hefur nú meiri áhrif á skipulagningu, stefnumótun og uppbyggingu innan SP en nokkru sinni fyrir enda lykilaðili í að hrinda markmiðum Peking-ráðstefnunnar um samþættingu jafnréttissjónarmiða við alla starfssemi stofnunarinnar í framkvæmd.

### Skýr framtíðarsýn

UNIFEM á Íslandi stendur sterkt að vígi og hefur skýra framtíðarsýn. Félagið vill nýta sér kraftinn sem felst í þriðju bylgju femínismans og hefur tekið höndum saman með öðrum kvannahreyfingum hér á landi til að kynna boðskap jafnréttis og mannréttinda kvenna víða um heim. Landssamtökin njóta virðingar og velvildar enda meðal sterkari

landssamtaka UNIFEM sem nú eru 15 talsins. Markmið núverandi stjórnar er að félagið vaxi enn frekar og að UNIFEM á Íslandi auki verulega framlag sitt til þróunarsjóðsins á næstu árum. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að auka umsvif félagsins, fjölga félögum og taka á í fjáröflunar- og kynningarmálum. Ljóst er að ný og bætt aðstaða UNIFEM í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna mun nýtast félaginu til að ná umræddum markmiðum. Þá auðveldar aukinn sýnileiki fjáröflunarstarf UNIFEM.

Félagið vill taka virkan þátt í umræðum um starfsemi SP og áherslur Íslands í utanríkismálum í aðdraganda umsóknar Íslands um fast sæti í Öryggisráði SP árið 2009. Þetta er ekki síst til að benda á mikilvægi jafnréttismála og bætt hlutskipti kvenna við uppbyggingu sjálfbærrar þróunar. Í því samhengi er vert að athuga hvernig íslensk sérfræðipækking getur verið Íslandi til framdráttar á alþjóðavettvangi, t.d. í aðgerðum gegn útbreiðslu vændis og mansals, á sviði marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu og í vinnu sem snýr að samþættingu jafnréttissjónarmiða við starfsemi íslenskrar og alþjóðlegrar friðargæslu, sbr. ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, um konur, stríð og öryggi.

**„Sjóðurinn hefur endurtekið verið nefndur best rekni þróunarsjóðurinn innan SP. Er þar annars vegar horft til fjármálastjórnunar stofnunarinnar og hins vegar skilvirkni þróunarverkefna á hennar vegum. Nú er mikilvægi þróunaraðstoðar í þágu kvenna viðurkennd á alþjóðavettvangi. Mörg dæmi má nefna um verkefni UNIFEM sem hafa breytt lífi einstaklinga í þróunarlöndunum, í flóttamannabúðum, í kjölfar átaka, við enduruppbyggingu samfélaga og lýðræðisþróun.“**



Eftir Noeleen Heyzer, aðalframkvæmdastýru UNIFEM

## Afnám ofbeldis gegn konum í öndvegi



Það er mér sönn ánægja að skrifa í afmælisrit UNIFEM á Íslandi og ég vil óska landsfélaginu innilega til hamingju með áfangann. Fimmtán ár eru langur tími og UNIFEM er mjög þakklátt öllu því dygga og hæfileikaríka fólki sem lagt hefur starfinu lið í gegnum tíðina. Störf ykkar efla markmið UNIFEM að draga úr kvenvæðingu fátæktar, binda enda á ofbeldi gegn konum, stöðva útbreiðslu og draga úr tíðni alnæmis meðal kvenna og stúlkna og koma á jafnrétti kynjanna.

Við erum að upplifa mikilvægan kafla í sögu kvennaréttinda en í mars á næsta ári verða tíu ár liðin frá sögulegri kvennaráðstefnu sem haldin var á vegum Sameinuðu þjóðanna í Peking í Kína. Við þau tímamót er kjörið að horfa fram á veginn, reynslunni ríkari eftir þau störf sem unnin hafa verið á síðasta áratug. Eitt af því sem við höfum lært er að þörfin á að draga úr ofbeldi gegn konum er ekki síður aðkallandi nú en fyrir tíu árum síðan.

Ofbeldi gegn konum er ekki síst brýnt málefni nú í ljósi þess að kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna undirbýr að skoða vandlega hvaða árangur hefur hlotist af framkvæmd Peking-áætluninnar síðustu tíu ár. Ofbeldi gegn konum er varanlegt vandamál sem heldur áfram að hamla framförum og kemur í veg fyrir að tólf meginmarkmið sem voru lögð fram í Peking-áætluninni náist. Á næsta ári eru tíu ár liðin frá samþykkt áætluninnar, ellefu ár frá því að yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna gegn ofbeldi gegn konum var samþykkt og nær 25 ár frá gerð alþjóðlegs samnings um afnám alls misréttis gegn konum (CEDAW). Þrátt fyrir þetta hefur okkur ekki enn tekist að standa við skuldbindingar sem gerðar hafa verið til að bæta líf kvenna um allan heim.

Í nær öllum ríkjum og svæðum heims má merkja að skref hafa verið stigin í átt að jafnrétti kynjanna og til eflingar á frumkvæðisrétti kvenna. Samt sem áður hefur þessi árangur verið ójafn og ávinningurinn brot-hættur. Hvað þarf til að ná viðvarandi árangri og umbótum til að tryggja að skuldbindingar sem settar hafa verið fram í jafnréttisáætlunum í yfir eitthundrað ríkjum nái fram að ganga til handa konum og körlum um allan heim? Svarið er að pólitísk skuldbinding, fjármagn og samvinna ólíkra aðila þarf að liggja til grundvallar langtímaárangri.

Með tilkomu ofbeldissjóðs UNIFEM höfum við haft tækifæri til að styðja, fylgjast með og læra af nýbreytni sem skapast hefur í samvinnu ólíkra aðila víðsvegar að úr heiminum. Frá stofnun sjóðsins árið 1997 hafa sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna og tengslanet kvenna í sameiningu veitt 7,4 milljónum dollara til 157 verkefna í yfir 80 löndum. Þessi verkefni miða að því að auka skilning og þekkingu á málefnum með ýmiss konar upplýsingaherferðum, rannsóknnum og eflingu samtaka á öllum sviðum samfélagsins, auk þess sem verkefnum hafa orðið til þess að efla tengslanet sem leitt hefur til aukinnar sérfræðipækkingar og aðgerða til að draga úr ofbeldi gegn konum. Fjölmörg dæmi eru um vel unnin verk fyrir tilstuðlan sjóðsins, allt frá stofnun lögreglustöðva sem taka sérstakt mið af þörfum kvenna, hvatningu til aukinnar þátttöku karla í baráttunni gegn ofbeldi karla gegn konum, til stuðnings við konur sem vilja afnema „heiðursmorð“.

Sjóðurinn starfar á flestum þeirra tólf sviða sem Peking-áætlunin fjallar um og umsóknir um fjárstuðning sýna að bæði yfirvöld og fjáls félagasamtök sjá samhengi á milli ofbeldis gegn konum annars vegar og hins vegar málefna eins og fátæktar, útbreiðslu HIV/alnæmis, hlutverks kvenna í friðarumleitunum og uppbyggingarstarfi eftir stríð og hlutverks karla og drengja við að ná jafnrétti kynjanna.

Hvort sem ríki á í stríði, vinnur að uppbyggingarstarfi eftir stríð eða býr við frið, þurfa of margar konur og stúlkur að þola kyndbundið ofbeldi. UNIFEM-skýrslan, *Konur, stríð og friður*, sem gerð var af óháðum aðilum um áhrif átaka á konur og stúlkur á helstu atakasvæðum heims, undirstrikar mikilvægi sjóðsins til að mæta þörfum kvenna á stríðstímum og auka líkur á að þær séu virkir þátttakendur í friðarumleitunum og uppbyggingarstarfi eftir stríð.

Eins og kvennanefndin hefur lagt áherslu á þurfa konur að vera virkir þátttakendur á öllum sviðum sem viðkoma friði og öryggi. Sem fyrr segir eru til fjölmörg dæmi þar sem þetta hefur tekist en slík nálgun þarf að verða kerfisbundin. Í Búrúndí, Lýðveldinu Kongó, Tímor-Leste, Afganistan og Líberíu hefur UNIFEM átt farsælt samstarf við Sameinuðu þjóðirnar og fjáls félagasamtök við að auka hlut kvenna á þessu sviði. Árangurinn hefur verið tilkomumikill. Sem dæmi hefur þátttaka kvenna í uppbyggingarstarfinu í Afganistan leitt til innleiðingar jafnréttisreglna í stjórnarskrá landsins. Í friðarviðræðunum í Lýðveldinu Kongó hefur konum tekist að tryggja rétt sinn til þátttöku í friðaruppbyggingu skv. 51. gr. stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir þennan árangur þarf að tryggja að þessar skuldbindingar verði að veruleika sem og skuldbindingar sem gerðar hafa verið í ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, CEDAW og Peking-áætluninni.

Hætta sem stöðjar að óbreyttum borgurum og þá sérstaklega konum á atakasvæðum ýtir undir mikilvægi þess að samþætta kynjasjónarmið þegar reynt er að fyrirbyggja átök, í friðarumleitunum og aðgerðum til að tryggja öryggi kvenna. Sú vinna verður að vera byggð á nákvæmum upplýsingum sem gefnar eru í tíma og skilningi á alþjóðlegri þróun, efnahagslegum, félagslegum og pólitískum orsökum átaka og hvernig binda eigi enda á þau. Til að auka þekkingu á þessu sviði hefur UNIFEM útbúið kynlæga viðvörunarstuðla (early warning indicators) í tilraunaverkefnum á Sólomon-eyjum, Ferghana-dal í Mið-Asíu, Gvatemala og Lýðveldinu Kongó. Markmiðið er að bæta aðferðir til að koma í veg fyrir átök og aðgerðir sem hafa til þessa ekki tekið nægilegt tillit til kynjasjónarmiða.

Áherslur kvennanefndarinnar á hlutverk karla og drengja við að ná fram kynjajafnrétti eru mikilvægar og framfarir í þessa átt gefa störfum okkar byr undir báða vængi. UNIFEM-sjóðurinn hefur sem dæmi stutt FEMNET í Afríku til að starfa með tengslanetinu „karlar fyrir kynjajafnrétti“. Þetta tengslanet hefur náð til þúsunda karla í Eþíópíu, Kenía, Tansaníu, Malaví og Sambíu í tilraunum til að vekja athygli á málstaðnum og breyta hegðunarmynstri í tengslum við kyndbundið ofbeldi og tengsl þess við útbreiðslu alnæmis.

Samstarf ólíkra hópa og aukin þekking á málefnum er lykilatriðið í



að koma þessum hugmyndum í verk. UNIFEM hefur sett upp vefinn [www.WomenWarPlace.org](http://www.WomenWarPlace.org) þar sem upplýsingum frá fjölmörgum aðilum um málefnið er safnað saman, sýnd dæmi um árangur á þessu sviði og leiðir til að koma ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 í gagn. Á fyrstu fjórum mánuðunum var heimasíðan skoðuð oftar en milljón sinnum, sem sýnir áhugann á málefninu og mikilvægi slíks upplýsingabanka.

Fyrir tilstilli UNIFEM-sjóðsins á sér stað greining og dreifing upplýsinga um árangursríkar aðferðir sem notaðar hafa verið í verkefnum sem sjóðurinn hefur stutt. Á síðasta ári gaf UNIFEM út skýrsluna *Not a Minute More: Ending Violence Against Women*, sem byggð er á fyrrnefndum störfum sem unnin hafa verið um allan heim til að binda enda á ofbeldi gegn konum og útlistar tillögur til framfara. UNIFEM þarf nú á fé að halda til að koma tillögunum í framkvæmd.

Störf UNIFEM í bandalagi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, ríkisstjórnir og fjáls félagsamtök sýnir svo ekki verði um villst að afnám ofbeldis gegn konum er grundvöllurinn fyrir því að þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna náist. UNDP hefur þróað framsækna aðferð, sem UNIFEM hefur tekið upp, til að auka þekkingu á því hvernig samþætta eigi kynjasjónarmið framkvæmd þúsaldarmarkmiðanna. Verið er að prófa virkni þessarar aðferðar í fimm ríkjum, þar sem lögð er áhersla á samvinnu ríkisstjórna, fjálsra félagsamtaka og stofnana Sameinuðu þjóðanna við að tilgreina kynjasjónarmið í skýrslugerð og eftirfylgni og framkvæmd þúsaldarmarkmiðanna. Ofbeldi gegn konum er einnig tekið fyrir og stefnt er að því að kynna árangurinn um allan heim.

Konur og stúlkur vilja sjá að þúsaldarmarkmiðin séu ekki aðeins í orði heldur einnig á borði og að markmiðin verði til þess að útrýming á fátækt í heiminum, ofbeldi og ójafnrétti hafi forgang. Á næsta fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem markar tíu ár frá gerð Peking-áætlunarinnar eins og fyrr segir, vonast UNIFEM til að ríki taki skrefið til fulls til að styðja og veita fjármagni til að binda enda á ofbeldi gegn konum til að kynjajafnrétti, þróun og friður geti orðið að veruleika.

## Peking-áætlunin

**UNIFEM vinnur samkvæmt grundvallarmarkmiðum Peking-áætlunarinnar, sem samþykkt var á kvenna-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking í Kína árið 1995. Peking-áætlunin liggur nú til grundvallar yfir hundrað jafnréttisáætlunum um allan heim, m.a. á Íslandi. Eftirfarandi eru tólf helstu áhersluatriði áætlunarinnar:**

- 1 Konur og fátækt
- 2 Menntun kvenna
- 3 Konur og heilsufar
- 4 Ofbeldi gegn konum
- 5 Konur og vopnuð átök
- 6 Konur og efnahagsmál
- 7 Konur við stjórnvölinn
- 8 Stofnanir sem vinna að framgangi kvenna
- 9 Mannréttindi kvenna
- 10 Konur og fjölmiðlar
- 11 Konur og umhverfið
- 12 Stúlkubörn og unglingsstúlkur

Frekari upplýsingar um Peking-áætlunina er að finna á slóðinni: <http://www.un.org/womenwatch/daw/beijing>

## Fimm meginaðferðir UNIFEM

Í starfi sínu leggur UNIFEM áherslu á:

- 1 **Að efla getu og forystuhlutverk kvennasamtaka og tengslaneta þeirra.**
- 2 **Að virkja pólitískan og fjárhagslegan stuðning við jafnréttismál og réttindabaráttu kvenna.**
- 3 **Að koma á auknu samstarfi á milli kvennasamtaka, ríkisstjórna, Sameinuðu þjóðanna og einkageirans á sviði jafnréttismála.**
- 4 **Að taka taka þátt í tilraunaverkefnum þar sem nýjar aðferðir til að bæta stöðu kvenna og stuðla að kynjajafnrétti eru reyndar.**
- 5 **Að byggja gagnagrunn um áhrifaríkar aðferðir sem taka mið af jafnréttissjónarmiðum á öllum stigum þróunarsamstarfs.**





## Hlutverk og umboð UNIFEM

UNIFEM er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna. UNIFEM veitir tæknilegan stuðning og leggur fé til verkefna sem ætlað er að efla mannréttindi kvenna, þátttöku þeirra í stjórnámálum og efnahagslegt öryggi. Hlutverk UNIFEM innan Sameinuðu þjóðanna er að efla jafnrétti kynjanna og stuðla að því að stefnumótun hvarvetna taki mið af jafnréttissjónarmiðum og réttindum kvenna. Með þetta að markmiði leggur UNIFEM einkum áherslu á þróunarsamstarf og veitir sérfræðiaðstoð hvað aðferðir og tæknilega kunnáttu varðar.

UNIFEM var stofnað árið 1976 í kjölfar ályktunar sem samþykkt var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að tilstuðlan kvennasamtaka sem tóku þátt í fyrstu alþjóðlegu kvennaráðstefnunni sem haldin var í Mexíkóborg árið 1975.

Hlutverk UNIFEM er að:

- Styðja frumkvæði og nýjungar í aðferðum til að bæta stöðu kvenna í samræmi við alþjóðleg markmið
- Hvetja til þess að konur séu virkir þátttakendur á öllum stigum stefnumótunar í þróunarmálum
- Þjóna hlutverki brautryðjanda á sviði kynjajafnréttis í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Sameinuðu þjóðanna





Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra

Hinn 18. desember nk. eru liðin fimmtán ár frá stofnun Íslandsdeildar UNIFEM. Á þessum fimmtán árum hefur félagið vaxið og dafnað og er nú ein öflugustu landssamtök UNIFEM í heiminum. Félagið hefur unnið ötullega að því að kynna starfsemi sína innanlands og staðið fyrir veglegum og áhugaverðum ráðstefnum.

UNIFEM-samtökin styðja konur í þróunarlöndum til efnahagslegrar sjálfsbjargar. Samtökin hafa einnig komið að leiðtogaþjálfun kvenna með það fyrir augum að þjálfa þær til þátttöku í stjórnámálum og ákvarðanatöku sem hefur áhrif á líf þeirra og afkomu. Gott dæmi um slíkt er jafnréttisverkefni UNIFEM í Kósóvó, en þar hefur að jafnaði starfað einn íslenskur starfsmaður á vegum íslensku friðargæslunnar frá árinu 2000.

Það er ekki aðeins Íslandsdeild UNIFEM sem fagnar starfsafmæli 18. desember nk. því sama dag eru 25 ár liðin frá því að alþjóðasamningur um afnám alls misréttis gegn konum, CEDAW-samningurinn, var samþykktur. Er nú unnið að skipulagningu hátíðarhalds í New York af því tilefni. Á næstunni verður haldið uppá fleiri áfanga á sviði jafnréttismála á alþjóðavettvangi. Á næsta ári eru tíu ár liðin frá því að kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin í Peking í Kína og fimm ár eru frá sérstöku aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna. Er af því tilefni unnið að skipulagningu hátíðarfundar nefndar Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um stöðu kvenna (Commission on the Status of Women, CSW) sem haldinn verður í mars á næsta ári.

Íslendingar hafa ávallt lagt áherslu á réttindi kvenna á alþjóðavettvangi og árið 2003 vorum við í fyrsta skipti kosin í nefnd Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna (CSW). Ísland hefur óneitanlega margt fram að færa á þessu sviði enda höfum við náð miklum árangri á síðustu áratugum þótt enn sé ýmislegt eftir óunnið.

Með öflugri starfsemi hafa landssamtök UNIFEM á Íslandi haldið á lofti meginmarkmiðum samtakanna og um leið og ég óska UNIFEM á Íslandi til hamingju á þessum tímamótum vonast ég til að starfsemi samtakanna muni halda áfram að blómstra sem og gott samstarf þeirra við utanríkisráðuneytið.

Halldór Ásgrímsson  
forsætisráðherra









## UNIFEM á Íslandi

UNIFEM á Íslandi styður og styrkir starfssemi Sameinuðu þjóðanna í baráttunni fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna víða um heim sérstaklega á sviði þróunarsamvinnu



# Ný framkvæmdastýra UNIFEM

## Hver er Birna Þórarinsdóttir?

„Ég er Vesturbæingur í húð og hár, menntuð í Melaskóla, Hagaskóla og Menntaskólanum í Reykjavík, þaðan sem ég tók stúdentspróf af nýmáladeild vorið 1999. Ég tók mikinn þátt í félagsmálum á menntaskólaárunum, var í Herranótt, ritstjórn Skólaláðsins og gegndi embætti inspector scholae. Að loknu stúdentsprófi lærði ég frönsku í útlendingadeild Sorbonne í París í tvær annir og byrjaði því næst í stjórn málafræði við Háskóla Íslands haustið 2000. Hluta af BA-náminu mínu tók ég erlendis, ég var skiptinemi við Karlsháskóla í Prag í einn vetur og sótti einnig námskeið í alþjóðlegum sumarháskóla í Prístína í Kósóvó.

Ég lauk BA-prófi í stjórn málafræði í október 2003 og skrifaði lokaritgerð um ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 (2000), um konur, stríð og öryggi. Í framhaldi af því hóf ég vinnu við rannsókn á samþættingu jafnréttissjónarmiða í íslensku friðargæslunni fyrir UNIFEM á Íslandi, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við HÍ og utanríkisráðuneytið. Í febrúar hélt ég til Strassborgar þar sem ég var í starfsþjálfun hjá fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu. Þar fékk ég að kynna starfsháttum utanríkisþjónustunnar og alþjóðastofnana í hálf ár en við heimkomu í ágústlok tók ég við störfum hjá UNIFEM.“

## Hvað hefurðu fengist við á sviði jafnréttis- og alþjóðamála undanfarin ár?

„Ég hef lengi verið að fást við alþjóða- og jafnréttismál, ýmist með námi eða starfi. Meðal annars sat ég í undirbúnings- og framkvæmdanefnd fyrsta Iceland Model United Nations þingsins (ICEMUN) sem haldið var í Háskóla Íslands síðasta haust. Allt stefnir í enn veglegra þing á þessu ári og er ég stolt af því að hafa komið þessu verkefni á laggirnar hérlendis, en tilgangur MUN er að kynna starf Sameinuðu þjóðanna, í okkar tilviki öryggisráðsins, fyrir ungu fólki. Ég sat í fyrsta ráði Feminísta-félagsins, sem fulltrúi ungra femínista, og hef skrifað fjölmargar greinar um jafnréttismál, nú síðast um jafnréttisstarf Evrópuráðsins í tímaritið *19. júní*. Rannsóknin á samþættingu jafnréttissjónarmiða í íslensku friðargæslunni hefur þó tekið mestan minn tíma undanfarna mánuði og eftir mikla vinnu hyllir nú loks undir að henni ljúki.“

**„Við stefnum að því að tvöfalda félaga-fjöldann, auka fjármuni félagsins til að geta styrkt verkefnasjóði UNIFEM enn betur og kynna félagið vel fyrir almenningi og fjölmiðlum hér á landi. Við höfum alla burði til að verða öflugasta landsdeild UNIFEM í Evrópu og ættum ekki að setja stefnuna á neitt minna.“**

## Hvernig stendur á brennandi áhuga þínum á jafnréttis- og kynjamálum?

„Ég man hreinlega ekki öðruvísi eftir mér en sem femínista og er óhætt að segja að jafnréttismálin séu mér í blóð borin. Langamma mín, Laufey Vilhjálmisdóttir, var framarlega í jafnréttisbaráttunni á sínum tíma og hefur móðir mín, Sigríður Vilhjálmisdóttir, lengi starfað að jafnréttismálum. Ég man eftir mér sem stelpugopa að hjálpa henni við að dreifa tímaritinu *19. júní* í hús. Mig minnir að ég hafi átt í nokkrum erfiðleikum á þeim tíma með að skilja af hverju tímaritið hét ekki *17. júní* og taldi þarna vera um villu að ræða en ég komst að mikilvægi dagsins fyrir en varði!

Auknum skilningi og þekkingu, t.a.m. í námi og við störf að jafnréttismálum, hefur síðan fylgt skýrari og einarðari afstaða til jafnréttis- og kynjamála. Með hliðsjón af núverandi samfélags- og heimsskipan finnst mér ekkert sjálfsgaðara en að vera femínisti.“

## Hver eru helstu forgangsatríði þín sem nýráðin framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi?

„Forgangsatríði UNIFEM á Íslandi á komandi mánuðum eru fyrst og fremst að efla félagið og starfsemina enda eru sóknarfærin mörg. Núverandi stjórn er mjög öflug, býr að viðamikilli þekkingu og hefur metnaðarfullar fyrirætlanir. Sjálf bý ég að töluverðri reynslu og þekkingu sem ég held að muni nýtast félaginu í starfinu framundan. Við stefnum að því að tvöfalda félaga-fjöldann, auka fjármuni félagsins til að geta styrkt verkefnasjóði UNIFEM enn betur og kynna félagið vel fyrir almenningi og fjölmiðlum hér á landi. Við höfum alla burði til að verða öflugasta landsdeild UNIFEM í Evrópu og ættum ekki að setja stefnuna á neitt minna.“

Ég tel að nú sé rétti tíminn til að vinna að þróunar- og mannúðarmálum á Íslandi. Íslensk stjórnvöld hafa heitið auknum framlögum til þróunarmála og líta sérstaklega til UNIFEM í því tilliti, eins og kemur til dæmis fram í nýlegri skýrslu um þróunarmál sem fjallað er um annars staðar í tímaritinu. Stuðningur við starfsemi UNIFEM í Kósóvó er eitt langlífasta verkefni íslensku friðargæslunnar og ég vona að við munum áfram eiga farsælt samstarf við friðargæsluna eftir að Kósóvó-verkefninu lýkur árið 2005. Íslenskur almenningur og fyrirtæki eru einnig sífellt meira vakandi fyrir stöðu mála í heiminum og möguleikum til að leggja okkar af mörkum. Við lifum enda í einu mesta velmegunarsamfélagi heims og eðlilegt að mínu mati að við leggjum okkar lóð á vogarskálarnar.“

Ef við lítum á þróun mála á alþjóðavettvangi og hér heima er ljóst að UNIFEM getur verulega látið að sér kveða. Í raun myndi ég segja að UNIFEM þurfi að láta að sér kveða ef fram heldur sem horfir. Vaxandi hernaðarhyggja, hryðjuverk og óttinn við þau einkenna nú landslag alþjóðamála á kostnað knýjandi mála eins og útbreiðslu alnæmis, mansals og fátæktar. Á sama tíma gætir bakslags í jafnréttisbaráttunni sem ég tel nú reyndar að megi að nokkru rekja til fyrrgreindar hernaðar- og „öryggis“-hyggju. Þegar vá knýr dyra er sterk tilhneiging til þess að telja lausnina felast í styrk og karlmennsku, þ.e. einkennum hervaldsins. Ég vil aftur á móti setja fyrirvara við hugtakið öryggi því hefðbundinn, ríkismiðaður skilningur þess er of þröngur að mínu mati. Hvert er t.a.m. öryggi konu sem býr við heimilisofbeldi í annars friðsömu landi? UNIFEM hefur um árabíl barist fyrir bættum kjörum kvenna og bent á tenginguna milli þróunar, jafnréttis, velferðar og öryggis. Að mínu mati hefur boðskapur og starfsemi UNIFEM brýnt erindi við okkur öll í dag.“



# Á döfinni

Óhætt er að segja að framundan séu viðburðaríkir tímar hjá UNIFEM á Íslandi enda 2004 og 2005 tímamótaár fyrir félagið og kvennabaráttu almennt. Til viðbótar við hefðbundin störf eru eftirfarandi viðburðir á döfinni.

**Dagana 25. nóvember til 10. desember mun UNIFEM** standa fyrir



herferð gegn ofbeldi gegn konum í samstarfi við önnur frjáls félagsamtök á Íslandi. Slík 16 daga herferð hefur verið farin í meira en 130 löndum frá árinu 1991 og hefur UNIFEM á Íslandi hug á því að festa hana í sessi hérlandis til að vekja athygli Íslendinga á því mannréttindabroti sem ofbeldi gegn konum er.

**Til að fagna 15 ára afmæli félags UNIFEM á Íslandi** verður opið hús í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á afmælisdaginn, 18. desember, fyrir félag og velunnara félagsins. UNIFEM flutti í Miðstöðina fyrr á árinu og um leið jókst starfsemin töluvert. Því er tilvalið að nota tímamótin til að kynna starfsemina og nýja húsnaðið.

**Árið 2005 er margfalt afmælisár** en þá eru 10 ár liðin frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking, 30 ár frá upphafi kvennaráratugs Sameinuðu þjóðanna og 90 ár frá því konur hlutu kosningarétt á Íslandi.

**Til að fagna þessum merku tímamótum mun UNIFEM á Íslandi** standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um jafnréttis- og þróunarmál á sumarmánuðum. Þangað verður boðið fyrirlesurum víða að auk íslenskra sérfræðinga og verða haldnar málstofur um ýmis málefni sem UNIFEM beinir sjónum sínum að, til að mynda þróunarmál og pólitíska þátttöku.

**Samhliða ráðstefnunni verður haldið heimsþing landsfélaga UNIFEM** þar sem fulltrúar allra landsfélaganna 15 koma saman ásamt fulltrúum frá höfuðstöðvum UNIFEM í New York. Markmið heimsþingsins er að viðhalda alþjóðlegum umræðuvettvangi landsfélaganna og vekja athygli á alþjóðlegu samhengi UNIFEM á Íslandi.

**Síðar á árinu 2005 er ennfremur stefnt að því að halda kvikmyndahátíð** um konur, réttlæti og þróun. Til eru fjölmargar vandaðar heimildamyndir og kvikmyndir frá síðustu árum sem fjalla um líf og mannréttindi kvenna í öllum heimshlutum frá ýmsum sjónarhornum. Kvikmyndahátíðir af sama toga hafa verið haldnar erlendis og hlotið lof gagnrýnenda.

## Á liðnu starfsári

### Ásta María Sverrisdóttir fer yfir störf UNIFEM á liðnu ári

#### Morgunverðarfundur

Stjórn UNIFEM á Íslandi hefur ákveðið að flytja árlegan morgunverðarfund félagsins frá 24. október til 25. nóvember sem er alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gegn konum. Á morgunverðarfundinum 2003 fluttu ávörp Rósa Erlingsdóttir, formaður UNIFEM á Íslandi, og Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra. Ný heimasíða félagsins var opnuð af heiðursfélögum og stofnendum UNIFEM á Íslandi, Kristjönu Millu Thorsteinsson og Sæunni Andrésdóttur, en þær sátu í fyrstu stjórn félagsins á Íslandi. Markmið stjórnarinnar er að heimasíðan verði áhugasömum mikilvæg gátt frá Íslandi til Sameinuðu þjóðanna með fróðleik og fréttir um málefni kvenna og kynjajafnrétti í alþjóðamálum. Síðan mun einnig þjóna markmiði stjórnarinnar um átak í fjáröflunar-, fræðslu- og kynningarmálum. Gestafyrirlesari á morgunverðarfundinum var Margrét Heinreksdóttir, lögfræðingur og fyrrverandi framkvæmdarstjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands. Erindi hennar bar heitið *Með kjarna-konum í Kósóvó* þar sem hún fjallaði um starf sitt á skrifstofu UNIFEM í Prístína.

Hinn 25. nóvember kom einnig út Tímarit UNIFEM á Íslandi. Herdís Friðriksdóttir ritstýrði tímaritinu og var ritstjórn skipuð þeim Þóru Margrétu Pálsdóttur, Lilju Hjartardóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Birnu Þórarinsdóttur. Að þessu sinni beindist efni tímaritsins að konum, stríði og öryggi, og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325

um sama efni. Fjallað var um alþjóðlega skýrslu, *Women, War, Peace*. Tímaritinu var að vanda dreift víða og nýttist vel í kynningu á félaginu.

#### Rannsókn um störf íslensku friðargæslunnar

UNIFEM á Íslandi sótti fyrir hönd Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum um 500 þús. kr. rannsóknastyrk hjá utanríkisráðuneytinu og fékk félagið styrkinn í októberbyrjun. Birna Þórarinsdóttir stjórnsmálafræðingur var ráðin til verkefnisins, sem fólst í rannsókn á samþættingu jafnréttis sjónarmiða við starfsemi íslensku friðargæslunnar. Rannsóknin er byggð á tilmælum þeim sem sett voru fram í skýrslu UNIFEM, *Women, War, Peace*. Áætlað er að skýrsla Birnu komi út í vetur. Nánar verður fjallað um skýrsluna annar staðar í blaðinu.

#### Bækur og fræðsla

Í jólabókaflóðinu 2003 hélt UNIFEM á Íslandi, í samráði við JPV bókaforlagið og Mál og menningu, tvo kynningarfundir um nýútkomnar bækur sem fjölluðu um málefni kvenna. Annars vegar var um að ræða bókina *Dætur Kína* eftir kínversku fréttakonuna Xinran (sjá Tímarit UNIFEM 2003) og hins vegar um metsölubókina *Bóksalinn* í Kabúl eftir norsku blaðakonuna Ásne Seierstad. Höfundar bókanna voru viðstaddir fundinn, sögðu frá efni þeirra og svöruðu spurningum viðstaddra.



Ný stjórn UNIFEM, kosin í apríl 2004: Frá vinstri: Rósa Erlingsdóttir, Hrund Gunnsteinsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Birna Þórarinsdóttir, Ásta María Sverrisdóttir, Lilja Hjartardóttir, Edda Jónsdóttir, Jónína Helga Þórólfsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Elsa Guðmundsdóttir og Hólmfríður Anna Baldursdóttir.

Í febrúar 2004 óskaði Menntaskólinn við Sund eftir því að UNIFEM á Íslandi tæki þátt í þemadögum nemandanna skólans, sem voru um þróunarlönd. Ásta María Sverrisdóttir fór fyrir hönd félagsins og hélt kynningu á starfi UNIFEM og stöðu kvenna í þróunarlöndunum. Í mars hélt svo Rósa Erlingsdóttir kynningu á UNIFEM fyrir nemendur í mannfræðiskor Háskóla Íslands.

#### Námskeið um fjáröflun og kynningarmál

Eftir samráðsfund landssamtaka UNIFEM í Evrópu í júní 2003 bauðst Lael Stegall, sérstakur ráðgjafi fyrir landsfélög UNIFEM, til að koma hingað til lands og halda námskeið fyrir stjórn og félag UNIFEM á

Íslandi. Stegall kom til landsins í mars 2004 og haldið var tveggja daga námskeið um fjáröflun og nýjar leiðir í kynningarmálum. Aðsókn á námskeiðið var góð og margar hugmyndir komu fram um hvernig mætti styrkja innra og ytra starf félagsins. Stjórnin hefur unnið áfram að tillögnum og mynda þær grunn framkvæmdaáætlanir fyrir starfsárið 2004–2005. Stegall lýsti yfir ánægju sinni með öflugra starfsemi UNIFEM á Íslandi og fengu stjórnarkonur lof fyrir framsækið og metnaðarfullt starf.

#### Málstofa um farandverkakonur

Þann 26. febrúar 2004 hélt UNIFEM málstofu um farandverkakonur. Hjálfríður Þórðardóttir frá Eflingu stéttarfélagi og Lilja Hjartardóttir, varaformaður UNIFEM á Íslandi, fluttu erindi. Þátttakendur í pallborði voru Anh-Dao Tran, formaður samtaka kvenna af erlendum uppruna, og Friðbjörg Ingimarsdóttir, kennsluráðgjafi um nýbúakennslu hjá fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Vel var mætt á málstofuna og spunnust góðar umræður um aðbúnað og kjör farandverkakvenna hér á landi sem Hjálfríður gjörþekkir. Um kvöldið var viðtal við hana í fréttaskýringarþættinum Speglinum.

Á málstofunni var einnig reynt að varpa ljósi á hvort staða farandverkakvenna hér á landi væri frábrugðin stöðu farandverkakvenna annars staðar.

Með hnattvæðingu hefur flutningur vinnuafls frá fátækum löndum til hinna ríkari aukist. Þó að konur séu helmingur farandverkafólks eru þær lítt sýnilegar þar sem margar þeirra vinna við heimilisstörf og umönnun barna og eldra fólks. Þær afla gjaldeyris fyrir heimalönd sín og sjá um framfærslu ættingja en verða að skilja börn sín eftir í umsjón annarra, oft árum saman, og margar vinna þær erfiðisvinnu á lágum launum.

UNIFEM á Íslandi er eitt aðildarfélag Mannréttindaskrifstofu Íslands ([www.humanrights.is](http://www.humanrights.is)). Skrifstofan fagnaði tíu ára afmæli með glæsibrag í Norræna húsinu 16. júní sl. þar sem hvert aðildarfélag kynnti starfsemi sína. UNIFEM sýndi brot úr kvikmynd Grétu Ólafsdóttur og Susan Muska, *Women, the Forgotten Face of War*, sem lét engan ósnortinn. Margrét Heinreksdóttir, framkvæmdastjóri skrifstofunnar sl. ár, lét af farsælum störfum sínum og við tók Guðrún D. Guðmundsdóttir. Baldur Þórhallsson lét einnig af stjórnarformennsku og Brynhildur Flóvenz tók við af honum. Ný aðildarstofnun, Háskólinn á Akureyri, bættist í hópinn á afmælisárinu. Aðildarfélög skrifstofunnar eru þar með orðin ellefu og opinberar stofnanir þrjár.

#### Ný stjórn

Ný stjórn UNIFEM á Íslandi var kosin á aðalfundi félagsins í lok apríl 2004. Þrjár stjórnarmeðlimir, Ása Kolka Haraldsdóttir, Herdís Friðriksdóttir og Þóra Margrét Pálsdóttir, gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Rósa Erlingsdóttir var endurkjörin formaður ásamt Lilju Hjartardóttur varafomanni. Sigríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir héldu áfram störfum sínum í stjórn félagsins. Á fundinum voru samþykkt lög um að fjölga stjórnarmeðlimum úr sjö í níu. Nýjar í stjórn eru Ásta María Sverrisdóttir, Edda Jónsdóttir, Elsa Guðmundsdóttir, Hrund Gunnsteinsdóttir og Jónína Helga Þórólfsdóttir. Þá starfa Salvör Gissurardóttir og Guðrún Rebekka Jakobsdóttir einnig með stjórninni.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var tekin sú ákvörðun að stjórnarmeðlimir ættu sæti í a.m.k. einni af þremur nefndum. Í fjárhags- og framkvæmda-nefnd sitja Rósa, Sigríður og Lilja. Þær sjá um að setja saman framkvæmda- og fjárhagsáætlun frá maí 2004 til mars 2005. Í ritnefnd sitja Hrund, Ásta, Jónína, Anna og Salvör og þær sjá um ársrit UNIFEM á Íslandi og vefsíðuna. Sigríður, Edda, Elsa og Guðrún sitja í fjáröflunar- og kynningar-nefnd. Nefndin sér um að samþætta kynningarmál UNIFEM á Íslandi og semur kynningarbækling og kynningarefni fyrir skóla.

#### Ný framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi

Á haustdögum 2004 tók stjórn UNIFEM á Íslandi þá ákvörðun að ráða Birnu Þórarinsdóttur stjórn málafræðing sem framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi. Birna er vel inni í málefnum kvenna og UNIFEM, en annars staðar í blaðinu er að finna viðtal við hana.

## 9 mánuðir

Kannast þú við...

...svita/hitaköst–svefnleysi–tíðaverki–  
tíðastopp–egglosverki–bjúg–  
hægðatregðu/niðurgang eða aðra  
meltingarerfiðleika–streitu/álag–  
höfuðverk/mígreni–bakverki  
eða aðra verki í stoðkerfi–ófrjósemi–  
magakrampa ungbarna–viltu hætta að  
reykja eða styrkja þig í megruninni – eða  
eitthvað annað?

Heildræn meðferð gæti hjálpað

Guðlaug María Sigurðardóttir  
ljósmóðir, nálastungufræðingur,  
nuddari, svæðanuddari m.m.

[www.9manudir.is](http://www.9manudir.is)

sími 892 7232

[9manudir@9manudir.is](mailto:9manudir@9manudir.is)

# Félagar UNIFEM

Þau fimmtán ár sem UNIFEM hefur starfað á Íslandi hafa félagarnir alltaf stutt það dyggilega. UNIFEM fannst því við hæfi á þessum tímamótum að fletta upp í félagaskránni og taka nokkra féлага tali, fræðast um líf þeirra, áhugamál og skoðanir.

## Tinna Gunnlaugsdóttir

**Hvað hefur þú verið félagi í UNIFEM lengi?**

Í tvö ár.

**Hvað starfar þú við?**

Ég hef starfað sem leikari í 25 ár, auk þess sem ég hef verið í forsvari fyrir Bandalag íslenskra listamanna undanfarið sex ár, en ég lét af því starfi á síðasta aðalfundi (í lok október). Ég hef einnig verið í MBA-námi með vinnu við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2003. Nýlega var ég skipuð Þjóðleikhússtjóri af menntamálaráðherra og mun taka við því starfi 1. janúar 2005.

**Hver eru áhugamál þín?**

Listir og mannúðarmál.

**Af hverju ákvaðstu að gerast félagi?**

Það var eiginlega fyrir hvatningu frá móður minni, Herdísí Þorvaldsdóttur, en hún hefur verið virkur félagi lengi.

**Hvaða þróunarmál eru þér hugleikin?**

Menntunarmál, ég lít svo á að árangursríkast sé að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Sérstaklega er mikilvægt að stuðla að aukinni menntun stúlkna, en þær standa víða illa í þessu tilliti, eins og kunnugt er. Þekking eykur einnig almenna víðsýni og er þannig árangursríkasta tækið til að hafa áhrif á aftöðu manna og trúarskoðanir til lengri tíma lítið, eða þau hindurvitni sem halda konum niðri eða stuðla að misnotkun þeirra.

**Hvaða þýðingu hefur UNIFEM í þínum huga?**

Samtökin endurspeglar táknaða samstöðu kvenna um allan heim um þau málefni sem varða líf og viðurværi kvenna í þróunarlöndunum. En samstaðan er ekki bara táknað, því víða hefur UNIFEM einnig látið til sín taka með beinum og áþreifanlegum hætti.

**Er UNIFEM að standa sig?**

Ég er ekki dómbær á það, en hægt og bítandi hlýtur starf alþjóðasamtaka á borð við UNIFEM að skila árangri, við verðum að minnsta kosti að trúna því að svo sé.

**Ef þú ættir eina ósk handa konum heimsins, hver yrði hún?**

Að þær mættu í öllum tilfellum fá að njóta sín á sínum eigin forsendum án þess að þurfa að sæta andlegri eða líkamlegri kúgun vegna kynferðis síns.

**Finnst þér vera jafnrétti á Íslandi?**

Í orði já en ekki á borði, og það hefur minnst með góðan vilja að gera, hann er til staðar. Vandamálið er að við erum flest föst í viðjum vanahugsunar og tókum ósjálfrátt mið af þeim fyrirmyndum sem við ólumst upp við. Raunverulegar hugafarsbreytingar taka því miður langan tíma.

**Hvað má betur fara í jafnréttismálum hér á landi?**

Það snýr aðallega að okkur sjálfum að sýna og sanna að við höfum raunverulega eitthvað fram að færa í öllum málum og öllu tilliti. Við konur þurfum einfaldlega að vera djarfari en við höfum almennt þorað að vera hingað til og taka okkur það rými í tilverunni sem hæfir vitsmunum okkar og mannkostum.

## Kjartan Páll Sveinsson

**Hvað hefur þú verið lengi félagi í UNIFEM?**

Í þrjú ár.

**Hvað starfar þú við?**

Ég er hópstjóri á unglíngadeild BUGL, en er á leið utan í meistaranám í mannfræði.

**Hver eru áhugamál þín?**


Ég hlusta mikið á tónlist, fylgist með fréttum. Svo er fátt betra en að sötra skoskt viskí og lesa góða etnógráfíu.

**Af hverju ákvaðstu að gerast félagi?**

Ég sá fyrirlestur með Waris Dirie um árið. Ég hef ferðast töluvert um horn Afríku þar sem umskurður kvenna tíðkast, og fannst mikilvægt að standa við bakið á samtökum sem láta sig varða málefni sem þetta.

**Hvaða þróunarmál eru þér hugleikin?**

Oft er mikil karlaslagsíða í þróunarkefnum, þar sem starfsfólk þróunarsamtaka ber með sér fyrirfram mótaðar en ómeðvitaðar hugmyndir um kynhlutverk. Þær samræmast ekki endilega staðbundnum hugmyndum en karlmenn koma oftast betur út úr slíkum misskilningi. Þeir eru sjálfkrafa taldir höfuð heimilisins og að þeir taki ákvarðanir sem





slíkir. Afleiðingarnar geta verið þær að konur missi úr höndunum hefðbundið valdasvið sitt, og þar með raskast valda-  
jafnvægi milli kynjanna.

#### **Ef þú ættir eina ósk handa konum heimsins, hver yrði hún?**

Allir, konur sem karlar, eiga að lifa við öruggar framtíðarhorfur fyrir sig og börnin sín. Aftur á móti heyrast raddir kvenna ekki jafnvel og raddir karla. Þar af leiðandi er oft litið framhjá þekkingu kvenna sem getur leitt til þess að réttindi þeirra eru sniðgengin. Ég vildi því að allar konur öðlist rödd, að hlustað væri á þær og þær metnar að verðleikum.

#### **Finnst þér vera jafnrétti á Íslandi?**

Mér finnst komið ákveðið bakslag í íslensk jafnréttismál, ekki síst vegna þess að ungar konur eru ef til vill að sofna á verðinum. „Ekkert svona rauðsokkukjafaæði“ er setning sem ég heyrir allt of oft frá ungu fólki af báðum kynjum.

#### **Hvað má betur fara í jafnréttismálum hér á landi?**

Við eigum langt í land hvað varðar launamisrétti og ábyrgðar- og stjórnunarstöður. Annars var fæðingarorlof feðra skref í rétta átt, það þarf að ala upp í karlmönnum að heimilið sé góður og virðingarverður staður, og að virk þátttaka í heimilishaldi sé bæði gefandi og skemmtileg.

## Amal Tamimi

#### **Hvað hefur þú verið félagi í UNIFEM lengi?**

Í um tvö ár

#### **Hvað gerir þú?**

Ég hef verið í BA-námi í félagsfræði síðastliðin þrjú ár og útskrifast í október.

#### **Hver eru áhugamál þín?**

Meðal annars pólitík, félagsmál og kvenréttindi. Einnig finnst mér gaman að elda mat og dansa.

#### **Af hverju ákvaðstu að gerast félagi?**

Ég fór á ráðstefnu um konur og stríð í Háskólanum á vegum UNIFEM. Þar sem ég er frá Palestínu og hef upplifað stríð fann ég samhljóm með því sem UNIFEM segir og að UNIFEM geti hjálpað konum í stríði, þá sérstaklega í Palestínu og Írak núna. Mér finnst ég líka geta lagt mitt af mörkum til félagsins og frætt konur á Íslandi um stöðu kvenna í Palestínu.

#### **Hvaða þróunarmál eru þér hugleikin?**

Að hjálpa konum sem búa við stríð. Konur sem búa í stríðshráðum löndum búa ekki bara við ógnina af dauða því félagsleg staða þeirra versnar til muna. Þær búa einnig við óttann við nauðgun, kúgun, hungur og atvinnuleysi og í raun neyðast þær til að setja persónulegan þroska í biðstöðu.

#### **Hvaða þýðingu hefur UNIFEM í þínum huga?**

UNIFEM og slík félög eru mjög mikilvæg í mínum huga. Fólk treystir almennt Sameinuðu þjóðunum og reidir sig á hlutleysi þeirra og þess vegna hefur UNIFEM sérstöðu hvað varðar málefni kvenna um allan heim, ekki síst kvenna á stríðshráðum svæðum.

#### **Er UNIFEM að standa sig?**

Já, en alltaf er hægt að gera betur og meira.

#### **Ef þú ættir eina ósk handa konum heimsins, hver yrði hún?**

Að þær myndu stjórna heiminum og þá yrði heimurinn mun sanngjarnari.

#### **Finnst þér vera jafnrétti á Íslandi?**

Miðað við margar aðrar þjóðir heims ríkir hér heilmikið kynjajafnrétti. En hér er samt ennþá töluvert karlaveldi.

Ekki hefur tekist að jafna launamun kynjanna og hlutur kvenna í stjórn-  
málum, stjórnnum stórra fyrirtækja og í fjármálaheiminum er því miður  
ekki jafn hlut karla. Fæðingarorlofslögin voru þó eitt skref í rétta átt.

#### **Hvað má betur fara í jafnréttismálum hér á landi?**

Jafna þarf launamun kynjanna og hlut kvenna í stjórn-  
málum, stjórnnum stórra fyrirtækja og fjármálaheiminum. Einnig þarf að auka hlut karla  
í hefðbundnum kvennastéttum, svo sem leik- og grunnskólanum og  
hjúkrun. Varðandi stöðu kvenna af erlendum uppruna þarf að meta  
betur menntun sem konur koma með sér til Íslands og gefa þeim fleiri  
tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu, t.d. með því að mennta  
sig eða taka þátt á sem fjölbreyttastan hátt í atvinnulífinu, ekki bara í  
láglaunastörfum. Þær þarf að fræða betur um réttindi sín og skyldur.  
Sum lög vinna hreinlega gegn hagsmunum kvenna af erlendum  
uppruna, t.d. kvenna sem búa við heimilisofbeldi. Ef þær vilja skilnað  
missa þær um leið dvalarleyfið.

## Birkiaska

Umboðs- og söluaðili  
Birkiaska ehf.  
sími: 551 9239



BETUSAN

## Diljá Mist Einarsdóttir

### Hvað hefur þú verið félagi í UNIFEM lengi?

Í rúm þrjú ár

### Hvað gerir þú?

Ég er á 3. ári í Verzlunarskóla Íslands

### Hver eru áhugamál þín?

Ég á mjög margvísleg áhugamál, allt frá leiklist að forvörnum, en ég hef líka mjög mikinn áhuga á málefnum kvenna.

### Af hverju ákvaðstu að gerast félagi?

Ég skráði mig í félagið eftir frábæran fyrirlestur hjá Waris Dirie sem hafði mikil áhrif á mig. Ég hafði heyrt örlítið um félagið og fannst mikið til þess koma.

### Hvaða þróunarmál eru þér hugleikin?

UNIFEM stuðlar að menntun kvenna alls staðar í heiminum og það finnst mér mjög mikilvægt. Mér þykir líka bráð- nauðsynlegt að leggja áherslu á að senda almenningi þau skilaboð að hvers kyns ofbeldi gegn konum sé óásættanlegt og verði alls ekki liðið. Þótt ótrúlegt sé virðast ekki allir hafa þetta á hreinu.

### Hvaða þýðingu hefur UNIFEM í þínum huga?

UNIFEM er frumkvöðull í jafnréttismálum. Félagið hefur áunnið sér virðingu og er nú eitt besta dæmið sem fyrirfinnst um það hve gríðarlega miklu konur geta áorkað í sameiningu. Félagið er í mínum huga sameiningartákn kvenna.

### Er UNIFEM að standa sig?

Það er einfaldlega ekki hægt að segja annað, félagið teygir arma sína til allra heimsálfa þar sem fjöldamargir einstaklingar vinna óeigingjarnt starf í þágu jafnréttismála.

### Ef þú ættir eina ósk handa konum heimsins, hver yrði hún?

Ég myndi óska þess að konur í öllum heimshornum myndu í auknum mæli sameina krafta sína og nota þá til þess að veita bágstöddum konum hjálp. Samstaða er í raun lykilorðið.

### Finnst þér vera jafnrétti á Íslandi?

Ég tel að jafnrétti geti aldrei orðið algjört, en það er greinilegt hérlandis að baráttan fyrir því er að sækja í sig veðrið. Við verðum t.d. meira vör við umfjöllun um jafnréttismál, þ.e. fólk leitar réttar síns í auknum mæli. Það tel ég vera mjög jákvætt.

### Hvað má betur fara í jafnréttismálum hér á landi

Ég held að e.t.v. þurfi fólk að hugsa sig örlítið betur um áður en það sannfærist um að á því hafi verið brotið á grundvelli kynferðis. Það ferist í aukana að fólk noti jafnréttishugtakið sé því misboðið á einhvern hátt, t.d. á vinnumarkaðnum. Slík mál, komi þau upp, draga að vissu leyti úr trúverðugleika hennar.

## Erla Tryggvadóttir

### Hvað hefur þú verið félagi í UNIFEM lengi?

Ég hef verið félagi í UNIFEM síðan 2002.

### Hvað starfar þú við?

Ég er nýtskrifaður stjórnfræðingur og vinn hjá Ríkisútvarpinu.

### Hver eru áhugamál þín?

Þau eru mörg, þjóðfélagsmáttæðan, stjórnfræði og síðast en ekki síst staða kvenna.

### Af hverju ákvaðstu að gerast félagi?

Af því mér fannst (og finnst ennþá) UNIFEM vinna gott starf og vildi leggja mitt af mörkum.

### Hvaða þróunarmál eru þér hugleikin? Hver finnast þér mikilvægustu málefni?

Ekkert eitt málefni er ofar öðru, heldur eru málefni mörg sem þarf að taka á. Þar á meðal er réttarstaða kvenna í þriðja heims ríkjum.

### Hvaða þýðingu hefur UNIFEM í þínum huga?

Að ríkjum er umhugað um stöðu kvenna víðsvegar um heiminn.

### Er UNIFEM að standa sig?

Það held ég.

### Ef þú ættir eina ósk handa konum heimsins, hver yrði hún?

Að allar konur hefðu aðgengi að hreinu vatni og mat. Ef ég gæti teygst þessa ósk myndi ég líka vilja að allar konur hefðu aðgengi að menntun og gætu síðan nýtt sér hana í þjóðfélagi þar sem hæfni skipti máli en ekki kynið.

### Finnst þér vera jafnrétti á Íslandi?

Já í grófum dráttum, en betur má ef duga skal. Við konur þurfum að standa saman og styðja hver aðra í jafnréttisbaráttunni.

### Hvað má betur fara í jafnréttismálum hér á landi?

Ég held að allir stjórnvaldaflokkar þurfi að tileinka sér hugmyndafræði varðandi jafnréttismál. Þessi málaflokkur má ekki verða eins konar bannorð því jafnrétti kynjanna kemur öllum til góða.





# UNIFEM

Líesmyndari: Sigurður Jökull



## Hugsjónastarf Um stofnun UNIFEM á Íslandi

Stofnun UNIFEM á Íslandi var rekin áfram af hugsjón og samkennd með konum um heim allan. Edda Jónsdóttir, ráðgjafi í almannatengslum, ræðir við **Sæunni Andrésdóttur og Kristjónu Millu Thorsteinsson** sem áttu frumkvæðið að stofnun félagsins hér á landi.

UNIFEM á Íslandi var stofnað 18. desember árið 1989 eða á tíu ára afmæli alþjóðasamningsins um afnám allrar mismununar gegn konum. Það voru þær Sæunn Andrésdóttir og Kristjana Milla Thorsteinsson sem áttu frumkvæðið að stofnun félagsins hér á landi. Ásamt Grétu Gunnarsdóttur boðuðu þær til stofnfundar og blaðamannafundar til að kynna félagið sem var stofnað í kjölfar kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna.

Ráðstefna norrænna kvennahreyfinga, Nordisk Forum, var haldin í Osló í Noregi árið 1984. Auglýst var eftir þátttöku kvenna í blöðunum hér á landi og að sögn Sæunnar flyktust konur á þingið og fóru þjár flugvélar með fullfermi á þingið eystra. „Það fóru eiginlega allar konur úr minni fjölskyldu á þingið. Svona var áhugi kvenna mikill á kvennámálum almennt. Enda hafði kvennaáratugur Sameinuðu þjóðanna mikil áhrif.“

### Börnum einnig tryggð betri framtíð

Í tengslum við ráðstefnuna í Osló var landsfélag UNIFEM í Finnlandi með fund um þróunarhjálp auk þess sem starfsemi UNIFEM á alþjóðavettvangi var kynnt. Sæunn sótti fundinn og hreifst strax af starfinu.

„Mér fannst það hljóta að vera áhugamál hjá konum að styðja aðrar konur til betra lífs. Ég lít þannig á að með því að styðja konur tryggjum við börnum einnig betri framtíð.“

Haustið eftir fékk Sæunn bréf þar sem Helvi Sipila, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og stofnandi UNIFEM í Finnlandi bauð henni að koma á ráðstefnu í Helsinki þar sem Margret Sneider, aðalframkvæmdastýra UNIFEM, var aðalræðukona. Sæunn hafði þá samband við Kristjónu Millu og bauð henni að koma með sér. Ráðstefnan var þriðja heimsþing landsfélaga UNIFEM.

Þær Sæunn og Kristjana Milla kynntust þegar þær störfuðu saman hjá ITC (International Training of Communications). ITC var stofnað árið 1975 með það að markmiði að þjálfa konur í framkomu, ræðuhöldum og fundarstjórn.

Eftir að Sæunn og Kristjana Milla komu til baka frá Finnlandi barst Sæunni bréf frá UNIFEM í New York og var hún beðin um að taka á móti Phoebe Muga Asiyo, heiðurssendiherra UNIFEM. Hún var þá á ferðalagi um heiminn og kynnti þróunarstarf UNIFEM. Sæunn féllst á að taka á móti Phoebe enda leit hún á komu hennar sem tækifæri til að kynna starf UNIFEM.

Sæunn hafði kynnt Helga Ágústssyni á landsfundi ITC en eiginkona hans sat í stjórn félagsins. Helgi var þá fastafulltrúi Sameinuðu þjóðanna og starfaði hjá utanríkisráðuneytinu. Sæunn hafði samband við hann og



sagði honum hvað stæði til. Í framhaldi af því gekk Gréta Gunnarsdóttir, starfskona utanríkisráðuneytisins, til liðs við þær stöllur fyrir atbeina Helga Ágústssonar og hún aðstoðaði þær síðan við undirbúning stofnunar UNIFEM á Íslandi.

Boðað var til blaðamannafundar í Rúgbrauðsgerðinni og til stofnfundar UNIFEM á Hallveigarstöðum 18 í desember árið 1989. Til stofnfundarins voru boðaðar konur úr öllum helstu kvennahreyfingum og kvennaklúbbum þess tíma. Nokkrir karlmenn sóttu einnig fundinn sem var fjölmennur. Phoebe Muga Asiyo flutti ávarp og sýndar voru myndir frá þróunarstarfi UNIFEM. Frú Asiyo hitti einnig embættismenn og stjórnámálamenn meðan hún dvaldist hér á landi. Framhaldsstofnfundur Félags UNIFEM á Íslandi var svo haldinn á Hótel Holiday Inn 24. október 1990.

### Fyrsta frjálsa framlagið 5.000 krónur

Konurnar fóru einnig í viðtöl í fjölmiðlum til að kynna UNIFEM. „Ég fór eitt sinn í morgunútvarpið og kynnti UNIFEM. Sama dag og ég hafði verið í útvarpinu hringdi kona frá Stöðvarfirði og lagði fram fyrstu 5.000 krónurnar sem voru frjálst framlag. „Ertu viss um að þetta skili sér?“ spurði hún og ég svaraði henni að mér væri tjáð að svo væri. Þetta var fyrsta frjálsa framlagið í sjóð UNIFEM en þessi kona gerðist þó ekki félagi,“ sagði Sæunn.

Í upphafi fylgdi UNIFEM á Íslandi fordæmi finnska félagsins. Finnska UNIFEM-félagið var það fyrsta sinnar tegundar, stofnað árið 1981. Morgunverðarfundir UNIFEM voru haldnir að finskri fyrirmynd og við skipulagningu á opnum fundum UNIFEM var haft að leiðarljósi að blanda saman fræðslu og skemmtun.

Stofnendur og fyrstu félagar UNIFEM hittust oftast á kaffistofum í upphafi enda höfðu þær ekki fundar- eða skrifstofuástöðu á þeim tíma. Kornhlaðan var vinsæll fundarstaður. Fljótlega fengu þær þó aðstöðu og skáp undir fundargögn í Kvennahúsinu að Vesturgötu 3. Síðar leigðu þær fundarherbergi og vinnuástöðu á Vesturgötu en þá höfðu þær fengið styrk frá félagsmálaráðuneytinu til reksturs félagsins.

Sæunn og Kristjana Milla ferðuðust talsvert til annarra ríkja Norðurlanda til að kynna sér starfsemi UNIFEM. Ferðalögin voru öll á þeirra eigin kostnað og töldu þær ekki eftir sér að greiða fyrir ferðalögin úr eigin vasa. „Þetta var hugsjónastarf og við ferðuðumst til að kynna öðrum konum sem unnu með UNIFEM og til að kynna okkur starfsemi félaganna.“

Þær Sæunn og Kristjana Milla kváðust sakna þeirrar samstöðu sem ríkti á kvennaáratugi Sameinuðu þjóðanna. Samhugur og samheldni sem þá ríkti virðist búinn að vera, að minnsta kosti í bili. ■

Rósa Erlingsdóttir, núverandi formaður UNIFEM á Íslandi (talið frá hægri) og Edda Jónsdóttir stjórnarkona spjalla við Kristjönu Millu Thorsteinsson og Sæunni Andrésdóttur, stofnendur landsfélagsins og Sigríði Guðmundsdóttur, fyrrverandi formann.



**Boðað var til blaðamannafundar í Rúgbrauðsgerðinni og til stofnfundar UNIFEM á Hallveigarstöðum 18 í desember árið 1989. Til stofnfundarins voru boðaðar konur úr öllum helstu kvennahreyfingum og kvennaklúbbum þess tíma. Nokkrir karlmenn sóttu einnig fundinn sem var fjölmennur. Phoebe Muga Asiyo flutti ávarp og sýndar voru myndir frá þróunarstarfi UNIFEM. Frú Asiyo hitti einnig embættismenn og stjórnámálamenn meðan hún dvaldist hér á landi. Framhaldsstofnfundur Félags UNIFEM á Íslandi var svo haldinn á Hótel Holiday Inn 24. október 1990.**











## Efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna

Eitt af þremur meginmarkmiðum UNIFEM er að efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna og gera konum kleift að tryggja sér öruggt lífsviðurværi





Ljósmynd: Roshidur Jónsdóttir



## Hnattvæðing og efnahagslegt

# Öryggi kvenna

Efnahagslegt öryggi kvenna á tímum hnattvæðingar, aðgangur þeirra að mörkuðum og tillögur um kynlæg fjárlög er meðal þess sem **Ásta María Sverrisdóttir** stjórn málafræðingur fjallar um í eftirfarandi grein.

Á níunda áratugnum fór að gæta aukinna áhrifa hnattvæðingar á markaði og í efnahagsstjórn ríkja. Verslanir fylltust af vörum alls staðar að úr heiminum, McDonalds spratt upp á hverju götuhorni og hægt var að kaupa Nike-skó jafnt í Peking sem Reykjavík. Möguleikar til samskipta jukust svo um munaði með tilkomu netvæðingar og farsímar og ferðalög urðu algengari. Nú fór fólk ekki aðeins til sólarlanda í fri heldur einnig til fjarlæggra landa eins og Rússlands og Víetnam, landa sem lokuðu landamærum sínum fyrir útlendingum allt til ársins 1990. Þessar vörur og þjónusta var nú hægt að greiða fyrir með kreditkortum frá alþjóðlegum greiðslukortafyrirtækjum og seinna meir af sjálfum veraldarvefnum. Þessu fylgdi opnara markaðskerfi sem að mörgu leyti tók ráðandi stöðu gagnvart þjóðum sem misstu hluta af fullveldi sínu og stjórnmalámönnum sem nú geta síður haft áhrif á efnahagslífið. Stærstu fyrirtæki heims hafa hæri tekjur á ársgrundvelli en flest ríki og hafa náð til sín völdum sem áður voru í höndum fullvalda ríkja.

### Áhrif hnattvæðingar á líf kvenna í þróunarlöndum

Áhrif hnattvæðingar eru mjög umdeild og fræðimenn geta ekki komið sér saman um hvort þau séu af því góða eða ekki. Hnattvæðingin hefur vissulega haft jákvæð áhrif á stöðu kvenna víðsvegar og fjölgað efnahagslegum tækifærum þeirra. Þá hefur hnattvæðing í mörgum tilfellum opnað leiðir fyrir staðbundna framleiðslu og fyrirtæki vanþróaðra ríkja til að komast á markaði iðnríkjana.

Hins vegar er langt í land að þróunarlönd njóti jafnréttis á við iðnríkin á alþjóðlegum markaði. Hnattvæðing hefur haft í för með sér aukið efnahagslegt óöryggi ásamt auknu ójafnrétti fyrir stóran hluta kvenna í þessum löndum. Fyrir þessar konur hefur hnattvæðing oft þær afleiðingar að þær missa lífbrauð sitt, vinnu- og félagsleg réttindi eins og rétt til að vera í verkalýðsfélagi. Sýnt hefur verið fram á að fátækar konur eru ólíklegastar til að geta gripið tækifæri sem bjóðast og líklegastar til

að verða fyrir skaða vegna þeirra hraðvirku breytinga sem eiga sér stað í samfélaginu. Ávinningur hnattvæðingar skilar sér yfirleitt í hendur miðstéttarinnar og þeirra sem betur eru settir, en þar hafa karlmenn ráðandi stöðu.

Á síðastliðnum árum hafa verið gerðar fjölmargar tillögur og samningar sem sýna aukna vitund um mikilvægi þess að fátæk ríki og samfélög njóti góðs af áhrifum hnattvæðingar. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skrifað undir þúsaldarmarkmiðin um að minnka skuli tilfelli sára fátæktar um helming fyrir lok árs 2015. Þá hafa ríki einsett sér að vinna að jafnrétti kynjanna og því að styrkja frumkvæðisrétt kvenna. Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hefur lýst því yfir að ef konur fái ekki jafnan rétt á við karla verði fátækt ekki útrýmt í heiminum.

### Efnahagslegt öryggi

Með tilkomu aukinnar vitundarvakningar félagasamtaka, almennings og neytenda hefur UNIFEM hvatt til að nýjar leiðir verða farnar til að tryggja efnahagslegt öryggi kvenna og bent á aðferðir til að draga úr fátækt kvenna.

Efnahagslegt öryggi kvenna hefur víðtækari þýðingu en að fundin séu störf handa þeim. Efnahagslegt öryggi gefur konum vald á eigin heimili, í samfélaginu og á mörkuðum. Efnahagslegt öryggi þýðir að konur geti nýtt sér vöxt alþjóðamarkaða, að þær hafi jafnan aðgang á við karla að framleiðslutækni og að þær hafi aðgang að upplýsingum um nýjustu uppgvötvanir og aðferðir. Efnahagslegt öryggi kvenna felur í sér stefnubreytingu og breytingar á lögum til að tryggja að konur geti nýtt sér réttindi sín og efnahagslega framþróun, að konur og fjölskyldur þeirra þurfi ekki lengur að búa við sára fátækt. Loks felur hugtakið í sér að konur séu metnar á við karlmenn og fái þar með völd og virðingu í samfélaginu sem þær þurfa til að hafa stjórn á eigin lífi og örlögum.

### Kynblind efnahagsstjórn

Það er mat UNIFEM að alþjóðleg efnahagsstjórn sé að mörgu leyti „kynblind“ þ.e. að efnahagslegar ákvarðanir séu ekki teknar með tilliti til ólíkrar stöðu kvenna og karla með það að markmiði að tryggja jafnan aðgang kynjanna að mörkuðum. Þess vegna hvetur UNIFEM til þess að efnahagsstjórn taki sérstaklega á fátækt kvenna. Með þetta að auginni

- Með stuðningi UNIFEM hafa verið gerðar rannsóknir á lagaumhverfi ríkja í Andesfjöllum sem hafa áhrif á efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi kvenna. Rannsóknirnar munu hjálpa til við að auka þekkingu fólks á þessum málefnum á svæðinu.
- Í Suður-Asíu hefur verið tekið saman gagnasafn um konur sem vinna á heimilum annarra í Nepal, Sri Lanka og Pakistan. Gagnasafnið veitir mikilvægar upplýsingar um réttarstöðu þessara kvenna og munu upplýsingarnar sömuleiðis vera gagnlegar til að upplýsa stjórnvöld um rétt og réttlæsi þeirra. Þá verður ef til vill hægt að koma í veg fyrir að vinnuveitendur notfæri sér bága stöðu kvenna, sem hefur verið mjög algengt á þessu svæði.

- Í Póllandi, Búlgaríu og Kasakstan hefur verið gerð úttekt á menntun og hæfni atvinnulausra kvenna og kvenna í láglaukastöðum í ákveðnum geirum. Úttektin verður notuð til grundvallar áætlunum sem miða að því að auka getu og fjölgja tækifærum kvenna á vinnu- markaði þessara ríkja ásamt því að varpa ljósi á hindranir sem standa í vegi þeirra.
- Þá hefur UNIFEM unnið að því að efla stöðu athafna- kvenna, framleiðenda og verkakvenna víða um heim. Í Ghana og Nígeríu hefur til dæmis verið lögð áhersla á að auka framleiðslugetu dreifbýliskvenna. Framleiðsla nígerískra kvenna á kassavarótinni jókst um 600% þegar framleiðslan var vélvædd og samvinna nágrannasamfélaga var aukin. Í kjölfarið hefur staða þessara kvenna batnað til muna og áhrif þeirra í samfélaginu aukist.



Ljósmyndir: Að ofan fyrir miðju; Róshildur Jónsdóttir/Kína. Hinar myndir eru úr myndabanka UNICEF: t.v. UNICEF/ HQ03-0298/Christine Nesbitt og t.h. UNICEF/ HQ02-0111/Susan Markisz

vinnur UNIFEM að því að auka almennan skilning á kynbreytunni í stefnumótun alþjóðlegra stofnanna eins og Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF).

Félagslegar aðstæður í efnahagslegri ákvarðanatöku, t.d. orðræða og karlaklúbbar, í alþjóðastofnunum hefur oft takmarkað getu kvenna-hreyfinga til að taka þátt í ákvörðunum. Stjórnáamenn hafa verið tregir til að viðurkenna að kynbreytan skiptir máli. Þetta hefur haft þær afleiðingar að tekna hafa verið ákvarðanir sem kallast geta kynblindar og hafa margar þeirra haft mjög slæm áhrif á stöðu kvenna.

Bent hefur verið á að alþjóðleg stefnumótun þurfi að taka tillit til starfa kvenna sem þær fá ekki greidd laun fyrir. Þessi störf hafa gjarnan verið nefnd umönnunarstörf, svo sem uppeldi og umsjón barna, heimilisverk og umönnun sjúkra og eldri ættingja. Algengt er að konur í þróunarlöndum starfi við landbúnað eða verslun sem er hluti af fjölskyldurekstri og fái því ekkert greitt fyrir vinnu sína. Þá eru konur líklegar til að verða verr úti vegna niðurskurðar í félags- og heilbrigðismálum vegna launaleysis og umönnunarhlutverks þeirra. Þar sem ekki er tekið tillit til ógreiddrar vinnu þeirra sést ekki hve mikið þær leggja til og því er síður komið til móts við þarfir þeirra.

### Kynlæg fjárlög

Ein leið til að stuðla að auknu efnahagslegu öryggi kvenna er gerð kynlægra fjárlaga (Gender Responsive Budgets). Ríkisfjárlög fela í sér pólit-

ískar yfirlýsingar stjórnvalda því þær endurspeglar áherslur í félags- og efnahagsmálum. Kynlæg sjónarmið eru mikilvæg því þau stuðla að því að stjórnvöld standi við skuldbindingar sem þau hafa gert til að koma á jafnrétti kynjanna og tryggja mannréttindi kvenna.

Kynlæg greining á opinberum fjárlögum (Gender Responsive Budget Analysis) miðast að því að henda reiður á hversu mikið af útgjöldum ríkisins fara í málefni sem snerta konur og stúlkur, samanborið við karlmennt og drengi. Með slíkri greiningu er þó ekki átt við að gerðar séu fjárhagsáætlanir sérstaklega fyrir konur, né heldur að auka eigi útgjöld til sértækra verkefna kvenna.

Markmiðið er öllu heldur að sjá til þess að réttindi kvenna og stúlkna séu í heiðri höfð og að þær hafi aðgang að menntun, heilbrigðisþjónustu, atvinnu og mörkuðum. Markmið UNIFEM er að veita stjórnvöldum aðstoð og aðhald við gerð slíkra fjárhagsáætla.

Kynlæg greining á fjárhagsáætlunum þrýstir einnig á stjórnvöld að standa við samninga um jafnrétti kynjanna og mannréttindi kvenna, eins og alþjóðasamninginn um afnám alls misréttis gegn konum (Convention on the Elimination of All Discrimination Against Women, CEDAW). Þetta er gert með því að tengja kynjasjónarmið við úthlutun almannaafjár.

UNIFEM styður í auknu mæli slík verkefni með það að augnamiði að stuðla að auknu gegnsæi og ábyrgð alþjóðlegra stofnana, fyrirtækja og yfirvalda.





Sýnt hefur verið fram á að fátækar konur eru ólíklegastar til að geta gripið tækifæri sem bjóðast og líklegastar til að verða fyrir skaða vegna þeirra hraðvirknu breytinga sem eiga sér stað í samfélaginu. Stúlkubarn betlar í Laos. Ljósmynd: Róshildur Jónsdóttir.

### Í höndum hverra?

Framkvæmd kynlægrar greiningar á fjárlögum getur verið í höndum ríkisstjórna, sveitarstjórna og yfirþjóðlegra stofnana eins og Evrópu-sambandsins. Þá getu einstök ráðuneyti unnið að greiningunni í samstarfi við félagasamtök. Slíkt samstarf ríkisstjórna og fjálsra félagasamtaka hefur verið árangursríkur kostur.

Sem dæmi hefur UNIFEM hrundið af stað framtaki til að aðstoða við gerð kynlægra fjárhagsáætlana vídsvegar um heim, í samvinnu við Commonwealth Secretariat og International Development Research Centre, með fjárhagslegum stuðningi frá Belgíu og Ítalíu. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) og Norðurlandaráð hafa einnig sýnt framtakinu áhuga. Í því sambandi hafa stofnanirnar reynt að finna leiðir til að tryggja að öll lönd geti tekið upp slíkar áætlanir.



### Viðskiptasamingar út frá kynlægu sjónarmiði

UNIFEM hefur vakið athygli á því að áhrif alþjóðlegra viðskiptasamninga eru oft slæm fyrir konur, því þær hafa ekki haft getu né aðstæður til að nýta sér tækifæri sem bjóðast til jafns við karla. Hefur stofnunin bent á árangursríkar aðferðir til að gera viðskiptasamninga sem miða að því að fjölga og bæta efnahagsleg tækifæri kvenna.

Með stuðning UNIFEM eru fjáls félagasamtök og femínískir hagfræðingar að þróa aðferð til að koma kynjasjónarmiðum að í viðskiptasamningum og í störfum verslunarbandalaga. Þá hefur UNIFEM þjálfað einstaklinga til að halda fyrirlestra um kynja- og efnahagsmál í Afríku og stutt við þátttöku kvenna í veigamiklum alþjóðlegum viðræðum og samningagerð.

UNIFEM leggur áherslu á samstarf alþjóðlegra stofnana í einstökum löndum og hvetur í því sambandi til þess að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi í hvers kyns þróunar- og uppbyggingarstarfi. Til dæmis veitir UNIFEM tæknilega aðstoð í Rúanda og Kasakstan við gerð framkvæmdaáætlana sem stuðla eiga að því að draga úr fátækt og bæta efnahagsstjórn. Slíkar framkvæmdaáætlanir eru skilyrði fyrir því að ríki fái lán frá Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

### Eignarréttur kvenna og aðgegni að fjármagni

Eignarréttur kvenna og aðgegni þeirra að fjármagni eru málaflokkar sem skipa stóran sess í allri umfjöllum um bætt efnahagslega stöðu kvenna. Enn þann dag í dag hafa konur í mörgum löndum ekki sama eignarrétt og karlar, þær mega ekki eiga eignir, reka fyrirtæki eða vera úti á almennum vinnumarkaði. Því hefur UNIFEM hvatt til þess að lög og reglur séu endurskoðuð með það að markmiði að rétta hlut kvenna.

Til að hægt sé að skoða raunverulegar aðstæður kvenna og áhrif umhverfis á líf þeirra þurfum við áreiðanleg gögn sem eru grundvöllur áhrifaríkrar ákvarðanatöku og skipulagningar. Mjög mikilvægt er að kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar við gerð skodanakannana og vettvangsathugana. Brýnt er að opinberar tölur, sem og aðrar tölur, séu kyngreindar til að varpa ljósi á stöðu karla og kvenna innan ákveðinna málaflokka. Þá er kyngreind upplýsingaöflun ekki síst mikilvæg til að hægt sé að meta til fjár ógreidda vinnu kvenna sem horft hefur verið framhjá hingað til.

Barátta fyrir bættri löggjöf, stefnumótun og áætlunum sem miðast að efnahagslegu öryggi kvenna hefur skipað stóran sess í starfi UNIFEM. Ein mikilvægasta aðferðin hefur verið svokölluð „réttindanálgun“, en hún felur í sér að athyglinni sé beint að rétti kvenna til eignar, félagslegu öryggi, rétti til lántöku o.fl. Til dæmis hefur UNIFEM í Tælandi, Indónesíu og á Filippseyjum átt í samvinnu við Alþjóðavinnuumála-stofnunina (ILO) um félagslegt öryggi fyrir konur sem vinna á heimilum annarra.

### Aðgangur að samningaviðræðum, upplýsingum og tækni

Mikilvægt er að konur komist að á mörkuðum, en ekki er síður brýnt að þær fái tækifæri til að móta þá. Því beinist stuðningur UNIFEM að því að veita konum aðgang að þjálfun og tækni, að kynna fyrir þeim samningagerð við hugsanlega viðskiptafélaga eða þjónustuaðila og að auka þekkingu þeirra á innanlands- og erlendum mörkuðum til að þær geti gert sem mest úr þeim tækifærum sem bjóðast.

Í Suður-Asíu hefur verið komið á nýjum vettvangi fyrir athafnakonur, listakonur og konur í framleiðslu á frumstigi. Markaðssýningar á Indlandi hafa stuðlað að samvinnu athafna- og listakvenna en yfir 200 konur sýna vörur og framleiðslu á slíkum sýningum ásamt því að fá viðskiptaráðgjöf og hagnýtt tölvunám.

Ýmsir þjónustuaðilar og stofnanir hafa það hlutverk að hrinda áætlunum af stað, en markmið stofnana er að fjölga og styrkja efnahags-tækifæri kvenna. Þjónustan sem veitt er, eins og þjálfun, tækni og lán, gerir konunum kleift að þróa sín eigin fyrirtæki. UNIFEM hefur lengi hvatt til þess að slíkar stofnanir verði styrktar frekar og að fleiri verði settar á laggirnar. ■

### Heimildir og itarefni

<http://www.unifem.org>, veljið: Economic Security and Rights



# Kynjuð hagstjórn

Sambætting kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð er tiltölulega ný af nálinni í umræðunni um hagstjórn ríkja. **Silja Bára Ómarsdóttir**, verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu, fjallar um tilraunaverkefni norrænu ráðherra nefndarinnar og skyldur Íslands í því sambandi.

Norræna ráðherra nefndin hefur skuldbundið sig til að innleiða sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á öllum starfssviðum nefndarinnar. Þetta á einnig við um opinberar fjárhagsáætlanir.<sup>1</sup> Í framkvæmdáætlun norrænu ráðherra nefndarinnar sem gildir frá 2001–2005 er kynjuð hagstjórn eitt af þremur aðalmarkmiðum. Til þess að innleiða þessa aðferð í fjárlögum aðildarríkja nefndarinnar hefur samnorrænu þróunarverkefni (pilot project) verið ýtt úr vör. Í verkefninu felst að hvert Norðurlandanna gerir úttekt á hluta af fjárlögum sínum út frá kynja- og jafnréttissjónarmiði, en tilgangurinn er að þróa aðferðir til að meta áhrif fjárlaga Norðurlandanna á jafnrétti kynjanna. Undirbúningur verkefnisins stóð yfir á árunum 2002–2004, en í ár var Catharina Brottare Schmitz ráðin til starfa sem verkefnisstjóri til að samræma lokavinnu verkefnisins.

## Úttekt á almannatryggingakerfinu

Til að uppfylla skyldur Íslands gagnvart norrænu ráðherra nefndinni er verkefni í framkvæmdáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum til næstu fjögurra ára sem lýtur að kynjaðri hagstjórn, eða sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð.<sup>2</sup> Íslenska verkefnið felst í úttekt á almannatryggingakerfinu og því hvernig fjárhagslegum úrræðum er skipt milli kynjanna. Þetta er einmitt eitt af grundvallaratriðum kynjaðrar hagstjórnar, þ.e. að „skilgreina mismunandi áhrif fjárveitinga á konur og stúlkur samanborið við karla og drengi.“<sup>3</sup> Sérstaklega verður litið til fjárveitinga til aldraðra og öryrkja, en í fjárlögum ársins 2004 eru áætlaðar greiðslur til aldraðra 17.324 millj. kr. og 9.753 millj. kr. til öryrkja.


Verkefnið leitar svara við spurningum á borð við:

- Hversu margir aldraðir/öryrkjar eru í markhópnum?
- Hver eru kynjahlutföllin í markhópnum?
- Hvernig hefur hópurinn breyst í gegnum tíðina? Hafa breytingar á lögum/reglugerðum haft áhrif á samsetningu hópsins?
- Er samræmi milli pólitískra markmiða og staðreynda?
- Endurspeglar fjárlögin pólitískar ákvarðanir?
- Eru úrræði notuð á þann veg sem ætlað var?

Meðal þess sem þegar hefur komið í ljós er að konur eru miklum mun fleiri í hópi ellilífeyrisþega sem þiggja lífeyri eingöngu frá almannatryggingum.<sup>4</sup> Því hljóta allar breytingar á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga að hafa hlutfallslega meiri áhrif á konur en karla.

Fjárlagagerð er flókið ferli. Eins og gildir um svo margt annað þá er það líka íhaldssamt ferli í eðli sínu. Rhonda Sharp hefur borið fjárlagagerð með kynja- og jafnréttissjónarmiðum saman við það sem er kallað „output and outcomes budgeting“, en því ferli (sem er kallað 3E) er lýst í meðfylgjandi mynd.<sup>5</sup>

Það sem bætist við með kynjasjónarmiðum er eitt e-ið enn, þ.e. „equity“. Þannig fæst ferli sem snýst um: hagkvæmni, skilvirkni, árangur og sanngirni/réttlæti.



Geir H. Haarde fjármálaráðherra sagði í ræðu sem hann flutti á ráðstefnu OECD og norrænu ráðherra nefndarinnar í nóvember 2000 að fram til þessa hefðu kynja- og jafnréttissjónarmið ekki verið höfð í huga við gerð fjárlaga, né hafi verið gerðar úttektir á því hver áhrif fjárlaganna væru á kynin.<sup>6</sup> Hann bætti því við að væri slík aðferðafræði gerð nógu einföld ætti að vera auðvelt að innleiða hana. Vonandi er þetta rétt, því bæði karlar og konur og samfélagið í heild myndu njóta góðs af fjárlögum sem eru meðvitað unnin með áhrif þeirra á bæði kynin í huga. Árangurinn ætti að vera augljós, bæði fyrir ráðherra fjármála og jafnréttismála. ■

1 Sigurður Helgason, <http://www.jafnretti.is/gogn/radstefnur/likestilling> SigHelgason.pdf.

2 Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára <http://www.althingi.is/altext/130/s/1870.html>, verkefni 24.

3 Helga Jónsdóttir, <http://www.jafnretti.is/gogn/radstefnur/jafnrettisthing> hj.ppt.

4 Social Trygghed i de nordiske lande; Omfang, udgifter og finansiering 2000, Nordisk Socialstatistisk Komité (Kaupmannahöfn, 2002), bls. 123.

5 Rhonda Sharp, „Budgeting for Equity: Gender budget initiatives within a framework of performance oriented budgeting“, UNIFEM Gender Responsive Budget Program, 2003.

6 Geir H. Haarde, „Opening statement at the Nordic Council of Ministers and OECD Conference on Gender Mainstreaming“, París, 23. nóvember 2000.



# Af hverju

## kynjuð hagstjórn?

Samatekt úr framsögu Catharinu Brottare Schmitz



Kynjuð hagstjórn eða samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð var meðal þess sem var til umræðu í Turku í Finnlandi 12.-13. ágúst á þessu ári, en þá var tíu ára afmælisráðstefna Nordic Forum haldin þar í bæ. Hólmfríður Anna Baldursdóttir, skrifstofustjóri Miðstöðvar SP á Íslandi, sótti ráðstefnuna fyrir hönd UNIFEM á Íslandi og hlýddi á fyrirlestur Catharinu Brottare Schmitz, verkefnisstjóra hjá norrænu ráðherranefndinni.

### Af hverju kynjasjónarmið við fjárlagagerð?

Sjaldan er rætt um fjárlagagerð og kynjajafnrétti í sömu andrá. En ef lítið er á samfélög víða um heim blasa við staðreyndir um stöðu kynjanna sem gera að verkum að maður spyr sig hvers vegna ekki hafi verið rætt um þetta fyrr? Kannski er ástæðan sú að stjórnvöld og almenningur gera sér ekki grein fyrir því að fjárlög og útgjöld ríkisins hafa mismunandi áhrif á ólíka þjóðfélagsþóp, þar á meðal á konur og karla. Catharina Brottare Schmitz, verkefnisstjóri um kynjasjónarmið við fjárlagagerð hjá norrænu ráðherranefndinni, fór yfir nokkrar mýtur varðandi efnahagskerfið í fyrirlestri sínum á Nordic Forum.

### Mýta 1: Efnahagskerfið hefur ekkert með kyn að gera!

Schmitz segir að efnahagskerfi séu byggð á rökhyggju markaðarins og að efnahagskerfið líti út fyrir að virka eins fyrir bæði kynin (gender neutral). En ekki er allt sem sýnist, efnahagsstefna ríkja hefur í raun mjög mismunandi áhrif á kynin. Efnahagskerfið gerir til að mynda ráð fyrir að fjölskyldan sé smæsta eining samfélagsins, en ekki einstaklingurinn. Það gerir líka ráð fyrir því að konur og karlar, sem og allir aðrir hópar, hafi jafnmikil völd. En því er jú ekki að fagna í flestum samfélögum.

### Mýta 2: Ólaunuð vinna er ókeypis!

Fólk telur að ólaunuð vinna sé ókeypis vegna þess að efnahagskerfi nútímans tekur ekki tillit til framlags hins ólaunaða umönnunarstarfs, sem í flestum tilfellum er í höndum kvenna. Einhver verður að sinna þessum störfum og á meðan það er á þeirra könnu geta konur ekki sinnt annarri launaðri vinnu. Því eru ólaunuð heimilisstörf langt í frá ókeypis. Schmitz vill sjá nýja skiptingu efnahagskerfisins sem tekur tillit til framlags ólaunaðrar vinnu.

Einkageirinn

launuð vinna

Hið opinbera

launuð vinna

Heimilið

ólaunuð vinna

Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) gerir ráð fyrir að verðgildi óskráðrar eða ólaunaðrar vinnu kvenna sé um 11 þúsund milljarðar dollara á ári hverju og að tölur um heimsframleiðslu yrðu 50% hærrí ef tekið væri tillit til vinnu þeirra. Af þessu má sjá að ólaunuð vinna hefur mikil áhrif á efnahagskerfi ríkja og ekki ætti að vera neitt því til fyrirstöðu að taka tillit til þess.

### Mýta 3: Efnahagsstefnur eru ekki hliðhollar öðru kyninu!

Efnahagsstefna ríkja og stofnanir þess búa til og viðhalda staðalmyndum um kynin. Sem dæmi má nefna er lífsstíll karla oft fyrirmyndin eða normið sem farið er eftir. Þar af leiðandi er konum oft mismunað, t.d. við veitingu styrkja og lána eða þegar meta á afköst og framleiðslu hvers einstaklings. Þessi stefna viðheldur einnig kynskiptum vinnumarkaði sem enn og aftur er ekki hliðhollur konum þegar lítið er til launa.

### Hvað er kynjuð hagstjórn?

Kynjuð hagstjórn skapar tækifæri fyrir stjórnmalafólk, yfirvöld og aðra stefnumótandi aðila til að skilja mismunandi áhrif efnahagslegra ákvarðana á konur og karla. Með því að taka tillit til kynjasjónarmiða við fjárlagagerð er þó ekki átt við að veita eigi meira fé til jafnréttisverkefna eða verkefna sem lúta að konum eða körlum sérstaklega, heldur er átt við að skoða eigi möguleg áhrif sem úthlutun almannaafjár hefur á kynin. Ekki er hægt að skoða áhrif á kynin út frá fjárlögum í heild sinni, heldur verður að skoða hverja úthlutun eða hvert verkefni fyrir sig. Schmitz telur í þessu sambandi nauðsynlegt að stjórnvöld notfæri sér kyngreindar upplýsingar, skapi umræðu og leggi áherslu á gegnsæi við fjárlagagerð.

Nokkrar alþjóðastofnanir hafa innleitt og viðurkennt nauðsyn kynjasjónarmiða við fjárlagagerð en þær eru Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), Alþjóðabankinn, Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), Evrópusambandið og norræna ráðherranefndin.

UNIFEM vinnur með alþjóðastofnunum og stjórnvöldum um allan heim við að tryggja að tekið sé tillit til kynjasjónarmiða við gerð fjárlaga og við mótun efnahagsstefnu ríkja. ■

### Heimildir og itarefni

[www.gender-budgets.org](http://www.gender-budgets.org) • [www.unifem.org](http://www.unifem.org) • [www.tgnp.co.tz](http://www.tgnp.co.tz)  
[www.thecommonwealth.org/gender](http://www.thecommonwealth.org/gender) • [www.idrc.ca/gender](http://www.idrc.ca/gender)  
[www.wbg.org.uk](http://www.wbg.org.uk) • [www.ids.ac.uk/bridge](http://www.ids.ac.uk/bridge) • [www.idasa.org.za](http://www.idasa.org.za)  
[www.worldbank.org/wbi/publicfinance/gender.htm](http://www.worldbank.org/wbi/publicfinance/gender.htm)



Íslenskir ráðstefnugestir á Nordic Forum í Turku í Finnlandi. Ljósmynd: Auður Magndís Leiknisdóttir.

Peking-áætlunin (Beijing Platform for Action) sem samþykkt var á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking í Kína árið 1995 hefur verið notuð til grundvallar fjölmörgum jafnréttisáætlunum í ríkjum víðsvegar um heim og hjá alþjóðlegum stofnunum eins og SP. Í áætluninni kemur meðal annars fram að ríkisstjórnir ættu að:

- Endurskoða úthlutun almannafjár með það að markmiði að auka efnahagsleg tækifæri kvenna og til að tryggja jafnan aðgang að auðlindum og koma þannig til móts við félagslegar, menntunarlegar og heilsufarslegar þarfir kvenna.
- Greiða leið fyrir opnari og gegnsærri þróun fjárlagagerðar.
- Þróa kerfi sem tekur tillit til þarfa og framleiðslu kvenna sem búa við fátækt.

„Til að átta þig á í hvaða átt tiltekið ríki stefnir líttu á fjárlagagerð þess og hvernig það úthlutar auðlindum til kvenna og barna.“

Pregs Govender, þingmaður frá Suður-Afríku. *Gender Budget Initiatives, Strategies, Concepts and Experiences*. UNIFEM, 2002.



# Þú ert kona

sem hugsar vel um líkamann

HARTMANN



Þess vegna eru **RIA** dömubindin fyrir þig. Silkimjúk bindi – ilm og klórefnafrí. Umhverfisvæn þýsk gæðavara. Innhalda engin aukaefni og halda ekki að raka. Koma frá stærsta hjúkrunarvöruframleiðanda Evrópu, Paul Hartmann AG.

**RIA** – örugg og þægileg.



**BEDCO & MATHIESEN EHF**

Bæjarhraun 10 - Sími 565 1000

Fagfólkið í apótekinu veitir ráðgjöf.





## Farandverkakonur

Kröfur um ódýrt vinnuafli, breytt efnahagsstjórn og farandverka-fólk er meðal efnis í grein **Lilju Hjartardóttur, stjórn mála-fræðings** og varaformanns UNIFEM á Íslandi. Greinin er byggð á erindi um farandverkakonur á málstofu sem haldin var á vegum UNIFEM og Mannréttindaskrifstofu Íslands í Norræna húsinu 26. febrúar sl.

### Hvernig má það vera?

Hvernig má það vera að þeir sem inna af hendi  $\frac{2}{3}$  allra vinnustunda í heiminum bera úr bótum 1% eigna og 10% tekna? Hvernig má það vera að bændur sem rækta helming allra matvæla eiga tæplega 2% af landi og fá 10% af lánum til landbúnaðar? Hvernig má það vera að þeir sem bera ábyrgð á heilsu og velferð fjölskyldna sinna, eru hið eiginlega heilbrigðis- og velferðarkerfi, eru sjálfir vannærðir, óskólagengnir og meðal hinna allra fátækustu? Hvernig má það vera að þeir sem vinna í akkorðsvinnu 12 tíma á dag 7 daga vikunnar geti ekki brauðfætt börnin sín? Hvernig má það vera að þeir sem leggja svo mikið af mörkum búa margir hverjir við ofbeldi, ódauðlegar hefðir og venjur sem skaða líf þeirra og líkama? Skýringin er að sjálfsgöðu sú að þeir eru þær.

Ólaunuð vinna kvenna við uppeldi barna, umönnun annarra, vatnsburð, landbúnað, akuryrkju og sölumennsku telst ekki verðmætasköpun og kemur ekki fram í þjóðhagstölum. Erfiðisvinna hundraða milljóna kvenna er ósýnileg og ólaunuð – hún er einskis metin.

Mun þetta ástand breytast meðan konur eru um 1% þjóðarleiðtoga, um 10% flokksleiðtoga, 15% þingmanna, 3% fréttamanna og 70–80% þeirra fátækustu og ólæsu? Getur það breyst meðan konum er gert erfitt

fyrir og jafnvel meinað að taka þátt í stjórn samfélaga sinna, haldið utan við menntastofnanir, fjármálastofnanir, fyrirtæki og fjölmiðla?

Síðustu áratugi hafa milljónir kvenna flutt úr dreifbýli í þéttbýli eða leitað til annarra landa eftir launuðu starfi til að sjá sér og sínum farborða. Heima fyrir skortir atvinnutækifæri og laun eru mjög lág. Vinna farandverkakvenna er einn af drifkröftum hnattvæðingarinnar en aðstæður þeirra og aðbúnaður sýnir að þær eru á botni pýramídans, afrakstur erfiðis þeirra lendir gjarnan í annarra manna vösum. Mótþróaust láta þær þó ekki kúga sig og félög farand- og innflytjendakvenna eru fjölmörg í öllum heimsálfum.

### Flutningar fólks á milli ríkja

Flutningar fólks á milli landa og heimsálfa hafa alltaf átt sér stað og þar til fyrir hundrað árum voru þeir að mestu óhindraðir. Vegabréf komu t.d. ekki til skjalanna fyrr en 1914. Það sem er nýtt á okkar tímum er óheft för fjármagns og varnings en flutningar fólks eru víðast háðir ströngum leyfum. Eftir 11. september 2001 hafa Vesturlönd hert landamæraeftirlit til muna og í því skyni tekur ný evrópsk landamæraeftirlit til starfa á næsta ári. Skipulögð glæpastarfsemi þar sem fólki er smyglað yfir landamæri hefur komið í kjölfar hertra reglna og stutt er síðan fórnarlömb slíkrar starfsemi voru dæmd í fangelsi hér á landi. Við lok kalda stríðsins og stækkun Evrópusambandsins óttuðust margir, að óþörfu, að flóðbylgja innflytjenda myndi skella á og viðeigandi ráðstafanir voru gerðar til að sporna við henni. Í raun er það svo að Evrópubúar eldast hratt og þurfa á milljónum innflytjenda að halda á næstu áratugum til að tryggja sömu velferð og nú ríkir. Það hefur lengi tíðkast að ríki velji innflytjendur, þ.e. ungt, hraust, menntað og sérhæft fólk úr hópi innflytjenda, en útiloki aðra. Flestir flytjast frá löndunum í Suður-Asíu, eins og Banglades, Sri

**Hvernig má það vera að þeir sem vinna í akkorðsvinnu 12 tíma á dag 7 daga vikunnar geti ekki brauðfætt börnin sín? Hvernig má það vera að þeir sem leggja svo mikið af mörkum búa margir hverjir við ofbeldi, ódauðlegar hefðir og venjur sem skaða líf þeirra og líkama? Skýringin er að sjálfsgöðu sú að þeir eru þær.**

Lanka, Indlandi og Pakistan. Algengast er að fólk flytji sig um set innan sömu heimsálfu og straumurinn liggur frá þróunarríkjunum til hinna þróuðu en ekki öfugt.

### Átta milljónir barna í ánauð, vændi og hernaði

Farandverkafólk telur meira en helming þeirra 175 milljóna manna sem hafa yfirgefið föðurland sitt og sest að annars staðar, sem skráðir eða óskráðir innflytjendur, flóttafólk og hælisleitendur. Eðli málsins samkvæmt er ógjörmingur að vita hversu margir eru án leyfis og þar af leið-

**Í þessu tilliti eru konur virkir þátttakendur í því ferli sem nefnt er hnattvæðing. Þær eiga frumkvæði að því að ferðast heimsálfa á milli, afla gjaldeyristekna fyrir heimalönd sín, stuðla að því að vestrænar konur og karlar geti náð frama á vinnumarkaði og þar með þróun vinnumarkaðarins. Þær halda heimili, elda mat, hugsa um börn og sinna öldruðum og sjúkum. Þær eru í stuttu máli lifandi velferðarkerfi, sveigjanlegt, ódýrt, lifandi velferðarkerfi.**

andi án allra réttinda í gístitandinu. Þessi mikli fjöldi, 175 milljónir, er hins vegar einungis um tæp 3% af mannkyni. Flestir fæðast, lifa og deyja á „réttum stað“.

Hver eru þessi 3% sem fara og hvernig er skiptingin eftir kyni, stétt, þjóðerni, litarhætti og trú? Hverjir verða eftir til langframa og hverjir snúa heim? Hvernig líður þeim sem flytjast á milli landa og eiga þeir eitthvað sameiginlegt? Hverjar eru aðstæður þeirra sem flytjast heim aftur? Til viðbótar þessum hópi eru 25 milljónir manna sem eru uppflosnaðir í eigin landi, oftast vegna stríðsátaka eða náttúruhamfara. Fólk á vergangi er ekki skilgreint sem flóttafólk nema það fari yfir landamæri.

Alþjóðavinnuálagstofnunin (International Labour Organization, ILO) telur að um átta milljónir barna séu í ánauð, vændi og hernaði. Hversu margar eru þær ungu konurnar eins Mende Nazer, sem kom til Reykjavíkur síðasta vetur og sagði okkur frá hvernig henni var rænt úr þorpinu sínu í Súdan, hún seld í ánauð þá barn að aldri og síðan smyglað til London? Talið er að um 2 milljónir kvenna og stúlkna séu árlega seldar mansali. Í Evrópu einni saman er talið að um hundrað þúsund forræðislaus börn séu á vergangi, börn sem eru auðveld bráð glæpasamtaka af öllu tagi.

Um helmingur brottfluttra einstaklinga (þ.e. þessara 175 milljóna) dvelst í Evrópu og Norður-Ameríku en flestir flóttamenn eru í Afríku. Það kemur á óvart hversu fáir flóttamenn eru á Vesturlöndum en þeir eru flestir í Suður-Afríku.

### Lifandi velferðarkerfi

Allt til 1970 voru karlar í miklum meirihluta farandverkafólks. Síðan þá eru konur hins vegar jafnhreyfanlegar, og frá Asíu fara fleiri konur en karlar. Frá Indónesíu er t.d. flest farandverkafólk konur. Flestar kvennanna flytja með fjölskyldum sínum en á síðustu árum hafa sífellt fleiri farið á eigin vegum sem fyrirvinnur. Þetta á sérstaklega við um löndin í Suðaustur-Asíu, svo sem Sri Lanka og Bangladess en einnig Filippseyjar, Perú og El Salvador, en frá þessum ríkjum er straumur kvenna til olíuríkjanna við Persaflóa. Í þessu tilliti eru konur virkir þátttakendur í því ferli sem nefnt er hnattvæðing. Þær eiga frumkvæði að því að ferðast heimsálfa á milli, afla gjaldeyristekna fyrir heimalönd sín, stuðla að því að vestrænar konur og karlar geti náð frama á vinnumarkaði og þar með þróun vinnumarkaðarins. Þær halda heimili, elda mat, hugsa um börn og sinna öldruðum og sjúkum. Þær eru í stuttu máli lifandi velferðarkerfi, sveigjanlegt og ódýrt. Breska fræðikonan Barbara Hochschild talar um hina hnattrænu umönnunarkeðju.



Allt til 1970 voru karlar í miklum meirihluta farandverkafólks. Síðan þá eru konur hins vegar jafn hreyfanlegar, frá Asíu fara fleiri konur en karlar. Ljósmynd: Róshildur Jónsdóttir/Laos.

### Fórnarkostnaður

Konur sem fara til annarra landa til að framfæra börn sín og aðra ættingja láta þeim sem heima sitja eftir að sinna hlutverki sínu. Mæður og eiginkonur yfirgefa þannig heimilin jafnvel árum saman. Í mörgum tilvikum eru þær menntaðar sem hjúkrunarfræðingar, kennarar eða annars konar sérfræðingar sem þýðir að óburðugt og vanþróað velferðarkerfi í heimalöndum þeirra þróast enn hægar. Konan verður nú fyrirvinna fjölskyldunnar og sumar þeirra grípa tækifærið sem leið út úr ofbeldisfullum hjónaböndum og vonlausum aðstæðum. En hver er fórnarkostnaðurinn? Félagsfræðingurinn Rhacel Parrenas Salazar hefur lýst miklum söknuði og þrá kvennanna eftir börnum sínum, sem þær hafa þungar áhyggjur af – og ekki að ástæðulausu – einmanaleika og eftirsjá eftir fyrra starfi við það sem þær höfðu menntað sig til með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn.

### Barnungar vinnukonur

Eftir því sem lönd iðnvæðast flyst fólk úr fátæktinni í dreifbýli til bæja og borga. Barnungar stúlkur og konur sem eru lítt menntaðar verða vinnukonur hjá löndum sínum. Þær tilheyra annarri stétt og eru jafnvel af öðrum uppruna. Í viðtölum við hóp frumbyggjakvenna í Gvatemala sem bjuggu á heimilum vinnuveitenda sinna kom í ljós að þær unnu 15 stunda vinnudag og komið var fram við þær af mikilli fyrirlitningu. Þær voru niðurlægðar á ýmsan hátt og ekki síst af börnunum. Þær fengu litla og lélega fæðu. Í El Salvador kom í ljós að stúlkur allt niður í níu ára bjuggu inn á heimilum fólks við slíkan aðbúnað. Stúlkurnar hverfa frá skóla og kynferðisleg áreitni og misnotkun er algeng. Þess má geta að í El Salvador nær vinnulöggjöfin ekki til þeirra sem vinna inni á heimilum.

### Minnir á þrælaverslun

Þrátt fyrir að þrælaverslun sé ekki lengur lögleg minnir aðbúnaður og laun milljóna verkakvenna á þrælalöld. Þær eru þrælur í eigin landi. Í

**Mun þetta ástand breytast meðan konur eru um 1% þjóðarleiðtoga, um 10% flokksleiðtoga, 15% þingmanna, 3% fréttamanna og 70-80% þeirra fátækustu og ólæsu? Getur það breyst meðan konum er gert erfitt fyrir og jafnvel meinað að taka þátt í stjórn samfélaga sinna, haldið utan við menntastofnanir, fjármálastofnanir, fyrirtæki og fjölmiðla?**



Þróunarlöndunum hafa milljónir manna, aðallega ungar konur, komið út á vinnumarkaðinn á liðnum árum. Þær hafa flust úr dreifbýli til borganna til að vinna á sérstökum útflutningssvæðum, og laun þeirra eru svo lág að það borgar sig að flytja hráefni þúsundir kílómetra til þeirra og fullunna vöru aftur frá þeim með margföldum gróða. Þessar útflutningsvörur, fatnaður, smávara, ýmiss konar fylgihlutir, skór, raftæki og leikföng, eiga stærstan þátt í aukinni þjóðarframleiðslu þessara ríkja en ávinningur kvennanna sem skapa þennan auð er í engu samræmi við framlag

**Fyrirtækin sækjast sérstaklega eftir starfskröftum kvenna þar sem þær eru yfirleitt ekki í verkalyðsfélögum (sem reyndar eru oftast bönnuð á þessum svæðum), gera minni kröfur og eru undirgefnari auk þess sem hægt er að greiða þeim lægri laun.**

þeirra. Fyrirtækin sækjast sérstaklega eftir starfskröftum kvenna þar sem þær eru yfirleitt ekki í verkalyðsfélögum (sem reyndar eru oftast bönnuð á þessum svæðum), gera minni kröfur og eru undirgefnari auk þess sem hægt er að greiða þeim lægri laun. Um leið og þær setja fram meiri kröfur – sem þær vissulega gera með tilheyrandi förunum – eru verkin fengin verktökum sem undirbjóða laun þeirra enn frekar með því t.d. að ráða konur sem vinna heima hjá sér.

### Sköpun gjaldeyristekna erlendis

Sama gildir um farandverkakonur í öðrum ríkjum. Þær senda meirihluta launa sinna til heimalandsins og skapa þannig svo miklar gjaldeyristekjur að stjórnvöld, t.d. á Filippseyjum og Sri Lanka, beinlínis hvetja konur til þess að yfirgefa fjölskyldur sínar og vinna erlendis. Ríki eins og Jemen, Jórdanía, Jamaíka og Eritrea fá um 10% þjóðartekna sinna frá farandverkafólki. Benda má á að sjö og hálf milljón Filippseyinga vinnur erlendis og sendir heim sem svarar til milljörðum króna. Farandverkafólkið hefur hins vegar ekkert um það að segja hvernig þessum gjaldeyri er varið og gengur illa að fá baráttumálum sínum framgengt. Meðal þessara baráttumála er rétturinn á heilsugæslu og tryggingum í gistilandinu og möguleiki til greiða í lífeyrissjóði í heimalandinu, til þess að hafa að einhverju að hverfa þegar það snýr heim aftur.

Fyrir utan stúlkur og konur sem seldar eru mansali standa þær sem vinna á útflutningssvæðunum og inni á heimilum hvað verst að vígi, enda er stefna stjórnvalda í viðkomandi ríkjum að bjóða erlendum fyrirtækjum ódýrt vinnuafli. Heimilin eru friðhelg og oft og tíðum engin löggjöf til um vinnuvernd eða réttindi þeirra sem þar vinna.

### Hnattvædd barátta

Málefni farandverkafólks hafa ekki verið forgangsmál hjá alþjóðastofnunum. Ötul og hnattvædd barátta talsmanna þess hefur hins vegar skilað miklum árangri á síðustu árum sem sýnir sig m.a. í því hjá Sameinuðu þjóðunum hefur verið skipaður sérlegur fulltrúi farandsverkafólks, Gabriela Rodriguez Pizarro. Hún er fulltrúi mannréttindaráðsins og ferðast víða og kannar frá fyrstu hendi aðstæður farandverkafólks. Hún hefur lýst sérstökum áhyggjum af erfiðri stöðu kvenna sem vinna sem heimilishjálparar þar sem auðvelt er að misþyrma þeim og misbjóða án þess að hægt sé að koma þeim til aðstoðar. Hún tiltekur einnig dæmi þar sem þeim eru greidd laun sem miðast við heimalandið en ekki gistilandið.

Á liðnu ári tók gildi nýr alþjóðasamningur um réttindi farandverkafólks. Samningurinn var tilbúinn til undirritunar árið 1990 en það tók 14 ár að fá 20 ríki til að fullgilda hann, þannig að hann sé gildur að þjóðarrétti. Ekkert iðnríkjanna hefur fullgilt samninginn og útlit er fyrir að þau komi ekki til með að gera það. Samningurinn tryggir réttindi sem okkur þykja sjálfsgöð, eins og tjáningarfrelsi, vinnuvernd, þátttöku í stéttarfélögum o.fl. Til viðbótar hafa tveir viðaukar við samninginn um bann við skipulagðri glæpastarfsemi verið samþykktir.

### Aukin réttindi „tefja“ efnahagslega þróun

Á tímum hnattvæðingar efnahagslífsins þegar áhrifa stjórnvalda gætir sífellt minna í efnahagslífi ríkja og réttindum og lífsgæðum kvenna og barna er förnað, verður hlutverk fjálsra félagasamtaka enn mikilvægara. Yfirvöld fátæku ríkjanna krefjast þess að efnahagsleg þróun þeirra verði



ekki „tafin“ með félagslegum réttindum verkafólks og það hentar stórfyrirtækjum vel. Þróunarríkjunum er hins vegar gert að afnema tolla og keppa á jafningjagrundvelli við iðnvæddu ríkin sem hafa aldagamalt forskot. UNIFEM og Alþjóðastofnunin um fólksflutninga (International Organization for Migration, IOM) hafa ákveðið að efla enn frekar samvinnu gegn mansali sín á milli, til að koma til móts við konur á átakasvæðum og til að efla réttindi farandverkakvenna. Noeleen Heyzer, framkvæmdastýra UNIFEM, hefur bent á samhengi þessara þátta. Í kjölfar átaka ríkir lögleysa og óstjórn á landamærum sem eru kjöraðstæður fyrir verslun með konur og börn. Auk þess er eftirspurn eftir ófaglærðu og ódýru vinnuafli í löndum þar sem friður ríkir en fá atvinnutækifæri í heimalandinu, sem hvetur enn frekar til þess að konur og börn bætist í hóp brottfluttra og oft lenda þau í höndum skipulagðra glæpasamtaka. Á síðasta ári vann svæðisbundið verkefni á vegum UNIFEM til alþjóðlegra verðlauna. Verkefnið felst í því að þróa og styrkja lagaleg réttindi farandverkakvenna á Filippseyjum, Indónesíu, Jórdaníu og Nepal. Í Jórdaníu var t.d. gerður samningur sem kveður á um aðbúnað og margvísleg réttindi farandverkakvenna í heimilishjálpari í heima- og gistilandinu.

Réttindi farandverkafólks frá Evrópska efnahagsvæðinu eru vel tryggð hér á landi með reglugerð nr. 1612/68. Skv. 2. mgr. skal ríkisborgari ríkis sem starfar í öðru EES-ríki njóta sömu félagslegra réttinda og skattaávilnana og ríkisborgarar gistilandsins. Réttindi annarra hafa batnað, ekki síst með aukinni umfjöllun um þeirra mál. Samkvæmt ársskýrslu Vinnuálastofnunar 2002 var hlutfall tímabundinna atvinnuleyfa það ár fyrir barnagæslu, umönnun og heimilishjálpar 6% og fyrir fólk sem vinnur við þrif, ræstingu, uppvas og aðstoð í eldhúsi 17%. Dansarar fengu 6% atvinnuleyfanna. Barátta farandverkafólks er hnattvædd og hefur eflst með tilkomu vefsins, sem gerir fólki auðveldara um vik að vera í samskiptum, miðla upplýsingum og knýja á um breytingar. ■

### Heimildir og itarefni

Ehrenreich, Barbara og Hochschild Arlie Russel, ritstj., *Global Woman. Nannies, Maids, and Sex Workers in the New Economy*. New York: Metropolitan Books, 2003.

Louie, Miriam Ching Yoon, *Sweatshop Warriors. Immigrant Women Workers Take on the Global Factory*. Cambridge MA: South End Press, 2001.

Parrenas, Rhacel Salazar, *Servants of Globalization: Women, Migration and Domestic Work*. Stanford CA: Stanford UP, 2001.

Wichterich Christa, *The Globalized Woman. Reports From a Future of Inequality*. Australia: Spinifex Press; London, New York: Zed Books, 2000.

www.unifem.org • www.iom.int • www.migrantwatch.org • www.mujerobrera.org  
www.migrationinformation.org • www.sweatshopwatch.org

Fjölskyldan er ekkert að skipta sér af því hvaða krem þú velur - ef það klæjar ekki undan því.



Neutral hudlotion er húðkrem fyrir allan kroppinn en Neutral intensiv er til þess að meðhöndla þurra húð. Bæði eru kremen án ilm- og litarefna og sérstaklega hentug fyrir viðkvæma húð þína og barna þinna. Húðin drekkur húðkremið hratt í sig og í því eru efni sem varðveita mýkt hennar. Intensiv kremið er feitara og leiðréttir rakjafnvægi húðarinnar. Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.



Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.



**Neutral**<sup>®</sup>  
verndar viðkvæma húð





## Landið er hans

# en ekki hennar

Tryggja þarf réttindi kvenna um allan heim til þess að eiga og ráðstafa landi

Réttur kvenna til eignar og arfs er fótum troðinn um allan heim. Hér fjallar **Pórunn Sveinbjarnardóttir** alþingiskona um landréttindi kvenna, jafnrétti kynjanna og samband ríkra og fátækra.

Rétturinn til þess að eiga land og ráðstafa því er víða um heim bundinn við karla og langt frá því að vera sjálfsagður réttur kvenna. Þetta er kald-ranaleg staðreynd, m.a. í ljósi þess að það eru konurnar sem yrkja landið – 70% þeirra sem starfa við landbúnað eru konur – og gera þar með öðrum kleift að lifa af því. En þrátt fyrir það njóta þær víða lítilla sem engra réttinda og eiga jafnvel á hættu að vera flæmdar burtu af heimilum sínum ef eiginmaður fellur frá. Undanfarin ár hafa æ fleiri lagt baráttunni fyrir rétti kvenna til eignar og arfs lið, bæði einstaklingar, félagsamtök og alþjóðastofnanir, enda er hún samtvinnuð baráttunni gegn fátækt og fyrir jöfnum rétti karla og kvenna um allan heim.

Ástæður þessa misréttis eru margvíslegar og eiga rætur í aldagömlu viðhorfi fedraveldisins til kvenna. Löggjöf mismunar konum bæði leynt og ljóst í þessum efnum, auk þess sem gamlar hefðir ganga oft þvert á hagsmuni og réttindi kvenna þótt á því séu undantekningar. Ólæsi veldur því einnig að konur þekkja ekki réttindi sín og það er auðvelt fyrir óprúttna landeigendur eða ættingja að hafa af þeim jarðir sem þær eiga með réttu. Ófriður ógnar víða lífsbjörg smábænda og útbreiðsla alnæmis, t.d. í sunnanverðri Afríku, hefur haft hrikaleg áhrif á stöðu kvenna í þessu tilliti sem öðru.

### Landið undirstaða velferðar

Eignar- og umráðarétturinn yfir landi er enn hornsteinn velferðar og félagslegs öryggis fátækra smábænda víða um heim, ekki síst í Afríku og Asíu. Sjálfsþurftarbúskapur á litlum landspildum er oftast en ekki það

eina sem gerir fátækum fjölskyldum kleift að sjá sér farborða. Nokkrar hænur, geit eða kýr og skiki þar sem hægt er að rækta korn eða grænmeti geta gert gæfumuninn og forðað fólki frá algjörrri örbirgð. Við þessar aðstæður er landið undirstaða velferðar, líkt og menntun er undirstaða velferðar í samfélagi okkar og forsenda þess að fólk geti lifað við samilegt öryggi og ef til vill náð að senda börn sín í skóla. Vert er að hafa í huga að ekki er nema rúm öld síðan líf Íslendinga byggðist á svipuðum grunni, þ.e. búskap þorra landsmanna ásamt sjósókn, sem þó var aukageta. Saga Íslands ætti að auka okkur skilning á aðstæðum og erfiðleikum þeirra sem draga fram lífið á gæðum landsins.

Réttleysi kvenna við fráfall maka getur valdið því að grundvöllinum er kipt undan lífi allrar fjölskyldunnar og mæður og börn verða að öreigum á svipstundu. Í Namibíu, en þar er alnæmi algengasta dánarorsök fólks,

**Svo virðist sem baráttan fyrir rétti kvenna til eignar og arfs nái nú augum og eyrum almennings og ráðamanna, ekki síst fyrir tilstilli rannsókna og verkefna á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna og félagsamtaka á sviði þróunar- og mannúðarmála.**

búa þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar í dreifbýli. Af sjálfu leiðir að rétturinn til þess að eiga og erfa jörðina verður að teljast grundvöllur þess að þeir sem eftir lifa geti séð sér farborða. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars, fyrr á þessu ári vakti Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) athygli á nauðsyn þess að vernda eignarrétt kvenna í samfélögum sem hafa orðið illa úti vegna alnæmis. Niðurstöður rannsókna sem FAO gerði sýna að 40% kvenna sem misst höfðu eiginmenn sína höfðu séð á bak nautgripum og verkfærum í hendur ættingja í kjölfarið og margar höfðu verið gerðar brottrékar af heimilum ásamt börnum sínum.

## Niðurstöður rannsóknar sem FAO gerði sýna að 40% kvenna sem misst höfðu eiginmenn sína höfðu séð á bak nautgripum og verkfærum í hendur ættingja í kjölfarið og margar höfðu verið gerðar brottrækar af heimilum ásamt börnum sínum.

### Líf hirðingja hentar samtímanum illa

Barátta smábænda fyrir að halda landnáði sínu þyngist um allan helming á svæðum þar sem atök eða styrjaldir geisa. Fátt afhjúpar réttleysi og bág kjör kvenna eins og ófriður og því miður er það svo að víða þar sem eignarréttur kvenna nýtur lítillar sem engrar verndar grefur stríðsrekstur einnig undan honum. Karlar og drengir eru sendir í stríð en konum er gert að sjá um börn og gamalmenni og standa vörð um ræktarlandið. Ef fjölskyldan hrekst á flóttu vegna stríðsátaka hafa konur oft litla sem enga tryggingu fyrir því að geta snúið aftur til síns heima. Eins og við fráfall maka geta ættingjar eða nágrannar hafa sölsað undir sig jörðina og eftir standa konur og börn slypp og snauð.

Um þessar mundir er sótt að hefðbundnum umráðarétti fólks yfir ræktunarlandi um alla sunnanverða Afríku að sögn þeirra sem best til þekkja. Tilkall tiltekinna hópa eða ættbálka til ræktar- eða beitilands sem byggist á gamalli og oftast munnlegri hefð er ógnað, m.a. af verktökum í námuiðnaði og ferðamannaþjónustu, af spilltum héraðshöfðingjum og stjórnmalámönnum sem bera ekki fyrir brjósti hag fólksins, sem á allt sitt undir því sem landið gefur. Aldargamall lífsmáti hirðingja hefur mátt víkja fyrir borgarmyndun og eignarréttarlöggjöf sem tekur ekkert tillit til hefðarinnar um sameign á landinu sem líf hirðingjans byggist á. Óhætt er að fullyrða að líf hirðingjanna, að taka sig upp eftir árstíðum og árferði, hentar samtímanum illa.

### Vonin um skjótfenginn gróða ræður för

Svo virðist sem baráttan fyrir rétti kvenna til eignar og arfs nái nú augum og eyrum almennings og ráðamanna, ekki síst fyrir tilstilli rannsókna og verkefna á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna og félagsamtaka á sviði þróunar- og mannúðarmála. Ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna (SP) vinna að því að gera konum til sveita ljós réttindi sín í þessum efnum og eru FAO, UN-HABITAT og UNIFEM þar á meðal. Frjáls félagsamtök, t.d. Oxfam í Bretlandi, hafa einnig beitt sér fyrir bættum réttindum kvenna, t.d. með fræðslu og með því að beita ríkisstjórnir þrýstingi til góðra verka.

Oxfam segir áberandi að lítið sem ekkert sé hlustað á raddir kvenna eða annarra sem eiga hagsmuna að gæta þegar stjórnvöld vilji ráðstafa landi eða slá eign sinni á svæði sem teljast til almennings, eða eru hefðbundin beitar svæði hirðingja. Vonin um skjótfenginn gróða ræður för. Yfirvöld og verktakar fara oftast létt með að hafa land af fólki sem er illa upplýst um réttindi sín og varla í aðstöðu til þess að verja þau. Það er höfudatriði að gera sér grein fyrir því að baráttan fyrir réttlæti og jafnræði við skiptingu jarðnáðis verður ekki skilin frá baráttunni gegn fátækt og fyrir mannsæmandi lífi öllum til handa. Aðgengi og umráðaréttur yfir landspildu er grundvöllur annarra lífsgæða, næringar, heilbrigðis og menntunar. Mikið skortir á að almenningur sé upplýstur um réttindi sín hvort sem þau eru samkvæmt gamalli hefð eða löggjöf landsins. Að auki er konum víða gróflega mismunað og það misrétti kemur verst niður á þeim sem síst skyldi, börnunum.

### Grunnþarfir hvernar manneskju

Markaðurinn einn getur ekki ráðið för við ráðstöfun jarða því að hann tryggir ekki að félagsleg réttindi fátæks fólks séu virt og oftar en ekki svína yfirvöld og verktakar á almenningi með því að greiða ekki fébætur vegna eignarnáms jarða. Að auki hefur margsinnis verið sýnt fram á gildi þess að konur hafi umráðarétt yfir því landi sem þær rækta, ekki einungis fyrir fjölskylduna heldur einnig fyrir umhverfið. Skynsamleg og sjálfbær nýting ræktunarlands er aðal smábænda í fátækum löndum en slíkur landbúnaður vinnur m.a. gegn uppblæstri og gróðureyðingu.

## Kvengerving fátæktarinnar

- Þriðjungur kvenna er heimilislaus eða býr í ófullnægjandi og óheilsusamlegu húsnæði.
- Störf og strit kvenna standa að baki tveggja þriðju allra vinnustunda jarðarbúa, á heimilum og vinnustöðum.
- Samt eiga konur minna en 1% allra eigna í heiminum.
- Konur og börn eru 80% þeirra sem hrekjast á flóttu vegna stríðsátaka.
- Víða um heim, sérstaklega í Afríku og Suður-Asíu, er konum kerfisbundið neitað um réttinn til eigna og arfs.

Ljósmynd á vinstri síðu er tekin í Víetnam af Róshildi Jónsdóttur. Myndin að neðan er tekin í Namibíu af Sigvalda Torfasyni.





„Maðurinn minn dó úr alnæmi árið 1995. Við höfðum verið gift í tíu ár. Þegar hann dó krafðist fjölskylda hans þess að ég yfirgæfi heimili mitt. Þeir héldu því fram að húsið og jörðin væri nú þeirra eign. Ég neyddist til þess að flýja að heiman en mér tókst samt að snúa aftur. Ég er heppin af því að ég er skrifuð fyrir landinu mínu og get leigt hluta þess áfram til annarra. Þannig vinn ég fyrir mér. Ég tek þátt í fræðslustarfi um HIV/alnæmi og segi fólki hvernig það geti varist smiti. Við förum um og fræðum fólkið í þorpunum með söng og leikritum. Þó ég sé ekki heilsuhaust hef ég reynt að gera mitt besta til þess að hjálpa öðrum.“

Frásögn Constance Niwagaba frá Úganda á ráðstefnu Oxfam og FAO um eignar- og erfðarétt kvenna í suður- og austurhluta Afríku, sem var haldin í Pretoríu í júní 2003.

Án formlegra lagalegra réttinda til eignarhalds og arfs eru konur, fátækir smábændur í dreifbýli, víða í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku fastar í kerfi aldagamáls misréttis sem rænir þær og börn þeirra tækifærinu til að lifa mannsæmandi lífi. Vert er að hafa í huga að hér er aðeins verið að vísa til grunnþarfa hverrar manneskju: að fá nóg að borða og hafa aðgang að hreinu vatni og húsaskjólí. Slíkar aðstæður geta til lengdar aðeins alið af sér eynd og örbirgð, sem gróðrarstía pólitískra átaka og ofbeldis. Í gegnum tíðina hafa ráðstefnur SP, t.a.m. kvennaráðstefnan í Peking 1995, ályktað um nauðsyn þess að ríkisstjórnir sjái til þess að öryggi eignarhalds og aðgengis að jarðnáði standi öllum þegnum til boða, konum og körlum. Einnig hefur verið ályktað um nauðsyn þess að

lög og reglur séu sniðnar að almennum viðmiðunum um mannréttindi, félagsleg og borgaraleg réttindi sem kveðið er á um í öðrum sáttmálum og samþykktum aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna.

#### Aðhald og fræðsla hefur mikið að segja

Þessar samþykktir eru grunnurinn sem starf stofnana SP og frjálsra félagsamtaka um allan heim byggist á. Þær eiga einnig að vera grunnur pólitískrar stefnumótunar sem er byggð á réttlæti, jafnræði og virðingu fyrir mannréttindum. Eins og allir vita er þó stundum himinn og haf á milli þess sem stjórnvöld segja og samþykkja í félagsskap við önnur fullvalda ríki og þess sem gert er þegar komið er heim af þjóflegum ráðstefnum um stöðu kvenna, mannréttindi, umhverfismál, og þannig mætti áfram telja. Því er mjög brýnt að allir sem láta sig réttindi og velferð kvenna varða séu upplýstir um það mikla misrétti sem viðgengst við ráðstöfun lands og beiti sér með öllum ráðum fyrir úrbótum. Aðhald almennings hefur mikið að segja, t.d. með starfi frjálsra félagsamtaka sem halda

#### Ekki er síður mikilvægt að fræðsla um hlutskipti kvenna víða um heim verði fastur þáttur í skólagöngu grunnskólabarna. Þannig verður skilningur upprennandi kynslóða aukinn á þeim mikilvægu verkefnum sem bíða í samstarfi ríkra og fátækra landa.

ríkisstjórnnum við efnið. Ekki er síður mikilvægt að fræðsla um hlutskipti kvenna víða um heim verði fastur þáttur í skólagöngu grunnskólabarna. Þannig verður skilningur upprennandi kynslóða aukinn á þeim mikilvægu verkefnum sem bíða í samstarfi ríkra og fátækra landa.

Á sérstökum hátíðarfundum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna árið 2000 voru svokölluð þúsaldarmarkmið samþykkt af aðildarríkjunum. Þau kveða m.a. á um að minnka sára fátækt um helming fyrir árið 2015 og jafnframt að jafnrétti kynjanna skuli náð. Þetta eru háleit og verðug markmið. Hins vegar er hætt við að lítið verði um árangur ef þessar sömu ríkisstjórnir gera baráttuna gegn fátækt og fyrir fullum mannréttindum kvenna ekki að aðalmarkmiði sínu, jafnt heima fyrir sem og í samstarfi við önnur ríki. Aðeins þannig tekst okkur að rjúfa vítahring fátæktar og misréttis, og stuðla að jafnari skiptingu jarðargæða og auðsins sem orðið hefur til fyrir ólaunað strit kvenna í aldanna rás. ■

#### Heimildir og ítarefni

Málstofa um eignarétt kvenna: Kynlægt sjónarmið. 3. júní 2003, The Indian Institute of Public Administration, Nýju Dehlí.

Women's Land and Property Rights in Situations of Conflict and Reconstruction. UNIFEM, 2001.

[www.oxfam.org](http://www.oxfam.org) • [www.fao.org](http://www.fao.org) • [www.unifem.org](http://www.unifem.org)

Þórunn Sveinbjarnardóttir situr í utanríkismálanefnd Alþingis fyrir Samfylkinguna og starfaði fyrir Alþjóðasamband Rauða kross félaga í Tansaníu og Aserbaidjan á árunum 1995-1997.



**Komdu og sjáðu  
Sængurgjafaúrvalið  
hjá okkur**

**Móðurást**  
Dalbrekku 28 • Kópavogi • Sími 564 1451  
[www.modurast.is](http://www.modurast.is)

# HERRAGARÐS- STEMNING Í HEIMBOÐINU

NÝ VERSLUN  
MEÐ ELDRI OG HELDRI BORÐBÚNAÐ



*Skemmtilegt úrval af borðbúnaði.*

*Dýrindis postulín frá Danmörku, Þýskalandi,  
Japan, Bretlandi og Ungverjalandi.*

*Jafnframt handsaumaðir dúkar, litaður kristall,  
silfur og margt fleira.*


*Leitarþjónusta.*

*Leitað eftir ákveðnum borðbúnaði  
fyrir viðskiptavinum*

*Opnunartími:*

*mán-fös frá kl. 14.00-18.00  
og eftir samkomulagi.*

*Verið velkomin!*



**AMMA  
RUTH**


Eldri og heldri borðbúnaður

Skipasundi 82 • 104 Reykjavík  
Sími: 552-6255 • [www.ammarruth.is](http://www.ammarruth.is)









## Ríkisstjórnun, stríð og friður

Eitt af þremur meginmarkmiðum UNIFEM er að efla þátttöku kvenna í stjórnun og pólitísku ákvarðanatökufæri, í friðarumleitunum og uppbyggingu í kjölfar átaka



## Heimurinn eins og við

# Þekkjum hann? Um konur, stríð og frið

Eitt af þremur megináhersluatriðum UNIFEM ber yfirskriftina konur, ríkisstjórn, friður og öryggi. **Jónína Helga Þóroldsdóttir** verkefnastjóri fjallar um stöðu kvenna og stúlkna á stríðstímum, áherslur alþjóðlegra stofnana og ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325.

Ég sat nýlega fyrirlestur þar sem áheyrendur voru minntir á að það tíðkaðist á Íslandi fyrir tæpum tvö hundrum árum að drekkja konum fyrir hórdóm og var talað um þetta í því samhengi hve villmannslegt samfélagið var þá og gekk á mannréttindi kvenna. Margt hefur breyst síðan. Seinna um daginn var ég jafnframt minnt á að einmitt þetta á sér stað víða í heiminum enn í dag, þ.e. vegið er að mannréttindum kvenna og stúlkna. Nánast daglega heyrum við í fréttum frá ódæðisverkum gagnvart konum. Morgunblaðið greindi t.d. frá því 12. ágúst 2004 að samkvæmt mannréttindasamtökunum *Human Rights Watch* halda stjórnarher Súðans og Janjaweed uppreisnarmenn áfram að nauðga kerfisbundið og ráðast á konur og stúlkur í dreifðum byggðum og litlum bæjum í Darfur-heraði, utan við flóttamannabúðir og bæi.

Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, bendir á að hörmungar nútímahernaðar einkennist af því að konur og stúlkur upplifa áföll líkt og aðrir í samfélaginu, eins og hungursneið, farsóttir, fjöldamorð, pyntingar og stríðsátök svo eitthvað sé nefnt. Að auki eru þær skotmark ofbeldis af ýmsu tagi og misnotkunar. Konur og stúlkubörn eru meirihluti flóttamanna, þær eru oft beittar kynferðislegu ofbeldi og hneppar í kynlífsþrælkun.

### Stefnumarkandi ákvarðanir

Kvennaráðstefnan í Peking árið 1995 lagði grunninn að framkvæmda-áætlun um jafnrétti kynjanna fyrir næstu árin. Starfsemi UNIFEM markast mikið af ákvörðunum sem þar voru teknar. Á ráðstefnunni komu m.a. yfir 180 ríkisstjórnir sér saman um að þörf væri á að ná því markmiði að karlar og konur hefðu jafnan rétt til ákvarðanatöku. Slíkt stuðlaði að jafnvægi sem þyrfti til að styrkja og efla lýðræði. Peking-áætlunin liggur

til grundvallar fjölmörgum samþykktum sem gerðar hafa verið síðan. Til að mynda var mikilvæg alþjóðleg lagasetning samþykkt árið 1998, þegar nauðgun og aðrir kynferðisglæpir í hernaði voru viðurkenndir sem brot á mannréttinum.

Samþætting jafnréttissjónarmiða var útfærð á ráðstefnuninni í Peking, en samþætting jafnréttissjónarmiða í friðargæslu felur í sér að ekki er nóg að ætla að árangur náist með góðvilja gagnvart konum og stúlkum, lágmarks þjálfun og því að setja nokkrar konur í yfirmannastöður. Ef raunverulegur árangur á að nást í átt að samþættingu jafnréttissjónarmiða er þörf á sérfræðiáliti og markvissari innleiðingu jafnréttissjónarmiða í allri starfsemi. Samþættingunni þarf að fylgja eftir með rannsóknum og mati á því hvað hefur áunnist og hvað ekki.

### Jafnréttissjónarmið til grundvallar í Öryggisráðinu

Ályktun nr. 1325 um konur, stríð og öryggi var samþykkt í október 2000 af Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ályktunin var löngu tímabær og gerir konur og sjónarmið þeirra nauðsynleg í friðarumleitunum,

**Ef raunverulegur árangur á að nást í átt að samþættingu jafnréttissjónarmiða er þörf á sérfræðiáliti og markvissari innleiðingu jafnréttissjónarmiða í allri starfsemi. Samþættingunni þarf að fylgja eftir með rannsóknum og mati á því hvað hefur áunnist og hvað ekki.**

fríðargæslu og við uppbyggingu eftir stríð. Konur eiga að hafa lýðræðislegan rétt til þátttöku í ákvarðanatöku í hverju samfélagi. Ályktun nr. 1325 leggur áherslu á að jafnréttissjónarmið eiga að liggja til grundvallar öllum ákvarðunum Öryggisráðsins. Ráðið skuldbindur sig til að taka sérstakt tillit til þess hvaða áhrif átök hafa á konur og stúlkur, auk þess að tryggja hlutdeild þeirra í friðarferlum.

Ályktun nr. 1325 heitir á Öryggisráðið, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, aðildarríki, þátttakendur í átökum sem og aðra sem málið varðar að láta til sín taka við að auka þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og

fríðarsamningum og sjá til þess að kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar við þjálfun friðargæslusveita. Að auki er áhersla lögð á verndun kvenna og stúlkna í hernaðaráttökum og samþættingu jafnréttissjónarmiða í skýrslum og úttektum sem og á öllum stigum undirbúnings og framkvæmda friðargæsluverkefna.

Þótt nokkuð hafi áunnist hvað framkvæmd ályktunar nr. 1325 varðar er enn langt í land. Til að mynda var gerð úttekt á því hversu vel og reglulega jafnréttissjónarmið voru samþætt í skýrslum til Öryggisráðsins á tímabilinu janúar 2000 til september 2003. Úttektin leiddi í ljós að í 17,8% tilfella var oft minnst á kynjasjónarmið. Í 15,2% tilfella var sjaldan minnst á kynjasjónarmið og í 67% tilfella var einu sinni eða aldrei minnst á konur og kynjamálefni.

### Konur til ákvarðanatöku

Starfsemi UNIFEM er víðtæk á sviði þróunarástóðar við konur og stúlkur og er því eftirfarandi upptalning aðeins brot að því sem samtökin fást við. Á sviði ákvarðanatöku vinnur UNIFEM að því að efla jafnréttissjónarmið er varða kosningabátttöku, stjórnskipulag og réttarfarslegar umbætur. Í um tíu ár hefur UNIFEM í samstarfi við ríkisstjórnir, stofnanir innan Sameinuðu þjóðanna og alþjóðleg og innlend samtök, pólitísk og ópólitísk, aðstoðað konur á átakasvæðum og styrkt þátttöku þeirra í ákvarðanatöku og friðarumleitunum.

UNIFEM þjálfði 145 konur í Austur-Tímor til þátttöku í framboði til kosninga. Af þessum konum tóku 26 þátt í framboði til neðrideildar þingsins og ein af þeim var kosin á þing. Aðstoð UNIFEM við að styrkja konur til forystu í Guatemala og innleiða kynjasjónarmið inn í kosninga-, laga- og dómskerfið varð til þess að fleiri konur voru kosnar í bæjarstjórnir. Til að tryggja að tekið væri tillit til málefna kvenna meðan á friðarumræðum stóð í Kongó aðstoðaði UNIFEM við stofnun kvennabandalags. Bandalagið lagði áherslu á að fræða embættifulltrúa um jafnréttissjónarmið og málefni kvenna. UNIFEM skipulagði einnig fund í Kenía með konum frá Kongó sem varð til þess að sameinast var um framkvæmdaáætlun sem byggðist á tillögu kvenna að friðarumleitan í Kongó.

Aðstoð UNIFEM við konur á tímum friðaruppbyggingar er einnig eitt af meginmarkmiðum samtakanna. Að tryggja þátttöku kvenna í uppbyggingu í Afganistan er gott dæmi. Í desember 2001 aðstoðaði UNIFEM við að skipuleggja leiðtogafund afganskra kvenna. Afrakstur fundarins var m.a. markvisst skipulag innan embættiskerfisins þar sem samþætting jafnréttissjónarmiða er þáttur í uppbyggingu landsins. UNIFEM hefur einnig aðstoðað við stofnun svæðisbundinna kvennamíðstöðva sem er ætlað að aðstoða afganskar konur við að afla sér menntunar, heilsugæslu og atvinnu.

UNIFEM hefur aðstoðað við friðaruppbyggingu í Sómalíu síðan 1993. UNIFEM og konur frá Sómalíu, ásamt styrktarþjóðunum Danmörku, Ítalíu og Hollandi, fögnuðu miklum sigri árið 2000 er sómalískar konur tóku þátt í samningaviðræðum um tillögur að stjórnarfyrríkomulagi sem varð til þess að konur fengu 27 sæti á þingi.

Að koma á samningaviðræðum milli stríðandi fylkinga er forsenda þess að friður komist á. Árið 2000 tók UNIFEM þátt í samstarfsverkefninu Palestína – Ísrael, sem var styrkt af hollenska utanríkisráðuneytinu. Aðalframkvæmdastýra UNIFEM fór fyrir alþjóðlegri sendinefnd stýrði samningaviðræðum kvenna frá Palestínu og Ísrael. Verkefnið hafði í för með sér að samþykkt var að vinna að svokallaðri friðardagskrá kvenna á þessu svæði.

### Mansal er nútímaþrælahald

Í stríði verða konur og stúlkur oft utangarðs í samfélaginu, þ.e. þær fá ekki þá vernd og aðstoð sem aðstæður kalla á. UNIFEM hefur lagt mikið upp úr því að aðstoða við að veita þeim vernd, sem og félagslega og efnahagslega aðstoð. Sérstök áhersla er lögð á að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og mansal. UNIFEM hefur í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar og fjáls félagsamtök í Afríku starfað með flóttamönnum í Búrúndí og Tansaníu og veitt þeim nauðsynlega aðstoð. Þá hefur UNIFEM veitt konunum og börnum efnahagslega og félagslega aðstoð í Tadjikistan og skipulagt áætlun til að aðstoða HIV-smitaðar konur í Sierra Leone.

## Ályktun nr. 1325 heitir á Öryggisráðið, aðalritara SP, aðildarríki, þátttakendur í átökum og aðra viðkomandi aðila að láta til sín taka á eftirfarandi sviðum:

- **Auka þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og í friðarsamningum.** Leggja meðvitað áherslu á að skipa konur í háttsettar stöður og þannig tryggja að hlutverk og ábyrgð kvenna sé aukin við friðargæslu, jafnframt því að kynjasjónarmið kvenna endurspeglar almennt við friðargæslu. Ákvæðið hvetur einnig aðildarríki til að fjölga konum í friðargæslusveitum, í lögreglu og meðal borgaralegra starfsmanna. Vegna ólíkra kynjasjónarmiða og menningarlegra aðstæða er mjög mikilvægt að fórnarlömb kynferðismisþyrminga og mansals geti leitað til kvenkyns lögreglu og meðlima friðarsveita í stað karlmanna, þegar það á við.
- **Kynjasjónarmið og þjálfun friðargæslusveita.** Öryggisráðið á að veita aðildarríkjum og friðargæslusveitum viðmiðunarreglur og tiltaka kynjasjónarmið. Aðildarríki eiga að þjálfa borgaralega starfsmenn og lögreglu friðargæslusveita sinna með kynjasjónarmið í huga. Aðildarríkjum ber einnig skylda til að auka eftir þörfum fjármagn til þjálfunar þar sem tekið er tillit til kynjasjónarmiða.
- **Meðvitað að vernda konur í hernaðaráttökum.** Aðildarríki í hernaði og uppbygginu eftir átök eiga að virða mannréttindi kvenna og stúlkna og lögsækja stríðsglæpamenn og þá sem brjóta gegn mannréttindum, þar með talin kynferðisafbrot og önnur ofbeldisbrot gegn konum.
- **Samþætting jafnréttissjónarmiða þannig að það sé þáttur í heildarkerfi Sameinuðu þjóðanna og sé útfært kerfisbundið í öllum skýrslum.** Aðalritara Sameinuðu þjóðanna er gert að samþætta jafnréttissjónarmið skýrslum sem berast Öryggisráðinu og gera reglulega úttekt á því hver áhrif átaka eru á konur og stúlkur. UNIFEM fylgdi þessu eftir og tilnefndi tvo óháða sérfræðinga til að meta áhrif hernaðar á konur og hlutverk kvenna í friðaruppbyggingu. Afraksturinn er skýrslan *Konur, Stríð, Friður (Women War Peace)* og kom út 2002. Kofi Annan aðalritari hefur beðið um að þeirri skýrslu verði fylgt eftir 2004.

Ljósmynd: Davíð Logi Sigurðsson/Irak





Mansal vekur óhug. Mansal er nútímaþrælahald þar sem verslað er með fólk og er sú alþjóðlega glæpastarfsemi sem er í hvað örustum vexti. Samkvæmt Alþjóðlegri stofnun um fólksflutninga (International Organization for Migration, IOM) er áætlað að yfir tvær milljónir kvenna og barna hafi verið fórnarlömb mansals árið 2001. Mansal er ekki aðeins brot á mannréttindum heldur verða fórnarlömb þess berskjölduð fyrir alvarlegum sjúkdómum eins og alnæmi. Noeleen Heyzer, framkvæmdastýra UNIFEM, segir að á stríðshráðum svæðum þar sem lög og regla eru oft ekki virt skapist aðstæður þar sem mansal þrífst. Skortur á ódýru og ómenntuðu vinnuafli meðal þjóða sem ekki eru í stríði skipar stórt hlutverk í þessari þróun.

Á síðasta ári tók héraendis gildi nýtt ákvæði í hegningarlögum sem segir að hver sá sem tekur þátt í mansali geti fengið allt að átta ára fangelsisdóm. Það er væg refsing miðað við lönd í Evrópu. Ef viðurlög héraendis eru vægari en annars staðar gætu þrælasalar frekar valið sér ferðaleiðir í gegnum Ísland.

Við þekkjum það sem stendur okkur næst og oft er erfitt að gera sér í hugarlund hvað aðrir þurfa að reyna. Mörg okkar kynnast alþjóðasamfélaginu aðeins í fjölmiðlum, á netinu eða í gegnum starfsemi eins og UNIFEM. Það er heimurinn sem við þekkjum. En gerum við okkur í raun grein fyrir þeim hörmungum sem margar þjóðir heims þurfa að þola? Íslendingar gætu þurft að taka á honum stóra sínum ef þrælasalar nútímans leggja leið sína til landsins, en fyrst og fremst er mikilvægt að við séum vakandi og tilbúin að leggja okkar að mörkum, vel menntuð og efnuð þjóð sem Íslendingar eru. ■

#### Heimildir og ítarefni

[www.unifem.org](http://www.unifem.org)

<http://www.womenwarpeace.org/unifem.htm>

Foreign Affairs, maí-júní 2004



**Þótt nokkuð hafi áunnist hvað framkvæmd ályktunar nr. 1325 varðar er enn langt í land. Til að mynda var gerð úttekt á því hversu vel og reglulega jafnréttissjónarmið voru samþætt í skýrslum til Öryggisráðsins á tímabilinu janúar 2000 til september 2003. Úttektin leiddi í ljós að í 17,8% tilfella var oft minnst á kynjasjónarmið. Í 15,2% tilfella var sjaldan minnst á kynjasjónarmið og í 67% tilfella var einu sinni eða aldrei minnst á konur og kynjamálefni.**



## Jafnréttisstofa

# Átt þú þér draum?


Átt þú þér draum um að ólíkir eiginleikar og hæfni ólíkra kvenna og karla, drengja og stúlkna, fái að njóta sín í frjóm og frjálsum dansi á grunni virðingar, ábyrgðar og jafnréttis.

Jafnréttisstofa á sér þann draum og býður þjóðinni upp í dans í átt til jafnrar stöðu og virðingar kvenna og karla.

Heimsækið okkur á heimasíðuna, hafið samband í síma eða tölvupósti eða lítið við á skrifstofunni við Norðurslóð á Akureyri, ef þið viljið dansa með.

# Magnaðar metsölubækur

## Komnar í kilju




„Bókin er **fantavel skrifuð**, einlæg og gripandi, vekur spurningar, svarar spurningum og ber höfuð og herðar yfir aðrar bækur af þessum meili sem ég hef lesið. ... **bók sem allir hefðu gott af að lesa.**“

- Friðrika Benónýs, MBL

„**Gríðarlega áhrifamikil bók.** Það er brýn þörf á að svipta hulunni af þessum óhugnanlegu glæpum.“

- Steinunn Jóhannesdóttir  
höfundur Reisubókar Guðríðar



„Amy TAN eins og hún **gerist best**“

- San Francisco Chronicle

„Dóttir beinagræðarans er **dýrðleg saga** og gefur fyrir bókum Amy Tan síður en svo eftir.“

- Súsanna Svavarsdóttir

„Samband móður og dóttur er Amy Tan hjartfólgið og hér er því lýst af samúð, glettni og djúpum skilningi ... **frábær skáldsaga.**“

- The Independent



„Hrein **skemmtilesning**, eins frábær og fjörleg og best verður á kosið.“

- Los Angeles Times

„**Mögnuð saga** . . . Auel er mjög hugmyndarík rithöfundur.“

- The New York Times Book Review

„Nýjasta bók Jean M. Auel mun ekki aðeins gleðja milljónir lesenda hennar heldur fara beint í **efstu sæti metsölulista.**“

- amazon.com



**Verðlaunasaga eftir einn umdeildasta rithöfund Evrópu** – nú í kilju

Áform er saga um okkar tíma – um upplausn, úrkynjun og hryðjuverk, en jafnframt heillandi ástarsaga.

„**Houellebecq er snillingur.**“

- Kolbrún Bergþórsdóttir, DV

„Áform er **frábær skáldsaga** ... skyldulesning fyrir alla sem hafa snefil af áhuga á nútímabókmenntum heimsins, og hún fjallar um mál sem ekkert okkar getur leitt hjá sér.“

- Jón Yngvi Jóhannsson, DV

„**Hrifandi og litríkar** myndir af fólki sem heyr lífsbárættuna við grimmilegustu aðstæður.“


Daily Mail

„Bóksalinn í Kabúl er ein **áhrifamesta bókin í ár.**“

Dag og Tíð

„Áleitni mynd af Afgönnum, gjörólik nokkurri annarri bók um landið. Hún er **heillandi lesning.**“

- Sunday Times





## Þar sem allt

# er pólitískt

Um uppbyggingarstarf og stöðu mála í Kósóvó

Frá árinu 1999 hafa yfirvöld og UNIFEM á Íslandi styrkt störf íslensks sérfræðings á skrifstofu UNIFEM í Kósóvó. Hér fjallar **Bjarney Friðriksdóttir, MA** í alþjóðfræðum, um störf sín í Kósóvó, uppbyggingarstarfið og ástandið í héraðinu.

UNIFEM hefur starfað í Kósóvó frá því í september 1999. Störf skrifstofunnar voru undirbúin með það í huga að 70% íbúanna höfðu flúið eða verið fluttir úr landi 1998–1999, eða á meðan átökin stóðu yfir. Af þessum fjölda yfirgaf ein milljón manna héraðið á tveggja vikna tímabili fyrir loftárásir NATO á Serbíu, en Kósóvó er hérað í Serbíu sem nú lýtur yfirstjórn Sameinuðu þjóðanna. Í upphafi var ætlunin að UNIFEM-verkefnið beindist að stuðningi við konur sem höfðu flúið Kósóvó til að byggja upp líf sitt og fjölskyldna sinna á ný. Hins vegar sneri stór hluti þeirra sem hafði flúið heimkynni sín til baka fljótlega eftir að loftárásur NATO lauk og alþjóðlegt herlið tók við stjórn í Kósóvó. Því var ákveðið að beina sjónum að því að styðja konur til aukinnar pólitískrar þátttöku og til að taka að sér leiddaghlutverk í enduruppbyggingu samfélagsins eftir áratugalangt tímabil kúgunar, efnahagslegrar vanrækslu og átaka.

### Áhersla lögð á að mæta þörfum Kósóvóbúa

Íslensk stjórnvöld hafa stutt starf UNIFEM í Kósóvó frá því í lok árs 1999 með því að greiða laun alþjóðlegs starfsmanns sem gegnir stöðu faglegs ráðgjafa og meðstjórnanda innlends framkvæmdastjóra. Fram til þessa hafa fjórar íslenskar konur gegnt stöðunni og hefur þetta fyrirkomulag ráðið miklu um árangurinn. Samvinna alþjóðlegs sérfræðings og innlends framkvæmdastjóra á jafnréttisgrundvelli tryggir sterk tengsl við samfélag heimamanna en einnig hlutleysi, sem nauðsynlegt er að einkenni störf Sameinuðu þjóðanna.

Verkefni skrifstofunnar hafa frá upphafi verið ákvörðuð í samráði við heimafólk. Þannig hafa áherslur í starfinu miðast við að mæta þörfum og forgangsroðun íbúa héraðsins. Einnig hefur starfið alltaf tekið mið af því að byggja samhliða upp þekkingu og styðja starf fjálsra félagsamtaka og stjórnvalda, sérstaklega á sveitarstjórnarstiginu.

### Aðaláherslur

Nú stendur yfir þriðja og síðasta verkefnatímabil skrifstofunnar sem kallast *From Post-Conflict to Development in Kosovo: Advancing Gender Equality and Women's Rights*, en skrifstofunni verður lokað í lok árs 2005. Aðaláherslur þessa tímabils eru eftirfarandi:

- Stuðningur við stjórnvöld til að koma jafnréttisáætlun fyrir Kósóvó í framkvæmd.
- Fagleg ráðgjöf og fjárstuðningur við faghópa til að yfirtaka verkefni skrifstofunnar. Meðal annars er stuðningnum beint að lögfræðingum með sérþekkingu í jafnréttismálum og leiðbeinendum um samþættingu jafnréttismála og mannréttindum kvenna fyrir opinberar stofnanir.
- Stuðningur við opinberar stofnanir til þess að halda uppi símenntun í jafnréttismálum og kynjanálgun fyrir opinbera starfsmenn á öllum stjórnstigum.
- Stuðningur við óháð félagsamtök og opinberar stofnanir til að nýta alþjóðlega mannréttindasamninga, framkvæmdaáætlanir og ályktanir Sameinuðu þjóðanna til að vinna að framgangi jafnréttismála. Meðal annars með því að gera skýrslu um framfylgni við alþjóðlegan samning Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum (CEDAW). Skýrslan verður að öllum líkindum afhent öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, þar sem Kósóvó er ekki ríki og getur því ekki afhent skýrsluna til nefndar innan Sameinuðu þjóðanna sem hefur það hlutverk að fylgjast með því hvernig ríki framfylgja samningnum.

Þrátt fyrir að skrifstofa UNIFEM verði lögð niður í lok árs 2005 munu verkefni UNIFEM í Kósóvó áfram vera hluti af starfsáætlun svæðis-skrifstofu UNIFEM fyrir Mið- og Austur-Evrópu í Slóvakíu. Starfsáætlunin er nú í mótun fyrir Albaníu og ríki fyrirverandi Júgóslavíu, að Slóveníu undanskilinni, og nær til ársins 2007.

Megináhersluatriði áætlunarinnar eru annars vegar að styðja við samtök kvenna á svæðinu til að auka þátttöku þeirra í uppbyggingu lýðræðislegs samfélags og friðsamlegra samskipta milli landa í kjölfar átaka. Fyrsta verkefnið sem tengist þessu er vinnufundur til að undirbúa skýrslu um hvernig samþykkt Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 er framfylgt. Sú ályktun fjallar um þátttöku kvenna í ákvarðanatöku í friðarviðræðum og uppbyggingu samfélaga eftir átök.

Hins vegar verður gerð rannsókn á stöðu kvenna á vinnumarkaði sem nefnist Sagan á bak við tölfræðina. Rannsóknin miðar að því að varpa ljósi á stöðu og réttindi kvenna á vinnumarkaði. Tölfræðilegum upplýsingum verður safnað um konur á vinnumarkaði, arðsemi menntunar, launamun kynjanna, áhrif þjóðernis, aldurs, búsetu og fleira. Að auki verður upplýsingum safnað um konur sem starfa utan löglegs vinnumarkaðar eða sjálfstætt.

### Fimm ár liðin frá því Kósóvó var gert að verndarsvæði SP

Hinn 12. júní síðastliðinn voru fimm ár liðin frá því að Kósóvó var gert að verndarsvæði Sameinuðu þjóðanna. Þá kom alþjóðlegt herlið undir stjórn NATO (KFOR) til Kósóvó og yfirstjórn héraðsins var tímabundið komið í hendur sérlegs fulltrúa aðalritara Sameinuðu þjóðanna með ákvörðun Öryggisráðsins nr. 1244. Ekki hefur verið ákveðið hversu lengi Kósóvó, sem tilheyrir ennþá Serbíu, skuli vera undir yfirstjórn Sameinuðu þjóðanna.

Stjórnkerfi héraðsins er nú þannig háttað að vald yfir málaflokkum og stofnunum skiptist á milli alþjóðlegs starfsliðs undir yfirstjórn Sameinuðu þjóðanna (UNMIK) og heimastjórnar Kósóvó. Sérlegur fulltrúi aðalritara Sameinuðu þjóðanna hefur þó úrslitavald hvað varðar lagasetningu, utanríkismál, heimkomu flóttafólks og samskipti ólíkra þjóðernishópa svo eitthvað sé nefnt. Ekki eru í öllum tilfellum skýr skil á milli valdsviðs yfirstjórnar Sameinuðu þjóðanna og heimastjórnarinnar. Óvissa um ábyrgð á málaflokkum er eitt af því sem hefur staðið frampróun í héraðinu fyrir þrífum, ásamt óvissunni um framtíðarstöðu þess. Óljós framtíðarstaða Kósóvó hefur því verulega mikil áhrif á uppbyggingarstarfið.

### „Ólýðræðislegt fyrirkomulag“

Héraðsþing og héraðsstjórn Kósóvó hófu störf í mars 2002 og nú á haustmánuðum verða haldnar aðrar héraðsþingkosningar. Mikil og áhugaverð umræða hefur farið fram um kosningalöggjöfina sem sett hefur verið fyrir héraðið. Í fyrstu þingkosningunum, árið 2001, var sá háttur hafður á að listar yfir frambjóðendur stjórn málaflokkanna voru það sem hér er kallað „lokaður listi“, sem felur í sér að formaður flokksins ræður uppröðun frambjóðenda á listanum og getur breytt henni að vild fyrir og eftir kosningar. Kjósendur geta því ekki vitað fyrirfram hverjum þeir gefa atkvæði sitt. Af þessum sökum eiga fjölmörg sveitarfélög, sem eru alls 30 talsins, engan fulltrúa á þingi.

Síðasta vor þegar tilkynnt var að kosningalöggjöfin yrði óbreytt fyrir væntanlegar þingkosningar sameinuðust um 350 fjáls félagasamtök um að þrýsta á breytingar þannig að framboðslistar væru lagðir fram nokkrum mánuðum fyrir kosningar og væru bindandi í þeim skilningi að flokksformaðurinn hefði ekki algjörlega fjálsar hendur og gæti fært fulltrúa flokkanna til og frá á listunum. Í þessari umræðu voru helstu rök opinberu kosninganeftdarinnar að þetta fyrirkomulag væri besta aðferðin til að tryggja hátt hlutfall kvenna á listunum, en samkvæmt kosningareglugerð verða 30% frambjóðenda að vera konur.

Samstarfshópur þessara fjálsu félagasamtaka benti hins vegar á margar aðrar aðferðir til þess að tryggja hlutfall kvenna. Þótti þeim að jafnréttismál og veik staða kvenna í stjórnmálum væri misnotuð til að tryggja hagsmunum einstaka stjórnmálaflókka sem eiga nú fulltrúa á þingi. Þess má geta að 80 stjórnmálaflókkar starfa í héraðinu en íbúafjöldi þess er talinn um það bil 1,9 milljónir.

Þrátt fyrir kröftug og vel skipulögð mótmæli gegn því að fyrirkomulag kosninga héldist óbreytt var ákvörðuninni ekki hnikað. Segir almanna-rómur að mikil óánægja sé með þetta fyrirkomulag sem þykir í meira lagi ólýðræðislegt. Búist er við að kosningaþátttaka í komandi þingkosningum verði enn minni en í kosningum undanfarinna ára. Árið 2000 var kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum 79%, 64% í þingkosningum 2001 og 54% í sveitarstjórnarkosningum 2002.



Krakkar veifa glaðlega til ljósmyndara fyrir utan húsarústir í Mitrovica í norðurhluta Kósóvó. Þar búa Albanar og Serbar við stranga öryggisgæslu alþjóðlegra lögreglu- og hersveita. Ljósmynd: Lorin Lopotinsky.

## Kynlífsþrælkun í Kósóvó

Í hverjum mánuði fá starfsmenn Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó sent með innanhússtölvupósti skjal sem kallast „off limits“. Skjalið er uppfært reglulega og er listi yfir staði sem starfsmenn allra stofnana sem heyra undir yfirstjórn Sameinuðu þjóðanna, UNMIK, mega ekki fara inn á.

Á þessum stöðum er talið að séu í haldi einstaklingar sem eru neyddir í kynlífsþrælkun og síðustu tólf mánuði hafa að meðaltali 190 staðir verið tilgreindir í skjalinu.


Frá því alþjóðlegt herlið kom til Kósóvó árið 1999 hefur orðið gífurleg fjölgun á stöðum þar sem talið er að fari fram kynlífsþrælkun. Árið 1999 voru þeir 19, árið 2001 75 og nú, árið 2004, eru þessir „off limits“ staðir að meðaltali um 190.

Fjöldi alþjóðlegra hermanna í héraðinu var þegar mest lét um 50.000 og hafa þeir ásamt starfsmönnum alþjóðlegra stofnana verið tilgreindir bæði af IOM (International Organization for Migration) og Amnesty International sem ein aðalorsökin fyrir því að þessi glæpastarfsemi hefur fest í sessi og orðið svona umsvifamikil.

Kósóvó var fyrst af ríkjum og héruðum á Balkanskaganum til að setja löggjöf gegn kynlífsþrælkun, árið 2001. Þrátt fyrir það er Kósóvó eini staðurinn á svæðinu þar sem stjórnvöld hafa enn ekki komið fram með aðgerðaáætlun til þess að vinna gegn þessari starfsemi.

Kósóvó er bæði það sem kallast viðkomustaður, uppruna-staður og endastöð kynlífsþrælkunar, þ.e. börn og konur frá nærliggjandi löndum eru flutt til Kósóvó og haldið þar nauðugum. Börn og konur sem verið er að flytja til landa í Vestur-Evrópu eru flutt í gegnum Kósóvó, til dæmis frá Rúmeníu, Moldóvu og Úkraínu. Börn og konur frá Kósóvó eru bæði neydd í kynlífsþrælkun innan Kósóvó og seld úr landi. Af þeim 253 Kósóvóbörnum og konum sem var veitt aðstoð til að losna úr þessum aðstæðum á árunum 2000-2002 voru 81% undir 18 ára aldri. Um þriðjungur þeirra var 11-14 ára.





## Íslensk stjórnvöld hafa stutt starf UNIFEM í Kósóvó frá því í lok árs 1999 með því að greiða laun alþjóðlegs starfsmanns sem gegnir stöðu faglegs ráðgjafa og meðstjórnanda innlands framkvæmdastjóra.

### Misháar tölur yfir mannfjölda

Það er allt pólitískt í Kósóvó. Manntal ekki síður en annað. Síðasta áreiðanlega manntalið í Kósóvó var tekið árið 1981. Þá var safnað upplýsingum frá öllum einstaklingum og heimilum í héraðinu, sem hluta af manntali fyrir alla Júgóslavíu. Árið 1991 var einnig tekið manntal, en áreiðanleiki þess er dreginn í efa vegna þess að stór hluti Albana sniðgekk það í mótmælaskyni við framferði stjórnvalda gagnvart þeim. Albanar eru meirihluti íbúa héraðsins, en árið 1989 hófu stjórnvöld í Belgrad að sniðganga Kósóvó-Albana kerfisbundið. Hagstofa Kósóvó áætlað að íbúafjöldi héraðsins sé um 1,9 milljónir og að af þeim fjölda séu 88% Kósóvó-Albanar, 7% Kósóvó-Serbar og 5% af öðrum uppruna, Bosníumenn, Sígaunar, Tyrkir, Ashkalar og Egyptar.

Þegar verið var að afla upplýsinga um mannfjölda í héraðinu fyrir þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2004 voru settar fram fjórar misháar tölur yfir mannfjölda, og var 25% munur á hæstu og lægstu tölum. Frumvarp til laga um manntal í héraðinu hefur legið fyrir í þinginu undanfarin tvö ár, en fæst ekki samþykkt þar sem einhverjir stjórnmálaflokkar sjá hag sínum ógnað ef safnað verður áreiðanlegum upplýsingum um mannfjölda. Nákvæmar upplýsingar um fjölda Albana og Serba með fasta búsetu í héraðinu eru taldar hafa áhrif á umræðuna um framtíðarstöðu þess.

### Óvissan um framtíðarstöðu Kósóvó hamlar

Eins og áður sagði hamlar óvissan um framtíðarstöðu Kósóvó efnahagslegum og félagslegum framförum í héraðinu. Uppbygging atvinnulífs sem skapað getur fjölda starfa og fjárfesting í öðru en litlum fjölskyldufyrirtækjum er lítil sem engin. Starfsemi fyrirtækja sem voru eða eru í opinberri eigu fyrrverandi Júgóslavíu hefur legið niðri síðan átökunum í héraðinu lauk. Reynt hefur verið að einkavæða þessi fyrirtæki, en einkavæðingin hófst fyrir um það bil tveimur árum síðan. Ferlið var hins vegar stöðvað vegna hugsanlegra lögsókna og ásakana um að yfirstjórn Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó væri að einkavæða fyrirtæki í eigu ríkjasambands Serbíu og Svartfjallalands án samþykkis þess.

Mikilvægur hluti tekna héraðsins hefur undanfarin ár verið styrkir frá alþjóðlegum stofnunum og samtökum. Þeir hafa þó farið minnkandi, eða úr um 970 milljónum evra árið 2000 í 170 milljónir árið 2004. Tekjur af útflutningi nema aðeins 4% af innflutningi til héraðsins og var útflutningshalli um 930 milljónir evra árið 2003.

Á sama hátt og óvissan um framtíðarstöðu héraðsins hefur neikvæð

áhrif á efnahagslífið hefur hún áhrif á starfsemi í öllum málaflokkum og eru jafnréttismál þar á meðal. Tvöfalt stjórnkerfi og óskýr skil milli ábyrgðarsviðs alþjóðastofnana og heimastjórnarinnar eru í beinu sambandi við óráðna stöðu héraðsins. Skortur á markvissri stefnumótun beggja yfirvalda er viðvarandi vandamál sem stendur uppbyggingarstarfinu fyrir þrífum. Langtímamarkmið eru í fæstum tilfellum sett þar sem enginn veit hversu lengi þetta fyrirkomulag verður við lýði. Hvað varðar jafnréttismál verður oft vart við það viðhorf ráðamanna að nú sé ekki rétti tíminn til að vinna að jafnrétti kynjanna þegar svo mörg mikilvægari vandamál sem varða framtíðarstöðu héraðsins bíði úrlausnar.

### Samkipti þjóðernishópa í Kósóvó

Eitt af aðaleinkennum Balkanskagans nú er óstöðugleiki sem hefur áhrif á öll svið samfélagsins. Ein birtingarmynd hans er að átök milli ólíkra þjóðernishópa brjótast einatt út án fyrirvara. Önnur birtingarmyndin er tíðar kosningar og stjórnaðskipti sem oftast fela í sér eflingu þjóðernishyggu.

Í mars síðastliðnum brutust út átök í Kósóvó sem einkenndust helst af árásum Albana á Serba. Upphaf þeirra var skotárás á ungan Serba, en í kjölfarið mótmæltu Serbar árásinni og almennum skorti á öryggi í héraðinu. Í framhaldinu lokuðu þeir veginum frá höfuðborginni Pristína til Makedóníu. Þetta leiddi af sér átök sem stóðu yfir í fjóra daga. Þegar upp var staðið höfðu 19 manns látið lífið, 900 særst, um 30 serbeskar kirkjur og klaustur verið eyðilögð og 610 heimili. Að auki flúðu 4.500 manns heimili sín. Af þeim eru ennþá um 2.500 manns í flóttamannabúðum innan Kósóvó, en meirihluti þeirra eru Serbar. Hafa sumir hverjir hafst við á herstöðvum eða í kjöllurum opinberra bygginga.

Albanar segja ástæður þess hve hægt gengur að Serbar verði virkir þátttakendur í samfélaginu vera skort á vilja þeirra sjálfra sem og viðhorf stjórnvalda í Belgrad til héraðsins. Serbar kenna Albönum hins vegar um, segja þá skorta vilja til samstarfs og viðhorf albanskra stjórnmálamanna vera neikvæð.

Grundvöllur þess að hægt verði að endurbyggja friðsamlegt samfélag í Kósóvó eru bætt samkipti þjóðernishópa í héraðinu. Auk þess má gagnrýna alþjóðasamfélagið fyrir að hafa ekki lagt nógu mikla áherslu á það starf.

Viðhorf Serba og Albana til hvors annars einkennast, eins og fram hefur komið, að skorti á trausti og samstarfsvilja sem tengist ekki eingöngu fortíðinni heldur er mikilvægur þáttur í framtíðarsýn þeirra. Hvorugur hópurinn sér hag sinn í því að vinna náið saman því slíkt samstarf geti ráðið framtíð Kósóvó, þ.e. hvort það tilheyrir áfram Serbíu eða

**Hvað varðar jafnréttismál verður oft vart við það viðhorf ráðamanna að nú sé ekki rétti tíminn til að vinna að jafnrétti kynjanna þegar svo mörg mikilvægari vandamál sem varða framtíðarstöðu héraðsins bíði úrlausnar.**



hvert héraðið verður sjálfstætt ríki. Á meðan beðið er með að taka þessa grundvallarákvörðun munu samskipti hópanna vera pólitískari en ella og lítill árangur nást í því að bæta sambúð þeirra. Segja má að íbúar héraðsins séu það í tafla stjórnmálamanna um yfirráð yfir landsvæði.

### Réttindi kvenna

Þrátt fyrir flókið stjórnkerfi og ýmislegt sem hamlar framþróun í enduruppbyggingu héraðsins hafa orðið miklar framfarir í jafnréttismálum á síðustu fimm árum. Þetta er ekki síst tilkomið fyrir elju mannréttindasamtaka kvenna, en þau eru álitin sterkasti hópur borgaralegs samfélags í Kósóvó.

Eitt af viðameiri verkefnum UNIFEM undanfarin tvö ár hefur verið að styðja vinnuhóp karla og kvenna frá frjálsum félagasamtökum, stjórnmálaflokkum og opinberum stofnunum til þess að semja jafnréttisáætlun fyrir Kósóvó. Þessi jafnréttisáætlun var kynnt opinberlega um mitt ár 2003 en þá lýsti forsætisráðherra einnig stuðningi við hana.

Áætlunin tekur til flestra sviða samfélagsins og setur fram markmið um hvernig skuli vinna að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði, varðandi menntun, heilsu og fleira. Í aprílmánuði síðastliðnum lagði forsætisráðherra Kósóvó jafnréttisáætlunina fyrir ríkisstjórnina til samþykktar sem „framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar Kósóvó í jafnréttismálum“ og var hún samþykkt sem slík. Eins og stendur er verið að vinna að stefnumótun til að hrinda henni í framkvæmd og veitir UNIFEM ríkisstjórninni faglegan og fjárhagslegan stuðning til þess.

UNIFEM hefur frá 2001 staðið fyrir fræðslu um jafnréttismál og mannréttindi kvenna í samstarfi við lýðræðiseild Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Sem árangur af þessari fræðslu má nefna að af þrjátíu sveitarstjórnnum hafa fjórtán sett á laggirnar jafnréttisnefndir sem eru skipaðar kjörnum fulltrúum, starfsmönnum sveitarfélagsins og fulltrúum frjálsra félagasamtaka. Meirihluti kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélaga eru karlmenn og hefur sú áhersla UNIFEM að vinna með körlum og konum að jafnrétti kynjanna skilað árangri hvað þetta starf varðar.

Fram til loka síðasta árs sáu starfsmenn UNIFEM-skrifstofunnar um þessa fræðslu. Í byrjun þessa árs tók við verkefninu hópur leiðbeinenda, fimm karlar og níu konur, sem UNIFEM hefur þjálfad sérstaklega. Þessi fjórtán manna hópur hefur nú einnig verið fenginn til að annast alla fræðslu um jafnréttismál fyrir sérstaka fræðslustofnun fyrir starfsmenn opinberrar stjórnsýslu. Þess er að vænta að hópurinn nái með þessu viðamikla verkefni að festa sig í sessi.

### Samkeppni um ábyrgð til góða

Í byrjun sumars samþykkti héraðsþing Kósóvó jafnréttislög. Þau eru talin geta fest í sessi stofnanir sem þegar vinna að jafnréttismálum. Þau kveða einnig á um kerfisbundna nálgun að jafnréttismálum á öllum stigum stjórnkerfisins. Í upphaflegum drögum að lögunum voru lagðar fram tillögur um að setja á fót sérstaka stofnun umboðsmanns jafnréttis kynjanna og skrifstofu innan framkvæmdarvaldsins sem fjallaði um jafnrétti.

Viðbrögð stofnana eins og skrifstofu umboðsmanns Kósóvó og sérlegrar skrifstofu forsætisráðuneytisins voru áhugaverð í þessari umræðu. Þessar tvær skrifstofur eiga báðar að vinna gegn almennri mismunum almennt en hafa ekki beint sjónum sínum nægilega að jafnréttismálum. Í báðum tilfellum stigu forsvarsmenn stofnananna fram með áætlanir um að styrkja verulega vinnu sína að jafnrétti kynjanna og má segja að þar hafi samkeppni um ábyrgð haft jákvæð áhrif á framgang jafnréttismála.

Eitt af stærri verkefnum UNIFEM næsta árið lýtur að stuðningi við stjórnvöld til þess að framfylgja jafnréttislögunum og koma á laggirnar stofnunum þeim og nefndum sem vinna eiga að jafnrétti á öllum stigum stjórnkerfisins.

Eins og áður sagði heyrir oft það viðhorf að nú sé ekki rétti tíminn til þess að vinna að jafnréttismálum, að mun mikilvægari þættir í samfélagi sem verið er að endurbyggja eftir átök gangi fyrir. Árangurinn sem náðst hefur í jafnrétti kynjanna á síðustu árum vegur þó þungt á móti þessu viðhorfi og sýnir að það er mjög mikilvægt og árangursríkt að samþætta jafnrétti kynjanna almennri lýðræðisþróun og uppbyggingu samfélaga eftir átök. Fjöldi kvenna sem starfar til að mynda sem dómamar (25%), saksóknarar (17%) og lögreglumenn (15%) eru til merkis um það. ■

### Myndir

Bls. 46: Jafnréttisáætlun Kósóvó var kynnt opinberlega sl. haust í Pristína. Á myndinni sjást (frá vinstri) Sidi M. Boubacar, forsvarsmáður skrifstofu Alþjóðabankans í Kósóvó, Bajram Rexhepi, forsætisráðherra Kósóvó, Osnat Lubrani, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu UNIFEM fyrir Mið- og Austur-Evrópu, og Pascal Fieschi, yfirmaður skrifstofu ÖSE í Kósóvó. Ljósmynd: Bjarney Friðriksdóttir.

Efst t.v. bls. 47: Serbnesk kirkja í Peja í Kósóvó eftir sprengingu. Ljósmynd: Lorin Lopotinsky.

Efst t.h. bls. 47: Heimilissrusl liggur víðsvegar um götur Pristína eins og sést á myndinni. Upphirða sorps hefur að miklu leyti legið niðri um og eftir stríð og er algengt að það sé brennt í tunnum á götum úti. Ljósmynd: Lorin Lopotinsky.

**Þrátt fyrir flókið stjórnkerfi og ýmislegt sem hamlar framþróun í enduruppbyggingu héraðsins hafa orðið miklar framfarir í jafnréttismálum á síðustu fimm árum. Þetta er ekki síst tilkomið fyrir elju mannréttindasamtaka kvenna, en þau eru álitin sterkasti hópur borgaralegs samfélags í Kósóvó.**





## Jafnréttissjónarmið skortir

# Í íslensku friðargæslunni

Úr rannsókn á samþættingu jafnréttissjónarmiða í íslensku friðargæslunni

**Birna Þórarinsdóttir**, stjórn málafræðingur og nýráðin framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, hefur á undanföllum mánuðum unnið að rannsókn á samþættingu jafnréttissjónarmiða í íslensku friðargæslunni. Hér reifar Birna helstu niðurstöður rannsóknarinnar og þróun íslensku friðargæslunnar síðustu ár með tilliti til kynjasjónarmiða. Rannsóknin er unnin fyrir UNIFEM á Íslandi og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum fyrir tilstyrk utanríkisráðuneytisins.

Starfsemi íslensku friðargæslunnar hefur orðið umfangsmeiri á undanföllum árum en þó hefur konum fækkað hlutfallslega á viðbragðslista gæslunnar. Auk þess hafa nú færri konur en áður tækifæri til að starfa á hennar vegum. Til að bregðast við þessari þróun þarf utanríkisráðuneytið að standa við sett markmið um jafnrétti kynjanna í starfi ráðuneytisins og uppfylla ákvæði ályktunar Öryggisráðsins nr. 1325, ályktun sem íslensk stjórnvöld hafa veitt sérstakan stuðning á alþjóðavettvangi. Nú ríður á að jafnréttissjónarmið séu samþætt starfsemi íslensku friðargæslunnar.

### Þróun síðustu ára

Íslensku friðargæslunni hefur vaxið fiskur um hrygg frá stofnun hennar í september 2001. Fyrstu árin snerist starfsemin aðallega um að senda borgaralega sérfræðinga í einstaka stöður hjá Öryggis- og samvinnu-

stofnun Evrópu (ÖSE), NATO og Sameinuðu þjóðunum (SÞ). Til að mynda hefur UNIFEM á Íslandi átt samstarf við utanríkisráðuneytið á sviði friðargæslu samfleytt frá árinu 1999 þegar Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og stjórnarkona í UNIFEM, tók við stöðu verkefnisstjóra UNIFEM í Kósóvó.

Á síðustu tveimur árum hefur íslenska friðargæslan hins vegar tekið að sér tvö umfangsmikil verkefni sem hafa haft mikil áhrif á starfsemi og yfirbragð hennar.

Áhersla á samþættingu jafnréttissjónarmiða í íslensku stjórnsýslu, sem og á vettvangi friðargæslumála, hefur farið vaxandi. Ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi, sem fjallað var ítarlega um í síðasta tölublaði tímarits UNIFEM, var samþykkt í október árið 2000 sem algert lykilskjál varðandi mikilvægi samþættingar jafnréttissjónarmiða í friðargæsluáðgerðum. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa fulltrúar íslenskra stjórnvalda haldið ályktun nr. 1325 á lofti. Meðal annars ávarpaði fastafulltrúi Íslands hjá SÞ sérstakan fund Öryggisráðsins í október í fyrra þegar samþykktar ályktunarinnar var minnst.

Markmið rannsókna um samþættingu jafnréttissjónarmiða í íslensku friðargæslunni var að draga saman þróun undanfarinna ára, vöxt íslensku friðargæslunnar annars vegar og aukna áherslu á samþættingu jafnréttissjónarmiða hins vegar. Leitast var við að varpa ljósi á starfsemi og þróun íslensku friðargæslunnar með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum og koma með tillögur að bættum starfsaðferðum til að tryggja samþættingu og eftirfylgni við ályktun nr. 1325.

Mynd til vinstri: íslenska friðargæslan tekur við yfirstórn Kabúl flugvallar, júní 2004.  
Ljósmynd: Nína Björk Jónsdóttir.

### Í takt við breyttar áherslur

Opinbera þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu má rekja allt aftur til ársins 1950 þegar tveir lögregluþjónar fóru til starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna í Palestínu. Eftir það lá starfsemin að mestu niðri framundir 1994 þegar Ísland hóf markvissa þátttöku í friðargæslu með því að senda heilbrigðisstarfsfólk til starfa til Bosníu og Hersegóvínu og lögregluþjóna til sama lands þremur árum síðar. Starfsemin varð fjölbreyttari upp úr aldamótunum þegar borgaralegir sérfræðingar, til dæmis fjölmiðlafólk, verkfræðingar og jafnréttissérfræðingar, fóru til starfa á vegum utanríkisráðuneytisins hjá ÖSE, NATO og SP.

Sú þróun var í takt við áherslur utanríkisráðuneytisins á aukna þátttöku í starfi fyrrnefndra stofnana. Fyrst var tæpt á mikilvægi aukins framlags Íslands í skýrslu um öryggis- og varnarmál frá 1993 og var sú stefna ítrekuð enn frekar í næstu skýrslu um sama efni sem kom út 1999. Árið 2000 var myndaður sérstakur vinnuhópur fjögurra ráðuneyta um þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu sem skyldi útfæra nánar tillögur sem komið höfðu fram í fyrri skýrslum. Í kjölfar skýrslu vinnuhópsins var íslenska friðargæslan stofnuð í september 2001 og komið á fót tæplega hundrað manna skrá yfir einstaklinga sem voru reiðubúnir að gefa kost á sér til friðargæslustarfa með stuttum fyrirvara.

Samsetning viðbragðslistans svokallaða tók mið af fyrri þátttöku utanríkisráðuneytisins í friðargæslu og var á listanum að finna heilbrigðisstarfsfólk, fjölmiðlafólk, verkfræðinga, stjórnmalafraeðinga, lögfræðinga, viðskiptafræðinga og hagfræðinga auk annarra borgaralegra sérfræðinga með sérmenntun og víðtæka reynslu. Í auglýsingu fyrir stofnun íslensku friðargæslunnar voru konur sérstaklega hvattar til að skrá sig á viðbragðslistann.

Fyrsta starfsárið var svipað fyrri árum, haldið var áfram að senda heilbrigðisstarfsfólk, lögregluþjóna og borgaralega sérfræðinga í stöður hjá ÖSE, NATO og SP – og síðar einnig undir merkjum norræns samstarfs á Sri Lanka. Starfsemin tók þó mikilvægum breytingum haustið 2002 þegar samningar náðust um að íslenska friðargæslan tæki að sér rekstur flugvallarins í Pristína í Kósóvó. Verkefnið þótti um margt nýstárlegt. Þetta var í fyrsta sinn sem smáþjóð tók að sér rekstur á verkefni á vegum NATO og sú sérþekking sem það krafðist var nýjung hjá íslensku friðargæslunni.

Rekstur flugvallarins heppnaðist þó með ágætum og störfuðu þegar mest var 15 Íslendingar á flugvöllinum en undir þeirra stjórn voru tæplega 200 hermenn frá 13 þjóðum. Tvær konur voru í hópi þeirra 18 Íslendinga sem störfuðu við flugvöllinn. Flugvöllurinn í Pristína var afhentur yfirvöldum Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó í apríl 2004 en þá hafði þegar verið gengið frá samningum um rekstur íslensku friðargæslunnar á enn stærri flugvelli, alþjóðaflugvöllinum í Kabúl í Afganistan, sem formlega var tekið við í júní 2004.

Kabúl-verkefnið er mun umfangsmeira og flóknara en reksturinn í Pristína. Í Kabúl leggja Íslendingar til 17 af rúmlega 300 stöðugildum sem þarf til að reka flugvöllinn, þ.m.t. flugvallarstjórnann en undir honum starfar rúmlega 900 manna herlið frá 24 löndum. Íslendingarnir sinna flestir flugumferðarstjórn, slökkviliðsstörfum og öryggismálum. Á sérstökum 50 manna viðbragðslista fyrir Kabúl-verkefnið er einungis ein kona.

Síðan tekið var við rekstri flugvallarins í Pristína og síðar í Kabúl, hafa seglin verið dregin saman á öðrum stöðum. Um mitt ár 2004 voru einungis að störfum tveir lögreglumenn og ein fjölmiðlafulltrúi í Bosníu og Hersegóvínu, jafnréttisfulltrúi UNIFEM og fjölmiðlafulltrúi í Kósóvó og tveir borgaralegir sérfræðingar á Sri Lanka. Á sama tíma störfuðu um 17 Íslendingar við flugvöllinn í Kabúl.

### Breytingar á viðbragðslistanum

Breytingum á starfsemi íslensku friðargæslunnar hefur vissulega fylgt nokkur breyting á viðbragðslista hennar. Árið 2001 skipuðu karlar 62% viðbragðslistans en 38% voru konur. Þremur árum síðar hafði konum fækkað úr 38% í 28% og samsetning viðbragðslistans eftir sérþekkingu var önnur. Fækkað hafði í öllum flokkum (mest í flokki viðskipta- og hagfræðinga, úr 17% í 8%) nema í flokki verkfræðinga og tækni-

**„Stefnumótun friðargæslunnar hefur nánast einvörðungu verið í höndum karla. Verkefnaval hefur á síðustu misserum leitt til hlutfallslegrar fækkunar kvenna bæði á viðbragðslistanum og meðal útsendra friðargæsluliða og ekki verið nægilega litið til áhrifa verkefnanna á jafnrétti kynjanna í viðkomandi landi. Loks vantar alla jafnréttisfræðslu fyrir friðargæsluliða og þá sem annast stefnumótun friðargæslunnar.“**



**Margaretha**  
Póstverslun fyrir hannyrðavini

**Þantið frítt eintak!  
533 5444**

Sími: 533 5444  
Netfang: altex@altex.is  
Veffang: altex.is





Íslenskur friðargæsluliði við sprengjuleit í Írak. Ljósmynd: Davíð Logi Sigurðsson.

**Til að samþætta jafnréttissjónarmið starfi og stefnu íslensku friðargæslunnar þarf í fyrsta lagi að auka hlutdeild kvenna í stefnumótun friðargæslunnar því þeim mun jafnara sem hlutfall kynjanna er við stefnumótun, þeim mun líklegra er að ákvarðanir sem teknar eru endurspegli hagsmuni beggja kynja.**

menntaðra þar sem hlutfallið hækkaði úr 18% í 27%. Þessi hækking er ekki hvað síst merkileg í ljósi þess að hlutfall kvenna er lægst í þeim flokki, eða einungis 5%. (sjá töflu 1)


Á sama tíma hafði konum einnig fækkað hlutfallslega af þeim sem fóru út á vegum íslensku friðargæslunnar. Árin 2001–2003 fækkaði konum hlutfallslega úr 30% í 24% útsendra starfsmanna. Fyrstu sex mánuði ársins 2004 voru einungis þrjár konur í hópi þeirra 22 sem höfðu farið út til starfa á þeim tíma, eða 14% af heildarfjölda starfsmanna á vettvangi. (Sjá töflu 2)

### Sambætting jafnréttissjónarmiða

Á sama tíma og þátttaka Íslands í alþjóðlegri friðargæslu hefur aukist hefur, eins og fyrr segir, áhersla á sambættingu jafnréttissjónarmiða farið vaxandi sem aðferð til að ná fram jafnrétti karla og kvenna. Þá er jafn-

rétti kynjanna gert að grundvallarforsendu stefnumótunarinnar og jafnréttissjónarmið þannig fléttuð inn í stefnumótunina á öllum stigum. Hér á landi hefur sambætting verið leiðarljós framkvæmdaáætla ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynjanna frá 1998 og var sú áhersla styrkt enn frekar við endurskoðun áætlunarinnar 2002. Utanríkisráðuneytið hefur m.a. sett sér markmið um sambættingu jafnréttissjónarmiða í alþjóðastarfi, jöfnun hlutar karla og kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins, í stöðuveitingum hjá alþjóðastofnunum og við ráðningar nýs starfsfólks hjá ráðuneytinu. Markmiðin hafa einungis komist að hluta til framkvæmda fram til þessa. Utanríkisráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á að tryggja að samþykktum alþjóðastofnana sem taka á mannréttindabrotum sem beinast sérstaklega gegn konum og stúlkum verði fylgt eftir af íslenskum stjórnvöldum. Á þetta ekki hvað síst við um ályktun nr. 1325 um konur, frið og öryggi sem inniheldur ítarleg ákvæði um sambættingu jafnréttissjónarmiða í átökum, friðargæslu og friðaruppbyggingu.

**Viðbragðslisti íslensku friðargæslunnar í janúar 2004**



**Tafla 1**

### Helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta


Nokkurt tillit hefur verið tekið til jafnréttissjónarmiða í starfsemi og stefnu íslensku friðargæslunnar en ekki er hægt að fullyrða um að þau séu fyllilega samþætt stefnumótuninni. Konur hafa frá upphafi verið hvattar til að skrá sig á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar. Til dæmis var haldinn sérstakur fundur með Félagi lögreglukvenna árið 1999 en konur eru 17% lögreglumanna á viðbragðslistanum og 10% þeirra sem hafa farið til starfa erlendis. Þá skiptir stuðningur við UNIFEM í Kósóvó miklu en starfið þar miðar að bættum kjörum og styrkari stöðu kvenna í héraðinu.

Aftur á móti hefur stefnumótun friðargæslunnar nánast einvörðungu verið í höndum karla, verkefnaval á síðustu misserum leitt til hlutfallslegrar fækkunar kvenna bæði á viðbragðslistanum og meðal útsendra friðargæsluliða og ekki verið nægilega litið til áhrifa verkefnanna á jafnrétti kynjanna í viðkomandi landi. Loks vantar alla jafnréttisfræðslu handa friðargæsluliðum og fyrir þá sem annast stefnumótun friðargæslunnar.

Til að samþætta jafnréttissjónarmið starfi og stefnu íslensku friðargæslunnar þarf í fyrsta lagi að auka hlutdeild kvenna í stefnumótun friðargæslunnar því þeim mun jafnara sem hlutfall kynjanna er við stefnumótun, þeim mun líklegra er að ákvarðanir sem teknar eru endurspegli hagsmuni beggja kynja. Við verkefnaval þarf að huga að sérþekkingu þeirra sem skráðir eru á viðbragðslistann og tryggja að þátttaka kvenna í friðargæslu aukist á komandi árum í stað þess að minnka eða standa í stað. Einnig þarf að huga að áhrifum verkefnanna á jafnrétti kynjanna í viðkomandi landi og að tryggja að þau hafi jákvæð áhrif á stöðu og lífskjör karla og kvenna. Síðast en ekki síst þarf að veita friðargæsluliðum og ábyrgðarmönnum íslensku friðargæslunnar fræðslu í jafnréttismálum og sambættingu jafnréttissjónarmiða því fræðsla er forsenda þess að sambætting beri árangur og að henni sé viðhaldið.

Ofangreind atriði, aukinn hlutur kvenna við stefnumótun, aukin þátttaka kvenna í alþjóðastarfi, jafnréttisfræðsla og áhrif verkefna á jafnrétti kynjanna, er öll að finna í markmiðum utanríkisráðuneytisins um jafnrétti kynjanna í starfi ráðuneytisins og í ályktun 1325 sem ríkisstjórnin hefur veitt sérstakan stuðning. Nú stendur það upp á íslensku friðargæsluna að samþætta jafnréttissjónarmið í öllu sínu starfi og stefnu. ■

**Hlutföll karla og kvenna á vettvangi friðargæslunnar 2001-2004**



**Tafla 2**

Náttúruleg þægindi  
fyrir konur



Natracare dömubindin eru  
unnin úr lífrænt ræktaðri  
bómull sem gerir þau bæði  
náttúruvæn og þæginnleg  
fyrir húðina.


Nú í nýjum pakkningum

náttúrulegu  
**natracare**<sup>®</sup>  
dömubindin









## Mannréttindi kvenna og ofbeldi gegn konum

Eitt af þremur meginmarkmiðum UNIFEM er að stuðla að því að mannréttindi kvenna séu virt og að hvers konar ofbeldi gegn konum verði afnumið. Þetta á bæði við um tilraunir til að berjast gegn ofbeldi gegn konum sem og tilraunir til að auka skilning og þekkingu almennings á jafnréttissjónarmiðum tengdum alnæmi og áhrifum sem sjúkdómurinn hefur á stöðu og réttindi kvenna





**Þriðja  
hver kona  
í heiminum verður  
fyrir einhvers konar  
kynbundnu ofbeldi  
um ævina**

„Þeir vita að hún

**getur ekki sagt NEI“**

Um ofbeldi gegn konum

Við búum í heimi þar sem fjórða hver kona verður fyrir heimilisofbeldi, kynjamsrétti hefst í móðurkviði og mansal er arðvænleg búgrein. Þó eru aðeins rúm 20 ár síðan alþjóðleg umræða um ofbeldi gegn konum hófst fyrir alvöru. **Kristín Ástgeirsdóttir** sagnfræðingur fjallar um kynbundin valda-hlutföll, skuldbindingar ríkja og þátttöku karla í að draga úr ofbeldi gegn konum og stúlkum.

#### Þriðja hver kona verður fyrir ofbeldi

Samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna verður þriðja hver kona í heiminum fyrir einhvers konar kynbundnu ofbeldi um ævina. Fjórða hver kona í heiminum býr við heimilisofbeldi. Þetta eru ógnvænlegar tölur en athygli vekur að það er nánast sama hvert land er, tíðni ofbeldis gegn konum er afar svipuð. Ofbeldi gegn konum er alþjóðlegt fyrirbæri sem kallar á stöðugar rannsóknir og greiningu til að hægt sé að átta sig á breytingum. Þó er vitað að vissar aðstæður, svo sem stríðsögn, vopnuð átök og eftirleikur styrjalda, ýta mjög undir ofbeldi gegn konum.

Á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn árið 1980 hófst alþjóðleg umræða um ofbeldi gegn konum fyrir alvöru. Til þess tíma hafði sjónum verið beint að einstökum þáttum þess ofbeldis sem konur urðu fyrir, svo sem nauðgunum, en aðrar myndir þess, eins og heimilisofbeldi, voru enn á bannsvæði og taldar einkamál. Í Kaupmannahöfn var málið rætt og vakti mikla athygli, ekki síst fregnir um umskurð á stúlkubörnum í Afríku, en það voru nýjar fréttir fyrir konur Vesturlanda. Fæstum var þó ljóst hve víðfemt og alvarlegt ofbeldi gegn konum var.

Þegar Sameinuðu þjóðirnar boðuðu til nýrrar kvennaráðstefnu í Nairobi í Kenýa fimm árum síðar var ofbeldi gegn konum orðið aðal-málið og það hefur verið efst á blaði kvennaráttu um allan heim síðan. Í nýlegri könnun sem gerð var í Bandaríkjunum voru konur spurðar hvaða mál væri þeim mikilvægast þar í landi. Svarið var ofbeldi gegn konum. Niðurstaðan var sú sama og fyrir tíu árum. Baráttan gegn ofbeldi sem konur verða fyrir skipar stóran sess í stefnuskrá UNIFEM

sem stofnaði sérstakan verkefnasjóð gegn kynbundnu ofbeldi árið 1996. Í ávarpi Noleen Heyzer, framkvæmdastjóra UNIFEM, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars sl. kom fram að 45 ríki heims hafa nú sett sérstaka löggjöf um heimilisofbeldi og 21 ríki til viðbótar undirbýr slíka löggjöf. Því miður er Ísland ekki í þeim hópi. Sérstaklega má benda á lög sem Svíar settu árið 1999 um öryggi kvenna (kvinnofrid) en þau hafa vakið mikla athygli og ekki síður lög sem gera kaup á vændi refsiverð. Svíar skilgreina vændi sem hluta af því ofbeldi sem konur eru beittar.

#### Einkenni ofbeldis gegn konum

Sífelld koma fram nýjar hliðar ofbeldis gegn konum eða kannski væri réttara að segja að umræðan nái til æ fleiri sviða sem áður mátti vart nefna. Þetta eru svið eins og kynbundið ofbeldi á átaksvæðum, vændi og mansal, sem virðast því miður sífelld fara vaxandi, og tengsl þessara tegunda ofbeldis við klámframleiðslu og glæpi. Þá hafa skilgreiningar á ofbeldi gegn konum verið að breytast og þróast þótt ekki séu allir sam-mála um þær.

Greina má ýmis einkenni á ofbeldi gegn konum. Ofbeldi getur ýmist verið líkamlegt eða andlegt og átt sér stað innan eða utan dyra. Gerandinn er í langflestum tilfellum karlmaður (karlmenn), ýmist þekktur eða óþekktur. Þetta á við um allar tegundir kynferðisofbeldis. Nauðganir eiga sér mjög oft stað í vinahópum en þær gerast einnig með því að ókunnur maður ræðst á konu og hefur oft valið fórnarlambið og fylgst með því um skeið. Dr. Diana Russell sem rannsakað hefur ofbeldi gegn konum um árabil hefur ekki síst beint sjónum að því hve margar konur eru myrtar í kjölfar nauðgunar, t.d. í Bandaríkjunum, og morðinginn er ókunnur. Russell segir slíkum morðum fara fjölgandi og talar um faraldur sem hún tengir bakslagi í kvennabaráttu, kvenfyrirlitningu og jafnvel kvenhatri.

Kynferðislegt ofbeldi og misnotkun á börnum lýtur einnig sömu lög-málum. Gerandinn ýmist þekkir þau, er oftast innan fljölskyldu, eða er ókunnur, t.d. ferðamenn eða klámframleiðendur sem kaupa börn til þess að misnota þau í ákveðinn tíma. Ofbeldi hermanna, fangavarda og lög-reglu gegn konum er yfirleitt því marki brennt að gerandinn er ókunnur eða ótengdur konunni. Sama gildir um vændi sem ég tel til ofbeldis og

eru leifar af umfangsmiklu þrælahaldi og fátækt sem einkenni Vesturlönd allt fram á 19. öld. Þær aðstæður eru enn til staðar víða í heiminum. Heimilisofbeldi á sér aftur á móti stað innan fjölskyldu og þar geta aðrir átt þátt en maki þótt það sé algengast.

### Stúlkubarnið

Þegar líða tók á áttunda áratuginn tóku fræðikonur innan kynjafræða (sem þá voru kölluð kvænnafræði) að gera sér grein fyrir því að til þess að skilja og greina stöðu kvenna varð að skoða líf þeirra frá vöggu til grafar. Mótun kvenna (og auðvitað karla) hefst í frumbersku. Það var þó ekki fyrr en á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995 sem sú umræða skilaði

**Í ávarpi Noleen Heyzer, aðalframkvæmdastýru UNIFEM, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars sl. kom fram að 45 ríki heims hafa nú sett sérstaka lög-gjöf um heimilisofbeldi og 21 ríki til viðbótar undirbýr slíka löggjöf. Því miður er Ísland ekki í þeim hópi.**

sér inn í alþjóðastofnanir og kafla komst inn í samþykkt ráðstefnunnar um stúlkubarnið. Sú viðbót varð einmitt til vegna þess að árin þar á undan höfðu rannsóknir og umræða í kjölfarið opnað augu fólks fyrir því hve kynferðisleg misnotkun á börnum, sérstaklega stúlkubörnum, var útbreidd. Þarna réðu einnig upplýsingar um markvissa eyðingu á kvenkyns fósturum í löndum eins og Kína og Indlandi, útburð á stúlkubörnum og sölu á þeim í þrældóm, ekki síst til annarra landa, þaðan sem þær áttu ekki afturkvæmt. Kynjamisréttið og ofbeldi gegn konum og stúlkubörnum hófst því í móðurkviði í samfélögum sem mátu stúlkubörn mun minna en drengi. Undanfarin ár höfum við fengið að heyra og lesa margar sögur kvenna sem ýmist voru umskornar, átti að þvinga í hjónaband á unga aldri, voru seldar í ánauð eða beittar kynferðislegu ofbeldi að ógleymdum „heiðursmorðum“ sem eru flókið menningarlegt fyrirbæri sem tíðkast einkum meðal múslima. Í Evrópu hefur verið komið upp um hvern barnaklámhringinn á fætur öðrum og náðst til fjölmarga barna-níðinga sem hafa misnotkun og morð á börnum á samvisku sinni. Það er eitt af einkennum okkar tíma hve kynferðisleg misnotkun á drengjum er að koma upp á yfirborðið.

### Ofbeldi á átakatímum

Öldum saman hafa herir og sigurvegarar í styrjöldum sýnt vald sitt með því að nauðga konum á svæðum þeirra sem þeir skilgreindu sem „óvini“ en voru jafnan sárasklaust fólk sem varð á vegi þeirra. Konur báru harm sinn í hljóði og þótti best að bera ekki slíka reynslu á torg. Það er fyrst nú, rúmri hálfri öld síðar, sem konur í Þýskalandi þora að tala um nauðganir sem þær urðu fyrir er herir Bandamanna hertóku Þýskaland. Það er sjaldnast fjallað um glæpi sigurvegaranna, þeir ráða orðræðunni og túlka atburðarásina.

Í kjölfar styrjaldanna í Rúanda og Bosníu hófst umræða um stríðsglæpi gegn konum fyrir alvöru en á báðum þessum svæðum var skipulögðum nauðgunum beitt sem vopni. Konum í Rúanda var markvisst nauðgað til að smita þær af alnæmi, þannig að afleiðinganna mun gæta í áratugi. Í Bosníu var konum smalað saman í búdir þar sem þeim var nauðgað aftur og aftur þar til þær urðu barnshafandi. Fyrir múslimskar konur var slíkt óbærileg niðurlæging (eins og auðvitað fyrir allar konur), þær áttu á hættu að verða útskúfað ef upp kæmist og því skildu þær börnin oft eftir. Litlum sögum fer af örlögum þessara barna.


Í skýrslu Elisabeth Rehn og Ellen Johnson Sirleaf sem þær unnu fyrir UNIFEM og kom út árið 2002 er dregin upp nóturleg mynd af ofbeldi gegn konum á þeim 14 áttaskvæðum sem þær heimsóttu. Alls staðar mætti þeim sama sagan. Konur settu nauðgunum og voru neyddar til að stunda vændi, iðulega sem fangar hermanna. Elisabeth Rehn sagði frá því að ungu stúlkurnar sem hún ræddi við í Sierra Leone hefðu sagt að þær ættu enga framtíð en vonandi tækist þeim að tryggja börnum sínum betra líf.

Nú hefur tekist að fá nauðgun viðurkennda í alþjóðalögum sem stríðsglæp og í fyrsta sinn er verið að draga karla fyrir stríðsglæpadómstóla til að taka afleiðingum þess ofbeldis sem þeir beita konur.

### Mansal, vændi og þrælahald

Á kvennaráðstefnunni í Kína árið 1995 komst umræða um mansal á dagskrá. Mönnum var því rétt að verða ljóst hvílíkt vandamál þar var á ferð. Frá því að Sovétríkin féllu og Austur-Evrópa opnaðist hafa hundruð þúsunda kvenna

**„Öldum saman hafa herir og sigurvegarar í styrjöldum sýnt vald sitt með því að nauðga konum á svæðum þeirra sem þeir skilgreindu sem „óvini“ en voru jafnan sárasklaust fólk sem varð á vegi þeirra. Konur báru harm sinn í hljóði og þótti best að bera ekki slíka reynslu á torg. Það er fyrst nú, rúmri hálfri öld síðar, sem konur í Þýskalandi þora að tala um nauðganir sem þær urðu fyrir er herir Bandamanna hertóku Þýskaland. Það er sjaldnast fjallað um glæpi sigurvegaranna, þeir ráða orðræðunni og túlka atburðarásina.“**







Feðgin á Taiposam, árlegri trúarhátíð hindúatrúaðra Indverja í Kúala Lumpur, höfuðborg Malasíu. Ljósmynd: Hrund Gunnsteinsdóttir.

verið flutt milli landa til kynlífsþrælkunar, einkum innan Evrópu. Þessi straumur tengist glæpastarfsemi og er einn angi þess ofbeldis sem konur mega sæta. Mansal er þó alls ekki bundið við Evrópu heldur er fólk selt mansali frá Asíu og Suður-Ameríku í stórum stíl, einkum til Bandaríkjana. Vændi og aðrar tegundir kynlífsþrælkunar eru þó aðeins annað megineinkennið á mansali sem hefur vaxið um allan heim. Þúsundir kvenna, karla og barna eru fluttar milli landa til vinnu þar sem réttindi eru lítil sem engin og oft um hreint þrælshald að ræða. Það er afar umhugsunarvert hvers vegna karlar láta sér sæma að kaupa vændi yfirhöfuð, ekki síst þegar í hlut á mállaus og varnarlaus stúlka frá fjarlægum landi. Eins og sagt var á Nordisk Forum í Finnlandi í ágúst sl.: „Þeir vita að hún getur ekki sagt NEI, þeir hafa hana á valdi sínu og geta beitt hana valdi.“ Enn athyglisverðara er að fólk, ekki síst á Vesturlöndum, skuli halda heimilisþræla, konur sem oft mega sæta kynferðislegri misnotkun ofan á innlokun og langan vinnudag. Þetta er ótrúleg þróun tæpum 150 árum eftir að þrælshald var bannað í Bandaríkjunum.

### Heimilisofbeldi

Nýlega boðaði nýskipaður forsætisráðherra Spánar til herferðar gegn heimilisofbeldi í landi sínu og benti á að fjöldi kvenna léti lífið af völdum ofbeldis maka eða sambýlismanna ár hvert. Ofbeldi gegn konum væri þjóðarskömm. Á Nordisk Forum ráðstefnunni kom fram að um 14.000 konur deyja ár hvert í Rússlandi vegna ofbeldis maka. Þetta eru hrikalegar tölur og var fátt um skýringar hjá rússneskum konum sem þar voru. Ljóst er að erfitt efnahagsástand, mikið atvinnuleysi, rötgróinn drykkjuskapur og afstaða til kvenna eiga hlut að máli. Eins og áður hefur komið fram er heimilisofbeldi mjög útbreitt, hvort sem lítið er til Svíþjóðar eða Simbabwe eru orsakir og einkenni þau sömu. Munurinn felst í því hverra kosta konur eiga vól. Afar brýnt er að þróa aðferðir til að rannsaka heimilisofbeldi því það er oft dulið og erfitt að nálgast bæði gerendur og fórnarlömb.

### Hvað er til ráða?

Innan kynjarannsóknna velkjast fræðimenn ekki í vafa um að megin-skýringanna á ofbeldi gegn konum sé að leita í kynbundnum valdahlutföllum sem einkenna samfélög okkar, þar sem staða karla er yfirskipuð, kvenna undirskipuð. Kynjamisrétti er innbyggt í samfélög okkar og ofbeldi er iðulega beitt til að viðhalda því valdi, ýmist sýnilegu eða ósýnilegu. Misréttið hverfur ekki af sjálfu sér, markvissar aðgerðir þarf til að kveða það niður. Karlarannsóknir hafa leitt í ljós að uppeldi karla gengur út á að viðhalda valdi karla eða eins sagt var á Nordisk Forum: „Karlar taka sem sjálfsgöðum hlut að þeir séu æðri og eigi að hafa völd.“ Þjóðfélagsbreytingar, kvennabaráttan og aukin réttindi kvenna ógna þessu valdi.

Eins og áður er nefnt hefur ofbeldi gegn konum tíðkast um aldir. Það hafa alltaf verið til konur sem rísa upp en eru þvingaðar með valdi til að hlíða reglum feðraveldisins. Við höfum því miður engan samanburð við fyrri tíma og því er erfitt að segja til um hvort ofbeldi gegn konum hefur aukist. Hitt er víst að það hefur orðið æ sýnilegra og er nú til umræðu. Fræðimenn hafa einnig bent á að sumir karlar bregðist við valdaleysi sínu í heimi karla með því að beita konur eða börn ofbeldi. Því er mikilvægt að skilja valdauppbyggingu þjóðfélagsins og breyta henni ef takast á að draga úr og útrýma ofbeldi gegn konum.

„Þá er mikilvægt að efla rannsóknir og auka þekkingu en ekki síður að kvennahreyfingar og nýjar hreyfingar karla sem berjast gegn karlaofbeldi herði róðurinn, krefjist lagabreytinga og vinni markvisst að breytingum á rót vandans, karlstýrðu valdakerfi. Aðeins þannig mun ofbeldi gegn konum heyra sögunni til.“

Á undanförunum árum hefur ýmsum aðferðum verið beitt í baráttunni gegn ofbeldi sem konur sæta. UNIFEM leggur mikla áherslu á bætt laga-umhverfi og að yfstrustu reglum sé beitt til að vernda fórnarlömb ofbeldis, til að refsa og reyna að aðstoða menn sem beita konur og börn ofbeldi ef það er hægt. Fræðsla fyrir lögreglu, dómara og aðra þá sem koma að ofbeldismálum er afar mikilvæg og ekki síður að konur séu þar alls staðar

**Innan kynjarannsóknna velkjast fræðimenn ekki í vafa um að megin-skýringanna á ofbeldi gegn konum sé að leita í kynbundnum valdahlutföllum sem einkenna samfélög okkar, þar sem staða karla er yfirskipuð, kvenna undirskipuð. Kynjamisrétti er innbyggt í samfélög okkar og ofbeldi er iðulega beitt til að viðhalda því valdi, ýmist sýnilegu eða ósýnilegu.**

í fleti fyrir. Körlum hefur víða verið boðið upp á meðferð en tvennum sögum fer af árangri. Kvennaathvörf risu upp víða um heim til að skapa konum skjól en nú er víða lögð áhersla á að ofbeldisseggurinn sé fjarlægður og að kona og börn haldi heimili sínu og njóti verndar. Slík mál eru þó afar flókin og ótrúleg heift sem einkennir mörg ofbeldismál. Má þar vísa til tveggja bóka Lisu Marklund um konu sem varð að flýja Svíþjóð vegna stöðugra ofsókna fyrrum eiginmanns. Sænsk yfirvöld reyndust ófær um að vernda hana og ekki tiltæk nægjanlega traustar aðferðir (eða skilningur?) til að halda mannum á mottunni.

### Hegðun karla loks komin á dagskrá

Lagaumhverfið hefur breyst verulega í Evrópu hvað varðar kynferðislega misnotkun á börnum og refsingar verið hertar. Víða er unnið að því að gera fólk meðvitað um einkenni sem birtast hjá börnum sem búa við misnotkun. Á stórum svæðum í heiminum er kynferðislegt ofbeldi gegn börnum þó enn tabú sem ekki má ræða. Þá hefur sjónum verið beint að þjálfun hermanna og lögreglu, ekki síst eftir að farið var að senda alþjóðlegar hersveitir út um allan heim til friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Því miður hafa þær kallað á vafasama starfsemi í kringum sig, t.d. vændi og mansal.

Á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í mars sl. var staða karla og hlutverk þeirra í jafnréttisumræðunni til umræðu. Karlafræðin eru loks að ná þar inn fyrir dyr og hegðun karla komin á dagskrá hjá þessari alþjóðastofnun sem getur svo sannarlega haft áhrif á stöðu kvenna í heiminum. Við erum sífellt að ná nýjum áföngum í baráttunni. Þá er mikilvægt að efla rannsóknir og auka þekkingu en ekki síður að kvennahreyfingar og nýjar hreyfingar karla sem berjast gegn karlaofbeldi herði róðurinn, krefjist lagabreytinga og vinni markvisst að breytingum á rót vandans, karlstýrðu valdakerfi. Aðeins þannig mun ofbeldi gegn konum heyra sögunni til. ■

### Heimildir og itarefni

Rehn, Elisabeth og Johnson Sirleaf, Ellen. (2002). *Women, War, Peace: The Independent Experts' Assessment*. New York: UNIFEM.

„Maður lítur þér nær.“ Grein eftir Kristínu Ástgeirsdóttur í Morgunblaðinu, 8. maí 2004.

Ávarp Noeleen Heyzer 8. mars 2004

www.unifem.org



# Alnæmi og konur

Af líffræðilegum og félagslegum ástæðum snertir alnæmi konur að mörgu leyti á annan hátt en karla. Þetta á sérstaklega við um þróunarlöndin. Þeim löndum þar sem alnæmi er hvað mest útbreitt stendur alvarleg ógn af faraldrinum í efnahagslegum skilningi. **Hólmfríður Anna Baldursdóttir**, skrifstofustjóri Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna, fjallar um áhrif alnæmis á konur og samfélög í þróunarlöndum.

Fyrir nokkrum árum reyndi Nyaradzo Makambanga að fara frá eiginmanni sínum. Hann var í tygjum við aðrar konur og kom sjaldan heim til að sinna henni og fjórum börnum þeirra. Hún hugsaði lengi um það hvernig hún gæti farið frá honum, en það reyndist enn erfiðara en hún reiknaði með.

Fjölskylda hennar þvertók fyrir að leyfa henni að fara því þau höfðu ekki efni á að skila „Lobola“, eða brúðarverðinu sem eiginmaður hennar hafði borgað fyrir hana. Ef hún færi myndi fjölskylda hennar ekki taka við henni og hún gæti aldrei séð fyrir sér og börnum sínum sjálf. Nyaradzo fór því hvergi og mátti þola andlegt og líkamlegt ofbeldi af hendi eiginmanns síns ef hún nefndi framhjáhaldið einu orði.

Heimilislífið gekk svona í nokkur ár. Nyaradzo var ofurseld valdi eiginmannsins og lifði bara fyrir einn dag í einu. Skyndilega fann hún hvernig þróttur hennar varð minni og fljótlega upp frá því veiktist hún alvarlega. Eiginmaður hennar sagði henni að hypja sig og neitaði að borga fyrir lækniþjónu. Nyaradzo hélt hún myndi deyja. „Ég var eyðilögð. Vonir mínar voru endanlega orðnar að engu. Ég hélt ég myndi deyja og yfirgefa börnin mín,“ rifjar hún upp. Að lokum féllst bróðir hennar á að greiða fyrir lækniþjónunina.

Hún eyddi þremur mánuðum á spítalanum þar sem hún greindist HIV-jákvæð. Nyaradzo komst að því að hún var ekki eina konan sem svona var ástatt um í litla þorpinu í Zimbabve, þar sem hún bjó. Saga Nyaradzo er dæmigerð fyrir sögu milljóna kvenna í Afríku og víðar í heiminum þar sem alnæmi hefur gert líf kvenna enn erfiðara.

## Konum fjölgar í hópi alnæmissmitaðra

Áætlað er að yfir 20 milljónir manna hafi látist af völdum alnæmis síðan fyrsti einstaklingurinn var greindur með sjúkdóminn árið 1981. Árið 2003 greindust 5 milljónir manna HIV-jákvæðar, en það er hæsta tala nýsmíðra síðan sjúkdómsins varð fyrst vart. Árið 2001 voru 35 milljónir manna HIV-jákvæðar og árið 2003 var talan komin upp í 38 milljónir. Sama ár dóu nær 3 milljónir af völdum sjúkdómsins. Vandamálið er því gríðarlegt, en það sem vekur áhyggjur margra er hvernig sjúkdómurinn snertir konur.

Á síðustu árum hefur konum fjölgað í hópi HIV-jákvæðra. Nefna má sem dæmi að af þeim nær 5 milljónum sem greindust árið 2002 var helmingur ungt fólk á aldrinum 15–24 ára, og af þeim voru tveir þriðju ungar konur. Í löndum sunnan Sahara í Afríku eru ungar konur fimm sinnum líklegri en ungir menn til að smitast. Í lok árs 2003 voru konur 50% allra HIV-smitaðra í heiminum og í löndum sunnan Sahara eru konur 57% af öllum fullorðnum einstaklingum sem hafa smitast.

Ef litið er til allrar heimsbyggðarinnar hefur hlutfall nýsmíðra kvenna hækkað úr 41% í 47% á aðeins þremur árum. Alnæmi herjar því í síauknum mæli á konur. En áhyggjuefnið er fleiri.

Alnæmisfaraldurinn snertir konur á svo margan hátt. Þær eru líklegri en karlar til að smitast og þrátt fyrir að konur sinni sjúkum og deyjandi fá þær síður lífsnauðsynlega lækniþjónu.





Ljósmyndir (frá vinstri): tælsk kona sem er smituð af HIV/alnæmi með 16 mánaða gamla dóttur sína (UNICEF/ HQ97-0233/Jeremy Horner). Hjúkrunarkona í Zambíu kennir um getnaðarvarnir (UNICEF/ HQ98-0915/Giacomo Pirozzi). Stúlka á munaðarleysingjaheimili í Francistown í Botswana, þar sem flest börnin hafa misst foreldra sína úr alnæmi (UNICEF/ HQ01-0202/Giacomo Pirozzi).

### Hvers vegna konur?

Konur eru í margfalt meiri hættu en karlmenn á að smitast af HIV-veirunni, sérstaklega í löndum þar sem misrétti kynjanna er mikið. Ástæðurnar eru nokkrar. Ofbeldi gegn konum, mansal, vændi og nauðgun – þar með taldar nauðganir innan hjónabands – setur konur og ungar stúlkur í mikla hættu gagnvart HIV-smiti. Við slíkar aðstæður hefur konan enga stjórn á því sem gerist og það er algjörlega undir karlmanninum komið hvort smokkur er notaður eða ekki. Konur hafa ekki vald til að segja nei. Þær eru hræddar við að verða beittar ofbeldi ef þær krefjast þess að eiginmaðurinn sé þeim trúur eða að karlmaður noti smokk, rétt eins og saga Nyaradzo sýnir fram á.

Vændi er mjög algengt í Afríku þar sem konur eru þvingaðar til að stunda vændi til að lifa af. Það er sérstaklega algengt í löndum þar sem HIV/alnæmi er útbreytt, stríð hefur lamað efnahag viðkomandi lands og fátækt er mikil. HIV/alnæmi hefur einnig verið beitt kerfisbundið sem vopni í stríðum þar sem konum óvinarins er nauðgað af HIV-jákvæðum karlmönnum. Stríð leiðir af sér vændi sem einnig eykur líkurnar á útbreiðslu sjúkdómsins.

Þar sem HIV/alnæmi er hvað útbreiddast hefur sjúkdómurinn ýtt undir enn meira kynbundið ofbeldi. Konur sem eru HIV-jákvæðar eru oft reknar úr vinnu, yfirgefnar af fjölskyldu sinni, fyrirlitnar af samfélaginu, beittar ofbeldi og jafnvel myrtar. Það eru konur, frekar en karlar, sem eru líklegri til að vera kennt um að viðhalda veirunni og álitnar lauslátar hafi þær smitast. Konum er þannig gert erfiðara að láta kanna hvort þær séu smitaðar og fá lækni meðferð ef þess þarf. Þær eru hræddar við neikvæðan stimpil sem fylgir því að vera HIV-smituð kona.

Í löndum sunnan Sahara, þar sem ástandið er hvað verst, er kynferðislegt ofbeldi mikið. Konur eru ekki kynferðislega fjálsar sem leiðir til aukinnar hættu á smiti. Til dæmis er litið niður á konur sem vita mikið um kynlíf og félagsleg einangrun takmarkar þekkingu þeirra á HIV/alnæmi og annarri áhættu tengdri kynlífi.

Hefðir geta einnig spilað stóran þátt í aukinni hættu kvenna á að fá HIV/alnæmi. Konur eiga helst að vera hreinar meyjar við giftingu og er kona sem stundar kynlíf fyrir hjónaband álitin „slæm“. Sums staðar, t.d. í Suður-Afríku, er talið að kynlíf með hreinni mey geti læknað menn af HIV/alnæmi og eru því margar ungar stúlkur þvingaðar til samræðis við menn sem eru HIV-smitaðir. Sums staðar í Afríku og Asíu, þar sem algengt er að ætlast sé til að konur giftist ungar, eru stúlkur þvingaðar til að stunda kynlíf þegar líkami þeirra er ekki fullþroskaður. Þá er meiri hættu á að þær fái sár og hættan á smiti eykst til muna. Umskurður getur líka aukið líkurnar á því að kona smitist, bæði við aðgerðina sjálfa og ef kynferi hennar rifna við samræði eða misnotkun.

### Umönnun sjúklinga

Alnæmi er ekki aðeins sjúkdómur heldur er farið að líta á það sem gríðarlegt samfélagslegt vandamál. Í löndum þar sem alnæmi er hvað útbreiddast má greinilega merkja lækkun á þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum. Ungt

fólk á aldrinum 20–40 ára, sem heldur efnahaginum uppi að miklu leyti, deyr og börn og eldra fólk standa eftir.

Slíkt ástand snertir konur enn verr en karla því þær eru ábyrgar fyrir störfum sem á Vesturlöndum falla undir heilbrigðis- og félagsmálakerfið. Af þeim sökum má segja að þegar konur deyja úr alnæmi í þróunarlöndum lamast stór hluti samfélagsins. Þær sjá um sjúka og aldraða, um uppeldi barna, um að sækja hreint vatn og næra fjölskylduna svo eitthvað

sé nefnt. Vinna þeirra er þó ólaunuð og ekki metin til þjóðarframleiðslu þannig að segja má að ástandið sé enn verra en tölur um þjóðarframleiðslu gefa til kynna.

Ábyrgð á umönnun sjúkra ferist milli kynslóða kvenna. Flestar þeirra hafa þó ekki næga þekkingu eða þjálfun til að annast alnæmissmitaða einstaklinga og geta því átt að smitast sjálfar.

Í mörgum tilfellum annast smitaðar konur og stúlkur aðra alnæmisjúklinga. Rannsókn UNIFEM í Zimbabve sýndi fram á að um 70% þeirra sem teknir voru úr skóla til að annast heimilið voru stúlkur. Það er einnig algeng sjón sunnan Sahara í Afríku að sjá 30–40 börn sem orðið hafa munaðarlaus vegna alnæmis í umsjá ömmu sinnar.

### Alþjóðasamfélagið og sáttmálar

Þegar litið er á vandamálin sem skapast hafa af HIV/alnæmi í heild sinni er ekki hægt að slíta úrlausn þeirra vandamála úr samhengi við stöðu kvenna í samfélögunum. Berjast verður gegn kynjamisréttinu, sem víðast hvar á sér djúpar rætur í samfélögum, til að vinna á veirunni. Í umræðum um HIV/alnæmi hefur alþjóðasamfélagið sífellt betur gert sér grein fyrir þessu. Meðal annars segir Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, í skýrslunni *Facing the Future Together* (2004), „vekja verður athygli á fleiri úrræðum sem hindra HIV-smit eins og menntun stúlkna og það að reyna að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi.“

Árið 2000 skrifuðu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna undir þúsaldar-markmið Sameinuðu þjóðanna um þróun (Millennium Development Goals, MDG) en þau kveða m.a. á um að draga úr útbreiðslu alnæmis. Í sáttmálanum um afnám misréttis gegn konum (CEDAW) frá árinu 1979 kemur m.a. fram að stjórnvöld eigi að taka mið af stöðu kvenna í baráttunni gegn HIV/alnæmi. Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig unnið að sameiginlegri áætlun gegn alnæmi og eyðni (UNAIDS) og tekur UNIFEM þátt í því starfi. Auk þess skrifuðu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna undir sameiginlega yfirlýsingu á fundi öryggisráðsins sem fjallaði sérstaklega um HIV/alnæmi í júní árið 2001, en þar segir: „kynja-jafnrétti og aukin völd kvenna eru grundvallaratriði í að draga úr veikri stöðu kvenna og ungra stúlkna gagnvart HIV/alnæmi.“ UNIFEM hvetur ríkisstjórnir til að standa við þessar yfirlýsingar og grípa til sértækra aðgerða til handa konum til að hefta útbreiðslu alnæmis. ■

### Heimildir og itarefni

www.unifem.org • www.unfpa.org  
www.unicef.org • www.genderaids.org

## Viðbrögð UNIFEM

UNIFEM starfar eftir áætlun sem leggur grunninn að þeim fjölda verkefna sem sjóðurinn styrkir og ætlað er að auka áhrif kvenna í samfélögum, koma í veg fyrir alnæmissmit og milda áhrif HIV/alnæmis á konur. Áætlunin hefur sex meginmarkmið:

- 1** Að hafa áhrif á löggjafarvald og stefnumótun með því að taka mið af alþjóðlegum sáttmála um afnám misréttis gegn konum (CEDAW) og auka þannig jafnrétti kynjanna og völd kvenna og draga úr neikvæðum viðhorfum sem HIV-smitaðar konur, og konur sem eiga á hættu að smitast, þurfa að glíma við.
- 2** Að sýna fram á að kynjamiðuð þróunarverkefni geta skapað grundvöll til að bæta forvarnir gegn HIV/alnæmi, og meðferð og umönnun smitaðra sem bæði dregur úr áhrifum faraldursins og breytir félagslegum tengslum milli kynjanna.
- 3** Að efla þátttöku eyðnismitaðra kvenna og kvenna sem eiga á hættu á að smitast í samfélaginu. Tryggja verður að þær taki þátt í ákvarðanatöku og þróun stefnu og verkefna sem snúast um HIV/alnæmi.
- 4** Að vera í samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og sjá til þess að kynjajafnrétti og mannréttindi kvenna séu samþætt öllum verkefnum, stefnumótunum og áætlunum sem snúa að HIV/alnæmi.
- 5** Að styrkja frjáls félagasamtök, stjórnvöld og stofnanir Sameinuðu þjóðanna til að þau taki tillit til kynjasjónarmiða og mannréttinda kvenna í baráttu sinni gegn HIV/alnæmi. Sérstök athygli er vakin á hlutverki kvenna sem umönnunaraðila og aðstæðum unglingsstúlkna og ungra kvenna.
- 6** Að halda áfram að standa vörð um mannréttindi kvenna og fjárhagslegt öryggi þeirra og tryggja aðgang kvenna að ákvarðanatökufærni og völdum í samfélögum sem hafa orðið illa úti vegna alnæmisfaraldursins.

### Staðreyndir um HIV/alnæmi

- Konur eru 50% smitaðra í heiminum.
- Konur eru fyrstar til að hugsa um sjúka og deyjandi, en síðastar til að fá lífsnauðsynlega læknismedferð.
- Í löndum sunnan Sahara eru konur 57% alnæmissmitaðra.
- Ungar stúlkur smitast mjög fljótt eftir að þær byrja að stunda kynlíf. Rannsókn í Zambíu sýndi fram á að 18% ungra stúlkna greindust HIV-jákvæðar á innan við ári eftir að þær misstu meydómminn.
- Að hugsa um eyðnismitaða ættingja og vini tekur 60% af tíma ungra stúlkna og kvenna sem þær eyddu áður í önnur heimilisstörf.
- Á árinu 2001 voru 35 milljónir manna með HIV/alnæmi og árið 2003 var talan komin upp í 38 milljónir. Sama ár dóu um 3 milljónir af völdum sjúkdómsins.
- Meira en 20 milljónir manna hafa látist af völdum alnæmis síðan fyrst varð vart við sjúkdómminn árið 1981.
- Á síðasta ári dóu um 1,3 milljónir kvenna úr alnæmi.
- Um 16,4 milljónir kvenna um allan heim eru með HIV/alnæmi.
- Í löndum sunnan Sahara eru unglingsstúlkur fimm sinnum líklegri en unglingsdrengir til að smitast. Unglingsstúlkur smitast ekki af drengjum á sama aldri, heldur eldri mönnum.
- Meira en 14 milljónir barna undir 15 ára aldri eru munaðarlaus vegna HIV/alnæmis.
- Í Zimbabve var gerð rýnihópakönnun sem leiddi í ljós að konur voru 77,6% þeirra sem fengu minni tekjur eftir að þær greindust með HIV/alnæmi.
- Rannsókn UNIFEM í Senegal leiddi í ljós að ef konur fengju aðgang að kvensmökkum, þjálfun í notkun þeirra og þjálfun í samræðutækni (negotiation skills) gátu 80% þeirra varið sig gegn óöruggu kynlífi.
- Í Úganda, þar sem flest forvarnaverkefni gegn HIV/alnæmi eru framkvæmd, fækkaði smitum meðal menntaðra kvenna um helming á árunum 1995-1997.

### Staðreyndir eftir löndum

- Lönd sunnan Sahara eru verst stödd hvað varðar HIV/alnæmi. Þar hafa 17 milljónir manna látist og næstum 30 milljónir eru smitaðar, þar af eru 15 milljónir konur.
- Í Botswana, Lesotho, Swasiland og Zimbabve er þriðji hver fullorðinn einstaklingur smitaður.
- Í löndum við Karabíska hafið er einn af hverjum 50 smitaður, en á því svæði er ástandið verst á eftir löndunum sunnan Sahara.
- Í Asíu eru Kambódía, Myanmar og Tæland verst stödd hvað varðar HIV/alnæmi.
- Í Asíu býr um 60% mannskyns og er víst að alnæmisfaraldur þar hafi mikil og slæm áhrif á heimsælikvarða.
- Í Austur-Evrópu og Mið-Asíu fjölga smituðum mjög hratt, einkum meðal þeirra sem stunda vandi og nota eiturlyf.

### UNIFEM um allan heim

- Í Nígeríu, Senegal, Rúanda, Kenía, Zimbabve, Tælandi, Kambódíu, Indlandi, Brasilíu og Hondúras vinnur UNIFEM að því að endurskoða löggjöf og stefnu landanna hvað snertir forvarnir gegn HIV/alnæmi og umönnun og meðferð sjúkra. Verið er að móta áætlanir sem taka mið af aðstæðum og stöðu kvenna hvað varðar HIV/alnæmi og sem munu auka skilning stefnumótandi aðila á áhrif HIV/alnæmis á konur.
- Á Indlandi stendur UNIFEM fyrir því að koma kynfræðslu inn í stundaskrá skólanna og veitir unglungum ráðgjöf. UNIFEM hvetur einnig til umræðna milli stjórnvalda og verkafélags um nauðsyn þess að skapa kynjajafnrétti í þjóðfélaginu til að hægt sé að hamla útbreiðslu HIV/alnæmis.
- UNIFEM heldur úti heimasíðunni [www.genderaids.org](http://www.genderaids.org) þar sem HIV/alnæmi er skoðað í kynjafræðilegu ljósi.
- Í samstarfi við áætlun SP gegn alnæmi (UNAIDS) og Mannfjöldasjóð SP (UNFPA) hefur UNIFEM þróað þjálfunaráætlun sem er notuð um allan heim við að þjálfa fólk á vettvangi um kynjafræði, HIV/alnæmi og mannréttindi. Þjálfunaraðferðir UNIFEM hafa verið kenndar í háskólastofnunum víða um heim.





# Ljós í myrkri

## Um störf Candle Light Foundation í Kampala, Úganda

Fjölmargar stúlkur í Úganda eiga hvergi í hús að venda vegna alnæmis. **Erla Halldórsdóttir** þjóðfélagsfræðingur tók sig til og stofnaði samtök sem hafa það að markmiði að styðja þessar stúlkur og efla frumkvæðisrétt þeirra, en UNIFEM á Íslandi hefur lagt starfsemi sína lið. Hér segir hún frá tildrögum að stofnun samtakanna og daglegu starfi þeirra.

Í Úganda voru stofnuð samtök í apríl 2001, sem hafa að markmiði að styðja unglingsstúlkur sem vegna alnæmis hafa ekki í nein hús að venda. Allar stúlkurnar eru munaðarlausar, flestar vegna alnæmis, og um þriðjungur þeirra er HIV-jákvæður. Samtökin heita Candle Light Foundation (CLF), en stofnandi þeirra, Erla Halldórsdóttir, hefur dvalist langdvölum í Afríku og gerði m.a. mannfræðirannsókn á árunum 1999–2001 á högum barna í Úganda sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi.

### Stuðningur til sjálfshjálpar

Grunnhugmynd verkefnisins er sú að stálpaðir krakkar og unglingar, sem flosnað hafa úr skóla og jafnvel lent á götunni, geti hjálpað sér sjálfir ef þeim er gefið tækifæri til þess. CLF er því nokkurs konar vinnuheimili. Þar eru framleidd kerti sem seld eru í Úganda og þannig fást peningar til að greiða laun. Auk þess er stúlkunum veitt félagsleg aðstoð.

Strax í upphafi var ákveðið að leggja áherslu á aðstoð við stúlkur. Ekki var talið gott að blanda saman kynjunum hjá þeim aldurshópi sem um ræðir (15–20 ára) auk þess sem stúlkur eiga mun erfiðara uppdráttar en strákar. Þær eiga mjög erfitt með að fá vinnu og ættingjar gifta þær gjarnan eða senda í vist þar sem þær fá þó allajafna ekki laun fyrir vinnu sína.

CLF-samtökin eru orðin vel þekkt meðal götubarna í Kampala og margar stúlkur um þau fáu pláss sem losna á heimilinu. Um helmingur stúlkna sem CLF tekur við koma beint af götunni. Þær hafa þá hafst þar að í mislangan tíma. Götulífinu fylgir gjarnan kynlífssala og eiturlyfjantökun. Þó er það svo að um helmingur þeirra stúlkna sem koma til CLF og fá þar inngöngu hafa ekki selt sig eða notað eiturlyf. Hinn helmingurinn eru svokallaðar „community girls“, stúlkur sem misst hafa

nánustu ættingja, en einhverjir vinir eða ættingjar lofa þeim að búa hjá sér. Þessar stúlkur fá enga aðstoð frá þessum velunnurum sínum, aðeins stað til að liggja á og að borða þegar eitthvað er til handa þeim.

### Félagsleg aðstoð og menntun

Auk þess sem stúlkurnar fá vinnu hjá CLF fá þær kennslu í samræmi við getu hverrar og einnar. Þar fæst einnig lækniástoð og hægt er að komast til félagsráðgjafa, bæði í hóp- og einstaklingsviðtöl. Hjá CLF hafa stúlkurnar aðstöðu til þrifa og þvotta en aðgangur að rennandi vatni er ekki sjálfsgættur í því umhverfi sem þær koma úr. Stúlkum sem býðst tækifæri til að taka þátt í CLF-verkefnum verða að sýna að þær stefna lengra og að þær séu tilbúnar að stunda nám eða vinnu þegar þær hafa náð sér á sál og líkama.

Þegar stúlkur koma til CLF fara þær í lækni skoðun og þeim eru lagðar til brynustu nauðsynjar, dýna til að sofa á og föt. Sumar stúlkanna geta fengið að búa áfram þar sem þær voru áður, og er því gjarnan vel tekið

- **Það er ekki skylda að mæta til vinnu**
- **Það má hafa börnin sín með í vinnuna**
- **Það má ekki nota eiturlyf hjá CLF**

heima fyrir þar sem einhver úr fjölskyldunni fær að deila dýnunni með þeim. Ef stúlkur hafa engan samastað og fá ekki inni lengur leigja þær sér herbergi tvær og tvær saman og CLF greiðir húsaleiguna fyrstu þrjá mánuðina. Að þeim tíma liðnum eru þær búnar að koma svo undir sig fótunum að þær geta greitt fyrir sig sjálfar. UNIFEM á Íslandi hefur tvisvar veitt CLF fjárstuðning, nú síðast í vor. Þeir fjármunir sem UNIFEM lagði til CLF í ár hafa nýst samtökunum einkar vel við að aðstoða nýjar CLF-stúlkur.

Mikil áhersla var lögð á það í upphafi að CLF væri fyrir stúlkurnar og rekið af þeim sjálfum. Stúlkur í Úganda eru ekki aldar upp við að geta haft mikil áhrif á umhverfi sitt og það reyndist því þrautin þyngri að koma þeim í skilning um að þær ættu að ráða ferðinni og hefðu tillögu-rétt um öll málefni. Fyrstu reglur CLF voru settar af stúlkunum og voru í stórum dráttum þessarar:

Fljótlega stofnuðu stúlkurnar sjálfar siðanefnd sem tók á hegðunarbrotum og ræddi um hvað hægt væri að gera í framtíðinni.



Hjá CLF er félagsráðgjafi og kennari í fullu starfi. Tvisvar í viku kemur hjúkrunarkona sem rabbar við stúlkurnar um heilsu og hreinlæti og ráðleggur meðferð á ýmsum smákvillum. Það er mjög áhugavert hvað stúlkurnar vita mikið, þær kunna alls konar húsráð og nota ýmsar plöntur og jurtir til lækninga. Þær ræða þessa hluti mikið við hjúkrunarkonuna en það er mjög algengt að lítið menntað fólk í Úganda sæki til grasalækna áður en það fer til læknis.

Stúlkunum ber skylda til að taka þátt í tveggja tíma kennslustund á hverjum degi hjá CLF. Menntun stúlkunnanna er mjög misjöfn, flestar hafa aðeins gengið tvö til fögur ár í barnaskóla, nokkrar hafa aldrei í skóla komið og geta ekki skrifað nafnið sitt og aðeins ein stúlka hjá CLF var með stúdentspróf. Í apríl 2004 var komið upp kennslustofu með sex tölum sem Orkuveita Reykjavíkur hafði gefið CLF, en Frostmark flutti tölvurnar út. Þessi nýja aðstaða gerði alla kennslu mun auðveldari og áhugaverðari fyrir stúlkurnar sem höfðu aldrei ímyndað sér að þeim væri treystandi að til vinna á tölvu.

Þegar CLF hafði starfað í tvö ár hafði tekist að koma öllum stúlkum í skóla sem áttu kost á því. Nú eru þrjár stúlkur í unglingaskóla og ABC barnahjálpi á Íslandi greiðir skólagjöldin. Tvær stúlkunnanna eru í barnaskóla, þó svo að þær verði orðnar tvítugar þegar þær ljúka honum. Þær eru alveg ákveðnar í því að fara þessa leið en ekki í verknám. Þá eru þrjár stúlkur í hárgreiðslunámi og tvær stúlkur í ritarnámi.

#### CLF og smábörnin

Þær stúlkur sem mest sækja til CLF eru þær sem eiga börn. Flest hafa börnin verið átta sem komu með mæðrum sínum en nú eru þau fimm. Til að byrja með skiptust stúlkurnar á að sjá um að gæta barnanna, en fljótlega kom í ljós að nokkuð vantaði á þekkingu þeirra hvað barnaupplendi snerti. Því var ráðin fullorðin kona sem sér um börnin á daginn. Hún getur einnig leiðbeint stúlkunum um umönnun og fylgst með heilsufari barnanna. Stúlkur sem eiga börn eiga mjög erfitt með að mennta sig í almennum skólum. Algengast er að stúlku sé vísað úr skóla um leið og

það vitnast að hún er barnshafandi. Verra er að þær hafa ekki möguleika á að fara aftur inn í almennan skóla, skólayfirvöld vilja ekki hafa stúlkur sem búnar eru að eignast börn og segja að þær sýni slæmt fordæmi og hafi vond áhrif á aðrar stúlkur í skólanum.

Hjá CLF fá stúlkurnar tvær mátuðir á dag, og hefur ein af stúlkunum þann starfa að sjá um matseldina. Þær fá hafragraut á morgnana og heita máltíð í hádeginu. CLF fær kornmat frá World Food Organisation en til vibótar fer ákveðin peningaupphæð af kertasölnunni á degi hverjum til matarinnkaupa. Partur af kennsluefni stúlkunnanna er að gera fjárhagsáætlun um dagleg matarinnkaup.

Mikil áhersla er lögð á alnæmisvarnir og umræðu um alnæmi og getnaðarvarnir. Regulega koma í heimsókn fulltrúar frá samtökum

sem hvetja fólk til að fara í alnæmispróf og aðstoða þá sem greinast HIV-jákvæðir. Lögum samkvæmt mega vinnuveitendur eða skólayfirvöld ekki fara fram á að fólk fari í HIV-próf, en hvetja má til þess. Það er oftast af hinu góða að fólk viti um ástand sitt. Þeir sem greinast með sjúkdóminn geta hagað lífi sínu samkvæmt

því, bæði hvað það sjálft snertir og til að koma í veg fyrir að smita aðra. CLF hefur ekki haft nægt fé til að kaupa lyf handa stúlkum sem reynast HIV-jákvæðar en um leið og sá möguleiki verður fyrir hendi verður lögð meiri áhersla á að þær fari í HIV-próf. Reynist þær smitaðar mun þeim verða séð fyrir lyfjum.

Heimilisandinn hjá CLF er oftast mjög góður, stúlkurnar eru kátar og þeim líður vel á staðnum. Þær eru ekki gefnar fyrir frídaga, vilja heldur mæta og eyða deginum í CLF. Hinn 1. maí 2003 var ég í Úganda og sagði þeim að ekki væri unnið þann daginn. Þrátt fyrir það mættu allar. Það var mjög ánægulegt að sjá stúlkurnar dunda sér þennan dag, sumar voru að vinna verkefni sín frá kennaranum, aðrar lágu og lásu og röbbuðu eða þvoðu af sér. CLF er staður þar sem þær eru öruggar og þær eru tilbúnar að leggja heilmikið á sig svo þar sé gott að vera.



### Hvað verður um stúlkurnar?

Nokkrar stúlkur hafa flutt aftur heim í þorpið í sveitinni þar sem þær ólust upp. Ekki er óalgennt að ömmur sitji þar einar eftir með fjölda barnabarna á framferi sínu þegar foreldrarir eru dánir úr alnæmi. Þessar konur eru oft með mun fleiri börn en þær geta séð um. Nokkrar stúlkanna hjá CLF koma úr þessu umhverfi en hafa endað á vergangi í borginni. Þegar þær eru búnar að ná tökum á lífi sínu hjá CLF flytjast þær aftur í sveitina til að aðstoða við uppeldi systkina sinna.

CLF hefur gott orð á sér í Kampala og fólk sem fylgist með því sem þar er að gerast hefur komið og boðist til að taka að sér stúlkur og mennta þær. Þetta er fólk sem hefur fylgst nægjanlega með starfinu til að sjá einstaklinga ná þroska til að geta staðið á eigin fótum og veit að fjárhagslegur stuðningur mun skila sér. Nú fá þrjár stúlkur þannig stuðning í skóla og eru ekki lengur undir vendarvæng CLF. Ein þessara stúlkna er í hjúkrunarnámi. Nokkrar stúlkur hafa farið frá CLF og fengið vinnu, t.d. á hárgreiðslustofu, barnaheimili, í mötuneyti sjúkrahúss, við sauma og sem barnfóstrur. Enn aðrar hafa gift sig og eignast börn og una hag sínum vel.

Alls hafa 46 stúlkur komið við í CLF í þau þrjú ár sem það hefur starfað. Af þeim hópi hafa þrjár stúlkur snúið til fyrra lífs, gátu ekki slitið sig frá götulífi eða eiturflyfjum. Eina stúlku misstum við, hún dó af barnsförum. Nú koma tólf stúlkur til vinnu og tíu eru í skóla. Skólastúlkurnar koma síðan og eyða deginum á CLF þegar þær eru í skólafríum og fá þá greidd laun fyrir vinnu sína. Stúlkur sem eru í skóla fá alltaf vasaþeninga mánaðarlega svo segja má að þær sem stunda vinnu hverju sinni vinni fyrir þeim sem eru í skóla.

Candle Light Foundation er eftirsótt hjá munaðarlausum börnum í Kampala til þess að komast út úr þeim vítahring sem alnæmið hefur steypst þeim í. Því miður er aðeins hægt að taka við fáum af þeim fjölmörgu stúlkum sem leita til CLF, en þær vita einnig að samtökin henta aðeins þeim sem vilja einlæglega komast áfram. Reyndur hjálparstarfsmaður meðal götubarna í Kampala hefur lýst CLF sem háskóla götubarnanna. Þær sem þar fara í gegn eru tilbúnar að hjálpa sér sjálfar fái þær tækifæri til þess, og reiðubúnar að leggja þónokkuð á sig til að fá að vera með.

Á Íslandi hafa verið stofnuð samtök til að styðja við bakið á Candle Light Foundation í Úganda. Þessi samtök heita Alnæmisbörn en hægt er að gerast félagi í samtökunum eða styrktaraðili með mánaðarlegum stuðningi. Fyrsta verkefni Alnæmisbarna verður að tryggja að HIV-jákvæðar stúlkur fái alnæmislyf þegar þær þurfa á þeim að halda. ■

[goge@simnet.is](mailto:goge@simnet.is) • [www.simnet.is/rge](http://www.simnet.is/rge)

**Alls hafa 46 stúlkur komið við í CLF þau þrjú ár sem það hefur starfað. Af þeim hópi hafa þrjár stúlkur snúið til fyrra lífs, gátu ekki slitið sig frá götulífi eða eiturflyfjum, eina stúlku misstum við, hún dó af barnsförum. Nú koma tólf stúlkur til vinnu og tíu stúlkur eru í skóla.**

## Reynir Bakari alltaf góður



Reynir Bakari býður þig velkomin í glæsilegar verðslanir okkar að Dalvegi 4 og Hamraborg 14

Mikið úrval af  
gómsætum  
smurðum  
samlokum og  
öðru meðlæti



Góð brauð • Betri heilsa

# Vinsælasta

Agi í lagi  
fyrir tveggja  
til tólf ára krakka

# uppeldishandbók

# í heimi!

Metsölubókin sem bætir samskipti  
foreldra og barna. Hættum að öskra!

**Notum 1-2-3 – Það virkar!**

sta uppeldishandbók í heimi!

Töftrar  
1-2-3

í lagi fyrir tveggja  
ára krakka

**Núna á tilboði 1.490 kr**

Fullt verð ~~2.480 kr~~



[www.salkaforlag.is](http://www.salkaforlag.is)

Sími 552 11 22





## Fullorðinsfræðsla í 65 ár

Morgun-, síðdegis- og kvöldnámskeið í Miðbæjarskóla og Mjódd.

### Almennir flokkar - Frístundanám

**Fjölbreytt tungumálanám:** Byrjenda- og framhaldsflokkar. Norska, sænska, enska, þýska, hollenska, franska, ítalska, spænska, portúgalska, tælenska, pólska, tékkneska, arabíska og hebreska.

**Talflokkar og upprifjun** í dönsku, sænsku, ensku, þýsku, spænsku og ítölsku fyrir þá sem hafa áður lært en lítið notað þessi tungumál. Áhersla lögð á daglegt mál og lestur bókmenntatexta.

**Námskeið fyrir börn 7 -11 ára í norsku, sænsku, dönsku** til að viðhalda kunnáttu þeirra í málunum.

**Aðstoðarkennsla í stærðfræði** fyrir nemendur í 10.bekk grunnskóla.

#### Myndlist og handverk:

Fatasaumur. Þrjón-myndþrjón-hekl.  
Skrautskrift stig 1 og 2. Glerlist. Mósaík.  
Teikning og vatnslitamálan. Olíumálan.  
Skopmyndateikning. Listasaga.  
Ritun ættarsögu og heimildavinna.

#### Önnur námskeið:

Matreiðsla fyrir karlmenn – byrjenda- og framhaldsnámskeið. Húsgagnaviðgerðir – antik og gömul húsgögn gerð upp. Viðhald og viðgerðir á gömlum timburhúsum. Trúarbrögð heims. Fjármál heimilanna – leiðin til velgengni.

#### Tölvukennsla eldri borgara

Í samvinnu við Fræðslumiðstöð R.víkur og með stuðningi KB.banka.

## Íslenska fyrir útlendinga

**Morgun-, síðdegis- og kvöldkennsla** fyrir byrjendur og lengra komna, 50 stunda námskeið á stigum 1 - 5. **Talflokkar. Ritun.** 36 stunda námskeið á stigum 6 – 8.

**Fjarnám í íslensku, byrjenda- og framhaldsnámskeið :** [www.vefskoli.is](http://www.vefskoli.is)

---

Innritun fer fram í Miðbæjarskóla, Fríkirkjuvegi 1.

Upplýsingar í síma: 551 2992

Netfang: [nfr@namsflokkar.is](mailto:nfr@namsflokkar.is) - Vefsíða: [www.namsflokkar.is](http://www.namsflokkar.is)

**SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR**

## Samfélagið allt nýtur góðs

# af menntun stúlkna

Menntun stúlkna er forgangsatriði UNICEF – Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna – 2002 til 2005. **Stefán Ingi Stefánsson**, framkvæmdastjóri UNICEF Ísland, og **Hólmfríður Anna Baldursdóttir**, skrifstofustjóri Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna, skrifa um stöðu og framtíð menntunar stúlkna.

Menntun er grundvallarréttur allra, líka stúlkna. Samt sem áður er möguleiki þeirra til menntunar skertur vegna kynferðis þeirra, eins og á svo mörgum öðrum sviðum. Af 121 milljón barna sem ganga ekki í skóla er meirihlutinn stúlkur. Tveir þriðju ólæsra einstaklinga í heiminum eru konur.

Mikilvægi menntunar stúlkna einskorðast ekki við tölfræðina, þótt hún tali sínu máli. Ef áhersla er lögð á menntun stúlkna hefur það ekki aðeins áhrif á getu og þroska stúlkanna sjálfra, heldur á allt samfélagið. Eins og orðatiltækið segir: „Ef þú menntar stúlkur, menntar þú heilt samfélag.“ Það er vegna þessa sem aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, leggur áherslu á að ekki er hægt að ná fram varanlegum breytingum í samfélögum, t.d. útrýmingu fátæktar, nema með því að stúlkur fái þá grundvallarmenntun sem þær eiga skilið.

### Mikilvægi menntunar stúlkna

Menntun stúlkna er góð vörn gegn ýmsum vandamálum sem steðja að stúlkum og konum í þróunarlöndunum. Menntun getur hjálpað konum til að ná félagslegum og efnahagslegum réttindum. Tölur sýna að menntaðar konur gifta sig seinna á lífsleiðinni, eiga færri börn og eru líklegri til að skilja hvað þær þurfa að gera til að verja sig og fjölskyldu sína gegn margvíslegum vandamálum.

Hægt er að færa rök fyrir því að menntun stúlkna sé besta vopnið gegn HIV/alnæmi, sem ógnar fjölda kvenna og ungra stúlkna um allan heim. Með aukinni menntun eru konur betur í stakk búnar til að verjast HIV-smiti og öðrum sjúkdómum, því menntun gefur þeim aukið sjálfsstraust

við hættulegar aðstæður. Sýnt hefur verið fram á að ef stúlkum er meinað um menntun verða þær berskjaldaðri gagnvart ofbeldi, misnotkun og veikindum. Stúlkur eru í miklu meiri hættu gagnvart slíkum ógnum en drengir þegar þær eru ekki í skóla. Skólastofa er því ekki bara öruggt umhverfi fyrir stúlkurnar, heldur fá þær aukið sjálfsstraust og nýja sýn á framtíðina.

Sýnt hefur verið fram á tengsl milli menntunar mæðra og afkomu barna þeirra. Menntuð móðir er miklu líklegri til að vernda barn sitt gegn sjúkdómum með reglulegri skoðun, heilsusamlegu mataræði og með því að fylgjast með vexti barnsins. Hún veit að hægt er að koma í veg fyrir skaðvænlega sjúkdóma á borð lömunarveiki, mislinga og niðurgang með einföldum aðgerðum eins og bólusetningu eða hreinu vatni. Hún veit hvernig best er að hugsa um barnið og næra það, en það skiptir sköpum í því hvernig barnið þroskast og lærir. Það er ófrávíkanleg staðreynd að menntaðar mæður eiga heilbrigðari og betur menntuð börn.

Þar sem stúlkur og konur eru helstu umönnunaraðilar samfélaga í þróunarlöndunum flyst þekking þeirra til næstu kynslóða, þ.e. með menntun kvenna eru meiri líkur á því að samfélagið verði sjálfbært – sem á að vera markmið alls þróunarstarfs. Vegna alls þessa er menntun stúlkna forgangsatriði UNICEF og hjálparstofnanir munu í framtíðinni einblína meira á þetta atriði þegar þær huga að sjálfbærri þróun samfélaga.

### Oft þarf lítið til

Hvað gerir það að verkum að foreldrar í sumum samfélögum senda ekki dætur sínar í skóla? UNICEF hefur lagt mikið upp úr því að rannsaka hvað það nákvæmlega er sem hamlar stúlkum að fara í skóla eða sem gæti virkað letjandi á þær. Ástæðurnar eru margar og ólíkar eftir samfélögum. Hér verða aðeins nefndar nokkrar.

Þar sem kynjamsrétti er sterklega innbyggt í samfélögin sjá foreldrar oft ekki hag sinn í því að senda stúlkur í skóla. Stúlkurnar eru frekar látnar hjálpa til heima fyrir og hafa þær því oft ekki tíma til að sækja skólana. Fátækari fjölskyldur geta aðeins sent sum börnin í skóla og þá verða drengir gjarnan fyrir valinu. Lítið er á þá sem framtíðina og allar líkur á





## Þar sem stúlkur og konur eru helstu umönnunaraðilar samfélaga í þróunarlöndunum flyst þekking þeirra til næstu kynslóða, þ.e. með menntun kvenna eru meiri líkur á því að samfélagið verði sjálfbært – sem á að vera markmið alls þróunarstarfs.

að þeir eigi eftir að fá betri störf og hærra laun en konurnar. Stúlkurnar eru frekar látnar undirbúa sig fyrir heimilis- og umönnunarstarfið.

UNICEF hefur oftast ekki komist að því að ekki þarf flóknar aðgerðir til að fá stúlkur í skóla. Salernisaðstaða þar sem stúlkur og strákar hafa séraðstöðu getur orðið til þess að stúlkur sæki frekar skólann. Oft er um að kenna löngum vegalengdum að næsta skóla. Þá eru foreldrar hræddir um að stúlkurnar verði beittar ofbeldi á leiðinni í skólann og vilja frekar hafa þær heima en senda þær hættulegan veg. Við slíkar aðstæður hefur UNICEF lagt áherslu á að byggja litla skóla í þorpunum sem hefur reynst afar vel. UNICEF hefur einnig lagt áherslu á að fá fleiri kvenkennara til að skapa ungum stúlkum fyrirmyndir og komið kynjafræði og hagnýtum upplýsingum fyrir stúlkur inn í stundaskrána.

Ef fátækt er það eina sem hamlar fjölskyldum að senda dætur sínar í skóla er hægt að búa svo um að skólarnir séu ókeypis, að skólabúningar séu ekki nauðsynlegir og að matur sé gefins í skólum. UNICEF hefur tekist að koma þessu á víða um heim. Svokallað „school-feeding-program“ hefur verið hrint í framkvæmd í samvinnu við Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna (WFP). Þá fá börnin ókeypis máltíð í skólanum. Það gerir það að verkum að fleiri börn sækja skólana og fá jafnframt rétta næringu sem hjálpar þeim við einbeitingu og lærdóm.

### 25 fyrir 2005

Menntun stúlkna er eitt af forgangsverkefnum UNICEF 2002–2005. Verkefnið snúast fyrst og fremst um að koma stúlkum í skóla, tryggja að þær séu þar og læri hagnýt atriði sem koma að góðu í lífinu. Eitt háleitra verkefna UNICEF er verkefnið „25 fyrir 2005“. Það snýst um að mennta stúlkur í þeim 25 löndum þar sem ástandið er hvað verst. Cream Wright, yfirmaður menntaverkefna UNICEF, kom til Íslands í boði landsnefndar UNICEF á Íslandi í lok ágúst á þessu ári og hélt fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri um mikilvægi menntunar stúlkna. Hann sagði við það tækifæri að vegna verkefnisins hefði almenningsálitnið breyst í löndunum og jafnvel nágrannalöndunum líka. Fólk væri farið að sjá breytingar til batnaðar í samfélögunum og gerði sér frekar grein fyrir því hvað menntun stúlkna væri mikilvægt atriði.

Í þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um þróun, er menntun stúlkna og útrýming kynjamisréttis tekin skýrt fram. Ef markmið UNICEF um að tryggja öllum stúlkum skólavist og menntun fyrir árið 2005 næst, breytir það lífi heillar kynslóðar kvenna og lífi komandi kynslóða.

Löndin sem taka þátt í átakinu eru Afganistan, Banglades, Benin, Bútan, Bólívia, Búrkína Fasó, lýðveldið Kongó, Djíbútí, Eritrea, Eþíópía, Gínea, Indland, Malaví, Malí, Nepal, Nígería, Pakistan, Nýja Gínea, Súdan, Tansanía, Tyrkland, Jemen og Zambía.

Nánari upplýsingar: [www.unicef.is](http://www.unicef.is) og í síma 552 6300. ■

### Heimildir og ítarefni

*The State of the World's Children*. United Nations Children's Fund, New York. 2004.

*Girls at Work*. United Nations Children's Fund, New York. Maí 1998.

*Educating Girls, Transforming the Future*. United Nations Children's Fund, New York. Mars 2000.

## Raddir ungra stúlkna

„Foreldrarnir segja að það sé ekki nauðsynlegt að mennta stúlkurnar. Þau halda að ef stúlka getur skrifað og lesið þá sé það nóg. Hún getur skrifað bréf og lesið það. Hún er ekki menntuð til að geta náð frama í starfi.“ M. 16 ára, Indlandi


„Flestir foreldrar hafa enga trú á að veita dætrum sínum menntun því þau segja að það sé soun á peningum. Ég er í fimmta bekk og ég mun þurfa að fara núna þar sem skólinn er bara ókeypis til þessa árs og pabbi hefur ekki efni á því ... Draumur minn er að verða lækni og lifa þægilegu og gjöfulu lífi. En draumar verða áfram draumar.“ J. 13 ára, Bangladesh

- Af 121 milljón barna sem ganga ekki í skóla eru 65 milljón stúlkur.
- Árið 2002 voru 24 milljónir stúlkna sunnan Sahara ekki í skóla.
- 83% af öllum stúlkum sem ganga ekki í skóla búa sunnan Sahara, í Suður-Asíu, Austur-Asíu og við Kyrrahafið.
- Tveir þriðju þeirra sem teljast ólæsir eru konur.

„Það er skylda okkar að engin stúlka verði skilin eftir þegar land hennar tekur framförum og að hver einasta stúlka hljóti menntun svo hún geti tekið sér sína réttmætu stöðu og verið virk í þróun lands síns.“ Carol Bellamy, framkvæmdastjóri UNICEF



Ekki verri  
þótt hún vökni  
Ullin - er hlý þótt hún blotni



Landprjónasamband  
Íslands

Skólavörðustíg 19, opið 9 - 18 (júlí-ágúst)  
lða, Lækjargata 2, s: 552 1890, opið 10-22  
Laugavegur 64, opið 10 - 18

**Ull og gjafavörur**

Radisson SAS, Hótel SAGA s. 562 4788,  
opið 8-14 og 16-20

[www.handknit.is](http://www.handknit.is)

ÍDA









## Ísland, jafnréttismál og þróunarsamvinna

Hverjar eru áherslur Íslands er viðkemur jafnrétti, þróun og friðargæslu á alþjóðlegum vettvangi? Hver er hlutur einkageirans í þróunarsamvinnu?



# Staða þróunar: Framfarir og veikleikar<sup>1</sup>

## Framfarir

Hlutfall jarðarbúa sem býr við örbirgð hefur lækkað úr 29% árið 1990 í 23% árið 1999.

Á tíunda áratugnum minnkaði örbirgð um helming í Austur-Asíu og Kyrrahafslöndunum og um 7% í Suður-Asíu.

Í Austur-Asíu og í Kyrrahafslöndum var 5,7% hagvöxtur á íbúa á tíunda áratugnum og 3,3% í Suður-Asíu.

Síðan 1990 hafa 800 milljón jarðarbúa fengið betri aðgang að vatnsbólum og 750 milljónir að hreinlætisaðstöðu.

57 ríki – þar sem helmingur jarðarbúa býr – hafa dregið úr hungri um helming, eða munu ná því fyrir árið 2015.

Sum þróunarlönd hafa náð árangri í baráttunni gegn alnæmi. Í Úganda lækkaði hlutfall þeirra sem eru smitaðir af alnæmisveirunni úr 14% í 8% á tíunda áratugnum.

Á tímabilinu 1970-2000 lækkaði barnadauði í heiminum úr 96 í 56 á hverja 1.000 íbúa.

Á tímabilinu 1990-1998 hækkaði hlutfall barna sem ganga í grunnskóla úr 80% í 84%.

Í 51 landi – þar sem 41% íbúa jarðar býr – fá öll börn eða því sem næst grunnskólamenntun.

Í 90 löndum – með meira en 60% íbúa jarðar – fá drengir og stúlkur að stunda grunnskóla jafnt, eða því takmarki verður náð fyrir 2015.

## Veikleikar

Ríkustu 5% jarðarbúa eru með 114-faldar tekjur þeirra 5% sem fátækastir eru.

Þeim sem búa við örbirgð í Afríku fjölgaði úr 242 milljónum í 300 milljónir á tíunda áratugnum.

Í Mið- og Austur-Evrópu lækkuðu tekjur á íbúa um 2,4% á ári á tíunda áratugnum og um 0,3% í Afríku.

20 lönd í Afríku – þar sem meira en helmingur íbúa álfunnar býr – eru fátækari nú en þau voru árið 1990. 23 lönd eru fátækari en þau voru árið 1975.

Hlutfall bólusettra barna í Afríku hefur farið lækandi og er nú innan við 50%.

Verði ekki lögð aukin áhersla á baráttuna gegn hungri mun það taka a.m.k. 130 ár að útrýma hungri í heiminum.

Í lok árs 2000 höfðu allt að 22 milljónir manna dáið úr alnæmi, 13 milljón börn höfðu misst móður eða báða foreldra vegna alnæmis. Alls 40 milljón íbúar jarðar eru smitaðir af alnæmisveirunni, þar af eru 90% í þróunarlöndum og 75% í Afríku.

Dag hvern deyja yfir 30.000 börn úr sjúkdómum sem ekki eru banvænir.

100 milljónir kvenna væru nú á lífi ef ekki tíðkuðust barnamorð, vanræksla og fóstureyðingar byggðar á kynjavali.

Á hverju ári deyja fleiri en 500.000 konur af völdum þungunar eða vegna barnsburðar.

113 milljónir barna á skólaaldri ganga ekki í skóla, 97% þeirra búa í þróunarlöndum.

93 lönd – þar sem 39% íbúa jarðar búa – hafa ekki tiltækar upplýsingar um grunnskólagöngu.

60% barna í heiminum sem ekki njóta skólagöngu eru stúlkur.

Af 854 milljónum manna sem eru ólæsir og óskrifandi eru 544 milljónir konur.

<sup>1</sup> Byggt á Human Development Balance Sheet. Human Development Report 2002. UNDP. 2002. Birt í íslenski þýðingu með góðfúslegu leyfi utanríkisráðuneytisins.



# Þúsaldarmarkmið um þróun<sup>1</sup> (Millennium Development Goals)



## 1 Eyða fátækt og hungri

Lækka hlutfall þess fólks sem býr við örbirgð um helming á tímabilinu 1990–2015.  
Lækka hlutfall þeirra sem búa við hungursneyð um helming á sama tímabili.

## 2 Öll börn njóti grunnskólamenntunar árið 2015

Tryggja að bæði stúlkur og drengir ljúki grunnskólanámi.

## 3 Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna

Jafna rétt drengja og stúlkna til skólagöngu í grunn- og framhaldsskólum fyrir árið 2005 og á öllum skólastigum fyrir 2015.

## 4 Lækka dánartíðni barna

Lækka tíðni ungbarnadauða um tvo þriðju á tímabilinu 1990–2015.

## 5 Vinna að bættu heilsufari kvenna

Lækka dánartíðni vegna barnsburðar (maternal mortality) um þriðja fjórðu á tímabilinu 1990–2015.

## 6 Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu

Draga úr útbreiðslu alnæmis, malaríu og annarra sjúkdóma fyrir árið 2015.

## 7 Vinna að sjálfbærri þróun

Framkvæma ríkjaáætlanir um sjálfbæra þróun fyrir árið 2005 og snúa þannig við neikvæðri þróun umhverfisáhrifa fyrir árið 2015.

Lækka um helming hlutfall þeirra sem ekki hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni á tímabilinu 1990–2015.

Stuðla að bættum lífsskilyrðum a.m.k. 100 milljón íbúa í fátækrahverfum stórborga.

## 8 Styrkja hnattræna samvinnu um þróun

Vinna frekar að opnu og sanngjörnu viðskipta- og fjármálakerfi sem byggist á skýrum reglum.

Taka á málefnum fátækustu þróunarlandanna, m.a. með því að leggja af innflutningsgjöld og kvóta á útflutningsvörur þeirra, leysa skuldabyrði landanna með lækkun skulda, og með auknum framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar.

Taka tillit til sérstöðu landluktra landa og smárra eyþjóða.

Vinna með lyfjaiðnaðinum að því að veita fátækum þjóðum aðgang að mikilvægum lyfjum.

Vinna að því ásamt einkageiranum að veita þróunarlöndum aðgang að nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni.

<sup>1</sup> Birt með góðfúslegu leyfi höfunda skýrslunnar *Ísland og þróunarlöndin, álitagerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana*, Hermanns Arnar Ingólfssonar og Jónasar H. Haralz (utanríkisráðuneytið 2003).





## Þúsaldarmarkmiðin,

# konur og stúlkur

Flestir eru sammála um að þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun (Millennium Development Goals) marki tímamót hvað varðar einhug ríkja til að minnka fátækt í heiminum og stuðla að þróun. Markmiðin eru einföld og skýr, hafa ákveðin tímamörk og hafa verið samþykkt af langflestum ríkjum heims. Sameinuðu þjóðirnar og fjölmargar aðrar alþjóðlegar stofnanir, samtök og einstaklingar starfa nú í anda þúsaldarmarkmiðanna, að ógleymdum áhrifum sem þau hafa á stefnumótun í þróunarríkjunum. En hvað segja markmiðin um kynjajafnrétti og réttindi kvenna?

Þúsaldaryfirlýsingin og þúsaldarmarkmiðin um þróun, sem samþykkt voru árið 2000, byggjast á þeirri sannfæringu að þróunarstarf eigi að miða að „frelsi frá ótta og frelsi frá skorti“. Í yfirlýsingunni segir að „karlar og konur hafi rétt á að lifa og ala upp börn sín í virðingu, án þess að þurfa að líða hungur eða ótta við að vera beitt ofbeldi, kúgun eða óréttlæti“. Ennfremur hvetur yfirlýsingin ríki til að „efla kynjajafnrétti og auka frumkvæðisrétt kvenna sem árangursríka leið til að sigrast á fátækt, hungursneyð, sjúkdómum og stuðla að sjálfbærri þróun“. Margir hafa hins vegar bent á að þótt markmiðin marki tímamót hvað skýra stefnumótun um þróun og fátækt varðar taki þau ekki nægilega á réttindum kvenna og kynjajafnrétti.

### Mikilvægar áherslur skortir í markmiðunum

Nýlegar skýrslur UNDP (*Millennium Development Goals: National Reports: A Look Through A Gender Lens*), Alþjóðabankans (*Gender and Millennium Development Goals*) og UNIFEM (*Progress of the World's Women, 2003*) hafa sýnt fram á mikilvægi þess að hafa kynjasjónarmið að leiðarljósi ef þúsaldarmarkmiðin eiga að nást. Skýrslurnar hafa hins vegar bent á alvarlega vankanta hvað viðkemur kynjasjónarmiðum í gerð og framkvæmd markmiðanna.

Árið 2003 skipulagði UNIFEM í samvinnu við tengslanet sérstofnana SP um konur og kynjajafnrétti (UN Interagency Network on Women

and Gender Equality), Tengslanet OECD/DAC um kynjajafnrétti (OECD/DAC Network on Gender Equality) og fjölþjóðavinnuhóp Alþjóðabankans um kynjamál, fimm vikna rafræna ráðstefnu um kynjamál og þúsaldarmarkmiðin um þróun. Þar tóku þátt yfir 400 jafnréttismálafulltrúar frá sérstofnunum SP, fulltrúar stofnana og ríkisstjórna sem veita tvíhliða þróunaraðstoð, fulltrúar banka og félagsamtaka sem og óháðir fræðimenn og sérfræðingar um þróunarmál og kynjajafnrétti.

Niðurstaða ráðstefnunnar var að þrátt fyrir að fjölmargar ríkisstjórnir hafi áréttað mikilvægi þess að viðurkenna kvennréttindi sem mannréttindi á vettvangi SP skili það sér takmarkað í þúsaldaryfirlýsingunni og þúsaldarmarkmiðunum um þróun. Í markmiðunum skortir til að mynda áherslur á rétt kvenna til kynheilbrigðis, sæmandi vinnustaðla (decent work standards) fyrir karla og konur, auk þess sem hvergi er minnst á ofbeldi gegn konum.

Þá eru mælistikur og markmið sem miða að kynjajafnrétti heldur af skornum skammti í þúsaldarmarkmiðunum, að mati þessara sérfræðinga. Þetta gerir að verkum að erfitt er að fylgja markmiðunum eftir í anda kynjajafnréttis. Þetta á líka við um markmið 3, um jafnrétti kynjanna og frumkvæðisrétt kvenna, þar sem orðalagið er almennt og erfitt að mæla árangur á þessu sviði.

Skýrsla UNIFEM frá árinu 2003 um þúsaldarmarkmiðin segir þau ekki leggja til mælistiku yfir þær hindranir sem konur þurfa að líða í daglegu lífi. Hér er átt við hluti eins og ólaunaða vinnu á heimilinu og utan þess, virðingarleysi gagnvart konum og ofbeldi gegn konum jafnt á heimilinu sem utan þess, á tímum stríðs og friðar.

### Markmiðin meðhöndluð á kynblindan hátt

Tölfræðingar hjá SP leita nú leiða til að finna út hvornig mæla megi árangur í átt að kynjajafnrétti og frumkvæðisrétt kvenna. Að auki eru að störfum samstarfshópar sem leita leiða til að samþætta kynjasjónarmið hverju markmiði fyrir sig.

Þrátt fyrir störf fyrrnefndra starfshópa er algengt að markmiðin séu meðhöndluð á kynblindan hátt. Sérfræðingur á rafrænu ráðstefnunni komst svo að orði: „Við höfum orðið vitni að því að kynjasjónarmið hafa orðið undir í starfi vinnuhópa um þúsaldarmarkmiðin, skýrslum um framkvæmd verkefna í anda þúsaldarmarkmiðanna um þróun og

**„Hvers vegna ættu kvenréttindasamtök að veita þúsaldarmarkmiðunum um þróun athygli þegar þörfin á því að taka á málum varðandi rétt kvenna til kynheilbrigðis, ofbeldi gegn konum, hernaðarhyggju, ofstæki, fátækt og ójafnrétti fer vaxandi?“**

Noeleen Heyzer, á fundi Alþjóðabankans um kynjajafnrétti og þúsaldarmarkmiðin, 2003.



Lisamynd: Reshitur, Jónsdóttir/Vestmanna

framkvæmdaáætlanana sem miða að því að draga úr fátækt (Poverty Reduction Strategic Papers). Þetta er aðeins brot af stærri mynd þar sem kynja- og mannréttindi er látin liggja á milli hluta.“

Markmið 8, sem kveður á um alþjóðlegt samstarf um þróun og er hvað nýstárlegast, gæti þjónað mikilvægu hlutverki í að auka frumkvæðisrétt kvenna. Í fyrrnefndri UNIFEM-skýrslu segir það hins vegar hafa valdið miklum vonbrigðum innan raða alþjóðlegu kvennahreyfingarinnar að hvergi sé minnst á að kvennasamtök skuli eiga hlutdeild í þessu alþjóðlega samstarfi.

Gagnrýnendur markmiðanna hafa einnig hnýtt í textann sem segir að fjáls markaður sé öllum fyrir bestu. Ástæðan er sú að reynslan hefur sýnt að áhrif markaðshyggjunnar hafa oft verið slæm fyrir konur, nema gripið sé til sérstakra aðgerða samfara þessari þróun.

Noeleen Heyzer, aðalframkvæmdastýra UNIFEM, varpaði fram eftirfarandi spurningu á fundi Alþjóðabankans um kynjajafnrétti og þúsaldarmarkmiðin í lok árs 2003: „Hvers vegna ættu kvenréttindasamtök að veita þúsaldarmarkmiðunum um þróun athygli þegar þörfin á því að taka á málum varðandi rétt kvenna til kynheilbrigðis, ofbeldi gegn konum, hernaðarhyggju, ofstæki, fátækt og ójafnrétti fer vaxandi?“

Heyzer segir þetta verða að taka breytingum. „Ríki hafa þegar skuldbundið sig formlega og lagalega til að ná kynjajafnrétti, sérstaklega ríki sem samþykkt hafa alþjóðlegan sáttmála um afnám alls misréttis gegn konum (CEDAW).“ Þó svo að þúsaldarmarkmiðin um þróun hafi ekki beina tilvísun í CEDAW kveður þúsaldaryfirlýsing skýrt á um að CEDAW skuli hafður að leiðarljósi við framkvæmd þúsaldarmarkmiðanna.

#### Hvað er til ráða?

Carolyn Hannan, yfirmaður á skrifstofu SP sem fer fyrir málefnum kvenna (Division for the Advancement of Women, DAW), Heyzer og forsvarsmenn Alþjóðabankans hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að kynjavíddin sé skoðuð sérstaklega í hverju markmiði fyrir sig, þótt aðeins sé

minnst sérstaklega á konur og jafnrétti í tveimur markmiðum af átta. Að sögn Hannan er þörf á að þróa skýrar aðferðir sem tryggja að öll verkefni og stefnumótun sem á sér stað í anda þúsaldarmarkmiðanna taki mið af kynjasjónarmiðum. Þá þurfi að sjá til þess að fylgst sé með árangri ríkja við að ná jafnréttismarkmiðinu sem einnig felur í sér að efla frumkvæðisrétt kvenna. Í þessu starfi er brýnt að kyngreindum tölum sé safnað. „Til að þetta geti orðið að veruleika þurfa ríkisstjórnir, SP í heild sinni, alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir, þar á meðal

fjölpjódastofnanir, óháð félagsamtök, fræðimannasamfélagið og fjölmiðlar að taka virkan þátt.“

Hannan og Heyzer hafa einnig ítrekað þörfina á að skuldbindingar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna varðandi réttindi kvenna og kynjajafnrétti skuli hafðar að leiðarljósi. Þessar skuldbindingar hafa verið settar fram á heimsþingum síðustu tvo áratugi í Peking, Kairó, Vínarborg og

Kaupmannahöfn og á ráðstefnunni um HIV/alnæmi sem haldin var í New York. Þá vísa þær einnig í CEDAW, sem skyldar ríki til að efla og vernda réttindi kvenna og hefur verið samþykkt af 172 ríkjum.

„Til að kynjajafnrétti og kvenréttindi geti orðið órjúfanlegur hluti af þúsaldarmarkmiðunum um þróun þarf að setja þau í samhengi við önnur alþjóðleg markmið og sáttmála eins og CEDAW. Til þess þarf skuldbindingu ríkja sem veita þróunaraðstoð til að styðja við bakið á konum og auka frumkvæðisrétt og almenn réttindi þeirra. Þetta krefst aukins stuðnings við samtök sem vinna að jafnrétti kynjanna svo þau geti knúði á um aðgerðir sem miða að því að skuldbindingar verði að veruleika. Að lokum krefst þetta viðurkenningar þróunarsamfélagsins á að grundvallarskilyrðið fyrir samþættingu kynjasjónarmiða er skuldbinding gagnvart mannréttindum kvenna og auknum frumkvæðisrétti kvenna,“ sagði Heyzer á fundi Alþjóðabankans í lok árs 2003. ■

#### Heimildir og ítarefni

[www.mdgender.net](http://www.mdgender.net) • [www.unifem.org](http://www.unifem.org)

**Hver rannsóknin á fætur annarri hefur sýnt að aðferðir sem stuðla eiga að þróun eru ekki árangursríkar nema konur leiki meginhlutverk. Þar sem konur taka fullan þátt má sjá árangur undir eins; fjölskyldur eru heilbrigðari og nærðari; tekjur þeirra, sparifé og fjárfestingar aukast. Það sem á við um fjölskyldur á líka við um samfélög og, til lengri tíma er litið, heilu ríkin.“**

Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, mars 2003.





# Íslensk þróunarsamvinna og jafnréttismál

Þróunarsamvinna Íslands og þátttaka í starfi alþjóðastofnana hefur verið töluvert til umræðu síðastliðin misseri. **Rósa Erlingsdóttir**, stjórn málafræðingur og formaður UNIFEM á Íslandi, og **Birna Þórarinsdóttir**, stjórn málafræðingur og framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, rýndu í opinbera skýrslu um málefnið og áherslur á kynjajafnrétti sem þar eru að finna.

Síðla árs 2003 gaf utanríkisráðuneytið út skýrsluna Ísland og þróunarlöndin. Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana. Skýrslan er unnin að frumkvæði utanríkisráðherra og tekur hún bæði til marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu á árunum 1997–2002. Jafnframt því að gefa yfirlit yfir þróunarsamvinnu á þessu fimm ára tímabili er skýrsluhöfundum ætlað að gera tillögur um umfang og áherslur marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu til næstu fimm ára. Höfundar skýrslunnar eru Hermann Örn Ingólfsson og Jónas H. Haralz, en sá síðarnefndi er einnig höfundur sambærilegrar skýrslu frá árinu 1997.

Skýrslan veitir góða yfirsýn yfir breytingar sem orðið hafa á sviði þróunarsamvinnu og viðhorfum til þróunaraðstoðar hjá alþjóðastofnunum og á Norðurlöndum á undanförunum áratugum. Fjallað er um skipulag opinberrar þróunarsamvinnu og þátttöku Íslands í alþjóðastofnunum og norrænu samstarfi. Ennfremur eru settar fram tillögur um breytingar á fyrirkomulagi starfseminnar í samræmi við markmið stjórnvalda um hækkun opinberra framlaga til þróunarmála á næstu árum. Þá er fjallað um þróunaraðstoð fjálsra félagsamtaka, samstarf þeirra við opinbera aðila og æskilega þróun þess. Nánar verður vikið að þeirri umfjöllun síðar í greininni.

## Íslensk þróunarsamvinna

Opinber þróunaraðstoð Íslands hefur verið lítil að vöxtum og aðild landsins að alþjóðasamþykktum og aukin þátttaka í starfi alþjóðastofnana hefur litlu breytt. Það er mat skýrsluhöfunda að vegna þátttöku landsins í alþjóðasamvinnu og stöðu þess sem eitt Norðurlanda eigi Íslendingar

að leggja áherslu á að auka opinber framlög svo um muni á næstu árum. Lagt er til að þróunaraðstoð landsins nái meðaltali þróunaraðstoðar iðnríkjanna á árinu 2006. Það þýðir að tvöfalda þyrfti framlög okkar til málaflokksins sem þó yrðu enn umtalsvert lægri en framlög annarra ríkja Norðurlanda.

Þróunaraðstoð Íslendinga var lögfest árið 1971. Þá var það markmið sett í lög að framlög landsins til þróunarlöndanna skyldu nema 0,7% af landsframleiðslu. Eitt af lögfestum markmiðum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, lög nr. 43/1981, er að stofnunin vinni að því að framlög til þróunaraðstoðar nái sem fyrst því marki Sameinuðu þjóðanna að iðnríkin veiti 0,7% af landsframleiðslu til opinberrar þróunaraðstoðar. Þrátt fyrir að markmiðið hafi verið áréttað með þingsályktunum og við stefnumótun í þróunarsamvinnu hefur gengið hægt að hækka framlögin. Árið 1985 nam þróunaraðstoð 0,05% af landsframleiðslu, 1997 hafði hún hækkað í 0,10% og var árið 2003 orðin 0,16%.

Á árunum 2000–2003 kom til sögunnar nýr fjárlagaliður sem samkvæmt alþjóðareglum telst til þróunaraðstoðar. Sá liður er borgaraleg friðargæsla. Um hana er fjallað hér á eftir (og ítarlega annars staðar í blaðinu) en hækkun framlaga til þróunaraðstoðar síðastliðin ár má að stórum hluta skýra með auknum framlögum til íslensku friðargæslunnar.

Þróunaraðstoð Íslands er eingöngu veitt sem gjafafé sem gengur að mestu leyti til fátækustu þróunarlöndanna, svo sem Malaví, Mósambík og Úganda. Aðstoðinni hefur eingöngu verið beint til Afríkuríkja en hvað skiptingu milli málaflokka snertir, rann meiri hluti fjárens til verkefna í sjávarútvegi og fiskveiðum. Aukin áhersla hefur verið síðustu ár á verkefni á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Hefur íslenska aðstoðin þannig verið að færast nær því sem gerist hjá öðrum þjóðum.

Hugmyndafræði íslenskrar þróunarsamvinnu hefur þróast í samræmi við breytingar sem orðið hafa á afstöðu til þróunaraðstoðar á alþjóðavettvangi síðustu ár. Þróunaraðstoð er nú beint til ákveðinna greina eða málaflokka í samræmi við stefnu landsins, sem það hefur sjálft markað sér. Áður fyrir sneri aðstoðin fyrst og fremst að ákveðnum verkefnum sem gjafalandið tók að sér. Oft var það án virkrar aðkomu eða þátttöku heimamanna og jafnvel án samráðs við þá sem að þróunarmálum störfuðu. Við slíkar aðstæður lét árangurinn oft á sér standa. Breytingar

á vinnubrögðum fela í sér náð samstarf og samráð þróunarlandsins við alþjóðastofnanir og stuðningslönd auk samráðs stuðningslanda innbyrðis. Þótt Íslendingar lagi sig að breyttum aðstæðum er ljóst að íslensk þróunarsamvinna er of smá í sniðum til að hennar geti gætt innan heilla greina. Við þessar kringumstæður er þó nauðsynlegt að þeir sem starfa við mála-flokkinn njóti svigrúms til að fylgjast vel með og taka þátt í samráði þróunarlandanna, alþjóðastofnana og þeirra landa sem veita tvíhliða þróunaraðstoð.

#### Framlag Íslands til marghliða þróunaraðstoðar

Ólíkt flestum öðrum þjóðum hafa framlög Íslands verið hærri til marghliða þróunaraðstoðar en tvíhliða þróunaraðstoðar (0,1% og 0,06% af landsframleiðslu). Starfar þetta af smæð landsins og lítilli þátttöku í þróunarsamstarfi yfirleitt. Kostir marghliða aðstoðar felast í því að framlögum er veitt til stofnana sem hafa bolmagn og sérþekkingu til verkefnanna.

Ísland hefur einskorðað þátttöku sína í marghliða þróunarsamvinnu við fáar stofnanir. Greitt er til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA), Þróunarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP), sem UNIFEM heyrir undir, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar (FAO) og Norræna þróunarsjóðsins (NDF). Aðrar stofnanir og sjóðir hafa einnig verið styrkt, en ekki með árlegum framlögum.

Skýrsluhöfundar leggja til að framlög til UNDP verði aukin í framtíðinni og stuðningur við starf þeirra aukið af hálfu fastanefndar Íslands í New York. Sem hluta af auknu samstarfi við UNDP er mælt með auknu samstarfi við UNIFEM og jafnvel að könnuð verði tengsl milli þess samstarfs og þróunaraðstoðar ÞSSÍ. UNIFEM sé lítil starfseining innan Sameinuðu þjóðanna, sem henti smærri stuðningslöndum eins og Íslandi vel. Slíkt samstarf yrði einnig liður í því að sameina, meira en verið hefur, tvíhliða þróunaraðstoð Íslands og alþjóðastofnanir sem landið styður.

#### Friðargæsla

Sá hluti friðargæslu sem felst í borgaralegri aðstoð er skilgreindur sem þróunaraðstoð. Þátttaka Íslands í borgaralegri friðargæslu felst annars vegar í stuðningi við alþjóðlega friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna og hins vegar í uppbyggingu íslensku friðargæslunnar. Heildarframlög til friðargæslu voru 178 m.kr. árið 2002 og er áætlað að þau nemi um 600 m.kr. árið 2006. Meirihluta fjáris er varið til uppbyggingar íslensku friðargæslunnar en stefnt er að því að allt að 50 manns starfi á hennar vegum árið 2006. Aukin áhersla á framlög til friðargæslu hefur haft þau áhrif að heildarframlög Íslands til marghliða þróunaraðstoðar hafa hækkað talsvert. Sé litið á fjárlagaárið 2003 myndi heildarhlutfall opinberrar þróunaraðstoðar, að frádregnu framlaginu til friðargæslu, nema 0,125% af landsframleiðslu í stað 0,160% áður.

Eitt langlífasta verkefni íslensku friðargæslunnar er stuðningur við UNIFEM í Kósóvó. Höfundar skýrslunnar um Ísland og þróunarlöndin telja að auka eigi og styrkja samstarfið við UNIFEM. Jafnframt mæla skýrsluhöfundar með að tengsl milli þessa samstarfs og þróunaraðstoðar ÞSSÍ á sviði jafnréttismála sé kannað.

#### Háskóli Sameinuðu þjóðanna

Umfangsmesta framlag Íslands til marghliða þróunaraðstoðar er rekstur tveggja skóla sem báðir heyra undir Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Háskóli Sameinuðu þjóðanna var stofnaður árið 1975 og var Ísland eitt af fyrstu löndunum til að bjóðast til að hýsa deild á vegum skólans. Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna hóf starfsemi sína árið 1979 og hefur frá upphafi útskrifað tæplega 300 jarðhitasérfræðinga frá um 40 löndum. Skólinn er sjálfstæð rekstrareining innan Orkustofnunar. Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna hóf starfsemi sína árið 1998. Skólinn er hýstur hjá Hafrannsóknastofnuninni en starfar í nánun samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Í febrúar 2003 höfðu 62 sérfræðingar frá 19 löndum útskrifast úr skólanum. Í skýrslunni eru ekki tiltekin kynjahlutföll þeirra sem útskrifast hafa frá skólunum.

Komið hafa fram hugmyndir um að sameina skólana tvo, hugsanlega ásamt nýjum Landgræðsluskóla, í eina stofnun, Stofnun Háskóla Samein-

## Tímaás

- 1970** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkir að um miðjan 8. áratuginn skuli iðnríkin veita sem nemur 0,7% af landsframleiðslu til opinberrar þróunaraðstoðar.
- 1971** Lögfest að opinber framlög Íslands til þróunaraðstoðar skuli nema 0,7% af landsframleiðslu.
- 1981** Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) stofnuð.
- 1985** Þingsályktun um að 0,7% markinu skuli náð á sjö árum (þá 0,05%).
- 1989** Stofnun UNIFEM á Íslandi.
- 1992** Í skýrslu um þróunarmál er ítrekað mikilvægi þess að markmið Sameinuðu þjóðanna um framlög til þróunaraðstoðar sé uppfyllt.
- 1997** Í kjölfar skýrslu um Þróunarsamvinnu Íslands samþykkir ríkisstjórn Íslands að þróunaraðstoð aukist í heild úr 0,10% af vergri landsframleiðslu í 0,15% árið 2003, fyrst og fremst með auknum framlögum til ÞSSÍ.
- 1999** Samstarf íslenskra stjórnvalda og UNIFEM um jafnréttisstarf í Kósóvó hefst.
- 2000** Þúsaldarmarkmið um þróun samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, eitt meginmarkmiðið er að vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna.
- 2003** Í skýrslunni um Ísland og þróunarlöndin er lagt til að framlög Íslands til þróunaraðstoðar séu hækkuð upp í 0,3 af landsframleiðslu á tímabilinu 2003-2006 (0,19% til marghliðaaðstoðar og 0,11% til tvíhliða aðstoðar). Í skýrslunni er einnig lögð áhersla á aukið samstarf við UNIFEM.

**Eitt langlífasta verkefni íslensku friðargæslunnar er stuðningur við UNIFEM í Kósóvó. Höfundar skýrslunnar um Ísland og þróunarlöndin telja að auka eigi og styrkja samstarfið við UNIFEM. Jafnframt mæla skýrsluhöfundar með að tengsl milli þessa samstarfs og þróunaraðstoðar ÞSSÍ á sviði jafnréttismála sé kannað.**



uðu þjóðanna um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Á það er bent í skýrslunni að með sameiningu skólanna yrðu tengsl þess starfs sem þar er unnið við aðra marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands eflað.

### Verkefni ÞSSÍ

Þrátt fyrir ríkjandi áherslu á verkefni á sviði fiskveiða hefur Þróunarsamvinnustofnun á undanförunum árum styrkt nokkur verkefni á sviði heilbrigðis- og félagsmála, þ.m.t verkefni á sviði jafnréttismála.

Í Mósambík hefur íslenskur ráðgjafi aðstoðað ráðuneyti kvenna-

**Helstu samtök hér á landi sem sinna þróunaraðstoð eru fimm talsins: ABC-hjálparstarf, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga og SOS-barnaþorp. Nú síðast hefur UNICEF á Íslandi bæst í hóp þessara samtaka. Önnur samtök sem eru virk á sviði þróunarsamvinnu eru: Alþýðusamband Íslands, Barnaheill, Caritas á Íslandi, Kertabörn, UNIFEM á Íslandi og Vinir Indlands.**

og velferðarmála frá árinu 2000 við áætlanagerð, þjálfun starfslíðs og framkvæmd verkefna. Frá því að aðstoð ÞSSÍ hófst hefur kvennámáladeildin styrkst verulega með fjölgun starfsfólks og hafa yfirvöld þannig sýnt í verki áhuga sinn á verkefninu. Íslenski ráðgjafinn hefur einnig haft umsjón með nokkrum tilteknum verkefnum sem ÞSSÍ

hefur stutt, til að mynda aðstoð við ekkjur og einstæðar mæður til starfsþjálfunar og verkefni til stuðnings fiskverkakonum.

Í Namibíu hafa félagsleg verkefni einnig hlotið stuðning ÞSSÍ en þess má geta að upphaf þeirra má rekja til frumkvæðis íslenskra og namibískra kvenna sem bjuggu á svæðinu um fullorðinsfræðslu kvenna og barnagæslu í sambandi við hana.

Þá hefur Þróunarsamvinnustofnun styrkt verkefni ætluð til fullorðinsfræðslu í Úganda, Malaví og Namibíu en slík fræðsla skiptir miklu máli til að efla frumkvæðisrétt kvenna.

Í skýrslunni er lagt til að Þróunarsamvinnustofnun nýti þá þekkingu og reynslu sem hefur skapast í samstarfi Íslands og UNIFEM í starfi sínu á sviði jafnréttismála. Í tillögum um aukið samstarf ÞSSÍ og UNIFEM er lagt til að UNIFEM á Íslandi verði virkara í samstarfinu.

### Frjáls félagasamtök

Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um frjáls félagasamtök og stuðning þeirra við þróunaraðstoð. Athyglivert er að þróunar- og neyðaraðstoð frjálsra félagasamtaka hérlendis er mjög myndarleg í alþjóðlegum samanburði. Kristileg samtök og síðar mannúðarsamtök af ýmsum toga voru í raun brautryðjendur á sviði þróunaraðstoðar. Þegar þróunaraðstoð opinberra aðila til félagslegra verkefna jókst á 9. og 10. áratugnum vaknaði áhugi fyrir samstarfi þeirra við frjáls félagasamtök. Af hálfu opinberra aðila var leitast eftir að nýta þekkingu og reynslu samtakanna ásamt tengslum þeirra við hliðstæð samtök í þróunarlöndunum, og þar með við almennung. Félagasamtökin litu hins vegar á opinber framlög sem mikilsverðan stuðning við starfsemi sína.

Misjafnt er hversu miklum hluta opinberra þróunaraðstoðar er beint til félagasamtaka. Í Svíþjóð og Danmörku hefur hlutfallið verið 8-12% en í Noregi og Hollandi hefur allt að fjórðungur heildarframlaga til þróunaraðstoðar farið um hendur frjálsra félagasamtaka.

Hér á landi hafa frjáls félagasamtök notið opinberra aðstoðar í mjög litlum mæli en engu síður hefur starfsemi þeirra verið talsverð að vöxtum. Lauslegar upplýsingar benda til þess að fjárframlög þeirra til þróunaraðstoðar séu nokkuð hærri miðað við landsframléiðslu en það sem þekkist hjá Norðurlandþjóðunum. Heildarframlögin eru þó mun minni en frá öðrum ríkjum Norðurlanda. Helsta ástæða þess er hversu lágra framlaga þau hljóta frá stjórnvöldum. Helstu samtök hér á landi sem sinna þróunaraðstoð eru fimm talsins: ABC-hjálparstarf, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga og SOS-barnaþorp. Nú síðast hefur UNICEF á Íslandi bæst í hóp þessara samtaka. Önnur samtök sem eru virk á sviði þróunarsamvinnu eru: Alþýðusamband Íslands, Barnaheill, Caritas á Íslandi, Kertabörn, UNIFEM á Íslandi og Vinir Indlands.

Samkvæmt grófum útreikningum hefur framlag þessara samtaka til þróunaraðstoðar numið 0,04% af landsframléiðslu og var á árunum 1999 og 2000 herra en allt starfsfé ÞSSÍ. Fé þeirra kemur nær eingöngu frá fjársöfnunum en ekki frá opinberum aðilum. Árleg framlög til þróunaraðstoðar félagasamtaka námu sl. ár aðeins um 5-20 m.kr. Skýrsluhöfundar telja eðlilegt að herra hlutfall opinberra þróunaraðstoðar fari um hendur frjálsra félagasamtaka en verið hefur. Eðlilegt sé að stjórnvöld og ÞSSÍ nýti sérþekkingu sem er til staðar hjá frjálsum félagasamtökum og njóti aukins hagræðis af því að fela þeim umsjón með vissum verkefnum.

Við þetta má bæta af hálfu greinahöfunda að síðasta starfsár UNIFEM á Íslandi er til vitnis um vilja stjórnvalda um aukið samráð við frjáls félagasamtök á sviði þróunarsamvinnu. Eins og annars staðar hefur verið sagt frá vinnur félagið nú að því að auka starfssemi sína, m.a. í því augnamiði að aðlagast nýjum aðstæðum á sviði íslenskrar þróunarsamvinnu. UNIFEM á Íslandi fagnar aukinni umræðu um stefnumótun og markmið opinberra þróunaraðstoðar og hefur í því sambandi bent sérstaklega á mikilvægi jafnréttismála og bætt hlutskipti kvenna við uppbyggingu sjálfbærrar þróunar. ■

# Tilkynning til barnaverndarnefnda

Hefur þú áhyggjur af barni sem þú hefur grun um að sé vanrækt, beitt ofbeldi af einhverju tagi eða stofnar lífi sínu og þroska í hættu með eigin hegðun?

*Ef svo er þá ber þér að tilkynna það til barnaverndarnefndar.*

Barnaverndarnefnd metur tilkynninguna og veitir barni og/eða fjölskyldunni aðstoð ef þörf er.

Samband við  
barnaverndarnefndir  
landsins  
fæst í síma:  
**1-1-2**

**112**  
EINN EINN TVEIR



## Skilgreiningar og staðreyndir

- Marghliða þróunaraðstoð fer um hendur alþjóðlegra stofnana, t.d. sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og alþjóðafjármálastofnana.
- Tvíhliða þróunaraðstoð fer frá einu ríki til annars. Á Íslandi er tvíhliða aðstoð í höndum Þróunarsamvinnustofnunar, ÞSSÍ.
- Markmið Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1970 um framlög iðnríkjanna til þróunaraðstoðar kveður á um að iðnríkin stefni á að 0,7% af vergri landsframleiðslu renni til þróunaraðstoðar.
- Á árunum milli 1960 og 1970 hafði þróunaraðstoð iðnríkjanna lækkað úr 0,52% í 0,34% af landsframleiðslu.
- Á tímabilinu 1970-1993 stóð hlutfall sameiginlegrar aðstoðar af landsframleiðslu iðnríkjanna í stað og var 0,35% árið 1993.
- Framlag Íslands til þróunaraðstoðar var 0,16% árið 2003. Tillaga skýrslunnar Ísland og þróunarlöndin gerir ráð fyrir að framlög til þróunaraðstoðar verði 0,3% árið 2006.
- Einungis fimm ríki höfðu árið 2000 náð markmiðum Sameinuðu þjóðanna: Svíþjóð, Holland, Noregur, Danmörk og Lúxemborg.
- Þáttaskil urðu á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 2002 um fjármögnun þróunar. Þá lýstu leiðtogar heims yfir stuðningi við markmið Sameinuðu þjóðanna frá 1970.
- Á næstu þremur árum munu Bandaríkin auka framlög sín til þróunaraðstoðar um 50%, úr 10 milljörðum dala árlega í 15 milljarða.
- Aðildarríki Evrópusambandsins hafa samþykkt að á árinu 2006 verði heildarframlag þeirra komið í 0,39% af landsframleiðslu, samanborið við 0,32% árið 2000.
- Sá hluti friðargæslu sem felst í borgaralegri aðstoð er skilgreindur sem þróunaraðstoð.
- Á undanförunum árum hafa um 20-25% opinberrar norskrar þróunaraðstoðar farið um hendur frjálsra félagasamtaka. Í Danmörku var hlutfallið 8% og 12% í Svíþjóð.
- Talið er að á árunum 1999 og 2000 hafi frjáls félagasamtök á Íslandi lagt til um 300 m.kr. hvort ár til þróunaraðstoðar, að meðtaldri neyðarhjálp, og nær 320 m.kr. árið 2001.

Ljósmyndir: efst Birna Þórarinsdóttir/Malaví. Miðja Davíð Logi Sigurðsson/Írak. Neðst Erla Halldórsdóttir/Úganda.

**UNIFEM á Íslandi fagnar aukinni umræðu um stefnumótun og markmið opinberrar þróunaraðstoðar og hefur í því sambandi bent sérstaklega á mikilvægi jafnréttismála og bætt hlutskipti kvenna við uppbyggingu sjálfbærrar þróunar.**







„Að bregðast við

## Ófriðarblikum“ Íslenska friðargæslan

Íslenska friðargæslan heldur úti starfsfólki víðsvegar um heim og á viðbragðslista eru um eitthundrað sérfræðingar með víðtæka menntun og reynslu. Hrud Gunnsteinsdóttir þróunarfræðingur skeggræðir við þá **Arnór Sigurjónsson** og **Þorbjörn Jónsson** um störf friðargæslunnar og áherslur í kynja- og jafnréttismálum.

Eins og fram kemur á heimasíðu íslenska friðargæslunnar er „friðargæsla samheiti yfir fjölþættar aðgerðir alþjóðastofnana til að tryggja frið á átaka-svæðum. Grunnhugmynd friðargæslu er að bregðast við ófriði eða ófriðarblikum með margþættum aðgerðum, bæði áður en átök brjótast út og eftir að stillt hefur verið til friðar. Friðargæsluhugtakið tekur þannig til ýmiss konar fjölþjóðlegra aðgerða sem miða allar að því að koma í veg fyrir átök, koma á friði og skapa skilyrði til að varanlegur friður ríki.“

### Stjórn flugvallar skipar stóran sess

„Íslenska friðargæslan var formlega sett á laggirnar árið 2001, en segja má að stórt skref hafi verið stigið í þessa átt árið 1994. Þá tóku Íslendingar þátt í verkefni í Tusla í Bosnía og Hersegóvínu með Norðmönnum. Í dag erum við með starfsemi í tveimur heimsálfum sem spannar vítt svið,“ segir Arnór Sigurjónsson, skrifstofustjóri íslensku friðargæslunnar. Í febrúar á þessu ári varð íslenska friðargæslan svo að sérskrifstofu innan utanríkisráðuneytisins og „í dag erum við með verkefni í Kósóvó, Bosnía og Hersegóvínu, Sri Lanka og Afganistan,“ segir Þorbjörn Jónsson hjá íslensku friðargæslunni.

Verkefni íslensku friðargæslunnar hafa verið margvísleg og ná til heilbrigðisgeirans, löggæslu og borgaralegra starfa á sviði verkfræði, lýðræðisþróunar, mannréttinda og kynjajafnréttis, svo eitthvað sé nefnt.

Stjórn flugvallarins í Prístína í Kósóvó, og nú einnig í Kabúl í Afganistan, skipar stóran sess í íslensku friðargæslunni. Yfirumsjón með rekstri flugvallarins í Prístína lauk 1. apríl sl., en í júní tóku Íslendingar við stjórn flugvallarins í Kabúl. Þar munu að meðaltali starfa 15 Íslendingar.

Eins og Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, sagði í samtali við Morgunblaðið í júní sl. er ljóst að langstærsti hluti þeirra fjármuna sem utanríkisráðuneytið hefur til umráða til friðargæsluverkefna muni renna til verkefnisins í Kabúl á næstu misserum. Fyrir vikið hafa seglin verið dregin saman á öðrum sviðum, en um mitt ár voru einungis að störfum tveir lögreglumenn og einn fjölmiðlafulltrúi í Bosnía-Hersegóvínu, jafnréttisfulltrúi UNIFEM og fjölmiðlafulltrúi í Kósóvó og tveir borgaralegir sérfræðingar á Sri Lanka. Á sama tíma störfuðu 17 Íslendingar við flugvöllinn í Kabúl.

### Fimmtíu manns að störfum í senn

Arnór segir íslensku friðargæsluna enn vera í mótun, enda nýtt svið fyrir Íslendinga og tími færi í að þjálfa upp sérhæft starfsfólk á þessu sviði. Venjan væri að friðargæsluliðar færu til starfa í sex mánuði til eitt ár í senn. Reynt er að hafa fólk ekki í lengri tíma en eitt ár í hverju starfi og tekur íslenska friðargæslan stefnu annarra Norðurlanda sér til fyrirmyndar í þeim efnum.

Þá nefnir Arnór dæmi um að Íslendingar færu á vegum friðargæslunnar í ýmis minni verkefni. Í þessu samhengi má til að mynda nefna samstarfs-samning við Alþjóðlegu matvælastofnunina (WFP) og OCHA, skrifstofu SP sem sér um að samhæfa neyðaraðstoð, en á vegum þessara stofnana hafa Íslendingar verið sendir í stuttan tíma í senn. Þá hafa Íslendingar einnig farið utan í kosningaefirlit á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

Utanríkisráðuneytið sendir 20–30 einstaklinga á ári til friðargæslustarfa undir merkjum Íslensku friðargæslunnar. Að sögn Arnórs er markmiðið „að hafa 50 manns að störfum erlendis á hverjum tíma árið 2006, en til þess þarf að auka fjárveitingar frá því sem nú er.“

### Karlar í meirihluta á viðbragðslista friðargæslunnar

Karlar eru í meirihluta á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar og meirihluti þeirra sem sendir hafa verið til starfa á hennar vegum.

„Tuttugu og fimm til þrjátíu prósent þeirra sem eru á viðbragðslista friðargæslunnar eru konur. Sum verkefni henta einfaldlega betur fyrir



konur en karla og öflugt. Konur hafa til að mynda hentað vel til starfans í Sri Lanka sem byggist töluvert á sáttahæfileikum, aðlögunarhæfni auk þess sem konur búa gjarnan yfir sálrænum yfirburðum samanborið við karla,“ segir Arnór. „Nokkrar konur sóttu um starf við flugvöllinn í Kabúl og var ein þeirra ráðin. Hins vegar kom ekki til þess að hún færi af persónulegum ástæðum.“

### **Konur voru aðeins 14% þeirra friðargæsluliða sem voru að störfum fyrstu sex mánuði þessa árs. Þá lækkaði hlutfall kvenna úr 30% í 24% á árunum 2001-2003.**

Konur voru aðeins 14% þeirra friðargæsluliða sem voru að störfum fyrstu sex mánuði þessa árs. Þá lækkaði hlutfall kvenna úr 30% í 24% á árunum 2001-2003. Aðspurður um það hvort við veldum „karlastörf“ frekar en störf sem henta konum eða báðum kynjum í friðargæslunni, segir Arnór svo ekki vera. „Við viljum endurspeglar allan regnbogann í íslensku friðargæslunni.“ Hins vegar væri ljóst að kynjaskipting í starfi friðargæslunnar endurspeglar kynjaskiptingu heima fyrir hverju sinni. Hann tók sem dæmi þá lækna og hjúkrunarfræðinga sem sendir hafa verið til starfa á vegum íslensku friðargæslunnar, en karlar hafa fyllt störf lækna, og konur hjúkrunarfræðinga.

Hann bendir á að ýmis störf sem í fyrstu gætu talist frekar til karla- en kvennastarfa hentuðu í raun konum mjög vel. Sem dæmi um þátttöku kvenna sagði Arnór jafnan eina til tvær konur að störfum í lögreglunni í Bosníu og Hersegóvínu og í Kósóvó hafi konur verið að störfum í flugumferðarstjórn og fluggagnafræði. „Verkefnafl á ekki að endurspeglar karlahlutverk,“ segir Arnór. Hins vegar sé raunin sú að fleiri karlar sæktu um störf við friðargæslu en konur sem óhjákvæmilega skilaði sér í hlutfallslega fleiri körlum á viðbragðslista. „Nokkuð sem við vildum gjarnan breyta.“

#### **Styðja verkefni UNIFEM í Kósóvó til loka árs 2005**

Arnór segir friðargæsluna leggja áherslu á að styrkja fáein verkefni sem miða að bættari stöðu kvenna og auknu kynjajafnrétti. Að auki legði friðargæslan áherslu á kerfisbundna nálgun í þessum efnum.

Íslensk stjórnvöld hafa fjármagnað stöðu íslensks sérfræðings hjá UNIFEM í Kósóvó frá árinu 1999. Til þessa hafa fjórar íslenskar konur verið sendar til starfans og hafa þær gegnt stöðu sérlegs ráðgjafa og verkefnisstjóra UNIFEM. Arnór segir það hafa verið vel þess virði að styðja UNIFEM og hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að styðja verkefnið í Kósóvó til loka árs 2005. Þá segir hann yfirvöld reiðubúin að skoða aðra möguleika í ætt við UNIFEM-verkefnið í Kósóvó þegar því lýkur.

#### **„Menn hegði sér vel“**

Ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 frá árinu 2000 kveður á um aukinn hlut kvenna í ákvarðanatöku og þátttöku við friðarumleitanir og uppbyggingu eftir stríð. Að auki varpar ályktunin ljósi á sérstakar hættur sem blasa við konum og stúlkum á stríðstímum og í kjölfar stríðs.

Ályktunin kveður á um að sérstakt tillit skuli tekið til stöðu og réttinda kvenna á meðan á stríðsátökum stendur og eftir stríð. Til að tryggja að þessum atriðum sé framfylgt er farið fram á að aðildarríki og aðalritari SP sjái til þess að starfsfólk í friðargæslu og uppbyggingarstarfi fái sérstaka

#### **Myndir**

**Bls. 78:** Kósóvó-Albanar sýna þakklæti sitt með því að spreya fána og tilgreina nöfn þeirra sem álitnir eru hafa „frelsað“ þá frá oki serbneskra stjórnvalda. Á myndinni má sjá nafn Robin Cooks, fyrrverandi utanríkisráðherra Bretlands, Wesley Clarks, fyrrverandi yfirmanns NATO-hersins í Kósóvó, Xavier Solana, framkvæmdarstjóra NATO, merki NATO, auk þjóðarfána Bretlands, Kanada og Pýskalands. Ljósmynd: Lorin Lopotinsky.

**Til hægr:** Á myndinni er Jónas Þorvaldsson, sprengjusérfræðingur Landhelgisgæslunnar, en hann starfaði á vegum íslensku friðargæslunnar við að fjarlægja sprengjur í suðurhluta Íraks um tveggja mánaða skeið í byrjun ársins. Ljósmynd: Davíð Logi Sigurðsson.

fræðslu í „verndun, réttindum og sérþörfum kvenna“. Að auki er kveðið á um að starfsfólk skuli fá fræðslu um mikilvægi þess að konur séu þátttakendur í öllum aðgerðum sem snúa að friðargæslu og friðaruppbyggingu.

Íslenska friðargæslan hefur boðið fólki á viðbragðslista að sækja almenn undirbúningsnámskeið og var eitt slíkt haldið í apríl sl. Aðspurður segir Þorbjörn að ekki hafi verið fjallað sérstaklega um málefni kvenna og réttindi þeirra. „Aðaláherslan var á öryggisviðbúnað. Hins vegar lögðum við mikla áherslu á ýmsar dekkri hliðar á alþjóðastarfssemi, eins og mansal, og að menn hegðuðu sér vel á staðnum. Að þeir gerðu ekkert sem þeir myndu skammast sín fyrir.“

Þá sagði Þorbjörn þá hafa hvatt friðargæsluliða til að sækja fundi og ráðstefnur og tók sem dæmi ráðstefnu sem haldin var um Konur, stríð og öryggi 10.-11. október 2003 í Háskóla Íslands. Þar hafi ýmislegt fróðlegt og nytsamlegt komið fram um þessu málefni. ■

**Íslensk stjórnvöld hafa fjármagnað stöðu íslensks sérfræðings hjá UNIFEM í Kósóvó frá árinu 1999. Til þessa hafa fjórar íslenskar konur verið sendar til starfans og hafa þær gegnt stöðu sérlegs ráðgjafa og verkefnisstjóra UNIFEM. Arnór segir það hafa verið vel þess virði að styðja UNIFEM og hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að styðja verkefnið í Kósóvó til loka árs 2005. Þá segir hann yfirvöld reiðubúin að skoða aðra möguleika í ætt við UNIFEM-verkefnið í Kósóvó þegar því lýkur.**







UNICEF/H001-0262/Gia.com Prozzi



## „Viljum auka gæði

# þróunaraðstoðar“

## Um marghliða þróunaraðstoð Íslands

Sumarið 2003 var sett á stofn svið fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu innan alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Hrund Gunnsteinsdóttir þróunarfræðingur ræðir við **Hermann Örn Ingólfsson** sendiráðunaut um stefnur og strauma alþjóðlegra stofnana og hlut Íslands í marghliða þróunaraðstoð.

### Seta í stjórn Alþjóðabankans forgangsverkefni

Á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu starfa fjórir sérfræðingar auk ritara og fer skrifstofan með málefni marghliða þróunaraðstoðar Íslands. Slík aðstoð er veitt í gegnum stofnanir, en ekki beint frá einu ríki til annars. „Forganngsverkefni skrifstofunnar er að styðja við setu Íslands í stjórn Alþjóðabankans, sem óhætt er að segja að sé ein valdamesta stofnunin á sviði þróunarmála í dag,“ segir Hermann Örn Ingólfsson, sendiráðunautur á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu. „Í október 2003 tók Þorsteinn Ingólfsson, fyrrverandi sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, sæti aðalfulltrúa kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í stjórn Alþjóðabankans (IBRD). Alls sitja 24 í stjórn bankans í Washington, en hlutverk Íslands í sæti aðalfulltrúa er að samræma afstöðu þessara átta ríkja og leiða störf þeirra í þrjú ár, eða til ársins 2006.“

Að auki tekur svið fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu að sér ýmis verkefni sem snerta störf ráðuneytisins og eru á vegum Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP), Mannfjöldasjóds SP (UNFPA), Norræna þróunarsjódsins (NDF), Matvælaaðstoðar SP (WFP), Alþjóðasjóds um þróun landbúnaðar (IFAD) og ráðstefnu SP um viðskipti og þróun (UNCTAD). Þá vinnur skrifstofan að aðild Íslands að þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), eða DAC.

Hlutverk DAC (Development Assistance Committee) er að sögn

Hermanns fyrst og fremst að veita ríku þjóðunum aðhald, að vera vettvangur fyrir mótun sameiginlegra stefnumiða um framkvæmd þróunaraðstoðar og halda utan um upplýsingar um þróunaraðstoð þeirra. Með aðild að DAC komum við til með að þurfa að „veita meiri og nákvæmari upplýsingar um hvernig aðstoð og hve mikið fé við leggjum til þróunaraðstoðar. Nefndin gerir úttekt á þróunaraðstoð aðildarlanda á nokkurra ára fresti og með aðild að henni viljum við auka gæði þróunaraðstoðar okkar,“ segir Hermann Örn.

Samkvæmt viðmiðum þróunarsamvinnunefndarinnar og SP er gert ráð fyrir að ríki eyði 0,7% af landsframleiðslu til þróunaraðstoðar. Þróunaraðstoð Íslendinga var 0,17% árið 2003 eða 1.400 millj. kr. Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að þróunaraðstoðin verði 0,19% af landsframleiðslu á þessu ári. Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, lýsti því yfir á Alþingi í vor að stefna Íslands væri að 2008-2009 yrði hlutfall þróunaraðstoðar komið í 0,35% af landsframleiðslu.

### „Íslendingar vilja taka ábyrgð“

Hermann Örn segir heildarstefnu Íslands í marghliðaþróunaraðstoð vera í mótun. „Við erum að veita og meta hvar íslenskum fjármunum sé best varið og með hvaða alþjóðlegu stofnunum sé best að vinna að ákveðnum málum.“ Hermann segir Ísland hingað til hafa takmarkað sig við samstarf og fjárstuðning til tiltölulega fárra stofnana. „Ástæðan er einfaldlega sú að við erum lítið ríki og höfum þar af leiðandi ekki yfir miklum fjármunum að ráða til að geta haft áhrif á mörgum stöðum í einu.“

Hermann segir þróunaraðstoð okkar hafa til þessa miðast fyrst og fremst við að standa við skuldbindingar okkar gagnvart alþjóðlegum stofnunum. Lítið svigrúm hafi þar af leiðandi skapast til að beita sér á afmörkuðum sviðum. Hann segir tvö sjónarmið vera uppi varðandi stefnumótun í þróunarmálum og fari þau vel saman.

„Annað sjónarmiðið felur í sér að veita fjármunum til einstakra stofni-



ana sem nýta það í rekstur og verkefni eftir þörfum. Það er síðan hlutverk Íslands og annarra framlagalanda að fylgjast með því að starfsemi viðkomandi stofnunar sé skilvirk og árangursrík. Dæmi um þetta er til að mynda stuðningur Íslands við Þróunaráætlun SP (UNDP) og Alþjóðabankann. Hitt sjónarmiðið felur í sér að Ísland veiti peningum til afmarkaðra verkefna, eins og verkefni UNIFEM í Kósóvó sem stjórnvöld hafa stutt frá árinu 1999 með því að senda þangað sérfræðing til starfa.“ Hermann segir síðari kostinn ekki síst fýsilegan „þar sem við byggjum um leið upp þekkingu meðal Íslendinga á þessu sviði.“ Þá segir hann engan skort vera á góðum verkefnum til að styðja. „Það eru næg sóknarferi fyrir Íslendinga til að vera öflugur þátttakandi í alþjóðlegu starfi. Þannig sýnum við að Íslendingar vilja taka ábyrgð.“

### „Jafnréttismál skipa stóran sess“

Sameinuðu þjóðirnar leggja mikla áherslu á að kynjasjónarmið séu samþætt á öllum stigum þróunarstarfs, friðargæslu og í uppbyggingarstarfi eftir stríð. Hér er átt við að á öllum stigum verkefnaáætlana, stefnumótunar og framkvæmd verkefna sé tekið mið af ólíkri stöðu og hlutverki karla og kvenna og að karlar og konur hafi jafnan aðgang að öllu ákvarðanatökufæri. Markmiðið er að stuðla að bættri stöðu kvenna og stúlkna og kynjajafnrétti á öllum stigum samfélagsins.

Síðustu áratugi hafa áherslur á jafnréttissjónarmið vaxið jafnt og þétt innan alþjóðlegra stofnana, frjálsra félagsamtaka, fjölmiðla, ríkisstjórna og annarra sem láta sig alþjóðamál varða. Í þessu sambandi hefur Kofi Annan, aðalritari SP, sagt það ljóst að engin aðferð sem stuðla eigi að þróun beri árangur nema konur séu hafðar með í ráðum og tillit sé tekið til stöðu stúlkna og kvenna.

Aðspurður hvort Ísland leggi áherslu á samþættingu kynjasjónarmiða í þróunarsamvinnu og þróunaraðstoð segir Hermann svo vera. „Við höfum talað fyrir ákveðnum málefnum innan SP og þar skipa jafnréttismál stóran sess. Utanríkisráðherra hefur sagt aðstoðina við konur gríðarlega mikilvæga, að aðstoð við konur sé eitt af því albasta sem gert sé í þróunaraðstoð, það sé reynsla okkar. Við höfum gert heilmikið á sviði kynja- og jafnréttismála bæði á stofnanastigi og í grasrótinni. Í kjördæmi Alþjóðabankans er mikið talað um jafnréttismál. Við vinnum mjög náið með Norðurlöndunum á sviði þróunaraðstoðar en þau hafa mjög jákvæða ímynd á sviði jafnréttismála og á okkur er hlustað af mikilli athygli.“

„Norðurlöndin beittu sér mjög fyrir því að Alþjóðabankinn setti sér stefnu í kynja- og jafnréttismálum en slík stefna var samþykkt af stjórn bankans í september 2001. Frá þeim tíma hefur bankinn gefið út tvær stöðuskýrslur sérstaklega um þetta málefni. Markmið stefnunnar er að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið störfum bankans og höfum við á Norðurlöndum lagt áherslu á að alltaf sé tekið mið af kynjasjónarmiðum við gerð verkefnaáætlana á vegum bankans sem og í einstökum verkefnum.“

Þrátt fyrir aukna áherslu á kynjajafnrétti og réttindi kvenna og stúlkna er víða pottur brotinn og töluvert á brattann að sækja til að þessi viðhorf séu almennt viðtekin og þeim framfylgt á sviði alþjóðamála.

### Ísland greiðir í HIPC-sjóðinn

Bretton Woods stofnanirnar hafa tekið töluverðum breytingum síðustu ár. Sama ár og Jubilee 2000 var stofnað, árið 1996, settu stofnanirnar á laggirnar svokallað HIPC-átak (Heavily Indebted Poor Countries Initiative) sem felur í sér að hluti af skuldum fátækustu ríkja heims eru lækkaðar niður fyrir mörk sem geta talist viðráðanleg. Að auki hafa stofnanirnar lagt niður áætlanir um kerfislæga aðlögun og tekið upp nýja stefnu sem fjallað verður um hér á eftir. Afnáam verndartolla iðnríkja á landbúnaðarvörur í eigin ríkjum til að greiða leiðina fyrir þróunarríki á sviði alþjóðavískafta er hluti af þessari umræðu um endurskipulagningu og bættu stefnu í þróunarmálum.

Til að fjármagna HIPC-átakið var settur á laggirnar fjármagnssjóður sem iðnríkin greiða í. Að sögn Hermanns hefur Ísland lagt 2.375.000 dollara í HIPC-sjóðinn. „Við stefnum að því að greiða 2.7 milljónir dollara alls. Þátttaka okkar í HIPC-átakinu hefur verið góð, ekki síst vegna þess að við höfum stillt okkur upp sem eitt af Norðurlöndunum.“

## Skuldastaða fátækustu ríkjanna ein helsta hindrun framfara

**Skuldastaða fátækustu ríkja heims og annarra þróunarlanda hefur verið ofarlega á döfinni í umræðunni um þróun og fátækt í heiminum síðastliðin ár. Skuldabyrði þessara landa og skertur aðgangur að vestrænum mörkuðum eru af mörgum talin mikilvægustu málefni í þessari umfjöllun og helsta hindrun þróunar.**

**Segja má að núverandi skuldastaða margra þróunarríkja eigi rætur að rekja til áttunda áratugarins og upphafs þess níunda. Óhagstæður viðskiptajöfnuður vegna olíuverðshækkana, versnandi markaðsstaða þeirra á alþjóðlegum markaði og óstjórn í innanríkismálum varð til þess að tugir ríkja þurftu að leita til Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) um lán við upphaf níunda áratugarins. Eftir að nýlendur Evrópuríkjanna hlutu sjálfstæði hafa lánsfé og styrkir, í formi hjálparaðstoðar, runnið í miklum mæli til þeirra. Ríkin í suðri stóðu frammi fyrir mikilvægu uppbyggingarstarfi á efnahagslegu, félagslegu og pólitísku sviði. Kalda stríðið setti mark sitt á þessa þróun, en fjármagn sem að forminu til var hjálparaðstoð streymdi oft til þeirra landa sem þóttu gegna mikilvægu hlutverki í pólitískum, landfræðilegum og hernaðarlegum skilningi.**

**Þegar olíuverð hækkaði 1973-1974 fengu mörg ríki í suðri lán hjá bönkum á Vesturlöndum til að bæta viðskiptastöðu sína en gjaldeyrisforði fjölda ríkja sem ekki framleiddu olíu féll í verði. Á þessum tíma stóðu framleiðsluvörur þróunarlanda ágætlega á alþjóðlegum markaði og vextir af lánum voru tilþömlulega lágir. Hvort tveggja gerði lántökurnar að æskilegum kosti. Í lok áttunda áratugarins hækkaði olíuverð hins vegar á ný. Vegna efnahagslæggðar á Vesturlöndum við upphaf níunda áratugarins dró úr eftirspurn eftir vörum frá þróunarlöndum, þær féllu í verði og loks var svo komið að ríkisstjórnir í suðri áttu ekki lengur kost á lánum á Vesturlöndum.**

**Peningastefnan í stjórnartíð Thatcher og Reagans hafði áhrif á þessa þróun, en hún leiddi meðal annars til hækkunar vaxta sem dró úr fjárstreymi til þróunarlanda og hækkaði vaxtagreiðslur af eldri lánum. Aukinn tekjuhalli og þyngri greiðslubyrði af lánum leiddi síðan til þess að fjölmörg ríki stóðu frammi fyrir gjaldþroti. Árið 1982 lýsti Mexíkó því yfir að það gæti ekki lengur staðið í skilum og sótti eftir greiðslustöðvun. Tugir annarra ríkja fylgdu í kjölfarið.**





## Lítið samráð við ríki um eigin efnahagsstjórn

**Þegar ríkisstjórnir í suðri sóttu til Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) um aðstoð við upphaf níunda áratugarins hófst það tímabil í sögu stofnananna sem hvað mest hefur verið gagnrýnt af breiðum hópi manna um heim allan. Stefnur Bretton Wood stofnananna, eins og bankinn og sjóðurinn eru gjarnan kallaðir, fólst í stuttu máli í því að lán voru veitt til þróunarríkja með ströngum skilyrðum um breytta efnahagsstjórn og stjórn-sýslu. Þessi skilyrði voru sett fram í svokallaðri kerfis-lægri aðlögun, eða Structural Adjustment Programmes (SAPs).**

Lítið samráð var haft við stjórnvöld og aðra aðila í viðkomandi ríkjum við gerð þessara skilyrða sem höfðu það að grundvallarmarkmiði að auka útflutning og opna innlenda markaði fyrir erlendum fjárfestingum og vörum. Áhersla var lögð á að lánsríki einkavæddu stóran hluta ríkisrekinnna fyrirtækja og stofnana og leggðu af einokun. Mörg þessara ríkja höfðu frá því þau hlutu sjálfstæði aðhyllst mikil ríkisafskipti og verndarstefnu gagnvart innfluttum vörum. Því fól kerfislæg aðlögun í sér kúvendingu hvað efnahagsstjórn og félagslegt öryggi varðaði.

Niðurgreiðslur á mat og lyfjum voru í mörgum tilfellum lagðar niður og verð á neysluvörum hækkaði verulega. Launalækkningar urðu í kjölfar aðlögunarinnar, sérstaklega hjá hinu opinbera og aðgangur að heilsugæslu og möguleikar til menntunar fóru minnkandi. Kerfislæg aðlögun bitnaði mest á fátækustu íbúunum, konum, eldra fólki og sjúklingum.

## Hlutur regnhlífarsamtaka

Heimssamtökin Jubilee 2000, sem voru samtök frjálsra félagasamtaka, fjölmiðla, sérfræðinga, háskólasamfélaga og annarra, vöktu athygli á slæmum vinnubrögðum stofnananna í lok 20. aldarinnar. Þau börðust ötullega fyrir því að stofnanirnar tvær legðu niður allar eða hluta af skuldum fátækustu ríkjanna. Meðal þeirra sem töluðu fyrir málstað Jubilee 2000 voru Bono, söngvari U2, Jóhannes Páll páfi og Mohammad Ali, auk þess sem stjórnmalaleiðtogar eins og Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, og Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hafa sýnt málefniinu stuðning. Engin vafi leikur á því að störf samtakanna hafa skilað töluverðum árangri. Í það minnsta vöktu almenning til umhugsunar um skuldastöðu þróunarríkjanna.

## Markmiðið að draga úr fátækt

Í stað kerfislegrar aðlögunar þurfa þróunarríki sem nú fá lán eða niðurgreiddar skuldir að útbúa áætlun um það hvernig þau hyggjast bæta efnahagsstjórn og minnka fátækt í landinu (Poverty Reduction Strategic Paper, PRSP). Áherslan er því fyrst og fremst á að draga úr fátækt, að lánsríki leiði gerð þessara áætlana í samvinnu við frjáls félagasamtök og aðra innlenda aðila, sem og alþjóðlegar stofnanir og samtök sem starfa að þróunarmálum í viðkomandi landi. Þessi skilyrði eru í samræmi við breyttar áherslur í þróunarmálum og kröfur um að ríki „eigi“ eða séu fyrst og fremst ábyrg fyrir þróunarstarfi í eigin landi (e. ownership) og þau markmið að draga úr fátækt í heiminum.

„PRSP er ákveðin bylting. Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tóku ákvörðun um að leggja ábyrgð í hendur landanna sjálfra sem er töluverð breyting frá því sem var. Í PRSP eiga allir að vera með,“ segir Hermann Örn. „Wolfenshon tók við forsæti Alþjóðabankans árið 1995 en hann hefur verið tilbúinn að hlusta meira á gagnrýnisráddir en verið hafði og ímynd Alþjóðabankans hefur batnað. HIPC-verkefnið var sett á laggirnar fljótlega eftir að Wolfenshon tók við. Félagasamtök hafa veitt þessum stofnunum (bankanum og sjóðnum) aðhald. Það sem skiptir mestu máli er að löndin sjálf treysti sér til að setja stólinn fyrir dynnar og berjast fyrir skoðunum sínum. Með PRSP hafa þau þetta tæki.“

Hermann Örn segir það rétt að PRSP hafi gengið misvel eftir löndum. Það fari mikið eftir því hversu leiðandi yfirvöld í hverju landi eru, hversu vel þau vinna með innlendum hagsmunahópum og ríkjum sem veita þróunaraðstoð.

Hvað varðar kynja- og jafnréttismál segir Hermann Örn það velja mjög á áherslum innlendra aðila, hvort sem um ræðir yfirvöld eða aðra, hversu mikið tillit er tekið til slíkra mála við framkvæmdir sem miða að uppbyggingu og útrýmingu fátækta. „PRSP er sóknarfæri fyrir löndin sjálf og hagsmunaaðila í löndunum. Samráðsferlið felur í sér að hagsmunaaðilar koma á framfæri ákveðnum áherslum og skoðunum. Oft eru þrýstihópar sem hafa jafnrétti og bættu stöðu kvenna að leiðarljósi ekki nægilega sterkir og því spurning um hvernig stofnanir eins og UNIFEM koma inn í umræðuna. Norðurlöndin stukku á þessa hugmynd með PRSP og sáu þar gott tækifæri til að bæta ástandið og samskipti vestrænna ríkja við þróunarlönd.“

## Þúsaldarmarkmið SP til grundvallar þróunaraðstoðar

Árið 1996 einsettu 21 aðildarríki OECD, fjölmörg óháð félagasamtök og alþjóðlegar stofnanir sér að fækka tilfellum sárafátækta um helming fyrir árið 2015. Þetta markmið er eitt af helstu áhersluatriðum í þúsaldarmarkmiðum SP um þróun, og tekur HIPC-átakið mið af þeim.

Nánar er fjallað um þúsaldarmarkmiðin annars staðar í blaðinu, en þau samanstanda af átta markmiðum um þróun og bætt lífskjör. Hermann segir markmiðin þjóna mikilvægu hlutverki þótt þau séu ekki fullkomin. „Þau eru mikil einföldun að mínum dómi, en hljóta samt að hjálpa. Þarna sameinast alþjóðasamfélagið í heild sinni um markmið til að vinna að, bæði Bretton Woods stofnanirnar og tvíhliða stofnanir. Öll erum við að vinna að sameiginlegum markmiðum. Það hlýtur að vera mjög jákvætt. Á Monterrey-ráðstefnunni um fjármögnun þróunar árið 2002 gáfu ríki löndin til að mynda loforð um verulega aukningu framlaga til þróunaraðstoðar.“

Þessi loforð um aukningu hafa hins vegar ekki staðist sem skyldi og hafa gagnrýnisráddir verið uppi um að mikill hluti þróunaraðstoðar hafi verið veittur til uppbyggingarstarfs í Afganistan og Írak, á kostnað þróunaraðstoðar til annarra landa. Þeirra vandamál njóti hins vegar ekki eins mikillar athygli fjölmiðla og þar af leiðandi rati minna fjármagn til þeirra.

Hermann Örn segir framlög til fátækustu landanna ekki hafa farið lækandi. „En þetta er þó vísbending um að þrátt fyrir hækkun framlaga ríki þjóðanna til þróunaraðstoðar er hún kannski ekki nægjanlega mikið ætluð baráttunni fyrir framgangi þúsaldarmarkmiðanna. Menn hafa því áhyggjur af því að við munum ekki ná markmiðunum og því fjármagni sem lofað hefur verið. Í dag er útlit fyrir að mikill fjöldi fátækra landa muni ekki ná þúsaldarmarkmiðunum. Við tökum þúsaldarmarkmiðin um þróun hins vegar mjög alvarlega og þau eru grundvöllurinn að stefnu Íslands í þróunaraðstoð.“ ■



# GEORGE FOREMAN

## HEILSU & SÆLKERAGRILLIN

### Foreman rotar keppinautana!

1. Nýr lífsstíll með færi hitaeiningum.
2. Minni bræla - hollari og ljúffengari matur.
3. Hentar fyrir allan mat, kjöt, fisk, kjúkling, grænmeti, samlokur ofl.
4. Auðvelt að þrifa, t.d. með elhúsbréfi eða bursta.
5. Íslenskar leiðbeiningar ásamt nokkrum uppskriftum.
6. Grill sem gerir þig að meistarakokki í elhúsinu.

**NÝTT**

Heilsu-snúningsgrill með glóðarteini.  
Leiðb. smás.verð: **14.500.-**



Heilsugrill með brauðhitara.  
Leiðb. smás.verð: **8.990.-**



**NÝTT**

Stærra heilsugrill grill án brauðhitara.  
Leiðb. smás.verð: **8.990.-**



**Reykjavík:**  
Hagkaup, Expert, Elko,  
Byko, Byggt og búið  
**Akureyri:**  
Byko, Hagkaup

**Selfoss:** Árvirkinn, Byko  
**Reykjanesbær:** Byko  
**Vestmannaeyjar:** Geisli  
**Akranes:** Hljómsýn  
**Ísafjörður:** Pristur

**Borgarnes:** KB  
**Egilsstaðir:** KHB byggingavörudeild.  
**Hornafjörður:** Kaupfélag A-Skaftfellinga  
**Frihöfnin Keflavíkurflugvelli**





## „Jafnréttismál snar þáttur

## í þróunarstarfi“

Um störf ÞSSÍ og áherslu á kynjajafnrétti

Þróunarsamvinnustofnun Íslands leggur áherslu á baráttuna við fátækt, aukinn frumkvæðisrétt kvenna og þróunarlandanna sjálfra í starfi sínu. Hrund Gunnsteinsdóttir þróunarfræðingur ræðir við þau **Sighvat Björgvinsson**, framkvæmdarstjóra ÞSSÍ, og **Sjöfn Vilhelmsdóttur**, fræðslu- og útgáfustjóra ÞSSÍ, um tvíhliða þróunaraðstoð og áherslu á jafnrétti kynjanna.

### Barátta gegn fátækt aðalmarkmiðið

Þróunarsamvinnustofnun Íslands var stofnuð árið 1981 og er sjálfstæð stofnun, en ekki hluti af utanríkisráðuneytinu eins og algengt er annars staðar á Norðurlöndunum. Stjórn ÞSSÍ er kosin af Alþingi og skipar utanríkisráðherra formann stjórnar og framkvæmdarstjóra ÞSSÍ. „Eins og skipulagið er núna eiga allir þingflokkar nema einn sæti í stjórn ÞSSÍ, en til að hafa sæti þurfa flokkar að hafa ákveðinn þingstyrk. Mikil pólitísk eining ríkir í stjórninni,“ segir Sighvatur Björgvinsson, en hann var skipaður framkvæmdarstjóri ÞSSÍ árið 2001.

Af 1.400 millj. kr. sem veitt var til þróunaraðstoðar árið 2003 runnu 470 millj. kr. til tvíhliða þróunaraðstoðar, eða 34%. Á þessu ári nema fjárveitingar til tvíhliða þróunaraðstoðar 520 millj. kr. Gert er ráð fyrir um 200 millj. kr. hækkun árið 2005. Fjárframlög til ÞSSÍ munu því verða rúmlega 700 millj. kr. á næsta ári.

ÞSSÍ sinnir tvíhliða þróunaraðstoð Íslands, en tvíhliða aðstoð byggist á milliríkjasamningum sem kveða á um hvernig standa skuli að þróunarstarfinu. „Verkefni verða að eiga upptök sín í samstarfslandinu. Lönd biðja okkur um aðstoð. Verkefnið verður að vinna í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í viðkomandi ríkjum og í samræmi við PRSP.“ PRSP er skammstöfun fyrir framkvæmdaáætlanir um hvernig þróunarríki hyggjast bæta efnahagsstjórn landsins og draga úr fátækt (Poverty Reduction Strategic Papers). „Þúsaldarmarkmið SP höfum við einnig til hliðsjónar en sameiginlegt öllum átta markmiðunum er baráttan gegn fátækt. Barátta gegn fátækt er aðalmarkmið ÞSSÍ,“ segir Sighvatur.

### Ríki sækja um aðstoð til ÞSSÍ

Sighvatur segir ríkin sjálf verða að hafa frumkvæði að aðstoðinni. „Ferlið gengur þannig fyrir sig að ríki sækja um aðstoð frá ÞSSÍ. Skrifstofan metur svo hvort hún getur orðið við beiðninni. Ef hún telur svo vera, er útbúið svokallað verklýsingarskjal. Í því er verkefnið staðsett, því er

lýst og tekið er tillit til stefnu stjórnvalda í viðkomandi landi, hvað aðrar stofnanir og gjafalönd eru að gera og svo framvegis.“

„Málið er svo kynnt fyrir stjórn ÞSSÍ. Ef stjórnin samþykkir að verða við beiðninni er verkefnaskjal útbúið þar sem almenn og sértæk markmið verkefnisins eru útlustuð. Almenn markmið geta til dæmis verið tengd þúsaldarmarkmiðum SP og sértæk markmið útlistað hvaða tilgangi verkefnið eigi að þjóna á sínu sviði. Sértækt markmið getur því til dæmis verið að auka lestrarkunnáttu. Verkefnið til að ná því markmiði er þá t.d. að skipuleggja fullorðinsfræðslu í 40 þorpum.“

„Í verkefnaskjalinu kemur einnig fram hvað við ætlum að leggja fram í fjármagni, þekkingu og fleira, og hvað stjórnvöld viðkomandi lands ætla leggja fram, hvort sem það er í formi aðstöðu, bókakosts eða annars. Þá er samið um sameiginlega yfirstjórn ÞSSÍ og fulltrúa stjórnvalda í samstarfslandi á verkefninu. Hugtakið „ownership“ þróunarlandsins sjálfs, eða eignarhald þess, er mjög mikilvægt í öllu sem viðkemur þróunarstarfi í dag.“

Með eignarhaldi er átt við að þeir sem verkefnið taki til eigi frumkvæði að verkefninu, þeir taki fullan þátt í að móta það og framkvæma. Að þeim finnist þeir „eiga“ verkefnið og beri þar með ábyrgð á árangri þess.

„Reglulega eru haldnir fundir þessarar yfirstjórnar og tíma- og kostnaðaráætlun gerð. Að lokum er svo fengin óháður aðili til að gera úttekt á verkefninu, ýmist á tilteknu árabili ef um langtíma verkefni er að ræða eða, í öllum tilvikum, fyrir lok þess og er leitast við að fá svör við því hvort markmið hafi náðst, bæði almenn markmið og sértæk. Var kostnaðar- og tímaáætlun raunhæf? Er óhætt að skilja við verkefnið á lokastigi? Er eitthvað sem á eftir að gera og þá hvað, svo markmiðunum verði náð.“

### Þróunaraðstoð á forsendum þróunarlandsins

Sighvatur segir það mjög algengt meðal fulltrúa íslensks atvinnulífs að líta svo á að þróunarsamvinna eigi að felast í stuðningi við íslenskt atvinnulíf. Með því er átt við af hálfu gjafaríkis sé sett það skilyrði við þróunaraðstoð að aðstoðin eða hluti hennar fari í að fjárfesta í vörum og þjónustu frá gjafalandinu sjálfu. Þróunaraðstoð sé þannig einnig ætlað að styðja við íslenskt atvinnulíf og atvinnufyrirtæki sem vilji reyna fyrir sér í þróunarríkjum. Þróunaraðstoðinni sé því ekki allri eytt í fjárfestingar innanlands í þróunarríki eða til kaupa á vöru og þjónustu utan Íslands. Slík aðstoð er nefnd „bundin aðstoð“ (tied-aid).

„Við hættum þessu því sem næst álfarið fyrir 6-7 árum enda er slík stefna nú litin hornauga. Flest ríki hafa látið af slíkri stefnu en það eru

þó ennþá til ríki eins og Japan, Spánn og Bandaríkin sem stunda þetta töluvert. Nú er algengast að ríki telji aðstoð eiga að vera á forsendum þróunarlandsins, en ekki gjafalandsins. Bundin aðstoð hefur t.d. oft leitt til svokallaðra „hvíttra fila“, en þar er átt við dæmi þar sem skip liggja óhreyfð við bryggju, skólar standa auðir og í niðurníðslu og sömuleiðis verksmiðjur. Ástæðan er sú að þá hefur þróunaraðstoðin fremur verið reist á forsendum gjafalandsins en þróunarríkisins. Viðtökuríkin hafa ekki reynst hafa burði til þess að starfrækja verkefni sem byggst hafa á

**Stefnumótun okkar kveður m.a. á um að skoðuð sé staða kynjanna í hverri ákvörðun sem við á, á öllum stigum samfélagsins. Þar af leiðandi sé ekki einvörðungu verið að styrkja einstök verkefni sem stuðla eiga að auknu jafnrétti kynjanna og bættri stöðu kvenna og stúlkna.**

fjárfestingum, vélum, tækjum og búnaði, sem aflað hefur verið í gjafalandi og gefin á forsendum þess sem veitir aðstoð fremur en á forsendum viðtakandans.“

Samhliða yfirlýsingum ráðmanna um aukna þátttöku Íslands á alþjóðavettvangi hefur mönnum verið tíðrætt um áhrif lítillar eyju sem okkar. Líkt og aðrir viðmælendur Tímarits UNIFEM sem starfa að þróunar- og utanríkismálum, leggur Sighvatur áherslu á smæð Íslands, en jafnframt á mikilvægi framlags okkar.

„Við erum lítil og verðum það alltaf. Hlutfall okkar af þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar hefur farið hækkandi síðustu ár, en það var um tíma á bilinu 0,09-0,1% en markmið SP er 0,7%. Alþingi hefur oft samþykkt að framlagið verði 0,7% en aldrei staðið við það. Frá árunum 1997-1998 hefur þetta framlag okkar tvöfaldast, úr 0,1% í tæp 0,2%. Á árunum 2008-2009 er stefnt að því að framlagið verði komið upp í 0,35%. Standist það verðum við rétt undir meðallagi Evrópuríkja, en þeir sem hafa verið yfir meðallagi eru t.d. Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Holland og Lúxemborg. Þessi Evrópulönd hafa náð markmiði SP um að verja eigi ekki lægri fjárhæðum en 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar og sum raunar náð mun hærra marki.“

#### Umdæmisskrifstofur PSSÍ verði að sendiskrifstofum

ÞSSÍ er sú þróunarsamvinnustofnun á Norðurlöndum sem enn er sjálfstæð stofnun en ekki hluti af utanríkisráðuneytinu eins og fyrr segir. Sighvatur segir tvær úttektir hafa verið gerðar þar sem m.a. var vikið að því hvort æskilegt sé að færa ÞSSÍ undir utanríkisráðuneytið en í hvorugri þeirra var mælt með því. „Til þess að gera það þyrfti að breyta lögum en það eru ýmsir kostir við að ÞSSÍ sé sérstofnun,“ segir Sighvatur.

„Hins vegar hefur samstarf við utanríkisráðuneytið aukist mjög síðustu ár og verið mjög farsælt. Til að mynda hafa umdæmisskrifstofur ÞSSÍ verið gerðar að sendiskrifstofum í þeim fjórum löndum sem ÞSSÍ starfar nú. Slíkt tryggir öryggi starfsmanna okkar, veitir greiðari aðgang að yfirvöldum í viðkomandi löndum sem og aukna möguleika á samráði við ýmsa aðila sem starfa við þróunaraðstoð í löndunum. Starfsmenn eru eftir sem áður okkar starfsmenn og breytingunni fylgja ekki aukin útgjöld, hvorki fyrir okkur né utanríkisráðuneytið.“

#### Stefnumótun um kynjajafnrétti

Sé farið yfir verkefnaval ÞSSÍ er ljóst að töluvert áhersla er lögð á jafnréttismál og stöðu kvenna. Þetta á sérstaklega við um verkefni ÞSSÍ í Mósambík og Namibíu. Að sögn Sighvats er stefnumörkun ÞSSÍ í jafnréttismálum í burðarlíðnum.

„Stjórnin hefur farið yfir þetta plagg á síðustu tveimur fundum og ég reikna með að slík stefnumótun liggja fyrir í haust. Plaggið verður 40-50 blaðsíður og þetta er í fyrsta skiptið sem slík stefnumótun er gerð hjá ÞSSÍ um sérstakt málefni. Því er ljóst að ÞSSÍ leggur áherslu á kynjajafnrétti í starfi sínu. Stefnumótun okkar kveður m.a. á um að skoðuð sé staða kynjanna í hverri ákvörðun sem við á, á öllum stigum samfélagsins.“ Þar af leiðandi sé ekki einvörðungu verið að styrkja einstök verkefni sem stuðla eiga að auknu jafnrétti kynjanna og bættri stöðu kvenna og stúlkna.

Ennfremur segir Sighvatur það „sameiginlegt álit að jafnréttismál verði



## Nokkrar staðreyndir um störf ÞSSÍ

- Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) veitir tvíhliða þróunaraðstoð, sem er aðstoð sem eitt ríki veitir öðru, milliliðalaust.
- Aðstoðin er veitt til skilgreindra verkefna og áhersla er lögð á fræðslu- og þjálfunarverkefni. Aðstoðin felst því að stórum hluta í tæknilegri ráðgjöf og stuðningi við að byggja upp stofnanir, fremur en efnis- og fjárframlög.
- ÞSSÍ starfar í anda þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og leiðbeiningum þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC).
- ÞSSÍ starfar í fátækustu löndunum með það að markmiði að bæta lífskjör meðal þeirra fátækustu.
- Aðstoðinni er aðeins beint til nokkurra landa, til takmarkaðs fjölda verkefna á fáeinum sviðum. Áhersla er lögð á eignarhald og þátttöku samstarfsaðila og sjálfbæra þróun.
- 24 íslenskir sérfræðingar starfa á vegum ÞSSÍ. Þeir eru í fjórum samstarfslöndum, auk Íslands. Fjórir af þessum 20 starfa á Íslandi.
- ÞSSÍ hefur starfað í Malaví frá 1989 við uppbyggingu heilsugæslu, fullorðinsfræðslu, aðstoð við sjómanna- og fiskeldisskóla og við að byggja grunnskóla.
- ÞSSÍ hefur starfað í Mósambík frá 1995 við verkefni á sviði gæðamála í sjávarútvegi og félagsleg verkefni, í samvinnu við íslensk og mósambísk félagasamtök og yfirvöld. Að auki er ráðgjafi í félagsmálaráðuneytinu á vegum ÞSSÍ.
- ÞSSÍ hefur starfað í Namibíu frá 1990 þar sem stofnunin veitir stuðning við sjómannaskóla, sinnir ýmsum félagslegum verkefnum, svo sem uppbyggingu félagsmiðstöðva og fullorðinsfræðslu, og annast sérfræðiráðgjöf við sjávarútvegsráðuneytið.
- ÞSSÍ hefur starfað í Úganda frá 2000 við gæðaverkefni í fiskimálum, fullorðinsfræðslu á Ssesse-eyjum, félagsleg verkefni, svo sem götubörn í Kampala og Kititeka-skólann, og veitt sérfræðiráðgjöf um nýtingu jarðhita.



**Í byrjun 21. aldar nýtur fimmta hvert barn í þróunarríkjunum ekki skólagöngu eða rúmlega 100 milljónir barna. Um 860 milljónir karla og kvenna í heiminum kunna hvorki að lesa né skrifa.**

**Rannsóknir hagfræðinga benda til þess að menntun skili yfirleitt álitlegum arði. Þess vegna er bein þróunaraðstoð við menntun mannaflans í fátækum löndum ólíklegri til að mistakast en fjárhagsaðstoð til fjárfestingar í vélum og tækjum. Úr fréttabréfi ÞSSÍ um þróunarmál, apríl 2004.**

að vera mjög snar þáttur í stefnumótun í þróunarstarfi. Þessi áhersla hefur breyst eins og margt annað. Sérstök áhersla var lögð á konur fyrir nokkrum árum án þess að menn létu sig varða réttindi hins kynsins en nú er talið réttara að leggja áherslu á jafnréttismál.“

Sjöfn Vilhelmsdóttir, fræðslu- og útgáfustjóri ÞSSÍ, tekur undir orð Sighvats og segir brýnt að huga að kerfisnálgun samtímis því að styrkja einstök verkefni sem viðkoma jafnréttismálum. Sjöfn var við störf á vegum ÞSSÍ í Namibíu í fjögur ár þar sem hún skipulagði ýmis fullorðinsfræðsluverkefni. Hún leggur enn fremur áherslu á mikilvægi þess að gjafaríki haldi sig við ákveðin verkefni til langs tíma.

„Það er gríðarlega mikilvægt að þróunaraðstoðin sé til langs tíma í senn, ekki minna en 7–10 ár. Sum verkefni í Namibíu munu vara svo lengi.“ Sjöfn tekur sem dæmi að í fræðslunámskeiðunum sem hún skipulagði hafi hún oft ekki séð miklar breytingar á konunum fyrir en á fjórða ári. Flestar þessara kvenna sem tóku þátt í námskeiðunum komu úr sveitum og höfðu hlotið takmarkaða menntun.

„Ástæðan fyrir því er ekki síst bágborið menntakerfi, en þrátt fyrir að hafa gengið í skóla í 8–9 ár stóðu þær höllum fæti, t.d. hvað enskukunnátta og stærðfræði varðaði. Skólaganga kvenna sem bjuggu í borgum var því oft mun áhrifaríkari. Á fjórða ári fóru svo þessar konur að blómstra, töluðu fyrir hópi og voru fullar sjálfstrausts.“

#### „Mikilvægt að konur séu gerendur í sínu lífi“

ÞSSÍ vinnur að fullorðnisfræðslu fyrir konur í Mósambík, Malaví, Namibíu og Úganda. Kennslan felst ýmist í lestri, skrift, ensku, saumum, hönnun, félagsmálum, jafnréttismálum, lífsleikni, húsgagnagerð úr endurunnum pappír eða samvinnufyrirtækjarekstri svo eitthvað sé nefnt. Í Malaví og Úganda er aðaláherslan lögð á að auka frumkvæðisrétt þeirra fátækustu, bæði karla og kvenna. Í verkefnum í Namibíu og Mósambík hefur hins vegar verið lögð áhersla á sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur og að auka frumkvæðisrétt þeirra. „Sumar kvennana hafa svo

endað á því að setja á laggirnar smáfyrirtæki,“ segir Sjöfn. ÞSSÍ hefur til að mynda styrkt rekstur skóla fyrir konur í Namibíu frá árinu 1993.

Fiskvinnslukonur er nýtt verkefni ÞSSÍ í Mapútó í Mósambík. Að sögn Sjafnar er þar leitast við að aðstoða konur við að varðveita gæði fisks sem þær svo selja á markaði. Það er gert með því að útvega þeim kælibox sem þær þurfa að bera inn í bæina. „Þetta er smálánaverkefni þar sem konurnar fá smálán til að bæta starfsemi sína og þær endurgreiða svo síðar.“

Aðspurð um hvort sum námskeiðin valdi því að konur takmarki sig við hefðbundin „kvennastörf“, og séu meira heimavið í stað þess að taka þátt á opinberu sviði samfélagsins, segir Sjöfn svo ekki vera til lengri tíma lítið. „Ég tel það mikilvægt að nálgast konurnar á þeirra eigin forsendum og taka eitt skref í einu til að þær öðlist fyrst sjálfstraust og grundvallarþekkingu á þeim sviðum sem þær eru kunnugstar. Verkefni leitast svo við að auka frumkvæðisrétt þeirra. Þegar þær hafa aukið sjálfstraust sitt og þekkingu til að sýna meira frumkvæði geta þær svo valið um það sjálfar hvar þær vilja beita sér. Með öðrum orðum, hvað konurnar gera við þennan frumkvæðisrétt er spurning. Það er mikilvægt að konur séu gerendur í sínu lífi, en ekki alltaf háðar nákomnum körlum, eins og fedrum, eiginmönnum og sonum, til að framfleyta sér. Innrás kvenna inn í opinbera sviðið skilar sér svo kannski frekar til barna og þeirra barnabarna sem eru líkleg til að hljóta lengri skólagöngu en konurnar sjálfar.“

Dæmi um kerfisbundna nálgun á sviði jafnréttismála er stuðningur ÞSSÍ við kvenna- og félagsmálaráðuneytið í Mósambík. Þar er íslenskur ráðgjafi að störfum, Hulda Biering, en hér á næstu síðu er viðtal við hana.

„Í mörgum af þessum löndum eru jafnréttisreglur og lög til, þ.e. pappírsvinnan er í lagi, en þessu ekki endilega framfylgt í verki. Það er ekki nóg að flagga vandaðri lagasetningu. Ef konur og karlar eru ekki meðvituð um réttindi sín og skyldur í viðkomandi landi ber slík lagasetning takmarkaðan árangur. Þeirri meðvitund þarf að miðla með fræðslu. Sá eða sú sem t.d. kann ekki að lesa á erfitt með að tileinka sér upplýsingar um borgaraleg réttindi sín, jafnvel þótt þau séu til staðar í löggjöf landsins, a.m.k. að nafninu til. Í svona tilfellum þarf líka að takast á við aldagamla menningu. Í sumum tilvikum líta menn á kröfur Vesturlanda um jafnan rétt kynjanna sem kröfu um gerbreytingu á þjóðmenningu, sem tilraun til að flytja inn vestræna menningu á kostnað menningar, siða og hefða þróunarríkisins. Einn þátturinn er að snúa sér beint að fólkinu í stað þess bara að sannfæra stjórnvöld. Miklu máli skiptir að stunda fræðslu fyrir konur og um réttindi kvenna.“

„Það fylgir því hins vegar vandi í mörgum löndum þar sem andstaða karla gegn fræðslu til handa konum er mikil. Einnig er oft erfitt að fá karlmenn til þess að sækja sér fræðslu, ekki síst ef þeir þurfa að gera það í „blönduðum bekkjum“. Margir karlar geta ekki hugsað sér að sitja í sömu skólastofu og konurnar og ein af ástæðunum fyrir því er óttinn við þá skömm að vera lélegri en þær í einhverju fagi. Það er hins vegar ekki vandasamt að fá konur til að sækja námskeið og kennslu og alveg sérstaklega ef við sjáum þeim fyrir umönnun barna þeirra á meðan og ef eiginmenn þeirra eða aðrir karlmenn í fjölskyldunni koma ekki í veg fyrir það.“ ■

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

# Minnistöflur



FOSFOSER  
MEMORY

Umboðs- og söluaðili  
Birkiaska ehf.  
sími: 551 9239

## Sérlegur ráðgjafi í Mósambík

**Hulda Biering** er verkefnisstjóri félags- og fullorðnisfræslu-  
verkefna PSSÍ í Mósambík. Við tókum hana tali um störf hennar  
og helstu áherslur í jafnréttismálum

Árið 2000 var undirritaður samningur milli PSSÍ og kvenna og félags-  
málaráðuneytisins í Mósambík. Samningurinn er til fjögurra ára og felur í  
sér að PSSÍ leggi til tæknilega ráðgjöf og fjármagn til uppbyggingar ráðu-  
neytisins og þjálfunar starfsfólks. Einnig er í samningnum ákvæði um að  
PSSÍ styðji við ákveðin verkefni ráðuneytisins. Hulda Biering fer með  
verkefnisstjórn félags- og fullorðnisfræðsluverkefna PSSÍ og er sérlegur  
ráðgjafi kvenna- og félagsmálaráðuneytisins í Mósambík.

„Starf mitt er fólgið í því að halda utan um verkefni sem eru í gangi  
hverju sinni meðfram því að veita tæknilega ráðgjöf. Þá undirbý ég  
einnig ný verkefni og fylgi þeim eftir. Starfið er í stöðugri þróun og tekur  
breytingum frá ári til árs. Þegar ég kom fyrst hingað í september 2000 var  
verið að setja á laggirnar nýja deild innan ráðuneytisins. Sú deild heitir  
kvennamáladeild eða National Directorate for Women. Samhliða því  
breyttist nafn ráðuneytisins úr félagsmálaráðuneyti í kvenna- og félags-  
málaráðuneytið í Mósambík.“

„Á þessum tíma voru starfsmennirnir fjórir talsins og skrifstofan í  
óviðunandi bráðabirgðahúsnæði. Það kom í hlut þeirra að mynda tvær  
deildir, annars vegar fjölskyldudeild og hins vegar þróunardeild. Til að  
byrja með var þetta afar veikt apparat en fljótlega upp úr áramótunum  
2000-2001 fluttu þau í annað og skárra húsnæði. Starfsmennirnir voru þá  
orðnir 13 talsins og búið að ráða deildarstjóra sem er afar sterk kona.“

„Starfsmenn deildanna hafa ólíkan bakgrunn. Þetta er sambland af há-  
menntuðu fólki og fólki sem hafði eingöngu grunnmenntun, en sterk  
tengsl við grasrótina. Byrja þurfti á að byggja skrifstofuna upp frá grunni  
og mín aðstoð fólst á þeim tíma í að hanna starfslýsingu hvers og eins,  
markmiðssetja deildirnar og búa skrifstofuna húsgögnum og tækjum.“

„Í dag er kvennamáladeildin í góðu húsnæði og þokkalega búin

tækjum. Þar halda deildirnar tvær, fjölskyldudeildin og þróunardeildin,  
úti starfsemi auk þess sem jafnréttisráð landsins er þar til húsa. Alls starfa  
þar rúmlega 30 manns.“

„Markmið fjölskyldudeildarinnar er að samhæfa stefnumótun og verk-  
efnaáætlanir tengdar fjölskyldumálum og málum tengdum konum sem  
eiga sérstaklega undir högg að sækja. Leitast er við að tryggja árangursrík  
afskipti yfirvalda og félagasamtaka af málaflokknum.“

„Markmið þróunardeildarinnar er hins vegar að hafa yfirumsjón með  
og framfylgja opinberri stefnu á sviði kvenna- og kynjamálefna. Þá á  
deildin að þjóna ráðgjafar- og samhæfingarhlutverki við gerð og fram-  
kvæmd þróunarverkefna.“

„Hlutverk jafnréttisráðsins er svo m.a. að fylgjast með framkvæmd  
opinberra stefnu sem snertir stöðu kvenna og leggja fram tillögur til úr-  
bóta.“ Ljóst er að skuldbindingar stjórnvalda í Mósambík eru víðtækar  
og hefur starfsfólk ráðuneytisins ærið verkefni fyrir höndum. Námskeiða-  
hald PSSÍ þjónar mikilvægu hlutverki í að ná fram þessum markmiðum,  
en PSSÍ hefur boðið upp á enskúnaáskemd, tölvu- og bókhaldsnámskeið  
og námskeið í skrifstofuhaldi fyrir starfsmenn ráðuneytisins. Eitt af  
verkefnum Huldu hefur verið að halda utan um þessi námskeið.

„Auk þessara námskeiða höfum við unnið með samtökum ekkna og  
einstæðra mæðra í hverfi númer 5 í Maputo, og þar er nú kominn vísir  
að sterkri fullorðnisfræðslumiðstöð.“

Hulda segir lítið um samstarf við alþjóðlegar stofnanir á sviði jafnréttis-  
mála. „Við erum hins vegar í samstarfi við ráðuneyti, borgina og hverfi  
númer 3 við að styrkja fiskverkakonur og landbúnaðarverkamenn við að  
koma afurðum í góðu ástandi á markaðinn til að geta fengið betra verð  
fyrir aflann.“

Varðandi samstarf við UNIFEM segir Hulda slíkt ekki hafa verið  
fyrirhugað, en þó tengdust störf PSSÍ og UNIFEM nokkuð. „UNIFEM  
hefur starfað hér með Womens Forum, þá aðallega tengt fullorðnis-  
fræðslu. Við höfum ekki unnið beint með þeim, en samtökin Womens  
Forum hafa tekið virkan þátt í uppbyggingu og markmiðssetningu kvenna-  
málaráðuneytisins og á þann hátt hafa störf okkar tengst.“ ■

# JÁ, VIÐ ERUM GAMALDAGS



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS GUT 22376 12/2003

**ef það er  
gamaldags  
að klára alltaf  
málin**

Að geta boðið nýjustu tækni skiptir  
miklu máli í prentun og þess vegna  
lítum við hjá Gutenberg á slíkt sem  
sjálfsagðan hlut. En við vitum líka  
að nýjasta tækni kemur aldrei í  
staðinn fyrir fólk sem er alltaf tilbúið  
að klára málin, sama hvað klukkan  
er og hvaða dagur er. Það er þessi  
hugsun sem skipað hefur Guten-  
berg sæti meðal fremstu prent-  
smiðja landsins í 100 ár. Á morgun  
fögnum við nýjum degi og nýjum  
verkefnum með þessu sama  
„gamaldags“ hugarfari.

Magnús Arnarsson, prentari.

  
Gutenberg  
PRENTSMÍÐJA

Síðumúla 16 Sími 545 4400 [gutenberg.is](http://gutenberg.is)





„Einbeitum okkur að því að ná

## settum markmiðum“

Áherslur á jafnréttismál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Íslendingar standa framarlega á sviði mannréttinda og jafnrétti kynjanna á alþjóðlegum mælikvarða. Hrund Gunnsteinsdóttir þróunarfræðingur ræddi við **Helgu Hauksdóttur**, sendiráðunaut í New York, **Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur**, lögfræðing hjá félagsmálaráðuneytinu, og **Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur**, sendiráðsritara í utanríkisráðuneytinu, um helstu áherslur og störf Íslands á þessu sviði.

### Ríki hvött til að virða réttindi kvenna og stúlkna

Þátttaka Íslendinga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur aukist á síðustu misserum. Fastanefnd Íslands í New York sinnir þessum málum fyrst og fremst, í samvinnu við alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Að sögn Helgu Hauksdóttur, sendiráðunautar í New York, leggur utanríkisráðuneytið mikla áherslu á mannréttindi á alþjóðavettvangi.

„Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum fylgist því mjög grannt með öllum málum innan 3. nefndar SP, sem fjallar um mannréttindamál, tekur virkan þátt í umræðum innan nefndarinnar og vinnur við gerð ályktana. Gildir það að sjálfsgöðu um málefni kvenna og jafnréttismál. Má þar sérstaklega tiltaka ályktun um ofbeldi gegn konum, ályktun gegn mansali kvenna og stúlkna og ályktun um framkvæmd alþjóðasamningsins um afnám alls misréttis gegn konum (Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, CEDAW).“

Ísland var flutningsmaður ályktunarinnar um framkvæmd CEDAW á 58. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 2003-2004 fyrir hönd Norðurlandanna. Í ávarpi Íslands á þinginu var lögð áhersla á kvenréttindi sem grundvallarmannréttindi. Staða kvenna og stúlkna á stríðstímum, mansal og heimilisofbeldi var tekið til umræðu og aðildarríki hvött til að brúa bilið milli alþjóðalaga og samninga sem til eru um jafnrétti kynjanna og raunverulegrar stöðu kvenna. Þá voru aðildarríki sem sett hafa fyrir-

vara á eða ekki samþykkt CEDAW hvött til að bæta úr því. Vísad var í ræðu Kofi Annans, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, um framfylgni þúsaldarmarkmiðanna, en í henni sagði hann að „hvergi í heiminum væru kvenréttindum gefið það vægi sem þau ættu að hafa“. Ennfremur benti Annan á að ofbeldi gegn konum á átaksvæðum hefði færst í aukana og lýsti áhyggjum af mansali. Þá sagði hann að konum væri að mestu leyti haldið utan við samningaviðræður og ákvarðanatöku, ekki síst á tímum friðarviðræðna og uppbyggingar eftir stríð.

„Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi felur í sér meginreglur um þátttöku kvenna í aðgerðum til að koma í veg fyrir átök og þátttöku kvenna í uppbyggingu friðar og friðargæslu. Íslensk stjórnvöld telja afar mikilvægt að vísad sé til þessarar ályktunar öryggisráðsins í þeim ályktunum allsherjarþingsins þar sem fjallað er um málefni sem snerta efni hennar,“ segir Helga.

### Ísland á sæti í kvennanefnd SP

Að sögn Helgu breytast áherslur Íslands í málefnum kvenna og jafnréttismálum ekki í grundvallaratriðum frá ári til árs. „Þunginn í stefnu Íslands er að ríki framfylgi alþjóðlegum samningum sem gerðir hafa verið, að jafnrétti njóti framgangs og að réttindi kvenna í heiminum séu tryggð. Að ekki verði vikið af þeirri braut því það kunni að stofna árangri sem þegar hefur náðst í hættu.“

„Ísland situr nú í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW) til ársins 2008. Í byrjun næsta árs mun Ísland að öllum líkindum taka sæti í efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC), en innan þess er einnig fjallað um kynja- og jafnréttismálefni.“

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna var stofnuð árið 1946. Í upphafi áttu 15 ríki sæti í henni en nú eru þau 45 og frá öllum heimsálfum. Ísland er í hópi Vestur-Evrópuríkja og annarra ríkja, en til annarra ríkja teljast Bandaríkin, Nýja-Sjáland, Kanada og Ástralía. Ísland hefur í gegnum tíðina setið fundina sem áheyrnarfulltrúi en á nú sæti í kvennanefndinni

í fyrsta sinn. Þetta felur í sér að Ísland hefur kosningarétt um málefnið sem tekin eru fyrir og er þar af leiðandi virkari þátttakandi í störfum nefndarinnar. Kosið er eftir landfræðilegri dreifingu og hafa Norðurlönd átt sæti í nefndinni.

„Ísland tók sæti sitt á þessu ári og mun sitja í fjögur ár. Kvennanefndin leggur fram tillögur til efnahags- og félagsmálaráðs SP (ECOSOC) um málefni kvenna og jafnrétti kynjanna sem

**Vísað var í ræðu Kofi Annans, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, um framfylgni þúsaldarmarkmiðanna, en í henni sagði hann að „hvergi í heiminum væru kvenréttindum gefið það vægi sem þau ættu að hafa“. Ennfremur benti Annan á að ofbeldi gegn konum á átaka-svæðum hefði færst í aukana og lýsti áhyggjum af mansali. Þá sagði hann að konum væri að mestu leyti haldið utan við samninga-viðræður og ákvarðanatöku, ekki síst á tímum friðarviðræðna og uppbyggingar eftir stríð.**

krefjast viðbragða alþjóðasamfélagsins. Samningurinn um afnám allrar mismununar gegn konum (CEDAW) var til að mynda samþykktur fyrir tilstuðlan kvennanefndarinnar,“ segir Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, lögfræðingur hjá félagsmálaráðuneytinu.

Hanna Sigríður segir störf kvennanefndarinnar hafa eflst upp úr 1987 í takt við alþjóðlega áherslu á jafnréttismál. Þá hafi vægi kynjajafnréttis í allri umræðu og ákvarðanatöku aukist verulega eftir kvennaráðstefnu SP í Peking árið 1995. Þar var lokahönd lögð á alþjóðlega framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta stöðu kvenna um allan heim. Áætlunin er þekkt undir nafninu Beijing Platform for Action, eða Peking-áætlunin og er Ísland meðal ríkja sem hafa samið slíka jafnréttisáætlun.

### Áhersla á þátttöku karla og drengja

„Kvennanefndinni var falið það hlutverk að fylgja framkvæmdaáætluninni eftir og því markar efni hennar starfssvið nefndarinnar. Að jafnaði starfa tveir vinnuhópar í einu á fundum kvennanefndarinnar og fjalla um tiltekin áhersluefni hverju sinni. Á fundi nefndarinnar í mars 2004 var megináherslan annars vegar lögð á konur, stríð og friðargæslu og hins vegar á hlutverk karla og drengja í jafnréttisstarfi og starfi sem beinist að því að auka réttindi og bæta stöðu kvenna. Tillögur kvennanefndarinnar, byggðar á störfum þessara nefnda, eru svo sendar til ECOSOC og því næst til þriðju nefndar allsherjafnings SP, sem fjallar um mannréttindarmál.“ Þar starfa sex nefndir sem fjalla um þematísk málefni sem spanna starfssvið SP.

Ofbeldi gegn konum þykir ein skýrasta birtingarmynd kynjamisréttis og hefur Ísland lagt áherslu á þann málaflokk, eins og fyrr segir. Á síðasta ári náðist ekki samkomulag um lokaskjal fundar kvennanefndarinnar sem ætlað var að fjalla um leiðir sem miðast við að afnema ofbeldi gegn konum.

„Það urðu óneitanlega vonbrigði að ekki náðist samkomulag um lokaskjal um þetta efni og sennilega engin ein skýring til á hvernig fór. Ein ástæðan er þó líklega misjafnar áherslur og sjónarmið í þessum málum meðal ríkja heimsins. Því er kannski ráð að líta um öxl og tryggja betur framkvæmd á því sem þegar hefur náðst samkomulag um á þessu sviði,“ segir Hanna Sigríður.

„Á næsta ári verða tíu ár liðin frá því að Peking-framkvæmdaáætlunin var gerð. Þá verður litið yfir farinn veg í störfum kvennanefndarinnar, hvað hefur náð fram að ganga og svo framvegis.“

„Í því sambandi hafa Sameinuðu þjóðirnar sent spurningalista til allra aðildarríkjanna þar sem þau eru beðin um að tiltaka árangur af starfi þeirra á sviði jafnréttis og réttinda kvenna á tveimur til þremur sviðum, tilgreina hvaða vandamál hafa komið upp við framkvæmd áhersluatriða og svo framvegis. Þessum upplýsingum verður svo komið í eina skýrslu sem verður tilbúin fyrir næsta fund kvennanefndarinnar í mars 2005. Á þeim fundi verður lögð áhersla á að meta árangur sem náðst hefur frá því að Peking-áætlunin var gerð. Kvennanefndin mun því ekki beina sjónum sínum að nýjum markmiðum heldur vinna að því að ná þegar settum markmiðum.“

### Áhersla á að sameina fjölskyldu- og atvinnulíf

Hanna Sigríður segir Ísland telja sig hafa ýmislegt til málanna að leggja á sviði jafnréttismála. Íslendingar hafi ekki einir og sér ekki hafa sett sérstök verkefni í forgang, heldur hafi Norðurlöndin unnið saman að tillögum sínum í kvennanefndinni. „Til að mynda var það áhersla Norðurlanda að sjónum yrði beint að þátttöku karla og drengja við að bæta stöðu kvenna um allan heim. Til að samhæfa afstöðu okkar má nefna að fulltrúar Norðurlanda hittast á undirbúningsfundi fyrir árlega fundi kvennanefndarinnar.“

Við gerð lokaskjalsins um þátttöku karla og drengja í jafnréttismálum á fundi kvennanefndarinnar í mars sl. segir Hanna Sigríður Ísland hafa lagt sérstaka áherslu á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnulífs hjá báðum kynjum. „Má þar nefna málaflokka eins og fedraorlof, barnagæslu, verkaskiptingu á heimilinu, kynbundinn launamun, samhæfingu fjölskyldu og atvinnulífs, ábyrgð karla á að koma í veg fyrir kyndbundið ofbeldi, áhersla á foreldrahlutverk



**„Til að mynda var það áhersla Norðurlanda að sjónum yrði beint að þátttöku karla og drengja við að bæta stöðu kvenna um allan heim. Til að samhæfa afstöðu okkar má nefna að fulltrúar Norðurlanda hittast á undirbúningsfundi fyrir árlega fundi kvennanefndarinnar.“**



beggja kynja og svona mætti áfram telja. Auk þess lögðum við áherslu á mikilvægi þess að báðir foreldrar njóti fræðslu um foreldrahlutverkið og að karlar hafi ekki síður en konur umönnunarhlutverki að gegna í sinni víðtækustu mynd. Þar er átt við umönnun annarra náinna fjölskyldumeðlima en barna, svo sem aldraða foreldra, þegar þeir þurfa sérstaka aðstoð, umsjá heimilis og fleira, sem oftast vill falla í hlut kvenna en karla. Í öllu þessu er að sjálfsgöðu mikilvægt að hvetja fjölmiðlafólk til að setja upp kynjagleraugun þegar fjallað er um málefni sem þessi.“

Á fundinum í mars tóku fulltrúar íslenskra stjórnvalda einnig þátt í umræðu sem fram fór um konur, stríð og friðargæslu. Meðal annars lögðu íslensku fulltrúarnir mikla áherslu á að í lokaskjali fundarins yrði sérstakt ákvæði þar sem mælt yrði til að aðalritari SP gerði niðurstöður kvennanefndarinnar vel kunnar öllum þeim sem að öryggis- og friðarmálum koma. „Þar á meðal háttsettri nefnd (high level panel) sem fer með alþjóðleg öryggismál og endurbætur á alþjóðakerfinu,“ segir Hanna Sigríður.

#### Mansal og stafræn gjá

Að sögn Ólafar Hrefnu Kristjánsdóttur eru Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) og Norðurlandaráð mikilvægur samstarfsvettvangur á sviði mansalsmála. „Á síðasta ári stóðu jafnréttis- og dómsmálaráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja fyrir átaki sem miðaði að því að sporna gegn verslun með konur. Hluti af þessu átaki var velheppnuð ráðstefna

sem haldin var í febrúar 2003 af dóms- og félagsmálaráðuneyti. Ísland hefur einnig beitt sér á virkan hátt í þessum málaflokki á vettvangi ÖSE en baráttan gegn mansali er eitt af þeim verkefnum sem stofnunin hefur á síðustu árum markvisst unnið að því að efla. Meðal þeirra verkefna sem íslensk stjórnvöld hafa stutt á vettvangi stofnunarinnar er stofnun stöðu innlends sérfræðings, sem hefur það hlutverk að vinna gegn mansali, hjá sendinefnd ÖSE í Bosníu og Hersegóvínu. Ennfremur stóð utanríkisráðuneytið í samvinnu við dómsmálaráðuneyti fyrir ráðstefnu í mars sem bar heitið „Alþjóðleg barátta gegn mansali“.

Upplýsingatækni og stafræn gjá hafa verið töluvert til umfjöllunar á vettvangi SP síðustu ár. Bilið milli þróunarlanda og vestrænna ríkja í tölvuþróun er mikið. Þá blasir við að konur hafa takmarkaðri aðgang að upplýsingatækni en karlar. „Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna lagði áherslu á konur og upplýsingatækni fyrir heimsþingið um upplýsingasamfélagið (World Summit for Information Society) sem haldið var í Genf í desember í fyrra. Í framhaldi af umræðunni innan kvennanefndarinnar ákváðu fulltrúar Norðurlandanna í nefndinni að nauðsynlegt væri að vekja athygli samstarfsmanna sinna sem sækja áttu þingið á mikilvægi þess að lögð yrði sérstök áhersla á jafnréttismál. Markmiðið var að kynjasjónarmið kæmu fram í lokaskjali ráðstefnunnar. Árangurinn var kannski ekki mikill, en þó var vakin athygli á þessu máli. Vonandi verður árangurinn meiri í Túnis 2005, þegar næsta heimsþing um upplýsingasamfélagið verður haldið,“ segir Hanna Sigríður að lokum. ■

**Upplýsingatækni og „stafræn gjá“ hafa verið töluvert til umfjöllunar á vettvangi SP síðustu ár. Bilið milli þróunarlanda og vestrænna ríkja í tölvuþróun er mikið. Þá blasir við að konur hafa takmarkaðri aðgang að upplýsingatækni en karlar.**

## Fallegustu konur í heimi?

Þjóðminjasafnið býður allar konur og karla velkomin í nýtt og glæsilegt safnhús til að upplifa spennandi sýningar. Gakktu í gegnum menningarsögu Íslendinga í grunnsýningunni

*Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár.* Sjáðu síbreytilegar sérsýningar í Bogasal og Myndasal eða tylltu þér með góðan kaffibolla í veitingastofunni.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS  
*National Museum of Iceland*





*Uppgötvíð hamingjuna sem  
fylgir því að vera kvenleg  
og dansa elsta dans  
veraldar*

*Magadans er fyrir  
allar konur*

# Magadanshús Josy Zareen

**Skipholti 21 (fyrir framan Ruby Tuesday)**

- \*Egypsk Verslun (Skreytingar, peningabelti og búningar)
- \* Námskeið: Fyrir konur á öllum aldri (4 til 150 ára)
- \* Gæsaparty (Magadans, Merengue og Hawaii Hula dans)

**S. 581-1800**

**[www.magadans.is](http://www.magadans.is)**





## Einkageirinn og þróunarstarf

Í breyttum heimi viðskipta og hnattvæðingar ber alþjóðlegur markaður sífellt meiri ábyrgð hvað þróunarmál og mannréttindi varðar. **Elsa Guðmundsdóttir** fjármálastjóri fjallar um hlutverk einkageirans í hjálpar- og þróunarstarfi.

Þegar þróunarmál koma til tals er umræðan oftast takmörkuð við þátttöku ríkja í þróunarmálum því að leggja fé til hjálpar- og þróunarstarfsemi þykir góður siður meðal þjóða. Litid er á slík framlög sem fjárhagslega staðfestingu á loforði um að veita hluta af efnahagslegri velferð þjóða til uppbyggingar hjá löndum og þjóðum sem ekki hafa notið slíkrar velgegni. En framlag til þróunarmála er einnig fjárfesting í samfélagslegum stöðugleika og þá sérstaklega í hnattrænum heimi þar sem boð- og birtingarleidir eru styttri en nokkru sinni fyrir – bráðalungnabólga í Kína berst til Kanada innan fjarra daga og – útkoma úr forsetakosningum í Argentínu hefur áhrif á olíuverð um allan heim.

Starfsvettvangur fyrirtækja er ólíkur umsvifum ríkja. Skyldur fyrirtækja eru fyrst og fremst gagnvart eigendum og eigendur hafa væntingar um að fyrirtækið skili þeim arði. Framlög til hjálpar- og þróunarstarfa hafa þó alltaf fylgt einkageiranum því fyrirtæki hafa lengi styrkt ýmis málefni, með smáum sem stórum framlögum, nær og fjær. Fyrirtæki og eigendur þeirra hafa yfirleitt litid á framlög sem óhjákvæmilegan en lítilsháttar kostnaðarlið í formi einstakra gjafa til samfélagsins sem eru gefnar þegar góðgerðafélög leita eftir framlögum.

### Viðhorfsbreyting einkageirans til hjálpar- og þróunarstarfa

Á síðasta áratug hefur þó orðið breyting á viðhorfi fyrirtækja til hjálpar- og þróunarstarfs. Fyrirtæki eru farin að líta á slík framlög sem tækifæri til að taka virkari þátt í samfélaginu, heima við sem og í þróunarlöndum. Framlöggin eru að auki orðin sýnilegri en áður og um leið verður þátttaka fyrirtækja í hjálpar- og þróunarstarfi hluti af mynd þeirra.

Viðhorfsbreyting meðal stjórnenda fyrirtækja hefur haft áhrif bæði á eðli og umfang einkageirans í hjálpar- og þróunarstarfi. Fyrir það fyrsta hafa framlög aukist til muna miðað við það sem áður var en sem dæmi jukust framlög frá einkageiranum til góðgerðamála í Bandaríkjunum úr 140 milljörðum bandaríkjadala í upphafi tíunda áratugsins í um 240 milljarða árið 2003 (Economist, 29. júlí 2004). Hliðstæðar breytingar hafa átt sér stað í Evrópu, t.d. í Bretlandi og Þýskalandi. Ætla má að málum hafi þokað í svipaða átt á Íslandi, en ekki hafa verið teknar saman opinberar upplýsingar um framlög einkageirans til hjálpar- og þróunarstarfa hér, svo greinarhöfundur viti til.

Slíkar viðhorfsbreytingar stjórnenda fela ekki aðeins í sér aukin framlög heldur hafa fyrirtæki, og þá sérstaklega stærri fyrirtæki, gert framlög að föstum lið í rekstri sínum. Þannig hafa fyrirtæki mótað sér stefnu um hvernig meðhöndla skuli framlög og hvað þau eigi að styrkja. Sum fyrirtæki hafa gengið ennþá lengra og orðið þátttakendur í umfangsmeiri viðhorfsbreytingu sem byggist á hugmyndinni um „samfélagslega ábyrgð fyrirtækja“.

### Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja (e. corporate social responsibility eða corporate citizenship) er hugtak og hugmyndafræði sem hefur unnið sér fylgi síðastliðinn áratug, sérstaklega meðal stærri fyrirtækja. Slíkt felur í sér að fyrirtækið er ekki aðeins ábyrgt gagnvart eigendum sínum, heldur einnig gagnvart samfélaginu. Fyrirtæki eru farin að tvinna saman samfélagslega ábyrgð og stefnu fyrirtækisins. Hvert fyrirtæki fyrir sig ákveður hver samfélagsleg ábyrgð þess sé og ábyrgðaryfirlýsingar innihalda yfirleitt yfirheit um starfsmannamál, umhverfismál og hjálpar- og þróunarmál.

Fyrirtæki eins og ExxonMobil hefur innleitt samfélagslega ábyrgð í stefnu sína. Á heimasíðu þess segir: „Í Evrópu og annars staðar vinnur ExxonMobil að því að efla staðbundin samfélög og veita þeim uppbyggileg framlög.“ Þar eru einnig talin upp verkefni sem ExxonMobile hefur tekið þátt í. Þar á meðal er verkefni á Shakalin-eyju í Rússlandi sem felst í því að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að fjármagni til uppbyggingar á rekstri. Þá sjá þeir einnig eigendum fyrirtækjanna fyrir þjálfun í stjórnun og rekstri. Markmiðið með verkefninu er að efla efnahagslegar forsendur samfélagsins.

ExxonMobil er umfangsmikið og umdeilt fyrirtæki. Það hefur sérstaklega verið gagnvart fyrir að vilja ekki starfa í anda Kýótó-samkomulagsins, en fyrirtækið telur að ekki séu fyrir hendi nægjanlegar vísindalegar sannanir fyrir áhrifum mengunar á verðurfar (USA Today 28. maí 2003). Innleiðing á hugmyndafræði samfélagslegrar ábyrgðar í stefnu fyrirtækisins virðist í mótsögn við afstöðu þeirra til Kýótó-samkomulagsins, því umhverfismál og umhverfisvernd eru viðfangsefni samfélagslegrar ábyrgðar. ExxonMobil, eins og svo mörg önnur fyrirtæki, tekur afstöðu með því að innleiða samfélagslega ábyrgð inn í stefnu sína en innihald og útfærsla ábyrgðaryfirlýsinga er í höndum hvers fyrirtækis fyrir sig. Það að fyrirtæki skuli innleiða samfélagslega ábyrgð í stefnu og rekstur er yfirlýsing um vilja, ekki ávísun á gagngera breytingu á hegðun fyrirtækisins. Samfélagið verður svo að veita og meta hvort yfirlýstur vilji hafi skilað árangri. Þótt ExxonMobil berjist gegn samþykki Kýótó-samkomulagsins veitir það framlög til hjálpar- og þróunarstarfa í anda samfélagslegrar ábyrgðar.

Við lifum á tímum örra breytinga og er þar hnattvæðingin helsti áhrifavaldurinn. Ríkisafskipti hafa minnkað víðast hvar og íbúar treysta að miklu leyti á markaðinn til að sjá sér fyrir vörum og samfélagslegri þjónustu. Á landakorti viðskipta flæða fjármagn, vörur og þjónusta milli landa og heimsálfa og fyrirtæki starfa oft en ekki í fleiri en einu landi eða heimsálfu í senn. Stjórnendur fyrirtækja, líkt og almennir borgarar, gera sér sífellt betur grein fyrir að vandamál þróunarlanda eru líka þeirra vandamál. Samfélagslegur, pólitískur og efnahagslegur stöðugleiki þróunarlanda er mikilvægur fyrir velferð og stöðugleika viðskiptalífsins.

Framlög fyrirtækja til hjálpar- og þróunarstarfa eru ekki án umbunar, þótt hún sé ekki eins augljós og í öðrum rekstarliðum. Umbun fyrirtækja liggur ekki aðeins í árangri þróunarverkefnanna og uppbyggingu sem

á sér stað í þróunarlöndum vegna þeirra. Hún liggur einnig í því að samfélagsleg velvild og ímynd tengist fyrirtækjanafninu. Sem dæmi um framlag sem skilar jákvæðum skilaboðum inn í samfélagið er samstarf Coca Cola og Sameinuðu þjóðanna í Afríku.

### Að deila sérhæfingu

Samstarfsverkefni einkenna einnig aukna þátttöku einkageirans í hjálpar- og þróunarstarfi. Þróunarsamstarf felur í sér að framlagið er langtíma-skuldbinding frekar en framlag sem veitt er einu sinni. Slík samstarfsverkefni byggjast ekki aðeins á fjárframlögum, heldur getur stuðningurinn einnig verið í formi sérhæfingar sem nýtist vel í þróunarverkefni.

Coca Cola hefur náð miklum árangri í dreifingu vöru sinnar um allan heim, þar á meðal til þróunarlanda. Fyrirtækið hefur hins vegar sett gagnrýni fyrir að selja svo næringarlitla drykki í hverjum krók og kima þróunarlanda, þegar næringarmeiri vara ætti betur við. Nú hefur Coca Cola hafið samstarf við SP um að vinna að útrýmingu alnæmis í Afríku. Samstarfið felst meðal annars í því að UNAIDS, stofnun SP sem vinnur sérstaklega að því að útrýma eyðni, noti lagerstöðvar og dreifingarkerfi Coca Cola sem útgangspunkt fyrir alnæmisverkefni í Afríku. UNAIDS fær aðstöðu fyrir þjónustustöðvar og hefur aðgang að virku og víðtæku dreifingarkerfi fyrir aðföng, hjálparstarfsmenn og lyf. Fjármunir sem annars færu í að byggja upp og reka þjónustustöðvar og flutningsgetu geta því t.d. runnið beint til lyfjakaupa. Þetta framlag Coca Cola hefur án efa jákvæð áhrif á ímynd fyrirtækisins í þeim samfélögum sem UNAIDS sinnir og víðar. Með því að því leggja til innviði fyrir UNAIDS hefur fyrirtækið snúið gagnrýndri viðskiptahegðun í framlag til hjálpar- og þróunarstarfa.

SP leggja nú aukna áherslu á samstarf við einkageirann um hjálpar- og þróunarstörf. Samstarf við einkageirann gefur ekki aðeins möguleika á að nýta sérhæfingu einkageirans í þágu hjálpar- og þróunarstarfs heldur einnig tækifæri til að hafa áhrif á viðskiptahegðun og viðskiptasiðferði fyrirtækja. Viðskiptahegðun fyrirtækja í þróunarlöndum getur haft afgerandi áhrif á samfélögin þar sem fyrirtækin eru staðsett. Til dæmis hefur Coca Cola verið gagnrýnt, m.a. af Columbia Solidarity Campaign, fyrir að virða ekki verkalýðsfélög í Suður-Ameríku. Samningurinn milli Coca Cola og SP felur ekki aðeins í sér samstarf um UNAIDS heldur er í honum ákvæði um að Coca Cola þrói starfsmannastefnu sem fylgir lögum í Afríkjuríkjum þar sem það starfar. Samningurinn er án efa gerður til þess að starfsmannastefna Coca Cola í Afríku bæti úr gagnrýni á starfsemi fyrirtækisins í Suður-Ameríku.

### Samningur um siðferði í viðskiptum

Annað dæmi um samstarf einkageirans við þróunarstofnanir er hinn svokallaði „hnattræni samningur Sameinuðu þjóðanna“ eða UN Global Compact. Samningurinn samanstendur af tíu grundvallaratriðum á sviði mannréttinda, starfsmannahalds og umhverfismála sem fyrirtæki geta tekið opinbera afstöðu til og framfylgt í rekstri og viðskiptum. Samningurinn er byggður á þeirri sannfæringu að samþætting viðurkenndra samfélags- og umhverfisgilda við viðskiptahegðun hafi jákvæð áhrif á öll samfélög. SP binda vonir við að slíkar skuldbindingar komi að einhverju leyti til móts við neikvæð áhrif hnattvæðingarinnar og efla samfélög þar sem fyrirtækin stunda viðskipti.

Í þróunarlöndum, þar sem lýðræðislegar stofnanir eru oft veikbyggðar, getur slíkur samningur skipt miklu máli. Með því að taka afstöðu með samningnum gefa fyrirtæki út viljayfirlýsingu um að framfylgja grundvallaratriðum samningsins, þó svo að veikburða innviðir viðkomandi lands gefi kannski tækifæri til annars. Fyrirtæki sem skrifar undir hnattrænan samning samþykkir meðal annars að stunda ekki barnaþrælkun, að viðurkenna rétt starfsmanna til að ganga í verkalýðsfélög og að hafa frumkvæði að þróun og dreifingu á umhverfisvænni tækni. Alcan Inc. er á meðal þeirra 1.739 fyrirtækja sem hafa skrifað undir hnattræna samninginn, en Alcan er alþjóðlegt fyrirtæki sem rekur fyrirtæki í öllum heimsálfum og er Íslendingum kunnugt sem móðurfyrirtæki Ísal.

Þess má þó geta að SP fylgjast ekki með því hvort fyrirtækin sem skrifað hafa undir Global Compact samninginn standi við ákvæði hans. Það er á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að uppfylla ákvæði samningsins. Fyrirtæki sem skrifa undir samninginn skuldbinda sig þó meðal annars til að gefa út yfirlýsingu um stuðning við ákvæði samningsins, til að setja

**Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja (corporate social responsibility eða corporate citizenship) er hugtak og hugmyndafræði sem hefur unnið sér fylgi síðastliðinn áratug, sérstaklega meðal stærri fyrirtækja. Slíkt felur í sér að fyrirtækið er ekki aðeins ábyrgt gagnvart eigendum sínum, heldur einnig gagnvart samfélaginu. Fyrirtæki eru farin að tvinna saman samfélagslega ábyrgð og stefnu fyrirtækisins. Hvert fyrirtæki fyrir sig ákveður hver samfélagsleg ábyrgð þess sé og ábyrgðaryfirlýsingar innihalda yfirleitt fyrirheit um starfsmannamál, umhverfismál og hjálpar- og þróunarmál.**

þau í ársreikning og til að skila einu sinni á ári inn dæmum um hvernig fyrirtækið uppfyllti ákvæðin.

### Verktakavæðing á framlögum


Hið nýja umhverfi framlaga einkageirans til hjálpar- og þróunarstarfs hefur einnig haft í för með sér aukna virkni og breytt viðhorf þeirra sem gefa. Fyrirtæki (og einstaklingar) eru farin að móta sér stefnu um hvað þeir vilja styrkja og gera síðan samkomulag við þróunarstofnanir um ákveðin viðfangsefni þannig að framlag þeirra skili sér skilvirkt inn í verkefni. Líkja má ferlinu við eins konar verktakavæðingu á framlögum þar sem fyrirtæki velja þróunarstofnanir sem þau telja að geti skilað mestum árangri.

Fyrirtæki (og einstaklingar) stofna jafnvel framlagsstofnanir í kringum framlög sín til hjálpar- og þróunarstarfs, til að fylgja þeim betur úr hlaði. Markmið og stefna framlagsstofnunarinnar er mótuð og stefnunni fylgt eftir af jafnmikilli elju og lögd er í rekstur fyrirtækjanna sjálfra. Haft hefur verið eftir Bill Gates að leggja þurfi mikið á sig til að þéna peninga og jafnmikið til að gefa þá. En Bill og Melinda Gates stofnunin er orðin ein af stærstu gefendum í hjálpar- og þróunarstarfi. *UN Foundation* (Stofnun Sameinuðu þjóðanna) er svipuð stofnun, sem var sett á laggirnar af fjölmiðlajöfrinum Ted Turner með 1. milljarðs dollara framlagi árið 1997. UN Foundation er ein af framlagsrisunum í dag og hefur það markmið að efla störf SP og veita fé í verkefni sem rekin eru á vegum þess.

Fjölgun framlagsstofnana er eitt af því sem einkennir hið nýja umhverfi góðgerðar- og þróunarstarfsemi. Í Bandaríkjunum er talað um framlagsstofnunar- „sprengingu“ því þar á bæ hefur slíkum stofnunum fjölgað til muna, eða úr um 22 þúsundum í upphafi níunda áratugsins í 65 þúsund. Svipaða sögu er að segja um Evrópu, að því er segir í *The Economist* (29. júlí 2004). Í Þýskalandi voru til dæmis um 200 slíkar stofnanir stofnaðar árlega í byrjun tíunda áratugsins, en nú eru stofnaðar 800 til 900 framlagsstofnanir á ári.

Margar framlagsstofnanir vinna þannig að þær velja sér málefni til að styðja, finna samstarfsaðila um þróunarstarf og fjárframlög og skuldbinda sig til að leggja ákveðið framlag í verkefnið. Stofnanirnar leitast þannig við að veita verkefniinu öflugt brautargengi svo að það geti skilað áþreif-





Coca Cola hefur nú hafið samstarf við SP um að vinna að útrýmingu alnæmis í Afríku. Samstarfið felst m.a. í því að UNAIDS noti lagerstöðvar og dreifingarkerfi fyrirtækisins. Fjármunir sem annars færu í að byggja upp og reka þjónustustöðvar og flutningsgetu geta því runnið beint í lyfjakaup. Myndin er tekin í Líberíu.

anlegum árangri. Sem dæmi má nefna endurvakningu á verkefni um útrýmingu lömunarveiki. Þar náðist samstarf á milli Bill og Melinda Gates Foundation, UN Foundation, Rotary International, WHO og UNICEF um að standa að verkefninu. Fyrir tilstuðlan þessa samstarfs var um 500 milljónum dollara safnað úr einkageiranum í verkefnið.

### Jákvæð áhrif á skilvirkni þróunarverkefna

Aukin virkni einkageirans hefur borið með sér skýrari kröfur um árangur, skilvirkni og gagnsæi hjá félagsamtökum og stofnunum sem stunda



Mikið úrval  
af sængurfatnaði

Silki damask  
Bómullarsatín



hjálp- og þróunarstörf. Margir gefendur líta á framlög sem eins konar fjárfestingu í þróunarstarfi og gera kröfu um að málefni og verkefni sem þau styrkja séu vel unnin og skili árangri.

Þetta hefur skapað aukna samkeppni um fjármagn frá gefendum og haft áhrif á störf þróunarstofnana og félagsamtaka. Stofnanir og félagsamtök í samkeppni um fjármagn hafa margar hverjar endurskoðað rekstur sinn til að gera hann skilvirkari og árangurinn sjáanlegri.

Auknar kröfur um árangur hafa haft jákvæð áhrif á skilvirkni í þróunarstarfi, en jafnframt má skoða hvaða áhrif aukið fjármagn hefur á hjálpar- og þróunarstörf. Eitt af því sem einkennir hið nýja framlagaumhverfi er að gefendur er virkari en áður og vilja hafa áhrif á hvert fæð rennur. Það er í sjálfu sér jákvætt, en gæti orðið til þess fæð renni frekar til viðfangsefna sem eru sýnilegri og fjölmiðlvaðni og skila sýnilegum árangri á styttri tíma, á kostnað „erfiðari“ verkefna sem þykja ekki eins spennandi. Ekki væri úr vegi fyrir þróunarstofnanir og félagsamtök, sem og gefendur, að gæta þess að viðfangsefni séu valin á réttum forsendum.

### Ávinningur fyrirtækja

Ávinningur fyrirtækja af framlögum er bæði beinn og óbeinn. Beinn ávinningur liggur í því að framlög eru frádráttarber frá skatti í flestum löndum, þar á meðal á Íslandi. Óbeinn ávinningur felst einna helst í því að ímynd fyrirtækisins verður jákvæðari þar sem samfélagið tengir það og vörur þess við góðan málstað. Ákvörðunin um að gefa endurspeglar því viðhorf stjórnenda til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja.

Stjórnvöld hafa víða leitast við að koma til móts við vilja einkageirans til þátttöku og hvetja til aukinna framlaga, með því m.a. að endurskoða skattaumhverfið. Sem dæmi má nefna að í Ástralíu var lögum breytt árið 2000 þannig að hægt er að dreifa skattafrádrætti vegna peningaframlaga og framlaga í formi fasteigna á allt að fimm ár. Þetta er lítil breyting sem þó veitir gefendum meiri svigrúm hvað varðar nýtingu skattafrádráttar. Í Bretlandi hafa stjórnvöld meðal annars hrint í framkvæmd þriggja ára verkefni sem kallað er Giving Campaign. Markmið verkefnisins er að auka framlög til góðgerðarmála með því að hvetja fyrirtæki og einstaklinga til að gefa.

Þátttaka einkageirans á Íslandi í hjálpar- og þróunarstarfi hefur breyst á svipuðum nótum og í öðrum vestrænum ríkjum. Stjórnvöld á Íslandi geta stuðlað að aukinni þátttöku einkageirans með því t.a.m. að endurskoða skattaumhverfi framlaga. Um það voru sett lög í upphafi sjöunda áratugsins sem ekki hafa verið endurskoðuð síðan.

### Viðbót við framlag ríkja

Aukið fjármagsstreymi frá einkageiranum er jákvæð þróun en það er aðeins lítil hluti af heildarframlögum til hjálpar- og þróunarstarfs. Í umræðunni um aukna þátttöku einkageirans er mikilvægt að hafa það í huga að hjálpar- og þróunarstarf er fyrst og fremst hlutverk ríkja. Framlag einkageirans er því viðbót við framlög ríkja og mikilvægt að yfirvöld líti á framlög einkageirans sem slíkt og firri sig ekki ábyrgð vegna aukinnar þátttöku einkageirans.

Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, segir í umfjöllun um samstarf SP og einkageirans, á heimasíðu SP: „einkageirinn er drifkraftur efnahagslífsins, þar skapast efnahagsleg verðmæti og þar býr mikil stjórnunarþekking. Ef einkageirinn skilar ekki af sér efnahagsþróun og viðskiptatækifærum, réttlátum og sjálfbærum, um allan heim verður friður og samfélagslegt réttlæti áfram fjarlægur draumur.“

Global Compact samningur fyrirtækja við Sameinuðu þjóðirnar og yfirlýsingar fyrirtækja um samfélagslega ábyrgð er skref í átt að auknu samstarfi um hjálpar- og þróunarstarf og getur verið mótvægi við neikvæð áhrif hnattvæðingar í þróunarlöndum. Um leið ber að hafa í huga að ábyrgðin á að framfylgja þessum samningum liggur hjá fyrirtækjunum sjálfum.

Meginþungi hjálpar- og þróunarstarfs liggur enn hjá ríkjum, þróunarstofnunum og félagsamtökum, en viðhorfsbreytingar einkageirans hafa skapað tækifæri til samstarfs á víðari grundvelli. Hjálpar- og þróunarstofnanir vinna nú meira en áður með einkageiranum, en ennþá vantar mikið upp á almenna þátttöku fyrirtækja. ■



# Félagi í UNIFEM

Ég undirrituð/ritaður óska eftir að gerast félagi í UNIFEM á Íslandi.

Nafn: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Póstnúmer: \_\_\_\_\_

Staður: \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

Vinsamlegast sendið skráningar-  
seðilinn á skrifstofu UNIFEM á Íslandi:

**Skaftahlíð 24,  
105 Reykjavík**

Einnig er hægt að skrá sig á heimasíðu  
félagsins **[www.unifem.is](http://www.unifem.is)**

eða með því að senda ofangreindar  
upplýsingar í tölvupósti á netfangið  
**[unifem@unifem.is](mailto:unifem@unifem.is)**




Líósmynd: Röshildur Jónsdóttir

Félagar fá sendar fréttir af verkefnum  
UNIFEM víða um heim og tilkynningar  
um viðburði UNIFEM á Íslandi.





Próunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna





# Dásendir lífsins

Sælkeramatúr í rómantísku umhverfi.

*Argentína - alltaf það besta*



Barónsstíg 11a • 101 Reykjavík • Sími 551 9555 • [www.argentina.is](http://www.argentina.is)



Kjöttbollur og smápizzur



Sérskreyttar ostatertur



Rjómaostakaka



Rommostakaka



Sætur pinnamatur



Mandarínuostakaka

  
**VEISLUPJÓNUSTA  
OSTA- OG SMJÖRSÖLUNNAR  
SÍMAR 569 1652 og 569 1600**



Innbakaður Dalabrie



Hindberjaostakaka



Engisprettuostakaka

VEISLUPJÓNUSTA